# Aðalskráning fornleifa í Rangárþingi eystra
# Áfangaskýrsla II: Fljótshlíðarhreppur

Hefti II



Ritstjóri: Ragnheiður Gló Gylfadóttir

Höfundar efnis: Jakob Orri Jónsson, Kristborg Þórsdóttir, Lilja Laufey Davíðsdóttir, Ragnheiður Gló Gylfadóttir, Sigrún Drífa Þorfinnsdóttir og Valur Magnússon.

Fornleifastofnun Íslands
Reykjavík 2023
FS874-18062

*Forsíðumyndin er af Taglaborgum RA-194:062 og tekin með dróna. Myndina tók Ragnheiður Gló Gylfadóttir.*

© Fornleifastofnun Íslands 2023

Bræðraborgarstígur 9

101 Reykjavík

Sími: 551 1033

Netfang: fsi@fornleif.is

Heimasíða: www.fornleif.is

## Samantekt

Í þessari skýrslu birtast niðurstöður fornleifaskráningar sem unnin var í Fljótshlíð sumrin 2018-2021. Skýrslunni er skipt niður í þrjú sjálfstæð bindi. Hinn forni Fljótshlíðarhreppur tilheyrir nú sveitarfélaginu Rangárþingi eystra og var skráningu gamla hreppsins haldið áfram þaðan sem við var skilið árið 2015. Í fyrsta hefti birtust upplýsingar um átta lögbýli en í þessu öðru hefti birtast upplýsingar um 10 lögbýli til viðbótar. Skráðar voru mjög fjölbreyttar fornleifar s.s. fjöldi bæjarhóla, hverskyns útihús og aðhöld fyrir skepnur, garðlög, sel og samgönguminjar.

Í skýrslunni birtast upplýsingar um 462 fornleifar sem skráðar voru á 254 minjastöðum. Ástand fornleifa á skráningarsvæðinu er fremur slæmt og 40% þeirra eru horfnar af yfirborði. Í flestum tilvikum hafa minjar horfið vegna túnasléttunar og framkvæmda af ýmsu tagi líkt og bygginga, vegagerðar og niðurrifs. Að auki ógnar skógrækt fjölmörgum minjum og ljóst að mikið tjón verður á fornleifum af þeim sökum á næstu árum og áratugum.



*Efnisorð:* Fornleifastofnun Íslands, fornleifaskráning, aðalskráning, Fljótshlíð, byggðasaga, Rangárþing eystra



## Summary

This report provides the results of a general archaeological survey undertaken in Rangárþing eystra, a municipality in southern Iceland. The fieldwork was carried out in the summers of 2018-2021 and the report is divided into three volumes. This volume presents information about 10 farms where 462 archaeological features were surveyed on 254 sites. Many archaeological features were identified, including farm mounds, various types of animal folds, shielings, and old tracks.

The preservation of the archaeology within this area is a little below average, as about 40% of the archaeological sites are no longer visible on the surface. Home field leveling and other constructions damaged most of these in the 20th century. Forestry will also be a major threat to archaeological sites in the next decades.



*Keywords:* Institute of Archaeology Iceland, archaeology, general survey, Fljótshlíð, local history, Rangárþing eystra

# Efnisyfirlit


*1. Inngangur* 7

*2. Saga fornleifaskráningar á Íslandi* 9

*3. Aðferðir við fornleifaskráningu* 11

*4. Fornleifaskrá* 16

| | | |
|---|---|---|
| RA-189 | Neðri-Þverá | 16 |
| RA-190 | Háa-Þverá | 29 |
| RA-191 | Heylækur | 35 |
| RA-192 | Deild | 53 |
| RA-193 | Valstríta | 65 |
| RA-194 | Teigur | 75 |
| RA-195 | Finnshús | 150 |
| RA-196 | Ámundakot (Smáratún) | 153 |
| RA-197 | Miðkot | 159 |
| RA-198 | Bollakot | 165 |
| RA-641 | Fornleifar á fleiri en einni jörð í Fljótshlíðarhreppi | 172 |

*5. Samantekt um helstu minjaflokka* 174

| | |
|---|---|
| Bæjarhólar og býli | 174 |
| Kirkjur, kuml og legstaðir | 177 |
| Tún og túngarðar | 178 |
| Útihús innan túna | 182 |
| Kálgarðar | 185 |
| Seljabúskapur | 186 |
| Vörslugarðar og varnargarðar | 189 |
| Kvíar, stekkir og réttir | 189 |
| Fjárskýli og beitarhús | 191 |
| Landnýting utan túna (mógrafir, torfrista, útslægjur, áveita) | 196 |
| Samgönguminjar | 197 |
| Nýting á vatni | 198 |
| Aðrar minjar | 199 |

*6. Samantekt* 200

*Heimildir* 205

*Viðauki I: hnitaskrá í ISN93* 208

*Viðauki II: Minjakort* 214

# *1. Inngangur*

Á vordögum 2018 gerðu Fornleifastofnun Íslands og sveitarfélagið Rangárþing eystra með sér samning um aðalskráningu fornminja í sveitarfélaginu. Aðalskráningin byggir á svæðisskráningu sem gerð var af Fornleifastofnun árið 1999.[1] Samningurinn var til þriggja ára og var áætlað að skrá 1000 minjastaði á því tímabili, eða um 333 staði á ári. Á árunum 2013-2015 höfðu valin svæði verið skráð í sveitarfélaginu undir Eyjafjöllum og í Fljótshlíð.[2] Ákveðið var að halda skráningu áfram í Fljótshlíðinni þar sem frá var horfið árið 2015. Áætlað var að ein lokaskýrsla kæmi út um þessa þriggja ára skráningu. Vorið 2021 var gerður framhaldssamningur um fornleifaskráningu í sveitarfélaginu og í þetta sinn til fimm ára. Ákveðið var að klára skráningu í Fljótshlíðarhreppi og hefjast svo handa í Hvolhreppi. Til að einfalda skýrslugerð og utanumhald var ákveðið að fjalla um allar fornleifar í Fljótshlíð í þeirri skýrslu sem hér birtist, óháð skráningarári. Skýrslan er því mikil að vexti og skiptist í þrjú bindi en í þeim eru upplýsingar um allar skráðar fornleifar í Fljótshlíð á árunum 2018-2021. Í þriðja og síðasta heftinu verður ítarleg umfjöllun um minjar, sögu og þróun byggðar í Fljótshlíðarhreppi og helstu niðurstöður dregnar saman.




*Kort sem sýnir dreifingu minja á skráningarsvæðinu í Fljótshlíð árin 2019-2020. Á innfelldu korti er staðsetning svæðisins sýnd með rauðum kassa.*

1 Orri Vésteinsson og Sædís Gunnarsdóttir 1999: Sædís Gunnarsdóttir 2000.

2 Sjá Ragnheiður Gló Gylfadóttir 2017.

Annar verkáfangi skráningarinnar fór fram sumarið 2019 og birtist afrakstur seinni hluti hans í þessu hefti. Fjallað er um 270 fornleifar á 132 minjastöðum sem skráðar voru 2019. Minjarnar tilheyra lögbýlunum Teigi, Finnshúsum, Miðhúsum og Bollakoti. Þriðji verkáfangi var unninn 2020 og birtist afrakstur fyrri hluta hans einnig í þessu hefti.[3] Fjallað er um 192 fornleifar 122 á minjastöðum sem skráðar voru 2020 og eru þær á jörðunum Neðri- og Efri-Þverá, Heylæk, Deild, Ámundakoti og Valstrýtu. Í þessu öðru bindi er því samtals að finna upplýsingar um 462 fornleifar á 254 minjastöðum sem skráðar voru árin 2019-2020.

Við skráninguna var farið á jarðirnar sem til rannsóknar voru, rætt við staðkunnuga og gengið á alla þekkta minjastaði. Á hverjum minjastað var gerð grein fyrir staðháttum, gefnar leiðbeiningar um hvar staðinn er að finna og fornleifum lýst. Þar sem tóftir eða önnur mannvirki sáust á yfirborði voru þær mældar upp og af þeim teknar myndir. Ástand allra minjastaðanna var metið og sömuleiðis hvort þeir teldust í hættu, og þá hvers vegna. Staðsetningarhnit var tekið á öllum þeim minjastöðum sem unnt reyndist að staðsetja og eru þeir sýndir á kortum aftast í skýrslunni sem unnin eru ofan á loftmyndir frá Loftmyndum ehf og sveitarfélagið lagði til. Um vettvangsvinnu sáu fornleifafræðingarnir Kristborg Þórsdóttir, Ragnheiður Gló Gylfadóttir, Lilja Laufey Davíðsdóttir og Jakob Orri Jónsson. Að auki komu fornleifafræðinemarnir Valur Magnússon og Sigrún Drífa Þorfinnsdóttir að skráningunni. Allar ljósmyndir í skýrslunni eru teknar af skrásetjurum Fornleifastofnunar Íslands nema annað sé tekið fram. Ragnheiður Gló sá um verkstjórn og ritun skýrslu og Lilja Laufey sá um kortagerð og myndvinnslu.

Skýrsla þessi er byggð upp á svipaðan hátt og aðrar aðalskráningarskýrslur Fornleifastofnunar. Í skýrslunni er fyrst sagt í stuttu máli frá löggjöf um minjavernd og sögu fornleifaskráningar (2. kafli) og í kjölfarið farið yfir aðferðafræði við skráningu Fornleifastofnunar Íslands (3. kafli). Í fjórða kafla er ítarleg fornleifaskrá. Í skránni er fjallað sérstaklega um hvern minjastað, sagt frá staðsetningu minjanna og aðstæðum og þeim lýst. Í kjölfarið er að finna samantekt um helstu minjaflokka sem skráðir voru (5. kafli). Að lokum eru niðurstöður skráningarinnar dregnar saman og settar fram tillögur um verndun og kynningu fornleifa á því svæði sem skráð hefur verið (6. kafli). Í skýrslulok fylgir heimildaskrá, aftast eru viðaukar og minjakort sem sýna dreifingu minjastaðanna á því svæði sem fjallað er um.

Skrásetjarar vilja þakka öllum þeim sem aðstoðuðu við skráninguna á einn eða annan hátt. Nöfn þeirra heimildamanna sem lögðu skrásetjurum lið og miðluðu af þekkingu sinni um minjar á svæðinu er að finna aftast í heimildaskrá.

3 Fyrri hluti skráningarinnar árið 2019 birtist í fyrsta hefti, sjá Ragnheiður Gló Gylfadóttir, 2022. Í þessu hefti er seinni hlutinn birtur auk hluta skráningar árið 2020.

## *2. Saga fornleifaskráningar á Íslandi*

Hátt á aðra öld er liðið síðan skráning fornleifa hófst á Íslandi en þó er enn langt í land að til sé heildstæð skrá um fornleifar á Íslandi. Á síðustu áratugum 19. aldar voru margir minjastaðir kannaðir á vegum Hins íslenzka fornleifafélags, einkum staðir sem á einn eða annan hátt tengdust fornsögum og sögu þjóðveldisins. Eftir aldamótin 1900 dró úr fornleifakönnun á vegum félagsins og var þráðurinn ekki tekinn upp að nýju fyrr en um og eftir 1980.

Skoðanir manna á því hvað teljast fornleifar hafa breyst mikið á þessum tíma. Byggingar sem voru hversdagslegar fyrir hundrað árum eru nú orðnar minjar um horfna lífshætti. Skilningur hefur vaknað á nauðsyn þess að skrá upplýsingar um slíkar minjar og vernda þær fáu sem eftir eru fyrir komandi kynslóðir. Nauðsynlegra upplýsinga um gerð og ástand fornleifa er aðeins hægt að afla með vettvangsathugun, og við það er venjulega átt með hugtakinu fornleifaskráning (ýmist aðal- eða deiliskráning). Til þess að vettvangsathugun komi að fullu gagni verður þó fyrst að taka saman ýmsar upplýsingar, bæði skriflegar og munnlegar, sem vísa á minjastaði og geta gefið vísbendingar um hlutverk mannvirkjaleifanna (svæðisskráning).

Á undanförnum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 21. grein laga um menningarminjar (nr. 80, 2012), eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: „Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands." Er þessi fornleifakönnun í anda þeirra markmiða sem sett hafa verið þessari löggjöf. Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar gerir kröfur um fjölþætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn, enda er skilgreining á fornleifum í þjóðminjalögum víðtæk.

Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

> *a. búsetulandslag, skrúðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,*
> *b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,*
> *c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,*
> *d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar*

*hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,*

*e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,*

*f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,*

*g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,*

*h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,*

*i. skipsflök eða hlutar þeirra.*

Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar.[4]

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari skilgreiningu er fylgt við hefðbundna fornleifaskráningu. Ef nauðsynlegt er talið að spilla fornleifum eða hylja þær, þarf að leita heimildar Minjastofnunar Íslands. Komi til björgunargraftar vegna framkvæmda, ber framkvæmdaaðili þann kostnað sem af því hlýst.

Með hliðsjón af ofangreindum lagaákvæðum, er skylt að geta þeirra takmarka sem eru á meðfylgjandi mati: Þrátt fyrir ítarlega heimildarkönnun og vettvangsathugun eru fornleifar þess eðlis að seint verður skorið úr með fullri vissu að við tiltekna framkvæmd sé engin hætta á að áður óþekktar minjar finnist við jarðrask.

4 Sjá https://www.althingi.is/lagas/nuna/2012080.html

# *3. Aðferðir við fornleifaskráningu*

Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar hefur hver sýsla skammstafað heiti (ÁR, SÞ o.s.frv.) og hver jörð hefur þriggja stafa númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því. Skipting jarða um miðja 19. öld ræður ekki aðeins númerum í skránni heldur er miðað við hana þegar ákvarðað er hvaða jörð ákveðnir minjastaðir tilheyra. Hverjum minjastað er gefin kennitala sem er þriggja stafa númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: RA-191:001). Ef fleiri en ein fornleif er á minjastað bætist eininganúmer aftast í töluröðina (dæmi: RA-191:001_01). Fornleifaskrá hverrar jarðar hefst á stuttu yfirliti yfir skiptingu jarðarinnar, eignarhald hennar og matsverð, og einnig er gefin stutt lýsing á náttúrufari og búskaparaðstæðum og sléttun túna. Þar á eftir kemur listi yfir fornleifar sem fundist hafa heimildir um.

Í skránni fær hver minjastaður eina grein og er framsetning upplýsinganna stöðluð. Í fyrstu línu hverrar greinar eru grunnupplýsingar auðkennisnúmer, sérheiti, tegund, hlutverk og hnattstaða. Á eftir auðkennisnúmeri kemur sérheiti hennar ef eitthvert er og síðan tegund. Með tegundarflokkun er leitast við að skilgreina hvers eðlis fornleifin er, þ.e. hvort um er að ræða mannvirki af einhverju tagi sem enn sést, og þá hverskyns (t.d. tóft, garðlag eða varða), mannvirki sem vitað er um en er horfið (heimild, örnefni) eða fornleif sem ekki hefur verið mannvirki (álagablettur, sögustaður eða nátttröll). Allir fornleifastaðir eru greindir til tegundar en hlutverk þeirra er ekki alltaf hægt að ákvarða.

Á eftir hlutverki kemur mæling hnattstöðu sem er gerð með Trimble Geoexplorer 6000 mælitæki. Samkvæmt lögum hafa allar fornleifar 15 m helgunarsvæði frá ystu mörkum minjastaðarins. Helgunarsvæði friðlýstra fornleifa er enn stærra, eða 100 m frá ystu mörkum. Þar sem getur um „heimild um..." t.d. útihús, þá er átt við að eingöngu eru til heimildir um staðinn, en minjar hafa ekki fundist á vettvangi við skrásetningu. Þó engar minjar hafi fundist, er engu að síður tekin hnattstaða staðarins ef unnt hefur verið að ákvarða hann á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga með um 50 metra fráviki. Áætlað frávik frá miðju er oftast ekki meira en 1 metri að meðaltali.

Í annarri línu hefst lýsing minjastaðar oftast á tilvitnun í fyrirliggjandi heimildir en síðan er staðsetningu hans lýst. Þar á eftir kemur oft lýsing á aðstæðum og síðast lýsing á mannvirkinu sjálfu ásamt öðrum upplýsingum sem við eiga.

Í næstsíðustu línu er lagt mat á þá hættu sem minjastaðurinn kann að vera í. Hættustig eru eftirfarandi: 1) engin hætta, 2) hætta og 3) stórhætta. Þeir minjastaðir sem eru fjarri byggð og öllu því umróti sem hugsanlega gæti skemmt þá teljast ekki í hættu. Minjar á eða við svæði þar sem framkvæmdir eiga sér stað teljast í hættu ef hugsanlegt er talið að þeim verði rótað. Sem dæmi um slíka staði má telja fornleifar í túni en þær teljast í hættu vegna þess umróts sem fylgir ábúð og búskap og minjastaðir sem eru á svæði þar sem framtíðar




Á túnakorti frá 1920 og bæjarteikningu danskra mælingamanna frá 1904 er sýnt útihús í túnjaðri um 210 m norðan við eldra bæjarstæði 001 og 80 m norðvestan við yngra bæjarstæði 003. Á þeim stað er stæðileg hlöðutóft sem nefnist Sveinshlaða og samtengt eða eldra mannvirki norðvestan við hana. Sveinshlaða er 16 m suðvestan við miðlínu Skaftártúnguvegar (208) þar sem fyrirhugaðar eru framkvæmdir og telst því í stórhættu vegna vegagerðar.
Tóftin er í túnjaðri fast suðvestan við Skaftártunguveg (208). Túnið er í allmiklum halla til suðvesturs.
Heildarstærð tóftarinnar er 23x14 m og snýr hún norðvestur-suðaustur. Í suðausturhluta hennar er Sveinshlaða sem er 15x13 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hún er 5x6 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Hlaðan er niðurgrafin um 1 m og eru veggir hennar um 2 m á hæð innanmáls. Norðvestan við hlöðuna er annað hólf eða annað mannvirki og er það torfhlaðið. Það er þríhyrningslaga og er 9x6 m að innanmáli, mjókkar til norðvesturs. Op virðist vera inn í það í suðurhorni. Veggir þess eru 0,3-0,4 m á hæð og 2-2,5 m á breidd en veggir hlöðunnar eru 4-5 m á breidd. Hólfin virðast vera samtengd en hlaðan er mun yngri að sjá en hólfið norðvestan við hana. Nokkur hólmyndun er undir norðvesturhluta tóftarinnar og ljóst að mannvirki hafa verið á þessum stað í langan tíma.
**Hættumat:** stórhætta, vegna vegagerðar
**Heimildir:** Túnakort 1920

*Dæmi um framsetningu á minjastað í skýrslum Fornleifastofnunar Íslands.*

landnotkun er óráðin. Í stórhættu teljast minjastaðir þar sem miklar líkur teljast á að stöðum kunni að verða raskað vegna áætlaðs eða fyrirsjáanlegs umróts. Sem dæmi um slíka staði má nefna minjastaði sem eru á skipulagssvæði þéttbýlis, inni í skógræktarreitum, innan áhrifasvæðis stórframkvæmda eða sem uppblástur ógnar.

Þá er í síðustu línu getið heimilda ef einhverjar eru, oft með skammstöfunum, en úr þeim er leyst í heimildaskrá aftast í skýrslunni.

## *4. Fornleifaskrá*

### RA-189 Neðri-Þverá

30 hdr., 1710, aðeins ein Þverá. 20 hdr. 1847. JÁM I, 147, JJ, 32.
"Áður fyrr átti Þverárbóndi ítak (sumarbeit) í Hlíðarendalandi sunnan Þverár, en lét í þess stað torfristu til ábúanda á Hlíðarenda." SB IV, 403
1710: "Af túninu brýtur Þverá og ber á það grjót og sandi í ísleysíngum, líka tekur jakaferð þá grasrót í burtu. Högum spillir blástur og skriður." JÁM I, 147




*Túnakort Neðri-Þverár RA-189 frá 1919 upprétt ofan á loftmynd. Skráðar minjar innan þess sjást sem hvítir punktar, svartar línur og grænir flákar. Túnakort Efri-Þverár RA-190 er líka upprétt á myndinni, heimatún jarðanna var sameiginlegt. ©Loftmyndir ehf.*

1919: Tún 5,6 ha, 4,5 ha sléttað, garðar 1532 m$^2$ “Engjar voru nokkuð raklendar, en hafa nú verið þurrkaðar að miklum hluta. ... Hagar eru ofan við túnin, skjólgóðir og grösugir framantil, en blásnir þegar ofar dregur, þó er þar víða hlauphafi fyrir fé.” SB IV, 403
“Engjar Þverárbæjanna liggja meðfram Þverá og hefur hún brotið þar talsvert land.” Ö-Þverá BK, 1-2

**RA-189:001_01** *Neðri-Þverá* bæjarhóll bústaður A 452718 N 358296



*Bæjarhóll Neðri-Þverár RA-189:001_1, horft til norðausturs.*

Bærinn á Neðri-Þverá er merktur inn á bæjarteikningu danskra landmælingarmanna frá 1906 og túnakort frá 1919. Bærinn stóð þar sem eystri viðbygging við núverandi íbúðarhús er, um 240 m norðan við Fljótshlíðarveg (261) og tæpum 50 m vestan við Litlu-Þverá sem skilur að land Þverárbæjanna og Hlíðarendatorfunnar. Minjasvæðið samanstendur af bæjarhól, bæjarhúsum, þremur kálgörðum og þremur útihúsum, á svæði sem er u.þ.b. 50x50 m að stærð. Stafnar bæjarhúsanna snéru til suðurs. Á bæjarhólnum sendur íbúðarhús byggt árið 1920. Austan við bæjarhólinn er stór trjáreitur og trjám hefur einnig verið plantað í sunnanverðan bæjarhólinn. Landið hækkar nokkuð til norðurs. Grasivaxinn húsgarður er sunannvið íbúðarhúsið en malarplön, vegir og steypt útishús til vesturs og norðvesturs.

Lýsingin hefst á bæjarhól og bæjarhúsum 001_1. Bæjarhóllinn hefur verið sléttaður ásamt öllum eldri bæjarhúsum. Nú er á hólnum íbúðarhús og útihús norðvestan við það. Samkvæmt túnakorti frá 1919, stóðu fimm burstir á bæjarhólnum, ekki er þó víst að austustu burstirnar tvær hafi verið samfastar hinum þremur. Samtengt bakhús var aftan við miðjuhúsið sem tengdist einnig húsinu vestan við, og má ætla að þar hafi baðstofan verið. Vestasta húsið í bæjarröðinni og austustu húsin tvö hafa líklega verið útihús. Bæjarhóllinn er að mestu leyti horfinn og suðurhluti hans hefur verið jafnaður við jörðu þegar íbúðarhúsið var byggt árið 1920. Leyfar bakhúsa og útihúsa, ásamt eldri bæjarhúsum gætu leynst undir yfirborði á norðan við íbúðarhúsið en þar sést um 1 m kantur sem ekki hefur verið jafnaður við jörðu. Útihúsin sem standa norðvestan við bæjarhúsin eru byggð í þennan kant.




*Skipulag bæjarins sést vel á túnakorti frá árinu 1919.*

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1919; Bæjarteikning danskra landmælingamanna 1906

**RA-189:001_02** heimild um kálgarð A 452737 N 358304
Kálgarður 001_02 er merktur inn á túnakort frá 1919 norðaustan við bæ 001_01. Samkvæmt túnakortinu var hann 15x14 m á stærð og snéri norður-suður. Engin ummerki um kálgarðinn sjást nú á svæðinu og líklega var honum rutt út og sléttaður á svipuðum tíma og eldri bæjarhúsum.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**RA-189:001_03** kantur kálgarður A 452739 N 358265
Kálgarður 001_3 er merktur inn á bæjarteikningu danskra landmælingarmanna frá 1906 og túnakort frá 1919, sunnan við bæ 001_1. Samkvæmt bæjarteikningu var hann 44x27 m að stærð en 41x31 m að stærð samkvæmt túnakorti. Hugsanlega hefur stærð hans eitthvað breyst á milli þeirra 13 ára sem líða á milli

kortanna. Einu hugsanlegu ummerkin sem sjást um kálgarðinn er kantur, 25 m sunnan við íbúðarhúsið. Hann er 40 m á lengd og 0,3-0,4 m á hæð. Aðeins sést ytri brún hans en svæðið er þó mjög gróið og því erfitt að sjá smáatriði.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**RA-189:001_04** heimild um kálgarð A 452695 N 358301
Kálgarður 001_4 er merktur inn á bæjarteikningu danskra landmælingarmanna frá 1906 og túnakort frá 1919, vestan við bæ 001_1. Samkvæmt bæjarteikningu var kálgarðurinn 21x14 m að stærð og snéri norður-suður. Hann var stækkaður til vesturs og á túnakorti er hann 27x21 og snýr vestur-austur. Engin ummerki um þennan kálgarð sjást nú á svæðinu og hefur honum líklega verið rutt niður ásamt öðrum mannvirkjum á svæðinu.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**RA-189:001_05** heimild um útihús A 452692 N 358307
Útihús 001_5 er merkt inn á bæjarteikningu danskra landmælingarmanna frá 1906 og túnakort frá 1919, vestan við bæ 001_1, í norðvesturhorni kálgarðs 001_4. Engin ummerki sjást um útihúsið á yfirborði og má ætla að það hafi verið sléttað ásamt öðrum mannvirkjum á svæðinu. Það hefur líklega verið á svipuðum stað og útihúsin norðvestan við núverandi íbúðarhús eru núna.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar



*Kantur RA-189:001_3, horft til austurs.*



*Tóft RA-189:001_6, horft til norðvesturs.*

**RA-189:001_06** hleðsla útihús A 452718 N 358296
Útihús 001_6 er merkt inn á túnakort frá 1919 norðan við bæjarhúsin. Á túnakortið eru merkt tvö bakhús sem mögulega hafa verið samtengd. Grjóthleðsla sést upp við nýlegt útihús á sama svæði. Hleðslan virkar frekar nýleg, enda er hluti hennar steyptur. Hún hefur líklega verið endurhlaðin að einhverju leyti þó svo að grjótið gæti verið úr útihúsinu sem þarna stóð. Hleðslan er 8x1,5 m á stærð og snýr vestur-austur. Hún er að mestu grjóthlaðin og sjást 4-7 umför af hellugrjóti í henni. Torf hefur verið lagt ofan á hleðsluna. Hleðslan er 1-1,5 m á hæð. Ólíklegt er að þessi hleðsla sé fornleif og líklegra að efni úr eldri útihúsi hafi verið notað til hleðslunnar.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**RA-189:001_07** heimild um útihús A 452711 N 358277
Útihús 001_7 er merkt inn á túnakort frá 1919, í norðvesturhorni kálgarðs 001_3. Engin ummerki um útihúsið sjást á yfirborði og má ætla að það hafi verið sléttað á svipuðum tíma og önnur hús á svæðinu. Leifar hússins gætu leynst undir sverði.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**RA-189:002** heimild um bænhús

ÞVERÁ Í FLJÓTSHLÍÐ (R) (TEIGS eða EYVINDARMÚLAÞING). Bænhússins er getið í Sunnlenskum byggðum IV. Staðsetning bænhússins er ekki þekkt né hafa bein fundist nærri bæjarhólnum. Vitað er að bænhús stóðu mjög oft á bæjarhólnum og því má ætla að bænhúsið í Þverá hafi verið einhverstaðar nálægt bænum. Nánari staðsetning er þó með öllu óviss og frekari heimilda er þörf til þess að staðsetja bænhúsið nánar.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** SB IV, 386

**RA-189:003** heimild um útihús A 452748 N 358350

Samkvæmt bæjarteikningu danskra landmælingarmanna frá 1906 og túnakorti frá 1919 var útihús 60 m norðan við bæ 001, fast sunnan við túngarð 009_2. Útihúsið sést ekki lengur en var ofar í hlíðinni, 30 m vestan við Litlu-Þverá. Þar framhjá liggur slóði frá bænum upp á túnin til norðurs.

Hlíðin er grasivaxin og vírgirðing liggur rétt norðan við svæðið þar sem útihúsið stóð.

Ekki sjást nein ummerki um útihúsið á svæðinu og má ætla að það hafi verið rifið niður og sléttað á einhverjum tímapunkti. Hugsanlega leynast einhverjar leifar útihússins eða eldri húsa undir yfirborði.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Bæjarteikning danskra landmælingamanna 1906**:** Túnakort 1919

**RA-189:004** *Lambhústún* þúst útihús A 452713 N 358381



*Þúst RA-189:004, horft til norðurs.*

Í örnefnalýsingu Þverár segir: «Fyrir neðan skákarnar er svo Lambhústún...» Samkvæmt bæjarteikningu danskra landmælingarmanna frá 1906 og túnakorti frá 1919 var útihús 60 m norðan við bæ 001 á svipuðum stað og Lambhústún kann að hafa verið. Þúst með grjótdreif sést á svipuðum stað, 50 m vestan við Litlu-Þverá og 30 m NNV við garðlag 009_2.

Þústin er í þýfðum móa sem áður var nýtt sem tún. Túnið hefur ekki verið sléttað.

Þústin er 12,5x7 m á stærð og snýr vestur-austur. Hún er 0,2-0,3 m á hæð og er á smá stalli í brekkunni sem hallar aflíðandi niður til suðurs. Mikið grjót er á víð og dreif í kringum þústina og sumstaðar virðist það vera línulaga. Það er þó greinilegt að útihúsinu hefur verið ýtt út og grjóthleðslur dreifst út um allt svæðið.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1919; Bæjarteikning danskra landmælingamanna 1906

**RA-189:005** heimild um myllu A 452793 N 358237

Samkvæmt bæjarteikningu danskra landmælingarmanna frá 1906 og túnakorti frá 1919 var vatnsmylla 70 m suðaustan við bæ 001. Myllan var við neðsta fossinn í Litlu-Þverá, á vesturbakka árinnar. Í örnefnaskrá segir: „Við neðsta fossinn í Litlu-Þverá var byggð kornmylla árið 1900. Það gerði Jón Loftsson, bóndi á Vestri-Geldingalæk á Rangárvöllum.“

Árbakkar Litlu-Þverá eru grasivaxnir og liggur girðing meðfram þeim, norður-suður. Neðsti fossinn á ánni er fremur lítill og hylur myndast neðan við hann sem nær alveg að árbakkanum.

Engin ummerki sjást nú um mylluna né lækinn/skurðinn sem virðist, samkvæmt túnakorti frá 1919, hafa legið að henni. Ólíklegt er að einhverjar leifar hennar reynist undir sverði og líklegra að allar hleðslur séu horfnar.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Bæjarteikning danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1919; Ö-Þverá, 3

**RA-189:006** heimild útihús A 452708 N 358535

Útihús er merkt inn á bæjarteikningu danskra landmælingarmanna frá 1906 og á stakstætt tún á túnakorti frá 1919 á svokölluðu Stekkjatúni, sjá 022. Útihúsið er um 230 m norðan við bæ 001 og 80 m vestan við Litlu-Þverá. Það er jafnframt rúmum 180 m norðaustan við bæjarstæði Efri-Þverár RA-190.
Stekkatún er grasivaxið gamalt tún sem virðist ekki hafa verið sléttað að neinu ráði. Mikið er af hólum og hæðum í túninu.
Engin ummerki um útihusið sjást þó á yfirborði en hugsanlega leynast einhverjar leifar hans undir sverði, mögulega þó þar sem þúst 022 er.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1919; Bæjarteikning danskra landmælingamanna 1906

**RA-189:007** heimild um traðir A 452692 N 358284

Samkvæmt bæjarteikningu danskra landmælingarmanna frá 1906 og túnakorti frá 1919 lágu traðir frá bæ 001 til VSV en beygðu svo til suðurs niður með túninu og sameinuðust leið RA-190:0103 til norðurs að Efri-Þverá RA-190.
Þar sem traðirnar lágu er nú malarplan og heimreiðin niður á Fljótshlíðarveg (261).
Ekki sjást nein ummerki um traðirnar á svæðinu og hafa þær líklega verið sléttaðar. Núverandi heimreið liggur á svipuðum stað nema efsti hluti traðanna lá öllu vestar, við lækinn sem rennur niður hlíðina.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1919; Bæjarteikning danskra landmælingamanna 1906

**RA-189:008** *Fjóshólar* heimild um fjós A 452665 N 358263

Í örnefnalýsingu Þverár segir: «Fyrir vestan Neðri-Þverá eru hólar eða gamlar tættur, sem heita Fjóshólar.»
Fjóshólar eru líklega sama útihús og sést á bæjarteikningu danskra landmælingarmanna frá 1906 og túnakorti frá 1919 um 60 m VSV við bæ 001. Útihúsið var um 15 m vestan við núverandi heimreið en var áður austan hennar.
Vestan við heimreiðina er gróið tún. Lækur rennur niður túnið 25 m vestan við túnið.
Ekki sjást nein ummerki um útihúsið á yfirborði en mikið gras var á svæðinu þegar skrásetjarar voru við störf. Hugsanlega sést einhver þúst í túninu þar sem útihúsið stóð en líklega hafa húsin verið rifin á einhverjum tímapunkti. Mögulega eru einhverjar leifar þess heillegar undir sverði.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1919; Bæjarteikning danskra landmælingamanna 1906; Ö-Þverá, 4

**RA-189:009_01** garðlag túngarður A 452638 N 358594

Samkvæmt bæjarteikningu danskra landmælingarmanna frá 1906 var sameiginlegur túngarður utan um tún Neðri-Þverár og Efri-Þverár. Hann markaði norður-, vestur- og suðurhluta túnsins en Litla-Þverá markaði austurhluta þess. Túngarðurinn er einnig merktur inn á nokkrum stöðum á túnakorti frá 1919. Þar sést hann í bútum norðan og sunnan við túnið. Minjasvæðið samanstendur af yngri túngarði 009_1 sem sést á báðum kortum og eldri túngarði 009_02 skammt norðan við bæ 001. Minjarnar eru á svæði sem er 220x70 m og snýr norður-suður.
Ræktuð tún eru að mestu sunnan og vestan við bæinn en svæðið til norðurs við hefur minna verið sléttað.
Lýsingin hefst á yngri túngarði 009_1. Hann afmarkaði allar hliðar túnsins nema til austurs samkvæmt túnakortum. Hann sést á 46 m löngum kafla rúmum 320 m norðan við bæ 001. Hann snýr ANA-VSV og er um 1 m á hæð, þó svo að innri brún sé aðeins um 0,3-0,4 m. Hann er 2-3 m á breidd og torfhlaðinn og ekkert grjót er sjáanlegt í honum. Þrátt fyrir að túngarður sé ekki sýndur austan við bæinn virðist svo hafa verið á einhverjum tímapunkti. Um 20 m langt garðlag er í túnjarði austan við bæ 001. Aðrir hlutar túngarðsins sjást ekki og hafa líklega verið sléttaðir í tún eða rifnir niður.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1919; Bæjarteikning danskra landmælingamanna 1906



*Túngarður RA-189:009_1, horft til suðurs.*



*Túngarður RA-189:009_1, horft til austurs.*

**RA-189:009_02** garðlag túngarður A 452731 N 358354
Túngarður 009_02 er merktur inn á túnakort 1919 sem tættur og hefur því verið kominn úr notkun þá. Hann er 60 m norðan við bæ 001 og virðist hafa afmarkað gerði innan heimatúnsins. Hann liggur ANA-VSV á 12 m löngum kafla, er aðeins um 0,2 m á hæð og 2,5 m á breidd. Hann er mjög gróinn og liggur yfir lága hæð.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**RA-189:010** heimild um kvíar A 452757 N 358488
Í örnefnalýsingu segir: „Fjórði fossinn í Þverá heitir Kvíafoss, þar voru kvíar frá Þverá.» Heimildamaður kannaðist ekki við örnefnið Kvíafoss en fjórði fossinn í Litlu-Þverá er líklega á móts við sumarbústað og birkitrjálund austan árinnar í landi Hallskots RA-188. Lítil grasbrekka og smáklettar eru um 200 m norðan við bæ 001 og 60 m suðaustan við Stekkatún 022 og þar hafa kvíarnar líklega verið.
Grasivaxin brekka með smáum klettum, áin og fossinn austan við.
Ekki sjást nein ummerki um kvíar á yfirborði. Óvíst er hvort þetta hafa verið færikvíar, jafnvel upp við klettana eða hvort einhver mannvirki hafa verið á svæðinu. Ef svo hafa verið eru þau horfin.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Hlíðarendakot, Hlíðarendi og Hallskot, 9

**RA-189:011** tóft beitarhús A 453036 N 359125
Tóft er norðan við Torfurnar, 890 m NNA við bæ 001 og rúmum 200 m suðvestan við sel 013. Tóftin er tæpum 190 m ANA við framræst tún og skurði og rúmum 100 m vestan Litlu-Þverár.
Tóftin liggur nánast upp við litla brekku til norðurs í frekar þýfðu valllendi. Meira graslendi er suðvestan við



*Beitarhús RA-189:011, horft til norðausturs.*




*Uppmæling af tóft RA-189:011.*

tóftina. Greinilegt er að hestastóð aðhefst mikið á svæðinu og gæti tóftinni því stafað nokkur hætta af ágangi þeirra.
Tóftin er 11x5 m að stærð og snýr NNA-SSV. Hún er tvískipt og nyrðra hólfið er 3x2 að innanmáli. Það hólf virðist vera lítillega niðurgrafið. Syðra hólfið er 4x2 m að stærð. Bæði hólfin snúa eins og tóftin, NNA-SSV. Opið er á milli hólfa og út úr syðra hólfi á SSV-vegg. Tóftin er torf- og grjóthlaðin og hæð veggja er 0,2-0,8 m. Veggir eru lægstir að utan í nyrðra hólfi, hugsanlega af því að tóftin er að einhverju leyti niðurgrafin. Hleðslur er hæstar að innan í syðra hólfi. Í hleðslum sjást 2-3 umför af grjóti og eru þær heillegastar í austurvegg. Við inngang eru hleðslurnar mjög grónar og sést aðeins í stöku steina.
**Hættumat:** hætta, vegna rasks

**RA-189:012** *Stekkur* tóft stekkur A 452565 N 359115
Í örnefnalýsingu Þverár segir: "Markalína milli Þ og Deildar liggur um Jaðar. Austan hans er Mýrarhagi og í honum er hóll sem heitir Stekkur.» Hóllinn er 850 m NNV við bæ 001 og 570 m suðvestan við beitarhús 019 og á honum eru hleðslur. Hann er innan framræstra túna, í nyrsta stykkinu.
Svæðið er þýft og grasivaxið. Blautt á köflum en þurrt á hólnum.



*Tóft RA-189:012, horft til vesturs.*




*Uppmæling af stekk RA-189:012.*

Hóllinn er 12,5x11 m að stærð og á honum eru mjög óreglulegar hleðslur sem víða eru hlaupnar í þúfur. Þeim hefur einnig verið raskað mikið en hross eru á beit í hólfinu og hafa tætt svæðið mikið upp. Hleðslurnar eru 0,2-0,3 m á hæð og torfhlaðnar. Hægt er að greina einhver hólf en það sem er greinilegast er nyrst á hólnum. Það er 5x2 m að stærð og snýr vestur-austur.
**Hættumat:** hætta, vegna rasks
**Heimildir:** Ö-Þverá, 2

**RA-189:013_01** *Selbrekkur* tóft sel A 453155 N 359302
Í örnefnaskrá Þverár segir: «þá Mosahvammur og Þrengsli; þar tekur Litla-Þverá alboga. Þar fyrir neðan eru mjög grösugar brekkur, sem Selbrekkur heita. Þá erum við aftur komin að Torfunum fyrir neðan hraunin.»
Selið í Selbrekkunum er 1,1 km NNA við bæ 001 og rúmum 150 m suðaustan við beitarhús 019. Litla-Þverá er rúmum 100 m vestan við selið. Minjasvæðið samanstendur af fjórum fornleifum; þremur tóftum og dæld sem eru á svæði sem er 35x13 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur.
Seltóftirnar liggja í grösugum brekkum neðan við gamalt rofabarð sem nú er algróið. Ný rof sjást þó ofan við seltóftirnar á tveimur stöðum.



*Sel RA-189:013, horft til austurs.*




*Uppmæling af fornleifum í seli RA-189:013.*

Lýsingin hefst á seltóft 013_01 sem líklega hefur verið íveruhús. Tóftin er 12x9 m að stærð og snýr nokkurnveginn vestur-austur. Hún skiptist upp í fimm hólf. Hólf 1 er austast í tóftinni og er 3,5x0,7 m að innanmáli. Hólf 2 er vestan við hólf 1 og er 4,5x1 m að innanmáli. Mögulega hefur verið innangengt á milli þessara hólfa en það er þó mjög óljóst. Hólf 3 er nyrst í tófinni, norðan við hólf 1. Það er 2x1 m að stærð og er opið út til norðurs. Það tengist ekki hinum hólfunum og gæti hafa verið geymsla. Hólf 4 er vestan við hólf 2 og er 2x2 m að innanmáli. Inngangur inn í tóftina er á norðurhlið inn í hólf 4. Úr hólfinu er einnig innangengt inn í hólf 5 sem er vestast í tóftinni. Það er minnsta hólfið, 1x1 m að stærð. Tóftin er torfhlaðin og veggir eru frekar signir og þýfðir, um 0,2-0,4 m á hæð. Innanmál í tóftinni eru fagurgræn miðað við grasið í kring.
**Hættumat:** hætta, vegna rofs
**Heimildir:** Ö-Þverá, 3

**RA-189:013_02** tóft beitarhús A 453133 N 359306
Tóft 013_02 er 12 m vestan við tóft 013_01. Hún er mjög óljós en virðist vera hringlaga, 6x6 m á stærð. Hún virðist skiptast upp í tvö hólf, það sjást tveir grænir blettir í henni. Syðra hólfið er 2,5x1,5 m að stærð snýr vestur-austur. Nyrðra hólfið er minna, 2x1 m að stærð en snýr eins og það syðra. Veggir eru nánast útflattir en sjást best að norðan og sunnan, 0,2-0,3 m á hæð.
**Hættumat:** hætta, vegna rofs



*Tóft RA-189:013_1, horft til suðurs.*



*Tóft RA-189:013_2, horft til suðurs.*

**RA-189:013_03** tóft heystæði A 453127 N 359310
Tóft 013_03 er rúmum 1 m norðvestan við tóft 013_02. Hún er 5,5x3 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hún er einföld og innanmál hennar er 3x1 m. Ekki sést neitt greinilegt op á tóftinni. Tóftin

er torfhlaðin og hæð veggja er 0,1-0,2 m. Tóftin er græn í miðjunni, þar sem innanmálið er en sina er í veggjum.
**Hættumat:** hætta, vegna rofs



*Tóft RA-189:013_3, horft til vesturs.*



*Dæld RA-189:013_4, horft til norðurs.*

**RA-189:013_04** dæld heystæði A 453127 N 359316
Dæld 013_04 er rúmum 1m norðan við tóft 013_03. Engar hleðslur eru að utan og aðeins sést grænka á svæði sem er 5x2 m að stærð og 0,1 m að dýpt. Mögulega hefur þetta verið heystæði.
**Hættumat:** hætta, vegna rofs

**RA-189:014** heimild um ristu A 452649 N 358978
Í Sunnlenskum byggðum IV segir:" Áður fyrr átti Þverárbóndi ítak (sumarbeit) í Hlíðarendalandi sunnan Þverár, en lét í þess stað torfristu til ábúanda á Hlíðarenda." Í örnefnaskrá Þverár segir: "Þegar Hlíðarendabændur komu að skera torf í Mýrarhaga fóru þeir yfir ána á Torfvaði." Mýri var í framræstum túnum rúmum 700 m NNV við bæ 001 og tæpum 200 m vestan við Litlu-Þverá.
Mýrin hefur að mestu verið þurrkuð upp og þar eru nú ræktuð tún. Efsta og nyrsta hólfið er ekki lengur í rækt og er orðið fremur þýft og oft fremur blautt en neðri hólfin eru ennþá slegin.
Ekki sjást nein ummerki um ristuna enda hefur mýrin verið þurrkuð upp að mestu. Rista skilur almennt ekki eftir sig mikil ummerki nema kannski skortur á vissum jarðlögum sem gætu hafa verið rist upp með torfinu.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** SB IV, 403; Ö-Þverá, 3

**RA-189:015** *Torfvað* örnefni vað A 452912 N 358838
Í örnefnalýsingu Þverár segir: «Þegar Hlíðarendabændur komu að skera torf [sjá 641:022] í Mýrarhaga fóru þeir yfir ána á Torfvaði.» Heimildamaður þekkti ekki örnefnið Torfvað en taldi að líklega hefði verið farið yfir Litlu-Þverá á vaði sem er rúmum 540 m norðaustan við bæ 001 og rúmum 350 m SSV við beitarhús 011.
Árbakkarnir eru lágir að vestan en hærri að austan. Þeir eru grasigrónir er mikið er af stóru grjóti í ánni. Þó eru einnig grónar eyjar.
Ekki sjást nein ummerki um vaðið í ánni en líklega hefur verið farið yfir lágu bakkana að vestan upp til norðausturs þar sem gata 641:022 liggur í hlíðinni austan við Litlu-Þverá. Áin er ekki djúp og hefur verið vel fært á hestum en erfiðara hefur verið að koma vagni upp brattann að austan.



*Torfvað RA-189:015 var á þessu svæði. Horft er til norðausturs.*

**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Þverá, 3

**RA-189:016** tóft fjárhús A 452867 N 359037
Tóft er austan við Mýrarhaga, rúmum 760 m norðan við bæ 001 og 315 m austan við stekk 012. Hún er 50 m austan við fræmræst tún og skurði sem liggja þar í kring.
Tóftin er í smáþýfðu graslendi og lækur rennur austan við hana.



*Tóft RA-189:016, horft til VNV.*




*Uppmæling af tóft RA-189:016.*

Tóftin er fremur ógreinileg, 8x5,5 m að stærð og snýr norðveestur-suðaustur. Hún er tvískipt. Syðra hólfið er stórt 5x4 m að innanmáli og hugsanlega hefur verið opið inn í nyrðra hólfið sem er 3x1,5 m að innanmáli. Enginn veggur er að suðaustan og er hann annaðhvort horfinn eða að þar hefur verið viðarþil. Mikið rof er í norðausturvegg og hlutar hans horfnir. Tóftin er torfhlaðin og veggjahæð er 0,3 m. Hlutverk tóftarinnar er ekki víst en mögulega hefur þetta verið fjárhús.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Þverá, 4

**RA-189:017** tóft óþekkt A 452781 N 358707
Tóft er 450 m norðan við bæ 001 og 100 m norðan við Stekkatún 022. Hún er 50 m vestan við Litlu-Þverá, sunnan við læk sem rennur til austurs niður að ánni. Girðingin sem lokar af Skákarnar er um 15 m norðan við tóftina.
Tóftin er á grasbakka sem er fremur sléttur allt að gilinu.
Tóftin er 6,5x4 m að stærð og snýr norður-suður. Hún er einföld og innanmál hennar er 4x2,5. Engin hleðsla er á austurhlið hennar. Hæð veggja er 0,1-0,4m á hæð. Hugsanlega er hún niðurgrafin að vestan og



*Tóft RA-189:017, horft til suðausturs.*




*Uppmæling af tóft RA-189:017.*

norðan. Erfitt er að gera nákvæmlega grein fyrir þessari tóft þar sem hún er fremur óregluleg að utan en fékk þó að fljóta með þar sem hún er mjög hornrétt að innan. Hlutverk hennar er ekki þekkt en mögulega hefur þetta verið einhverskonar aðhald, jafnvel stekkur. Hluti tóftarinnar er líklega horfinn.
**Hættumat:** engin hætta

**RA-189:018_01** *Borgarhólar* örnefni fjárskýli A 451975 N 358532
Í örnefnalýsingu segir: «Upp af Stóruskák eru Borgarhólar og Bringir fyrir ofan þá.” Í bókinni Kuml og haugfé segir: “Beinafundur að Neðri-Þverá, Fljótshlíðarhreppi: Mannabeinaleifar fundust árið 1949 í landi Neðri-Þverár, um 300 m suðaustur frá bænum í Deild, á svonefndum Borgarhól.” Borgarhólar voru tæpum 800 m vestan við bæ 001 og 120 m vestan við landamerki við Deildar RA-192. Erfitt er að vita nákvæmlega hvar hólarnir voru þar sem þeir sjást ekki lengur og hafa verið sléttaðir í tún. Minjasvæðið samanstendur af tveimur fornleifum, horfinni fjárborg og mannabeinafundi á sama stað.
Sléttuð tún eru á þessu svæði og á Borgarhólum. Stór skurður hefur verið ræstur fram við hólana.
Lýsingin hefst á fjárborg 018_01. Ekki sjást nein ummerki um fjárborgir á Borgarhólum og ef þær hafa verið þar, er búið að slétta þær í tún.
**Hættumat:** hætta, vegna jarðræktar
**Heimildir:** Ö-Þverá BK, 2; KEKH, 34

**RA-189:018_02** mannabein legstaður A 451979 N 358529
Mannabeinafundur 018_02 var á Borgarhól. Um fundinn segir: “Þar [á Borgarhólum] hafði mótað vel fyrir fyrir upphlöðnum hring, 5-6 m í þvm., líklega eins konar fjárborg, og inni í honum komu beinin í ljós, þegar rótað var jarðvegi með jarðýtu. Ég kom á þennan stað 30.9. 1952, en þá var slétt af öllu og vonlaust verk að hefja þarna uppgröft, enda sögðu finnendur, að þeir teldu mjög ólíklegt, að fleiri mannabein en þeir fundu hafi verið á staðnum. Beinin eru höfuðbeinaleifar tveggja manna, og verður ekkert fullyrt um, hve gömul þau kunna að vera. Sennilegast má þó virðast , að þau séu leifar kumlteigs frá heiðni.” (Heimildir: Rannsóknarskýrsla höfundar, ópr. Sbr. Íslenzk fornrit XII, bls. XXIV-XXV nm.)
Nákvæm staðsetning þessa mannabeinafundar er ekki vituð. Svæðið hefur breyst mikið enda hafa hólarnir verið sléttaðir og skurðir ræstir fram neðan þeirra. Mikið rof er í skurðrofningunum. Engin ummerki um mannabeinafundinn er að finna á vettvangi enda má ætlar að ef um kumlateig væri að ræða, hafi hann líklega eyðilagst við sléttunina sem hefur átt sér stað á svæðinu. Ef kumlin hafa verið fleiri en eitt gætu hin hafa legið dýpra og hafa sloppið.
**Hættumat:** hætta, vegna jarðræktar

**RA-189:019** tóft beitarhús A 453041 N 359435
Beitarhúsatóft er norðarlega í landi Neðri-Þverár, 1,2 km NNA við bæ 001 og rúmum 180 m norðvestan við sel 013. Tóftin er 40 m frá fjallsgirðingunni sem afmarkar grösugar brekkurnar og Hraunin svokölluð. Tóftin er graslendi neðan við gróðurlaust land. Tóftin situr á stalli og neðan hennar hallar landið mikið



*Beitarhús RA-189:019, horft til suðausturs.*




*Uppmæling af beitarhúsum RA-189:019.*

niður til suðurs.
Tóftin er 17,5x11,5 m að stærð og snýr nokkurnveginn norður-suður. Hún er greinilega ekki mjög gömul og hleðslur standa nokkuð háar. Hún er tvískipt; niðurgrafin hlaða er nyrst en fjárhúsið að sunnan. Hlaðan er 6,5x3 m að stærð og snýr vestur-austur. Fjárhúsið er sunnan við hlöðuna og er 9x2 m að stærð. Op er á tóftinni í suðvestur horni sem vísar þó út til vesturs. Tóftin er torf- og grjóthlaðin og hæð veggja er 1-1,5 m á hæð, þó 2 m í hlöðunni þar sem hún er niðurgrafin. Grjóthleðslur sjást vel á flestum stöðum, allt að 4-5 umför, þó svo að vesturveggurinn sé mun grónari og þar sjáist í minna grjót. Við inngang eru veggir nokkuð hrundir og grjótdreif víða.
**Hættumat:** engin hætta

**RA-189:020** heimild um útihús A 452708 N 358245
Samkvæmt bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 var útihús um 50 m SSV við bæ 001 og um 30 m SSA við traðir 007. Það er horfið, líklega vegna sléttunar.
Slétt, ræktað tún.
Engin ummerki útihússins sjást á yfirborði.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Bæjarteikning danskra landmælingamanna 1906

**RA-189:021** þúst útihús A 452725 N 358617


*Þúst RA-189:021, horft til NNA.*

Útihús er merkt inn á bæjarteikningu danskra landmælingarmanna frá 1906 og á stakstæðu túni á túnakorti frá 1919, þ.e. svokölluðu Stekkjatúni. Útihúsið er 330 m norðan við bæ 001 og 70 m vestan við Litlu-Þverá. Það er jafnframt rúmum 230 m norðaustan við bæjarstæði Efri-Þverár RA-190. Stekkur 022 hefur mögulega staðið á þessum stað áður en útihúsið var byggt.
Stekkatún er grasivaxið gamalt tún sem virðist ekki hafa verið sléttað að neinu ráði. Mikið er af hólum og hæðum í túninu.
Úithús var tæpum 80 m norðan við útihús 006, ofar í brekkunni. Þar sjást nánast engin ummerki fyrir utan smávegis þúst sem er 8x6 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Líklega hefur útihúsið staðið á þessum flata en verið rifið niður. Leifar af útihúsinu leynast mögulega undir sverði.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1919; Bæjarteikning danskra landmælingamanna 1906

**RA-189:022** þúst stekkur A 452719 N 358547


*Þúst RA-189:022, horft til norðausturs.*

Í örnefnalýsingu Þverár segir: «Í þessum skákum [Stóruskákum] eru nokkur örnefni. Efst koma Hæðar, og eru þær að heita má í Neðri-Þverár Stóruskák. Í Efri-Þverárskákinni eru þessi örnefni: Efst Hæðar, þá Smærnabali vestar, en Húsrimi austar, og nær hann að Mjóalæk, sem kemur úr Torflág og rennur í Þverá. Fyrir neðan Húsarima er Stekkatúnið, og þau tvö, sitt frá honum bæ, efri bæjar ofar, neðari bæjar neðar og austar ...» Stekkatúnið er um 300m norðan við bæ 001 þar sem útihús 006 og 021 eru. Stekkurinn hefur verið einhversstaðar á Stekkatúninu og hér var metið sem svo

að þúst 022 hafi verið hann.
Stekkatún er grasivaxið gamalt tún sem virðist ekki hafa verið sléttað að neinu ráði. Mikið er af hólum og hæðum í túninu.
Þúst með flata að ofan er rúmum 250 m norðan við bæ 001 sem gætu verið leifar útihússins sem þar stóð. Hún er 6x6 m að stærð en aðeins 0,1 m á hæð. Líklega leynast einhverjar leifar útihússins undir yfirborði.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Þverá, 1

## RA-190 Háa-Þverá

30 hdr., 1710, aðeins ein Þverá, Háa-Þverá nefnd Efri-Þverá. Getið ábúenda þar fyrst árið 1762. 10 hdr 1487. JÁM I, 147, JJ, 32.
1710: "Af túninu brýtur Þverá og ber á það grjót og sandi í ísleysíngum, líka tekur jakaferð þá grasrót í burtu. Högum spillir blástur og skriður." JÁM I, 147.




*Túnakort Efri-Þverár RA-189 frá 1919 upprétt ofan á loftmynd. Skráðar minjar innan þess sjást sem hvítir punktar, svartar línur og grænir flákar. Túnakort Neðri-Þverár RA-189 er líka upprétt á myndinni, heimatún jarðanna var sameiginlegt. ©Loftmyndir ehf.*

1919: Tún 3,5 ha, 1 ha sléttað, garðar 1073 m$^2$
"Mikið tún hefur nú verið ræktað upp frá bænum á landi, sem áður var úthagi. Engjar eru í hlíðinni vestur frá bænum, hallandi móti suðri." SB IV, 403 .
"Engjar Þverárbæjanna liggja meðfram Þverá og hefur hún brotið þar talsvert land." Ö-Þverá BK, 1-2

**RA-190:001_01** *Háa-Þverá* bæjarhóll bústaður A 452529 N 358442

Efri-Þverá (áður Háa-Þverá) er merkt inn á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og túnakort frá 1919. Bærinn er yngri en Neðri-Þverá og ábúenda fyrst getið hér á seinni hluta 18. aldar. Gamli bærinn stóð þar sem nú er skemma 60 m NNV við núverandi íbúðarhús. Auk skemmunnar eru útihús austan við bæjarhólinn. Öllum húsum hefur verið ýtt út og hólnum sjálfum verið raskað vegna húsbygginga. Bæjarlækurinn rennur 55 m austan við bæinn, austan við núverandi útihús. Á bæjarhólnum stóðu bæjarhúsin í röð en auk þeirra voru þar tveir kálgarðar og útihús samfast öðrum þeirra. Minjasvæðið er alls 50x50 m og nánast ferhyrnt.



*Bæjarhóll RA-190:001_1, horft til austurs.*

Bæjarstæðið er á smávegis stalli sem í aflíðandi hlíð til suðurs. Þar eru steinsteypt hús, malarvegur og mikið gras og órækt.




*Skipulag bæjarins sést vel á túnakorti frá 1919.*

Lýsingin hefst á bæjarhó1 001_01. Hann hefur verið sléttaður á einhverjum tímapunkti og bygging skemmunnar raskað honum að stórum hluta. Skemman er byggð inn í hlíðina að aftan og niðurgrafin að einhverju leyti. Bæjarhólinn er nánast horfinn af yfirborði nema til suðurs. Þar sést kantur sem liggur vestur-austur á 20 m löngum kafla og er hann um 0,3 m á hæð. Þrátt fyrir að bæjarhóllinn sé mikið raskaður má ætla að minjar leynist þó undir sverði. Samkvæmt túnakorti frá 1919 stóðu yngstu bæjarhúsin sunnarlega á bæjarhólnum og snéru stöfnum til suðurs. Alls voru átta burstir í röð en engin bakhús, aðeins húsgarður. Öll ummerki um yngstu bæjarhúsin eru horfin og hafa þau verið rifin niður eða sléttuð á sama tíma og bæjarhóllinn.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1919; Bæjarteikning danskra landmælingamanna 1906

**RA-190:001_02** heimild um kálgarð A 452510 N 358453

Kálgarður 001_02 var norðvestan við bæ 001_01, í bakgarði bæjarhúsanna. Samkvæmt túnakorti og bæjarteikningu var hann 15x15 m að stærð. Engin ummerki sjást um kálgarðinn á svæðinu og hefur hann líklega verið sléttaður á sama tíma og bæjarhóllinn.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**RA-190:001_03** heimild um kálgarð A 452521 N 358431

Kálgarður 001_03 var sunnan við bæ 001_01, framan við bæjarhúsin. Samkvæmt bæjarteikningu var hann 33x18 m að stærð og snéri vestur-austur. Hann er þó nokkuð stærri á túnakorti, 45x28 m að stærð. Engin ummerki sjást um kálgarðinn á svæðinu og hefur hann líklega verið sléttaður ásamt öðrum húsum þegar bæjarhóllinn var sléttaður.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**RA-190:001_04** heimild um útihús A 452523 N 358433
Samkvæmt túnakorti frá 1919 var útihús 001_04 samfast kálgarði 001_03, á norðurhlið hans. Engin ummerki um útihúsið sjást nú á yfirborði og hefur það líklega verið sléttað eða rifið niður ásamt öðrum húsum á bæjarhólnum. Leifar þess gætu þó leynst undir sverði.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1919

**RA-190:002** heimild um útihús A 452525 N 358476
Samkvæmt bæjarteikningu danskra landmælingmanna frá 1906 var útihús 30 m norðan við bæ 001, ofar í hlíðinni. Útihúsið var 10 m norðan við núverandi slóða sem liggur ofan við skemmu og núverandi útihús og um 60 m norðvestan við útihús 003. Það er ekki sýnt á túnakorti frá 1919 og líkast fallið úr notkun þá.
Grasivaxin hlíð með sléttuðum túnum allt í kring.
Ekki sjást nein ummerki um útihúsið á yfirborði og hefur það líklega verið rifið niður og sléttað.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Bæjarteikning danskra landmælingamanna 1906

**RA-190:003_01** heimild um útihús A 452598 N 358455
Samkvæmt bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og túnakorti frá 1919 var kálgarður með samföstu útihúsi 003_02 um 50 m austan við bæ 001 og 60 m sunnan við útihús 004, austan við bæjarlækinn.
Svæðið hefur nú verið sléttað og ræktað upp.
Lýsingin hefst á útihúsi 003_1. Útihúsið var samfast utanverðri norðurhlið kálgarðsins. Ekki sjást nein ummerki um útihúsið á svæðinu og hefur það líklega verið sléttað í túnið. Leifar þess gætu leynst undir sverði.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1919; Bæjarteikning danskra landmælingamanna 1906

**RA-190:003_02** heimild um kálgarð A 452589 N 358452
Kálgarður 003_02 var sunnan við útihús 003_01. Samkvæmt túnakortum var kálgarðurinn u.þ.b 19x19 m að stærð og snéri nokkurn veginn norður-suður. Engin ummerki um kálgarðinn sjást á yfirborði og hefur hann líklega verið sléttaður þegar túnið var sléttað.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**RA-190:004** heimild um útihús A 452600 N 358510
Samkvæmt bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og túnakorti frá 1919 var útihús rúmum 90 m norðaustan við bæ 001 og tæpum 80 m suðvestan við útihús 005. Útihúsið var austan við bæjarlækinn.
Túnið liggur í aflíðandi halla niður til suðurs. Það hefur verið sléttað og er ennþá í ræktun.
Engin ummerki sjást um útihúsið á yfirborði og hefur það líklega verið sléttað í túnið.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Bæjarteikningar danskra landmælingmananna 1906; Túnakort 1919

**RA-190:005** heimild um útihús A 452635 N 358577
Samkvæmt túnakorti frá 1919 var útihús 170 m norðvestan við bæ 001 og rúmum 50 m suðvestan við Stekkatún 006, efst í heimatúninu. Útihúsið er ekki merkt inn á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og má ætla að það hafi verið byggt milli áranna 1906 og 1919.
Útihúsið var norðarlega í sléttuðu túni, sunnan við bæjarlækinn. Túnið liggur í aflíðandi halla niður til

suðurs. Það hefur verið sléttað og er ennþá í rækt.
Engin ummerki sjást um útihúsið á yfirborði og hefur það líklega verið sléttað.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1919

**RA-190:006_01** *Stekkatúnið* heimild um stekk A 452673 N 358593
Í örnefnalýsingu Þverár segir: «Í þessum skákum [Stóruskákum] eru nokkur örnefni. Efst koma Hæðar, og eru þær að heita má í Neðri-Þverár Stóruskák. Í Efri-Þverárskákinni eru þessi örnefni: Efst Hæðar, þá Smærnabali vestar, en Húsrimi austar, og nær hann að Mjóalæk, sem kemur úr Torflág [008] og rennur í Þverá. Fyrir neðan Húsarima er Stekkatúnið, og þau tvö, sitt frá hvorum bæ, efri bæjar ofar, neðari bæjar neðar og austar ....” Skekkatúnin á Neðri- og Efri-Þverá vou upp af hvort öðru [sjá RA-189:022], ofarlega innan heimatúnsins, um 220 m norðaustan við bæ 001.
Svæðið hefur allt verið sléttað undir tún og eru túnin í landi Efri-Þverár ennþá slegin.
Engin ummerki sjást um stekk á yfirborði en líklega hefur hann verið á svipuðum stað og útihús 006_02 var byggt seinna.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Þverá, 1

**RA-190:006_02** *Stekkatúnið* heimild um útihús A 452677 N 358610
Útihús er merkt inn á bæjarteikningu danskra landmælingarmanna frá 1906 og túnakort frá 1919, 230 m norðaustan við bæ 001 í svokölluðu Stekkatúni.
Svæðið hefur allt verið sléttað undir tún og eru túnin í landi Efri-Þverár ennþá slegin.
Engin ummerki sjást um útihús á yfirborði en líklega hefur hann verið á svipuðum stað og stekkur 006_01.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1919; Bæjarteikning danskra landmælingamanna 1906

**RA-190:007** heimild um vatnsból A 452612 N 358584
Vatnsból var í ofarlega í bæjarlæknum við austurtúnið, rúmum 160 m norðaustan við bæ 001 og tæpum 8 m vestan við túngarð RA-189:009_1. Útihús 005 var tæpum 25 m suðaustan við vatnsbólið.
Nokkuð votlendi er í kringum lækinn. Lækjarbakkinn er fremur stórgrýttur og rof er í honum austanverðum.
Lækurinn er lítill og grunnur og jarðvegurinn í honum er járnmikill. Það sést enginn djúpur farvegur heldur rennur hann í lækjagilinu og mikið votlendi í kringum hann. Engin mannvirki eða hleðslur sjást á svæðinu.
**Hættumat:** engin hætta


*Bæjarlækurinn sést norðan við bæinn en lítið vatn er í honum nú. Horft er til suðurs.*

**RA-190:008** *Torflág* örnefni rista A 452328 N 358767
Í örnefnalýsingu Þverár segir: «Í þessum skákum [Stóruskákum] eru nokkur örnefni. Efst koma Hæðar, og eru þær að heita má í Neðri-Þverár Stóruskák. Í Efri-Þverárskákinni eru þessi örnefni: Efst Hæðar, þá Smærnabali vestar, en Húsrimi [006] austar, og nær hann að Mjóalæk, sem kemur úr Torflág og rennur í Þverá.” Heimildamaður þekkti ekki örnefnið en miðað við lýsingar var Torflág rúmum 380 m norðvestan við bæ 001 og tæpum 480 m SSV við tóft 010, í stóru afgirtu túnstykki.
Túnstykkið er nokkuð slétt en þýft. Þar vex graslendi og lækur/skurður rennur niður með vesturhlið þess.
Engin ummerki sjást um torfristu á svæðinu enda hefur mýrin verið þurrkuð upp að mestu.

**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Þverá, 1

**RA-190:009** heimild um traðir A 452592 N 358418
Traðir eru merktar inn á bæjarteikningu danskra landmælingarmanna frá 1906 og inn á túnakort frá 1919, vestan við bæ 001og sveigðu til norðurs.
Svæðið þar sem traðirnar lágu eru að mestu sléttuð tún, sum í órækt. Túnin eru í aflíðandi halla niður til suðurs.
Engin ummerki um traðir eru á yfirborði og hafa þær líklega verið sléttaðar þegar bæjarhóllinn var sléttaður.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Bæjarteikning danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1919

**RA-190:010** tóft beitarhús A 452437 N 359235
Beitarhúsatóft er um 800 m norðan við bæ 001 og tæpum 65 m sunnan við þúst 012, upp við svokallaðan Jaðar. Þar eru mörk gróðuþekju og uppblásins svæðis. Tóftin er í afgritu beitarstykki fyrir hross um 100 m vestan við vélgrafin skurð og vírgirðingu.
Tóftin er í grasigróinni brekku sem hallar aflíðandi til suðurs.



*Tóft RA-190:010, horft til suðvesturs.*




*Uppmæling af tóft RA-190:010.*

Tóftin er 11x8 m að stærð og snýr vestur-austur. Hún er tvískipt. Eystra hólfið er 5x1,5 m að innanmáli og snýr norður-suður. Vestara hólfið er 5x3 m að innanmáli og snýr einnig norður-suður. Tóftin er torf- og grjóthlaðin upp við brekkuna sem myndar norðurvegginn. Innanmálið hefur verið grafið inn í brekkuna að norðan. Veggir eru 0,2-0,6 m á hæð og víða sést grjót í vestara hólfi, oftast bara eitt umfar. Op er á tóftinni út um eystra hólf til suðurs.
**Hættumat:** engin hætta

**RA-190:011** frásögn útihús A 452423 N 358321
Samkvæmt Árna Sigurpálssyni, heimildamanni, kom alltaf mikið grjót á sama svæði þegar heimatúnið var plægt um 160 m suðvestan við bæ 001 og tæpum 320 m vestan við Neðri-Þverá RA-189:001.
Túnið hefur verið sléttað og er ennþá í rækt.
Ekki sjást nein ummerki um fornleifar í túninu. Hugsanlega er að finna eldri minjar undir sverði sem gætu verið óraskaðar að einhverju leyti þrátt fyrir rask.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**RA-190:012** þúst óþekkt A 452421 N 359293
Þúst er við svokallaðan Jaðar, tæpum 860 m norðan við bæ 001 og 60 m norðan við tóft 010. Þústin er á mörkum uppblásins svæðis til norðurs og gróinnar brekkubrúnar til suðurs. Svæðið er nýtt til hrossabeitar.

Þústin er í gróinni brekku sem hallar til suðurs.
Þústin er 19,5x14 m að stærð og snýr norður-suður. Hún er um 0,6-0,9 m á hæð. Nokkrar dældir eru í henni sem gætu verið vísar af innanmáli en þær eru þó óreglulegar. Þústin er smáþýfð og grasigróin en ekki sést í neitt grjót í henni.
**Hættumat:** engin hætta



*Þúst RA-190:012, horft til austurs.*

**RA-190:013** heimild um leið
Á bæjarteikningu danskra landmælingamanna er sýnd leið sem lá til ASA frá Efri-Þverá RA-190 og sameinaðist tröðum Neðri-Þverár RA-189:007 sunnar í túninu. Leiðin lá til austurs, yfir bæjarlækinn innan heimatúns Þverárbæjanna, beygði þaðan til suðausturs, á 300 m löngum kafla áður en hún sameinuðust tröðunum. Ekki sjást nein ummerki um leiðina á yfirborði.
Gróið tún í brekku til suðurs.
Engin ummerki um leiðina sjást á yfirborði.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Bæjarteikning danskra landmælingamanna 1906

## RA-191 Heylækur

20 hdr. 1710, jörðin á skógarítak á Miðmörk. JÁM I, 148, JJ, 32
1521: Jarðarinnar getið í virðingargjörð á eignum Vigfúsar Erlendssonar. DI VIII, 798.
Hjáleigur 1710 eru Deild, Valstíta, Ámundakot hjáleiga byggð frá Valstrítu og Gambranes. JÁM I, 148-150.




*Túnakort Heylækjar RA-191 frá 1919 upprétt ofan á loftmynd. Skráðar minjar innan þess sjást sem hvítir punktar, svartar línur og grænir flákar. ©Loftmyndir ehf.*

Í Sunnlenskum byggðum segir að jörðin hafi verið orðin tvíbýli fyrir 1801, nú er Heylækur II 1/4 af allri jörðinni.
1710. “Hagar jarðarinnar eru mikilega eyddir afblástri og komnir að miklu leyti í mold og grjót, so presturinn verður haga og selstöðu að fá í Teigslandi, hefur þar fyrir betalað um nokkur ár 20 álnir eða þar um.” JÁM I, 148. 1919: Tún 5,7 ha, 4,5 ha sléttað, garðar 1224 m$^2$.
Heylækur I: “Tún eru í nokkrum halla, grasgefin og góð. Engjar voru suður og austur frá bænum, nokkuð raklendar en hafa nú verið þurrkaðar með skurðum og ræktaðar. Hagar eru í brekkunum upp frá bænum skjólgóðir og grösugir framantil en blásnir þegar ofar dregur.” SB IV, 408
Heylækur II: “Tún eru góð og grasgefin og liggja vel við sól. Engjar eru suðaustur frá bænum, voru áður í skákum með Heylæk I, en hafa nú verið úrskiptar, þurrkaðar og ræktaðar að mestu.” SB IV, 409

**RA-191:001_01** *Heylækur* bæjarhóll bústaður A 450965 N 359046
Tvíbýli var á jörðinni frá 1801 samkvæmt Sunnlenskum byggðum IV. Báðir bæirnir voru á bæjarhólnum og sjást á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og túnakorti frá 1919. Bæirnir snéru stöfnum til suðvesturs og víðsýnt var þaðan. Heylækur I er eystri hluti jarðarinnar og Heylækur II sá vestari. Íbúðarhúsið á Heylæk II er byggt 1948 en eystra húsið árið 1940. Heylækur II fór í eyði 1963 og ekki hefur verið ábúð á þeim hluta síðan en jörðin nýtt engu að síður. Á túnakorti eru sýnd fjölmörg hús á bæjarhólnum, tveir stórir kálgarðar auk sambyggðra útihúsa. Alls eru sjö fornleifar á svæðinu sem er um 50x50 m stórt.
Bæjarhóllinn er í brekku sem hallar niður til suðurs. Mikil skógrækt er allt umhverfis bæjarhólinn og töluvert rask af þeim sökum.



*Bæjarhóll RA-191:001_1, horft til norðurs.*



*Eldri hleðslur sjást undir vestara húsinu, horft er til suðvesturs.*

Bæjarhóll 001_1 er 41x32 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Á honum eru tvö íbúðarhús, áfast því vestara er sambyggt útihús. Hóllinn er í aflíðandi til suðurs og eru mörk hans til norðurs og vesturs óljós. Hóllinn er um 0,8 m að sunnan og mikið raskaður sökum bygginga. Norðan við vestara íbúðarhúsið má sjá hleðslur sem húsið er byggt ofan á og í jarðvegssniði má sjá mannvistarleifar.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** SB IV, 408; Túnakort 1919

**RA-191:001_02** heimild um kálgarð A 450965 N 359036
Kálgarður 001_02 er fast sunnan við bæjarhól 001_01. Á túnakortinu er hann 62x26 m að stærð og skiptist í þrjá hluta, þ.e. einn frá austurbæ og tvo frá vesturbæ. Sléttur bakgaður með blómum og tjám er hér nú og engin ummerki um kálgarð sést á yfirborði.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**RA-191:001_03** tóft útihús A 450979 N 359027
Fjölmörg hús voru á bæjarhólnum, enda tveir bæir þar. Húsaskipan á bæjunum er m.a. sýnd á túnakorti frá



*Tóft RA-191:001_3, horft til austurs.*




*Uppmæling af tóft RA-191:001_3 ofan á túnakorti frá 1919.*

1919. Eitt hús sem tilheyrði gamla torfbænum á eystri bænum er varðveitt. Þetta er austasta húsið í bæjarröðinni. Tóftin er 8,5x6 m að stærð, einföld og snýr austur-vestur. Veggirnir eru 1 m á hæð að innan en 0,7 m að utan. Veggirnir eru úr torfi og grjóti og grónir. Tóftin er mjög gróin og því sést aðeins í stöku steina í hleðslum hennar. Tóftin er opin til suðvesturs og er grafin inn í brekku til norðurs, bæjarhóllinn að öllum líkindum. Rifsberjarunna hefur verið plantað í vesturvegg hennar og mikið af trjám eru við norðurhliðina.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**RA-191:001_04** heimild útihús A 450990 N 359026
Samkvæmt túnakorti frá 1919 var útihús sambyggt kálgarði 001_02 til norðausturs. Það er horfið en mikil skógrækt er yfir áætlaðri staðsetningu þess. Útihúsið tilheyrði líklega austurbænum.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**RA-191:001_05** heimild útihús A 450934 N 359044
Samkvæmt túnakorti frá 1919 var útihús sambyggt kálgarði 001_02 til norðvesturs. Það er horfið en vegur að Heylæk II liggur þvert í gegnum áætlaða staðsetningu þess. Útihúsið tilheyrði líklega vesturbænum.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**RA-191:001_06** heimild útihús A 450949 N 359040
Samkvæmt bæjarteikningu danskra landmælingmanna frá 1906 og túnakorti frá 1919 var útihús sambyggt kálgarði 001_2 til norðurs. Útihúsið tilheyrði líklega vesturbænum. Það er horfið og vegur að skemmu er þar nú.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**RA-191:001_07** heimild útihús A 450940 N 359055
Samkvæmt túnakorti frá 1919 var útihús fast vestan við bæjarhól 001_1, traðir 024 lágu þar á milli. Útihúsið er horfið en gróið svæði fast vestan við bakgarð Heylækjar II er þarna nú.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**RA-191:002** heimild um útihús A 451037 N 359033
Samkvæmt bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 var útihús um 80 m austan við bæ 001 og 80 m suðvestan við útihús 003. Það var austan við Heylækinn, þ.e. bæjarlækinn, sem rann eftir miðju heimatúninu til suðurs.
Þar sem útihúsið var er nú mikil skógrækt og barrtrjám plantað í miklum mæli með tilheyrandi raski.
Engin ummerki um útihúsið sjást á yfirborði.
**Hættumat:** stórhætta, vegna trjáræktar
**Heimildir:** Bæjarteikning danskra landmælingamanna 1906

**RA-191:003** heimild um útihús A 451109 N 359041

Samkvæmt bæjarteikningu danskra landmælingmanna frá 1906 og túnakorti frá 1919 var útihús um 130 m austan við bæ 001 og 50 m austan við úthús 005. Það er austan við Heylæk sem rann eftir endilöngu heimatúninu. Tóftin var á hól sem er horfinn en sýndur á bæjarteikningunni. Leið RA-641:019 lá hér yfir heimatúnið að Valstrýtu RA-193 en heimatúnin lágu saman og lækur virðist hafa skipt á milli fremur en túngarður.
Mikil skógrækt er á þessum slóðum, mest aspir. Mikið rask er af þessum völdum.
Engin ummerki útihússins sjást á yfirborði.
**Hættumat:** stórhætta, vegna trjáræktar
**Heimildir:** Bæjarteikning danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1919

**RA-191:004** heimild um útihús A 451091 N 359052

Samkvæmt bæjarteikningu danskra landmælingmanna frá 1906 var útihús um 130 m austan við bæ 001 og 40 m austan við úthús 005. Það eer austan við Heylæk sem rann eftir endilöngu heimatúninu. Leið RA-641:019 lá hér yfir heimatúnið að Valstrýtu RA-193 en heimatúnin lágu saman og lækur virðist hafa skipt á milli fremur en túngarður.
Slétt tún. Mikil skógrækt er allt umhverfis túnið og mikið rask af þeim sökum. Túnið er í grunninn hluti af heimatúninu.
Engin ummerki um útihúsið sjást á yfirborði.
**Hættumat:** stórhætta, vegna trjáræktar
**Heimildir:** Bæjarteikning danskra landmælingamanna 1906

**RA-191:005** tóft útihús A 451055 N 359059

“ ... austan við Heylækinn er Efri-Dagteigur og nær hann að Mjóalæk, sem stundum var kallaður Mjóalækjargil. Neðst í Efra Dagteig eru fjárhús frá Heylæk,” segir í örnefnalýsingu. Samkvæmt túnakorti frá 1919 var útihús um 90 m austan við bæ 001 og 40 m vestan við úthús 004. Yngri fjárhús með áföstum bragga, nú skemma, voru byggð í tóftina um miðja síðustu öld. Þetta svæði kallast Dagteigur. Fjáhúsin eru austan við Heylæk sem rann eftir endilöngu heimatúninu. Leið RA-641:019 lá hér yfir heimatúnið að Valstrýtu RA-193 en heimatúnin lágu saman og lækur virðist hafa skipt á milli fremur en túngarður.
Slétt tún. Mikil skógrækt er í túninu og rask af þeim sökum. Tún er enn umhverfis þessi hús.
Fjárhús frá miðri 20. öld eru ofan í tóftinni og eru án efa mun stærri en tóftin var. Hlaðið hús er fast vestan við fjárhúsin, líklega vestasta burst þeirra sem sjást á túnakortinu. Tóftin er 6,6x4 m að stærð, snýr NNA-SSV og er opin til suðurs. Þarna var líklega þil. Veggir eru 1-1,5 m á hæð, algrónir og víða glittir í grjót. Hólfið er grafið inn í brekku/hól til norðurs.



*Tóft RA-191:005, horft til norðvesturs.*




*Uppmæling af tóft RA-191:005 sýnd ofan á loftmynd.*

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1919; Ö-Heylækur I, 1

**RA-191:006** heimild um útihús A 450963 N 359102
Útihús er merkt um 60 m norðan við bæ 001 á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906. Útihúsið er horfið og mikið jarðrask er á þessu svæði.
Gróið tún fast norðan við bæinn.
Engin ummerki úthússins sjást á yfirborði.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Bæjarteikning danskra landmælingamanna 1906

**RA-191:007** heimild um útihús A 450968 N 359141
Samkvæmt túnakorti frá 1919 var útihús um 90 m norðan við bæ 001 og rúmum 40 m norðan við útihús 006. Það mótar fyrir lágum hól í sléttu túni og líklega var útihúsið á honum.
Gróið tún fast norðan við bæinn.
Engin ummerki útihússins sjást á yfirborði.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1919

**RA-191:008** heimild um útihús A 450872 N 358979
Samkvæmt bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og túnakorti frá 1919 var útihús rúma 110 m suðvestan við bæ 001 og 10 m norðan við kálgarð 009.
Slétt tún í aflíðandi halla til suðurs.
Engin ummerki um útihúsið sjást á yfirborði.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Bæjarteikning danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1919

**RA-191:009** heimild um kálgarð A 450872 N 358969
Samkvæmt túnakorti frá 1919 var kálgarður um 120 m suðvestan við bæ 001, rétt sunnan við úthús 008. Hann er horfin vegna sléttunar.
Slétt tún í aflíðandi halla til suðurs.
Engin ummerki kálgarðsins sjást á yfirborði.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1919

**RA-191:010** heimild um útihús
Stakstætt tún með fornu mannvirki og rennum er sýnt á túnakorti frá 1919. Ekki er vitað hvaða mannvirki þetta eru né hvar þau voru staðsett, stakstæða túnið er ekki á réttum stað á túnakortinu. Frekari heimildir þarf til þess að hægt sé að staðsetja túnið með innan við 50 m skekkju.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Túnakort 1919

**RA-191:011** heimild um kálgarð A 451013 N 359195
Samkvæmt túnakorti frá 1919 var kálgarður um 150 m norðan við bæ 001 og 20 m suðvestan við útihús 029. Kálgarðurinn var norðan við Heylækinn, að öllum líkindum í brekku til suðurs að læknum.
Slétt tún, malarvegur er fast austar og gil til suðurs.
Engin ummerki kálgarðsins sjást á yfirborði.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1919

**RA-191:012** heimild um útihús A 451021 N 359165
Samkvæmt bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og túnakorti frá 1919 var útihús um 130 m norðan við bæ 001 og um 50 m norðaustan við útihús 007. Á Bæjarteikning danskra landmælingamanna unni er þetta útihús rétt utan við heimatúnið en árið 1919 er þetta kálgarður innan túnsins.
Slétt tún, lækjargil er fast norðar.
Engin ummerki útihúsins sjást á yfirborði.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Bæjarteikning danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1919

**RA-191:013** heimild um túngarð A 451024 N 359134
Á túnakorti frá 1919 má sjá merkingu sem sýnir gamlan túngarð efst og nyrst í heimatúninu. Samkvæmt bæjarteikningu danskra landmælingmanna frá 1906 afmarkaði túngarður norðurhlið heimatúnsins og lá til suðausturs frá Skelli, að Heylæk og þaðan nálega austur- að merkjum við Valstrýtu RA-193. Þetta er líklega sami túngarðurinn en túnið tók breytingum á milli þess sem kortin voru gerð og var stækkað til norðurs. Túngarðurinn var tæpa 110 m norðan við bæ 001.
Þar sem túngarðurinn var er mikil skógrækt til austurs og slétt tún til vesturs. Mikið af trjám hefur verið plantað norðan við bæ 001, aðallega öspum og ljóst að þessu svæði hefur verið mikið raskað.
Engin ummerki um túngarðinn sjást á yfirborði.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Bæjarteikning danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1919

**RA-191:014** *Gambranes* heimild býli
Í Jarðabók Árna Magnússonar segir um Gambranes: «Er fyrst bygð áður menn vita af að segja. ... landskuld I álnir.» Í Sunnlenskum byggðum IVsegir: "Þessi jörð var afbýli frá Heylæk og var syðst í landi þeirrar jarðar, niður við Þverá. Þetta hefur verið dágóð bújörð og bær, tún og engjar út frá bænum. Stór hluti af landi jarðarinnar fór í Þverá, eftir að Markarfljót braut sér farveg vestur í Litlu-Þverá, en hún mun hafa ráðið mörkum milli Heylækjar og Teigstorfu þar sem hún rann vestur, sunnan við Gömbruland. Hagar voru uppi á heiðunum, ofan við tún á Heylækjartorfu og sambeit allra jarða á torfunni. Jörð þessi fór í eyði árið 1805." Gambranes er nú alveg horfið en var niðri á eyrunum við Þverá, rúmum 900 m sunnan við bæ 001. Nákvæm staðsetning bæjarins er óþekkt en þar sem hann fór í eyði vegna landbrots frá Þverá um 1805 má ætla að hann hafi staðið einhvers staðar í ósum hennar eins og þeir sjást á herforingjaráðskorti frá 1908, þó gætu bæjarhúsin hafa sloppið við rofið og verið norðar en sá hluti jarðarinnar sem brotnaði í ána.
Grónir bakkar Þverár, graslendur og ræktuð tún eru í kring og Fljótshlíðarvegur 261 er norðan við svæðið.
Engin ummerki sjást um Gambranes en miklar líkur eru á því að Þverá hafi brotið bæinn niður og því sé engra ummerkja að vænta á svæðinu. Það gæti þó verið að bæjarhúsin hafi sloppið og leifar þeirra og eldri bæjarhúsa leynist undir sverði á svæðinu. Frekari heimilda er þörf til þess að staðsetja bæjarhúsin nákvæmlega.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** JÁM I, 150; SB IV, 407

**RA-191:015** *Neðri-Stöðull* örnefni kvíar A 451054 N 359174
"Ofan við bæinn [HI] er hallandi tún að læknum, kallast Tuðrur var óræktarþýfi áður en það var sléttað. Ofan við Tuðrurnar er Neðri-Stöðull og Efri-Stöðull [016] þar ofar," segir í örnefnalýsingu. Samkæmt uppdrætti sem fylgir örnefnaskrránni var Neðri-Stöðull rétt norðan við heimatúnið, þar sem lækurinn Skellir tekur sveig til vesturs. Þar er nú ræsi yfir lækinn.
Skógræktarsvæði er fast austan við áætlaða staðetningu kvíanna en gróið tún til vesturs.
Engin ummerki um kvíar sjást á þessu svæði.
**Hættumat:** hætta, vegna trjáræktar

**Heimildir:** Ö-Heylækur I, 1

**RA-191:016** *Efri-Stöðull* örnefni kvíar A 451173 N 359278

"Ofan við bæinn [HI] er hallandi tún að læknum, kallast Tuðrur var óræktarþýfi áður en það var sléttað. Ofan við Tuðrurnar er Neðri-Stöðull [015] og Efri-Stöðull þar ofar," segir í örnefnalýsingu. Neðri-Stöðull er um 300 m NNA við bæ 001, austan við Heylæk. Hóll sést þar enn, rétt ofan við manngerða tjörn gerða af núverandi eigendum jarðarinnar.

Hóllinn er innan skógræktarsvæðis og algróinn elftingu. Hann er 2-3 m á hæð en erfitt að áætla hæðina sökum mikills trjágróðurs sem er einnig á hólnum.

Engin ummerki kvía sjást á yfirborði.

**Hættumat:** stórhætta, vegna trjáræktar

**Heimildir:** Ö-Heylækur I, 1

**RA-191:017** tóft beitarhús A 452073 N 359929

Tóft er 1,4 km norðaustan við bæ 001 og rúmum 100 m norðvestan við beitarhús RA-193:016. Hún er á sléttri hæð, ofan við skógræktarsvæðið á Heylæk. Gróinn bílslóði liggur austan við tóftina, upp hlíðina. Graslendi vex í kringum tóftina en víða í kring eru gróðurlaus svæði.



*Tóft RA-191:017, horft til norðausturs.*




*Uppmæling af tóft RA-191:017.*

Tóftin er 12x7,5 m að stærð snýr norðvestur-suðaustur. Hún hefur líklega skiptst upp í tvö hólf en innanmál hólfsins sem var norðvestast sést ekki lengur. Hólfið suðaustast er 5,5x2,5 m að stærð og snýr eins og tóftin, norðvestur-suðaustur. Tóftin er torfhlaðin og veggir hennar eru misháir. Að sunnanverðu eru þeir 0,7 m á hæð en vart sjáanlegir að norðan. Enginn veggur er að austan og þar hefur verið opið út, hugsanlega hefur verið viðarþil eða hlið þar til að loka henni. Hlutverk tóftarinnar er ekki þekkt en líklega er þetta stekkur eða lítið beitarhús.

**Hættumat:** engin hætta

**RA-191:018** *Akratunga* örnefni akur A 450996 N 358917

Í örnefnaskrá Heylækjar segir: «Neðan við fjárhúsin [005] tekur við Neðri Dagteigur, hann nær niður í smá slakka eða gil, sem heitir Akratungugil, neðan við það er Akratunga.» Akratunga er þar sem nú er vélageymsla inn í skógræktarsvæðinu, um 140 m suðaustan við bæ 001.

Á svæðinu eru nú húsbygging, malarvegur og skógrækt allt í kring um það.

Ekki sjást nein ummerki um akra á svæðinu. Ef einhver ummerki hafa verið á yfirborði eru þau öll horfin undir skógræktina og byggingar og ólíklegt er að einhverjar leifar leynist undir sverði.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Heylækur I, 1

**RA-191:019** *Stekkatún* örnefni stekkur A 450884 N 358532

Í örnefnalýsingu Heylækjar segir: «Austan við Elftingarlæk, neðan við þjóðveginn, kallast Stekkatún ...» Stekkatún er rúmum 540 m SSV við bæ 001 og um 150 m vestan við Meyjarhól 020.
Grasivaxið slétt tún sem enn er í ræktun.
Ekki sjást nein ummerki um stekk á svæðinu og hefur hann líklega verið sléttaður.
**Hættumat:** hætta, vegna jarðræktar
**Heimildir:** Ö-Heylækur I, 1

**RA-191:020** *Meyjarhóll* þjóðsaga A 451035 N 358474



*Meyjarhóll RA-191:020, horft til suðausturs.*

Í örnefnalýsingu Heylækjar segir: «Austan við Elftingarlæk, neðan við þjóðveginn, kallast Stekkatún, þar umhverfis og neðan er einstakur hóll, heitir Meyjarhóll og umhverfis hann er Meyjarhólsmýri. Sögn er um það að fjárstjóður hafi verið fólginn í þessum hól og menn hafi eitt sinn grafið í hólinn í leit að fjársjóðnum. Á þeim árum var sóknarkirkja í Teigi og sést hún vel frá hólnum. Þegar menn þessir höfðu grafið um hríð, varð einum þeirra litið heim að Tegi og sýndist honum þá og þeim öllum, sem að þessu verki unnu kirkjan í Teigi standa í björtu báli, köstuðu þeir þá frá sér grafartólum sínum og hlupu sem mest þeir máttu til bjargar kirkjunni, en þegar kom að Teigi var þar engin eldur og allt með ummerkjum, síðan hurfu menn þessir frá leitinni og enginn hefur grafið þar eftir fjársjóði þessum síðan.» Í bókinni Frásögur um fornaldarleifar segir: "Haugar, nefnast hér j Teigs-Sókn, effterfylgjande: a.) Svokalladur meyjarhóll, sem ligur nidur undann Hejlæk, j Teigs-Sókn vid Myrlendi þar, nú j Eingiunum:" NM segir að ekki megi rugla þessum Meyjarhól saman við þann sem er vestan við Torfastaðagróf. Einnig segir: "Hann er Ummals, her vid 100. Fadma; Enn á Hæd mille 15. til 20. Fadma. Þar Hærre er ad Sunnann, enn Nordann, sidann. Hann erj Hallanda, skamt frá Þverá; með Smápöllum uppj Topp - Audsiáanlega af mönnum upphaldenn. Nockrer giöra ser j lund, ad haugur edur Hóll þesse, hafe giordur verid, yfer Gunnar, sem bió á Hlidarenda, og ummgetur j Niálu."
Meyjarhóll er 560 m SSV við bæ 001 og tæpum 60 m sunnan við Fljótshlíðarveg 261.
Grasivaxið slétt tún sem enn er í ræktun.
Hóllinn er 40x35 m að stærð og snýr nokkurnveginn norður-suður. Hann er 5-7 m á hæð og stendur hátt upp úr landslaginu. Hann er smáþýfður, grasivaxinn og stór fuglaþúfa er efst á honum. Tvær dældir eru í hólnum austanverðum. Nyrðri dældin er 4x3 m á stærð og snýr austur-vestur en syðri dældin er 5x4 m og snýr norður-suður. Báðar eru þær 0,5 m á dýpt. Ekki er víst að dældirnar séu mannaverk og hugsanlega eru þær bara náttúrulegar.
**Hættumat:** hætta, vegna jarðræktar
**Heimildir:** Ö-Heylækur I, 1; FF I, 124-126

**RA-191:021** *Torfskák* örnefni rista A 451082 N 358728

Í örnefnalýsingu Heylækjar segir: «Austan við Elftingarlæk, ofan þjóðvegar var engjaland frá báðum bæjum á Heylæk. ... Vestast var svokölluð Torfskák, um hana er vegur að Valstrýtu." Torfskák er 330 m suðaustan við bæ 001 og 260 m norðan við Meyjarhól 020.
Afleggjarinn upp að Valstrýtu RA-193 liggur í gegnum Torfskákina, vestan hennar er skógræktarsvæðið við Heylæk og ræktuð tún til austurs.
Ekki sjást nein ummerki um ristu á svæðinu enda er landnotkun mikið breytt. Rista skilur yfirleitt ekki mikil ummerki og því er ekki að vænta neinna leifa undir sverði.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Heylækur I, 1

**RA-191:022_01** tóft sel A 452089 N 360278

Í örnefnalýsingu Heylækjar segir: «Fyrir framan Heylækjarskyggni er Skyggnirshraun. Fram af því er graslendi, Selteigingar. Þar eru gamlar Seltættur, í Selteiginum er gil, sem heitir Selgil ...» Selið er tæpa 1,7 km norðan við bæ 001 og rúmum 100 m suðvestan við beitarhús 026. Samtals eru fjórar fornleifar á svæði sem er 42x20 m og snýr nálega austur-vestur. Selið er um 100 m norðan við vírgirðingu sem afmarkar skógræktarsvæði. Ummerki um efnistöku eru allt umhverfis minjarnar.




*Uppmæling af seli RA-191:022.*

Þýfður mói. Gras og mosi er ríkjandi. Tóft 022_1 er vestust. Hún er 5,5x5 m að stærð, er einföld og snýr NNA-SSV. Tóftin er torfhlaðin, sigin og gróin. Veggirnir eru 0,3-0,6 m á hæð, ytra byrði þeirra er fremur óskýrt en innanmál mun skýrara þrátt fyrir þúfur þar inni. Rof er víða í veggjunum, einna mest í vesturvegg. Op er á miðjum suðurvegg.

**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Deild, Valstrýta og Heylækur, 1



*Tóft RA-191:022_1, horft til vesturs.*



*Tóft RA-191:022_2, horft til vesturs.*

**RA-191:022_02** tóft sel A 452100 N 360269

Tóft 022_2 er 8 m suðaustan við tóft 022_1. Hún er 9,5x4 m að stærð, skiptist í tvö hólf og snýr norðaustur-suðvestur. Veggirnir eru torfhlaðnir, 0,8-1,5 m á breidd og 0,3 m á hæð. Veggirnir eru þýfðir og lítil sem engin grænka í þeim. Suðvestara hólfið er stærra og greinilegra. Það er 2,7x2,3 m að innanmáli og snýr eins og tóftin. Op er til suðvesturs. Nyrðra hólfið er mun óskýrara og norðausturhlið nánast horfin. Hólfið er 3x1,5 m að innanmáli og sýr norðvestur-suðaustur. Op er til norðvesturs, út úr hólfinu.

**Hættumat:** engin hætta

**RA-191:022_3** tóft fjárskýli A 452112 N 360271

Tóft 022_3 er 2 m norðaustan við tóft 022_2. Hún er 9x8,5 m að stærð og nánast hringlaga. Veggirnir eru torfhlaðnir, 2 m á breidd og 0,3 m á hæð. Tóftin er opin til suðurs. Innra byrði veggja sést illa en að utan er skörp brún. Tóftin líkist einna helst eyju vegna ummerkja um efnistöku umhverfis hana. Víða er rof í veggjum.

**Hættumat:** engin hætta



*Tóft RA-191:022_3, horft til norðurs.*



*Tóft RA-191:022_4, horft til vesturs.*

**RA-191:022_04** tóft rétt A 452124 N 360264

Tóft 022_4 er 4 m austan við tóft 022_3. Hún er 9,5x5,5 m að stærð, einföld og snýr norður-suður. Tóftin er illa varðveitt sökum lækjaruppsretttu sem er inni í henni miðri. Veggir eru torfhlaðnir, 1-2 m á breidd og 0,2-0,5 m á hæð. Tóftin er opin til suðurs en ennfremur er þar mikið rof, lækurinn rennur þar í gegn.

**Hættumat:** hætta, vegna rofs

**RA-191:023** tóft beitarhús A 452207 N 360309

Beitarhúsatóft er tæpum 1,8 km norðaustan við bæ 001 og rúmum 110 m norðaustan við sel 022. Hún er 160 m norðan við bílslóða sem liggur í norður upp allt skógræktarlandið í landi Heylækjar.

Valllendisgróður vex allt umhverfis um tóftina og lækur rennur til suðurs um 40 m austan við hana. Grónar hæðir eru til norðurs en moSavaxnir melar austan við lækinn.

Tóftin er 13,5x6 m að stærð og snýr norður-suður. Hún er einföld og innanmál hennar er 9,5x3 m. Hún er torf- og grjóthlaðin og veggjahæð er allt að 1,7 m. Í innanverðum veggum sjást 6 umferðir af grjóti en í inngangi og í vesturvegg er grjótið þónokkuð hrunið og þar sjást aðeins 3-4 umför. Tóftin er niðurgrafin eftir langhliðum hennar. Inngangur er á suðvesturhlið.

**Hættumat:** engin hætta



*Uppmæling af tóft RA-191:023.*



*Tóft RA-191:023, horft til norðurs.*

**RA-191:024** heimild um traðir A 451007 N 359093

Samkæmt túnakorti frá 1919 lágu traðir frá bænum til norðausturs. Þær lágu upp túnið, vestan við bæjarhólinn og í átt að lækjargili, þar klofnuðu þær og annar hlutinn sameinaðist leið RA-641:019 sem lá sunnan við útihús 003-005. Traðirnar lágu áfram til suðausturs, niður túnið samkvæmt túnakortinu. Slétt, grasivaxin tún eru vestan við gilgið, mikil skógrækt er austan þess. Ekki var hægt að greina traðirnar á yfirborði.

**Hættumat:** hætta, vegna trjáræktar

**Heimildir:** Túnakort 1919

**RA-191:025_01** tóftir fjárskýli A 451586 N 359472




*Uppmæling af tóftum RA-191:025. Á myndinni sést vel hvernig skógrækt ógnar minjunum.*

"Vestan við gilið er valllendistangi, sem heitir Fjárhústangi og gilið vestan við hann kallast Litla-Þvergil. Þar voru fjárhús frá Heylæk áður fyrr," segir í örnefnalýsingu. Beitarhúsin eru einnig sýnd á herforingjaráðskorti frá 1908. Tóftir beitarhúsanna eru 760 m NNA við bæ 001 og um 250 m suðaustan við beitarhús 033. Þar eru fimm tóftir, allt beitarhús, fjárskýli og heystæði, á svæði sem er 55x25 m stórt og snýr austur-vestur. Umhverfis og inni í tóftunum er mikil trjárækt og þær innan skógræktarsvæðis. Vatnsuppsretta er fast norðan við tóftirnar, milli tófta 025_04 og 025_05. Vegslóði liggur sunnan, austan og norðan við tóftinar.

Læjargil er fast sunnan við minjarnar sem eru nánast á gilbrúnini. Tóftirnar eru á flatri tungu sem er vel gróin, bæði grasi og trjám. Inn á milli sést mosi og elfting.

Tóft 025_01 er norðvestust á svæðinu. Hún er einföld, nánast hringlaga og er líklega heystæði.



*Tóft RA-191:025_1, horft til norðurs.*



*Tóft RA-191:025_2, horft til SSV.*

Tóftin er um 5 m í þvermál, veggir eru 2 m á breidd og 0,3-0,6 m á hæð. Innra byrði veggja er óljóst. Tóftin er opin til austurs. Reyniviður og birki vex bæði á veggjum og inni í tóftinni.
**Hættumat:** stórhætta, vegna trjáræktar
**Heimildir:** Ö-Deild og Valstrýta, 1; Herforingjaráðskort 1:50000 48 SA

**RA-191:025_02** tóft fjárskýli A 451594 N 359456
Tóft 025_02 er 13 SSA við tóft 025_01. Tóftin er 6,5x5,3 m að stærð, einföld og snýr norðaustur-suðvestur. Tóftin er á gilbrún, um 3 m eru að snarbrattri brekku frá tóftinni. Veggir eru torfhlaðnir, 0,2-0,4 m á hæð og 2 m á hæð. Mögulega er op til suðurs, að gilinu, en það er óljóst. Veggir eru greinilegastir til NNA innan í tóftinni. Birki vex fast við suðurvegg tóftarinnar og mun raska henni eftir nokkur ár.
**Hættumat:** stórhætta, vegna trjáræktar

**RA-191:025_03** tóft fjárskýli A 451599 N 359462
Tóft 025_03 er um 2 m norðan við tóft 025_02. Hún er um 6,5 m að stærð og nánast hringlaga. Op er á miðri austurhlið. Veggir eru torfhlaðnir og innra byrði sést sem 0,2 m há brún. Öll tóftin er gróin mosa og elftingu, líkt og aðrar fornleifar á þessum stað. Veggirnir eru 0,3-0,5 m á hæð og birki vex í tóftinni.
**Hættumat:** stórhætta, vegna trjáræktar



*Tóft RA-191:025_3, horft til norðvesturs.*



*Tóft RA-191:025_4, horft til NNA.*

**RA-191:025_04** tóft heystæði A 451614 N 359460
Tóft 025_04 er 7 m austan við tóftir 025_02 og 025_03. Hún er 8,5x7,5 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hún er sigin, óljós og ekkert op sést þar inn. Umfang þessarar tóftar er mun minna en annarra fornleifa á staðnum. Veggirnir eru 1-1,5 m á breidd og 0,3 m á hæð. Þeir eru mosavaxnir og grónir elftingu. Ekkert op sést á yfirborði og birkitré eru fast til SSV.
**Hættumat:** stórhætta, vegna trjáræktar

**RA-191:025_05** tóft beitarhús A 451630 N 359454
Tóft 025_05 er 7 m austan við tóft 025_04 og er af beitarhúsum með niðurgrafinni hlöðu. Þetta er yngsta og umfangsmesta tóftin á svæðinu. Tóftin er 16,6x12,6 m að stærð og skiptist í þrjú hólf. Í suðurhluta tóftarinnar eru tvö hólf. Þau eru bæði um 4,5x1,5 m að innanmáli og snúa norður-suður. Op er á þeim til suðurs. Veggirnir eru úr torfi og grjóti, þýfðir og það glittir í stöku stein. Þeir eru 0,6-1 m á hæð. Mikil efling og birkitré eru innan þessara hólfa. Niðurgrafin hlaða er að baki beitarhúsunum og snýr austur-vestur. Ekkert op sést þar inn veggirnir eru 0,3-1 m



*Tóft RA-191:025_5, horft til norðurs.*

á hæð. Hlaðan er um 0,2 m lægri en hin hólfin.
**Hættumat:** hætta, vegna trjáræktar

**RA-191:026** garðlag túngarður A 450949 N 359128



*Túngarður RA-191:026, horft til norðurs.*

Túngarður sést liggja niður brekku í átt að læknum Skelli um 80 m norðan við bæ 001 og tæpum 30 m NNV við útihús 006. Túngarðurinn er ekki sýndur á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 né túnakorti frá 1919. Skellir er á merkjum Heylækjar og Teigs RA-194.
Ofan við lækjargilið er slétt tún. Gilið er um 10 m djúpt, bratt og hliðar þess grónar.
Túngarðurinn er 9x21,7 m að stærð og snýr norður-suður. Hann er 0,4 m á hæð, algróinn og líklega torfhlaðnir. Aðrir hlutar túngarðsins eru horfnir í tún.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**RA-191:027_01** heimild um kálgarður A 451011 N 358998
Samkvæmt bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og túnakorti frá 1919 var útihús 027_02 með sambyggðum kálgarði 027_01 um 60 m ASA við bæ 001 og 15 m sunnan við útihús 002. Útihúsið er austan við Heylæk, í brekku sem hallar til suðurs.
Mikil skógrækt er á þessu svæði, þúsundum aspa er plantað sunnan við bæinn. Gil Heylækjar er bratt og líklega voru mannvirkin uppi á brúninni.
Öll ummerki kálgarðsins eru horfin af yfirborði.
**Hættumat:** stórhætta, vegna trjáræktar
**Heimildir:** Bæjarteikning danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1919

**RA-191:027_02** heimild um útihús A 451002 N 359007
Útihúsið var í norðvesturhorni kálgarðs 027_01. Öll ummerki útihússin eru horfin af yfirborði enda mikil trjárækt á þessu svæði.

**RA-191:028_01** tóft beitarhús A 451123 N 359284
Samkvæmt herforingjaráðskorti frá 1908 voru beitarhús um 280 m norðaustan við bæ 001, utan heimatúns. Minjarnar sem samanstanda af tóft 028_01, kálgarði 028_03 og túngarði 028_02 eru á




*Uppmælingar af minjum RA-191:028.*

þessu svæði, rúmum 30 m austan við nýtt íbúðarhús/sumarbústað á Heylæk 2, við vesturjaðar skógræktarsvæðisins. Heylækur rennur niður til SSV skammt austan austar. Minjarnar eru á svæði sem er 35x20 m stórt og snýr norðaustur-suðvestur.
Svæðið er grasivaxið og hallar niður að Heylæk sem rennur til suðurs.
Lýsingin hefst á tóft 028_01. Tóftin er sambyggð túngarði 028_02 að suðvestan. Hún er 7x4 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Tóftin er torfhlaðin og ekki sést í neitt grjót í henni. Veggjahæð er 0,7 m. Tóftin er

tvískipt og er norðvestara hólfið 1,5x1,2 m að innanmáli. Það snýr norðaustur-suðvestur og op er á suðvesturhlið. Suðaustara hólfið er 3x2 að innanmáli og snýr einnig norðaustur-suðvestur. Engin veggur er á suðvesturhlið og þar hefur líklega verið viðarþil. Hrun er innan í hólfinu. Bárujárnsbrak er inni í suðaustara hólfi.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Herforingjaráðskort 1:50000 48 SA



*Tóft RA-191:028_1, horft til suðausturs.*

**RA-191:028_02** garðlag túngarður
A 451142 N 359266
Túngarður 028_02 er L-laga og liggur norðvestur-suðaustur, á 37 m löngum kafla, afmarkar norðausturhlið tóftar 028_01 og liggur áfram niður til suðausturs, þar sem það afmarkar einnig hluta af kálgarði 028_03. Garðlagið er fremur veglegt; 1,5-2 m á breidd og 0,7-0,8 m á hæð. Það er torfhlaðið og ekki sést neitt grjót í því. Það liggur að Heylæk og heldur svo áfram að skógræktarreit en hverfur alveg við girðinguna sem girðir skógræktina af.
**Hættumat:** hætta, vegna trjáræktar



*Garðlag RA-191:028_2, horft til suðausturs.*



*Gerði RA-191:028_3, horft til norðausturs.*

**RA-191:028_03** gerði kálgarður A 451128 N 359275
Kálgarður 028_03 er suðaustan við tóft 028_01. Hann er 11x8,5 m að stærð og snýr suðvestur-norðaustur. Innanmál hans er 9x7 m. Kálgarðurinn er hlaðinn upp við , norðausturhlið túngarðs 028_02. Garðlagið er 0,3-0,4 m á hæð og torfhlaðið. Tré vaxa innan kálgarðarins og í norðvesturvegg og er hann því í stórhættu vegna trjáræktar.
**Hættumat:** stórhætta, vegna trjáræktar

**RA-191:029** heimild um beitarhús A 451044 N 359216
Samkvæmt bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og herforingjaráðskorti frá 1908 var útihús 170 m norðaustan við bæ 001 og 140 m suðvestan við útihús 028. Útihúsið var vestan við lækinn (Heylæk).
Útihúsið hefur staðið þar sem nú er malarvegur og grasi gróið svæði í kring.
Ekki sjást nein ummerki um útihús eða beitarhús á þessu svæði.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Bæjarteikning danskra landmælingamanna 1906; Herforingjaráðskort 1:50000 48 SA

**RA-191:030** þúst heystæði A 451552 N 359836
Þúst er tæpum 1 km NNA við bæ 001 og 130 m sunnan við tóft 031. Hún er neðarlega í brekku sem



*Þúst RA-191:030, horft til austurs.*

hallar niður hlíðina til suðurs, á deiglendu svæði.
Þústin í mýri sem er uppþornuð að norðan. Mólendi allt um kring og svæðið nýtt til beitar.
Þústin er 4,5x3,5 m að stærð, snýr norður-suður og er 0,5-0,6 m á hæð. Mörk hennar eru óljós en greina má þúfu í útjaðri sem gætu sýnt vegg. Þústin er nokkuð grasivaxin og engin mannvirki sjást ofan á henni.
**Hættumat:** engin hætta

**RA-191:031** tóft fjárskýli A 451607 N 359949
Tóft er um 130 m NNA við þúst 030 og rúmum 1,1 km NNA við bæ 001. Tóftin er á hól í brekku við norðurenda mýrar og gott útsýni til allra átta.
Allt umhverfis tóftina er stórþýfður mói. Mögulega má greina ummerki um lækjardrag við norðurenda tóftarinnar.



*Tóft RA-191:031, horft til norðausturs.*




*Uppmæling af tóft RA-191:031.*

Tóftin er hringlaga, 6x5m að stærð og veggir 0,5m á hæð. Tóftin er hæðst í norðurenda og lækkar svo til suðurs. Mögulega gæti það bent til þess að op hafi verið til suðurs. Ummerki um efnistöku er í kringum tóftina. Miðað við stærð, lögun og staðsetningu má áætla að þarna hafi staðið fjárborg.
**Hættumat:** engin hætta

**RA-191:032** tóft rétt A 451668 N 360053
Tæpum 100 m norðan við fjárborg 031 og rúmum 1,2 km NNA við bæ 001 er stór rétt. Hún er skammt austan við landamerki Teigs RA-194, í brekku sem hallar til suðurs. Réttin er hlaðin suðaustan við náttúrulegan hól sem rofið hefur ofan af og að öllum líkindum sjást tvö byggingarstig réttarinnar. Hóllinn er einnig rofinn til vesturs en ekkert bendir til mannvistar þar.
Gróið svæði sem hallar til suðurs. Réttin er innan afgirts beitarhólfs sem aðallega er nýtt undir hross. Deiglendi er skammt sunnar, við fjárskýli 031.
Tóftin er 39x36 m stór, snýr norðvestur-suðaustur og skiptist í tvö hólf. Réttin er torfhlaðin, veggirnir eru 3-5 m á breidd og 0,5- 2 m á hæð. Áfok hefur ýkt umfang veggja og víða er rof. Ekkert op sést á yfirborði inn í tóftina en líklega var það til norðausturs, þar er rofið svæði sem tekið að gróa upp aftur. Í norðvesturhorni réttarinnar er mögulega yngri tóft/hólf. Það er 16,6x16,6 m að stærð og opið til austurs, inn í eldri réttina. Veggir þessa hólfs eru 1,2 m hærri en í réttinni og rofið svæði er suðaustan hennar, innan réttarinnar. Efnistaka sést sunnan við réttina, brún hennar er fremur skýr og er um 0,5 m á hæð.



*Tóft RA-191:032, horft til norðurs.*




*Rétt RA-191:032.*

Um 9 m suðvestur frá réttinni, neðan við hólinn, sést niðurgröftur inn í hólinn. Hann er 5x2 m og snýr suðvestur-norðaustur. Ekki er vitað hver tilgangur hans var.
**Hættumat:** engin hætta

**RA-191:033** heimild um beitarhús A 451402 N 359638
Samkvæmt herforingjaráðskorti frá 1908 voru beitarhús um 700 m NNV við bæ 001 og tæpum 250 m SSV við þúst 030. Þau voru ofarlega í brekku sem hallar til suðurs, djúpt lækjargil er um 40 m norðar. Beitarhúsunum var líklega rutt út við túnasléttun á svæðinu.
Beitarhúsin voru nánast á merkjum milli Heylækjar I og II. Skógrækt er austan við merkin en gróið svæði, að hluta ræktuð tún, til vesturs.
Engin ummerki um beitahúsin sjást á yfirborði.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Herforingjaráðskort 1:50000 48 SA

**RA-191:034** heimild um útihús A 450985 N 359158
Samkvæmt bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 var útihús um 110 m norðan við bæ 001 og tæpum 40 m suðvestan við útihús 012. Tóftin var nyrst innan heimatúnsins, á eystri gilbrún lækjarins Skellis sem er á merkjum við Teig RA-194.
Útihúsið var þar sem nú eru mörk ræktaðs túns og gróins svæðis.
Engin ummerki útihússins sjást á yfirborði.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Bæjarteikning danskra landmælingamanna 1906

**RA-191:035** tóft beitarhús A 451679 N 360162



*Tóft RA-191:035, horft til suðausturs.*




*Uppmæling af tóft RA-191:035.*

Sigin, fornleg tóft er um 1,3 km norðan við bæ 001 og um 90 m norðan við rétt 032. Hún er fast vestan við hól, ofarlega í brekku sem hallar til suðurs. Um 10-15 m há brekka er niður að tóftinni til austurs og hún er í lágum hvammi. Tóftin er illgreinileg en sést vel þegar að henni er komið.
Gróið svæði. Tóftin er innan afgirts beitarhólfs sem aðallega er nýtt undir hrossabeit.
Tóftin er 11,5x5 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hún er einföld og grafin inn í hólinn til suðausturs. Veggirnir eru 2-2,5 m á breidd, 0,3 m á hæð og mosavaxnir. Op er til suðvesturs.
**Hættumat:** engin hætta

**RA-191:036** heimild um útihús A 450949 N 359096
Samkvæmt túnakorti frá 1919 var útihús um 14 m suðvestan við útihús 006 og 50 m NNV við bæ 001. Það er ekki sýnt á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og líklega gert á árunum á milli þess sem kortin eru gerð.
Slétt, ræktað tún. Malarvegur að sumarhúsi liggur fast SSA við áætlaða staðsetningu útihússins.
Engin ummerki um útihúsið sjást á yfirborði.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1919

**RA-191:037** heimild um stekk A 450869 N 358892
Samkvæmt herforingjaráðskorti 48 frá árinu 1908 var mannvirki rúmum 250 m sunnan við bæ 001, fast austan við lækinn Skelli og neðan við heimatúnið nærri Þverá. Stekkir í Fljótshlíð voru ofar á þessum slóðum, neðan við heimatúnið, og líklegt að þetta hafi verið einn slíkur.
Slétt tún í halla til suðurs. Austurhluti svæðisins er innan skógræktar og hundruðum aspa plantað þar.
Engin ummerki stekkjarins sjást á yfirborði.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Herforingjaráðskort 1:50000 48 SA

**RA-191:038** heimild um útihús A 451141 N 359041
Samkvæmt túnakorti frá 1919 var úthús um 170 m norðaustan við bæ 001 og tæpum 20 m austan við útihús 003. Mikil trjárækt er þar sem útihúsið var og hundruðum af öspum verið plantað þar.
Svæðið er þakið trjám, aðallega öspum.
Engin ummerki um útihúsið sjást á yfirborði.
**Hættumat:** stórhætta, vegna trjáræktar
**Heimildir:** Túnakort 1919

**RA-191:039** heimild um beitarhús A 451245 N 359297
Samkvæmt herforingjaráðskorti frá 1919 voru beitarhús um 370 m norðaustan við bæ 001 og 120 m austan við tóftir 028. Beitarhúsin voru austan við Heylæk í brekku sem hallar til suðurs.
Mikil trjárækt er þar sem beitarhúsin voru og hundruðum af öspum verið plantað þar.
Engin ummerki um beitarhúsin sjást á yfirborði.
**Hættumat:** stórhætta, vegna trjáræktar
**Heimildir:** Herforingjaráðskort 1:50000 48 SA

**RA-191:040** garðlag vörslugarður
A 451158 N 359334
Garðlag er 300 m norðaustan við bæ 001 og 5-15 m norðan við minjasvæði 028. Rúmum 30 m austan við garðinn er nýtt íbúðarhús/sumarbústaður á Heylæk 2, við vesturjaðar skógræktarsvæðisins. Heylækur rennur niður til SSV skammt austan austar.
Svæðið er grasivaxið og hallar niður að Heylæk sem


*Vörslugarður RA-191:040, horft til suðurs.*

rennur til suðurs.
Sé tekið mið af legu er um vörslugarð að ræða. Hann liggur nokkurnveginn norður-suður á 77 m löngum kafla í nokkrum bútum. Hann er torfhlaðinn, 1-3 m á breidd og 0,2-0,3 m á hæð. Hann er rofinn á köflum og eftir því sem sunnar dregur verður hann óljósari. Þar er einnig mikið rof í garðinum. Hann hverfur vestan við lækinn en sést aftur á smá kafla austan við hann og vestan við trjáræktarreit.
**Hættumat:** hætta, vegna rofs

## RA-192 Deild

7,5 hdr., JJ, 32. Hjáleiga Heylækjar, byggð fyrir minni elstu manna. Deild ræður yfir landi hálfrar eyðijarðarinnar Gömrbu. SB IV, 405

1919: Tún 6,8 ha, 5 ha sléttað, garðar 2004 m$^2$




*Túnakort Deildar RA-192 frá 1919 upprétt ofan á loftmynd. Skráðar minjar innan þess sjást sem hvítir punktar, svartar línur og grænir flákar. © Loftmyndir ehf.*

“Tún eru dálítið brött, en góð og samfelld. Hey þorna þar fljótt því landið ligggur vel við sól. Engjar voru niður af túninu en hafa nú verið þurrkaðar og ræktaðar að mestu. ... Hagar eru í heiðinni, upp frá bænum og eru sambeitarland við aðrar Heylækjarjarðir ...” SB IV, 405

**RA-192:001_01** *Deild* bæjarhóll bústaður A 451785 N 358755

Bæjarstæði Deildar er merkt inn á bæjarteikningu danskra landmælingarmanna frá 1906 og túnakort frá 1919 á svipuðum stað þar sem núverandi íbúðarhús stendur (2020). Minjastaðurinn samanstendur af sex fornleifum; bæjarhól 001_01, bæjarhúsum 001_02, kálgarði 001_03, bakhúsi 001_04, útihúsi 001_05 og útihúsi í kálgarði 001_06, og eru á svæði sem er 52x52 m að stærð. Á gömlu málverki af bæjarstæðinu sést uppröðum húsa og kálgarðs vel og á yngra málverki sést þegar búið er að rífa austasta útihúsið og byggja núverandi íbúðarhús í staðinn. Samkvæmt Sveini Þorgrímssyni, heimildarmanni, var íbúðarhúsið byggt ofan á eldri hleðslur og sjást þær enn í kjallara hússins. Þetta eru þá líklega leifar af húsinu sem stóð austast á bæjarhólnum. Heimildamaður nefndi einnig að austan við núverandi íbúðarhús hafi verið byggð fjós og hlaða um 1950 og hafi þau verið byggð á leifum eldra fjóss. Þessi hús (fjós og hlaða) voru rifin niður um árið 2000.



*Bæjarhóll RA-192:001_1, horft til suðausturs.*

Bæjarhóllinn er grasivaxinn og mikið af trjám er allt í kringum hann.

Lýsingin hefst á bæjarhól Deildar 001_01. Norðurhluti bæjarhólsins sést ágætlega og hluti af vesturhluta. Hann er 30x16 m að stærð og snýr vestur-austur. Steyptur kantur sést á miðjum hólnum sem er um 0,5 m á hæð. Mögulega er sá kantur tilkominn eftir að húsunum var ýtt úr og nýja íbúðarhúsið byggt. Öllum rústum á bæjarhólnum var ýtt niður árið 2000. Líklega hefur þó ekki miklu verið raskað í hólnum sjálfum og má því ætla að öll eldri bæjarhús séu enn óhreyfð undir sverði. Minjum á bæjarhólnum stafar stórhætta af þeirri trjárækt sem á sér stað í kringum hann en jaðar skógræktarinnar er á austurhluta bæjarhólsins og aðeins 5-10 m frá norðurjaðri hans.




*Skipan bæjarhúsanna sést vel á túnakorti frá 1919.*



*Málverk af bænum Deild sem er í eigu heimildamanns. Skipan bæjarhúsanna er álíka og á túnakorti frá 1919.*

**Hættumat:** stórhætta, vegna trjáræktar
**Heimildir:** Túnakort 1919; Bæjarteikning danskra landmælingamanna 1906

**RA-192:001_02** heimild um bústað A 451803 N 358753

Á túnakorti frá 1919 ásamt málverki frá óþekktum tíma (líklega þó nokkuð yngri) sjást yngstu bæjarhúsin sem stóðu á bæjarhólnum. Í bæjarröðinni stóðu fjórar samtengdar burstir og vísuðu stafnar þeirra nokkurnvegin í suður. Samtengt bakhús var aftan við aðra burst frá vestri og ótengt bakhús var

norðvestast á hólnum. Árið 2000 var öllum útihúsum við bæinn rutt út og við þá framkvæmd varð rask á svæðinu. Samkvæmt heimildarmanni var torfhlaðið, stakstætt fjós austast á bæjarhólnum, austan við núverandi íbúðarhús. Á leifum þessa fjóss voru byggð nýrri fjós og hlaða árið 1950 og rifin 2000. Smávegis stallur er á þessum stað og samkvæmt heimildarmanni er steypt fjósplata um 30 cm undir sverði á svæðinu. Ólíklegt er að leyfar eldra fjóssins séu heillegar undir sverði en þó svo að það sé ekki útilokað.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**RA-192:001_03** gerði kálgarður A 451763 N 358729



*Kálgarður RA-191:001_3, horft til NNA.*

Kálgarður 001_03 er sunnan fast sunnan við bæ 001_02. Hann liggur niður brekkuna og afmarkar svæði sem er 40x23 m að stærð. Garðlög sjást til allra átta nema norðurs. Innan kálgarðsins vex mjög mikið og hátt gras sem gerir erfiðara fyrir að áætla legu hans nákvæmlega. Veggir kálgarðsins eru 2-3 m á breidd og 0,4-0,6 m á hæð. Þeir virðist að mestu torfhlaðnir en þó sést móta fyrir smávegis grjóti í norðvesturhorni, upp við núverandi heimreið.
**Hættumat:** hætta, vegna trjáræktar

**RA-192:001_04** dæld fjárhús A 451784 N 358777
Fjárhús 001_04 er merkt inn á túnakort frá 1919 og var ekki samtengt bæjarhúsunum. Það sést á gömlu málverki af bænum og var fast norðan við vestasta húsið í bæjarröðinni. Húsinu var ýtt út árið 2000 ásamt öðrum húsum á svæðinu. Um 10 m norðan við suðurbrún bæjarhólsins er dæld og hluti af steyptum grunni sem er líklega af þessum fjárhúsum. Dældin er 5x5 m að innanmáli og á suðurhlið hennar er steyptur veggur, 0,1 m á hæð.
**Hættumat:** hætta, vegna trjáræktar

**RA-192:001_05** heimild útihús A 451775 N 358780
Útihús 001_05 sést á túnakorti frá 1919 og var fast vestan við fjárhús 001_01, traðir 011_02 lágu á milli þeirra. Útihúsinu hefur verið ýtt út og engin ummerki þess eru varðveitt á yfirborði.
**Hættumat:** stórhætta, vegna trjáræktar

**RA192:001_06** heimild um útihús A 451768 N 358747
Útihús 001_06 sést á túnakorti frá 1919 og samfast kálgarði 001_03, í norðvesturhorni hans. Ekki sjást nein ummerki um útihúsið á svæðinu og hefur það líklega verið sléttað ásamt öðrum minjum á svæðinu. Leifar þess gætu þó leynst undir sverði.
**Hættumat:** hætta, vegna trjáræktar

**RA-192:002** heimild um útihús A 451815 N 358800
Á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 er útihús sýnt um 50 n NNA við bæ 001 og 20 m norðvestan við útihús 003.
Skógrækt er innan heimatúnsins og mikið rask af þeim sökum.
Engin ummerki um útihúsið sjást á yfirborði.
**Hættumat:** stórhætta, vegna trjáræktar
**Heimildir:** Bæjarteikning danskra landmælingamanna 1906

**RA-192:003** tóft útihús A 451839 N 358788

Samkvæmt bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 var útihús um 50 m norðaustan við bæ 001 og 6 m austan við útihús 017. Tóftin er ofan við bæ 001 og búið að planta trjám, að mestu víði og birki, í langhliðar hennar.

Slétt, gróið tún er á þessu svæði.



*Tóft RA-192:003, horft til austurs.*




*Uppmæling af tóft RA-192:003.*

Tóftin er 10x5 m að stærð og snýr NNA-SSV. Hún er full af rusli/jarðvegi og opin til suðvesturs. Veggirnir eru illa farnir vegna trjáræktar, 0,3-1,2 m á hæð að utan, hæstir til vesturs. Að innan eru þeir 0,2 m og það glittir i stöku steina þar. Tóftin skiptist í tvö hólf en ekki var hægt að sjá innanmál þeirra sökum ruslsins.

**Hættumat:** stórhætta, vegna trjáræktar

**Heimildir:** Bæjarteikning danskra landmælingamanna 1906

**RA-192:004** tóft útihús A 451858 N 358778

Útihús er sýnt á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og túnakorti frá 1919 um 70 m norðaustan við bæ 001 og 16 m austan við útihús 003. Enn sést hlaðinn veggur sem tilheyrði þessari tóft. Sveinn Þorgrímsson, heimildamaður, man eftir tóftinni úr barnæsku, þá var hún fallin.

Slétt, ræktað tún. Brekka er til suðurs niðurs frá tóftinni. Mikil trjárækt er innan heimatúnsins og deiglendi til norðurs.



*Tóft RA-192:004, horft til norðausturs.*




*Uppmæling af útihúsi RA-192:004.*

Tóftin er óljós vegna mikillar sinu en líklega er þúst eða hóll þar sem vesturhlutinn var. Hóllinn er 0,5 m á hæð. Austurhluti tóftarinnar er enn varðveittur, er 6,5x3,5 m að stærð og snýr norður-suður. Op var líklega til suðurs, niður brekkuna. Veggirnir eru 0,2-0,3 m á hæð og 1-2 m á breidd.

**Hættumat:** stórhætta, vegna trjáræktar

**Heimildir:** Bæjarteikning danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1919

**RA-192:005** heimild um útihús A 451867 N 358776

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var útihús um 8 m ASA við útihús 004 og um 70 m norðaustan við bæ 001. Á túnakortinu er útihúsið merkt sem tóft og ekki í notkun. Útihúsið var rétt utan túnsins eins og þar var afmarkað árið 1906. Birkitré eru yfir áætlaðri staðsetningu tóftarinnar.
Gróið tún í halla til suðurs. Lækjargil er fast austar, tóftin var á brún þess. Mikil skógrækt er á þessu svæði.
Engin ummerki tóftarinnar sjást á yfirborði.
**Hættumat:** stórhætta, vegna trjáræktar
**Heimildir:** Túnakort 1919

**RA-192:006** heimild um útihús A 451812 N 358687

Samkvæmt bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og túnakorti frá 1919 var útihús tæpum 70 m SSA við bæ 001, neðarlega innan heimatúnsins. Víða eru sléttir flákar á þessu svæði sem ekki er nýtt lengur. Mikill sinuvöxtur er í túninu og gróður hamlaði skrásetjara sýn við vettvangsvinnu.
Slétt tún í halla til suðurs. Náttúruleg brún er í túninu skammt sunnar, túnið endaði þar árið 1906.
Engin ummerki útihússins sjást á yfirborði.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Bæjarteikning danskra landmælingamanna 1906

**RA-192:007** heimild um útihús A 451784 N 358851

Útihús er merkt á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 um 80 m norðan við bæ 001, nyrst innan heimatúnsins. Það er sýnt sem tóft á túnakorti frá 1919, við norðurhlið túnsins.
Norðurhluti heimatúnsins er innan skógræktarsvæðis. Þar hefur þúsundum trjáa verið plantað, birki, víði og barrtré að mestu.
Engin ummerki útihússins sjást á yfirborð.
**Hættumat:** stórhætta, vegna trjáræktar
**Heimildir:** Bæjarteikning danskra landmælingamanna 1906

**RA-192:008_01** heimild túngarður A 451806 N 358819

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var gamall túngarður rúmum 50 m norðan við bæ 001. Hann er ekki sýndur á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 en afmarkaði líklega gerði norðan við bæ 001, innan heimatúnsins. Hann er L-laga og afmarkaði svæði austan við traðir 011. Forn túngarður lá einnig frá bæ 001 til VNV og það virðist aðeins hafa verið smábútur til staðar árið 1919, 6 m langur. Svæðið hefur allt verið lagt undir skógrækt.
Ekki sjást nein ummerki um túngarðinn enda var hann ekki í notkun þegar túnakortið var teiknað árið 1919 og því ekki haldið við. Hann hefur líklega verið nokkuð sokkinn gróður þegar skógrækt hófst á svæðinu og þær leifar sem kynnu að leynast undir sverði eru í stórhættu vegna trjáræktarinnar.
**Hættumat:** stórhætta, vegna trjáræktar
**Heimildir:** Bæjarteikning danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1919

**RA-192:008_02** garðlag túngarður A 451870 N 358704

Túngarður sést liggja til VSV frá læk sem rann austan við bæ 001, suðaustast í heimatúninu. Árið 1906 náði túnið ekki að læknum en eftir stækkun til austurs náði heimatúnið hingað árið 1919. Túngarðurinn ber öll merki þess að vera eldri en frá 1919 en er ekki sýndur á bæjarteikningu frá 1906. Hann er 8 m langur, 1,5 m á breidd og algróinn. Túngarðurinn er 0,3 m á hæð og fjarar út til beggja átta. Til vesturs frá túngarðinum er skýr brún í brekkunni og er án efa framhald þessa túngarðs.
**Hættumat:** stórhætta, vegna trjáræktar



*Túngarður RA-192:008_02, horft til austurs.*



*Brekkubrúnin til vesturs frá túngarðinum er að öllum líkindum manngerð. Horft er til vesturs.*

**RA-192:009_01** garðlag túngarður A 451945 N 358845

Túngarður er merktur inn á túnakort frá 1919 norðan við bæ 001 og að hluta á merkjum við Valstrýtu RA-193, vestan við heimatúnið Hann samtengdur túngarði RA-193:002_04 í Valstrýtu og liggur ofan við tún bæjanna. Þetta er hluti af garðlagi sem var hlaðið árið 1906 eftir endilangri Fljótshlíðinni og stækkaði túnin oftar en ekki til norðrs. Minjastaðurinn samanstendur af túngarði 009_1 og þremur sambyggðum gerðum. Minjasvæðið er 315x15 m að stærð og snýr vestur-austur. Túngarðurinn er ekki rétt staðsettur á túnakortinu, hann er norðar.



*Túngarður RA-192:009_01, horft til austurs.*

Túngarðurinn er að mestu norðan við skógræktarreitinn en er þó að hluta til í jaðri hans. Ofan við skógræktina er smáþýfður grasmói og lítil brekka upp til norðurs.

Lýsingin hefst á túngarði 009_01 og liggur ofan við endilangt heimatúnið, þvert í gegnum land Deildar. Túngarðurinn sést í nokkrum bútum á kafla sem er 315 m langur. Hann liggur nokkurnvegin vestur-austur frá Valstrýtu en beygir þó til norðausturs, austarlega á svæðinu. Þaðan heldur hann áfram til austurs og endar við landamerki Neðri-Grjótár RA-189. Túngarðurinn er heillegastur við merki Valstrýtu en þar liggur hann á 67 m löngum kafla. Aðrir bútar eru 5-15 m langir og dreifast víðsvegar um svæðið. Túngarðurinn er 0,2-0,5 m á hæð og 1-2 m á breidd. Hann er líklega torfhlaðinn, þó svo að eitthvað grjót gæti leynst í honum. Hann er þó alveg gróinn svo engin ummerki sjást um grjót í honum. Sumstaðar sést hann aðeins sem kantur.




*Uppmælingar af minjum RA-192:009.*

**Hættumat:** stórhætta, vegna trjáræktar

**Heimildir:** Túnakort 1919; Bæjarteikning danskra

landmælingamanna 1906

**RA-192:009_02** gerði rétt A 451942 N 358853

Rétt 009_02 er nánast við austurenda túngarðs 009_01, 170 m norðaustan við bæ 001. Réttin er 17x10 m að stærð og afmarkar svæði sem er 14x6 m að innanmáli. Hún er torf- og grjóthlaðin en austurhliðin er grafin inn í brekku. Hæð veggja er 0,4-1,2 m og er norðurveggurinn hæstur en vesturveggurinn lægstur. Grjóthleðslur eru nokkuð grónar og mikið hrundar þannig að grjóthrun er innan réttarinnar. Á mörgum stöðum má sjá glitta í 1-3 umför af grjóti.

**Hættumat:** hætta, vegna jarðræktar



*Rétt RA-192:009_2, horft til ASA.*



*Kálgarður RA-192:009_3, horft til SSA.*

**RA-192:009_03** gerði kálgarður A 451898 N 358866

Kálgarður 009_03 er rúmum 30 m vestan við rétt 009_02. Hann er samfastur túngarði 009_01 sem afmarkar norðurhlið kálgarðsins. Hann er 7x5,5 m að stærð og innanmál er 5x4 m. Hann er torfhlaðinn og veggir hlaupnir í þúfur, aðeins 0,2 m á hæð.

**Hættumat:** hætta, vegna jarðræktar

**RA-192:009_04** gerði kálgarður A 451797 N 358677

Kálgarður 009_04 er 2 m sunnan við rétt 009_2. Hann er 8x7 m að stærð og snýr norður-suður. Enginn sýnilegur veggur er á suðurhlið. Austurveggurinn er grafinn inn í brekkuna og sést því aðeins sem kantur en vestur- og norðurveggir eru óljósir. Hæð veggja er 0,1-0,2 m á hæð. Það er mikill gróður í kálgarðinum og veggir horfnir í gróður að hluta.

**Hættumat:** hætta, vegna jarðræktar



*Kálgarður RA-192:009_4, horft til SSV.*



*Beitarhús RA-192:010, horft til austurs.*

**RA-192:010** tóft beitarhús A 451477 N 358221
Sunnan við Fljótshlíðarveg 261 eru beitarhús. Þau eru um 680 m sunnan við bæ 001 og ekki mjög forn. Höfð með þar sem líklegt er að eldri hús hafi verið á sama stað.
Afgirt, grasigróið beitarhólf sem nýtt er fyrir hross. Tóftin er neðst á brún í aflíðandi brekku til suðurs. Fjáhúsin eru steypt, 14,5x7,5 m stór og snúa austur-vestur. Veggirnir erU þunnir, um 0,1 m á breidd og grunnurinn sést ekki. Beitarhúsin eru grasivaxin að innan. Steyptur gaðri sést inin í tóftinni, hann er 0,2 m á hæð. Útveggir eru 0,3 m á hæð.
**Hættumat:** engin hætta

**RA-192:011_01** heimild um traðir A 451793 N 358682
Engar traðir eða leið eru sýndar að bænum á bæjarteikningu danskra landmælingarmanna frá 1906. Samkvæmt túnakorti frá 1919 lágu traðir 011_01 upp að bæ 001 úr suðri. Traðirnar hlykkjuðust upp bratta brekku og komu að kálgarði 001_03 að austan. Þær lágu meðfram honum og að bænum. Eldri traðir 011_02 lágu til norðurs frá bænum og sýndar sem slíkar á túnakorti. Traðir 011_03 lágu síðan til norðausturs og líklega gerðar á svipuðum tíma og þessar traðir sem hér eru skráðar.
Suðurhluti heimatúnsins er brattur og vel sést hvernig traðirnar lágu í hlykkjum þar upp, nánast á sama stað og núverandi vegur. Þarna eru nú gróin tún og skógrækt.
Engin ummerki traðanna sjást á yfirborði.
**Hættumat:** hætta, vegna trjáræktar
**Heimildir:** Túnakort 1919

**RA-192:011_02** heimild um traðir A 451791 N 358801
Samkvæmt túnakorti frá 1919 lágu traðir 011_02 til norðurs frá bæ 001 og eru merktar sem fornar á því korti og komnar úr notkun. Traðir 011_01 og 011_03 hafa tekið við samgögnum að bænum ef miða má upplýsingar af túnakortinu. Þær lágu á 45 m löngum kafla í gegnum svæði sem nú er þakið trjám. Engin ummerki sjást um þær á svæðinu en mögulega leynast heillegar minjar undir sverði. Þær eru þó í stórhættu vegna þeirrar skógræktar sem á sér stað á svæðinu.
**Hættumat:** stórhætta, vegna trjáræktar

**RA-192:011_03** heimild um traðir A 451863 N 358837
Á túnakorti frá 1919 sjást traðir 011_03 liggja til norðausturs frá bæ 001, vestan við útihús 002 og í gegnum op á túngarði 009_01. Traðirnar opnuðust í raun að minjum 009_02 - 009_04. Mikil trjárækt er á þessu svæði og engin ummerki þessarar traða sjást á yfirborði.
**Hættumat:** hætta, vegna trjáræktar

**RA-192:012** heimild um sel
"Nokkuð ofan við Hestatorfuna [upp af Deild] kallast Selteygingar. Þar mun hafa verið selstaða frá Deild áður fyrr," segir í örnefnalýsingu. Ekki er ljóst hvar þetta sel var staðsett. Allt eins gæti verið um sel RA-193:012 eða sel RA-191:022 að ræða. Frekari heimildir þarf til þess að staðsetja selið.
**Heimildir:** Ö-Deild og Valstrýta, 2

**RA-192:013_01** tóft beitarhús A 451888 N 359050
Um 310 m norðan við bæ 001 og 430 m sunnan við tóft 014 eru beitarhús innan vallargarðs samkvæmt Sveini Þorgrímssyni, heimildamanni. Alls eru þar fjórar tóftir á svæði sem er 55x28 m stórt og snýr norðaustur-suðvestur. Fast norðan og vestan við tóftirnar eru garðlög 016 en þau voru skráð undir sérstöku númeri enda tilgangur þeirra annar en þessarra tófta og ekki um sama minjastað að ræða.
Slétt, gróið svæði í brekku sem hallar til suðurs. Skammt norðar og norðvestar er uppblásið svæði. Til austurs er ennfremur rof sem gróið hefur upp.
Beitarhús 013_01 eru í miðju svæðisins. Tóftin er 14,5x13,5 m að stærð, snýr norðvestur-suðaustur og skiptist í þrjú hólf. Veggir eru hlaðnir úr torfi og grjóti, 2-2,5 m á breidd og 1,5 m á hæð. Þeir eru




*Uppmælingar af minjum RA-192:013.*

algrónir að utan og áfok liggur að þeim. Að innan sést glitta í stórt hleðslugrjót, 2-3 umför. Stærsta hólfið er af fjárhúsum. Það er 6,6x4,7 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Hólfið er opið til suðurs og þar var að öllum líkindum þil. Garði liggur eftir hólfinu endilöngu, hann er 0,2 m á hæð og grjóthlaðinn. Þar eru m.a. stórir móbergssteinar, allt að 1,5 m á lengd. Að baki fjárhúsunum er niðurgrafin hlaða. Hún er 5,3x1,7 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Hún er niðurgrafin um 0,5 m og grjóthlaðin að innan. Veggir sjást lítið að utan. Að innan eru þeir 0,8-2 m á hæð og lægstir til suðurs. Víða er rof í veggjum. Hólf 3 er norðvestan við hólf 1 og er byggt utan við tóftina. Veggirnir eru 0,4 m á breidd og algrónir. Umfang þeirra er mun minna en annrarra hluta tóftarinnar. Þeir eru 0,2-0,4 m á hæð og hólfið er opið til suðurs. Veggirnir eru lægstir að innan.
**Hættumat:** engin hætta



*Tóft RA-192:013_1, horft til norðausturs.*



*Tóft RA-192:013_3, horft til suðvesturs.*

**RA-192:013_02** tóft fjárskýli A 451897 N 359034
Tóft 013_02 er 7 m suðaustan við tóft 013_1 og er af fjárskýli. Hún er 7,2x5,3 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Tóftin er torfhlaðin, veggirnir eru algrónir og eru 0,2-0,4 m á hæð. Einungis eitt hólf sést í vesturhluta tóftairnnar en líklega var annað til austurs. Ekkert op sést á yfirborði.
**Hættumat:** engin hætta

**RA-192:013_03** tóft beitarhús A 451873 N 359034
Tóft 013_03 er 11 m suðvestan við tóft 013_01. Tóftin er sigin og líklega hluti af eldri kynslóð minja á staðnum. Hún er 11,5x5,5 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hún er óskýrust af tóftunum

þremur, veggirnir eru mosa- og grasivaxnir og 0,2 m á hæð. Það mótar fyrir tveimur hólfum á yfirborði og op var á milli þeirra. Ekkert op sést inn í tóftina. Syðra hólfið er stærra, 3,6x1,5,m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Nyrðra hólfið er 2,3x1,5 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur, þvert á tóftina.
**Hættumat:** engin hætta

**RA-192:013_04** þúst óþekkt A 451900 N 359068
Þúst 013_04 er tæpum 9 m norðan við tóft 013_01. Þústin er óregluleg og eflaust aflöguð vegna áfoks. Hún er 12x8 m að stærð og snýr VSV-ASA, Það mótar óljóst fyrir innra byrði veggja í henni miðri en mikill gróður var á svæðinu þegar skrásetjar voru á ferðinni. Þústin er 0,3-0,5 m á hæð og algróin.
**Hættumat:** engin hætta

**RA-192:014_01** tóft beitarhús A 452228 N 359315
Tvær tóftir eru ofarlega og norðaustarlega í landi Deildar, um 700 m norðaustan við bæ 001 og 350 m norðaustan við tóftir 013. Þær eru sýndar á herforingjaráðskorti frá 1908. Minjarnar samanstanda af kvíum 014_01 og heystæði 014_02 og eru á svæði sem er 15,5x10 m að stærð. Hér gæti ennfremur verið um sel 012 að ræða en það þarfnast staðfestingar.
Tóftirnar eru á grónum, sléttum stalli á svæði sem er uppblásið en tekið að gróa upp aftur. Þar vex gras, mosi, elfting.
Lýsingin hefst á beitarhúsum 014_01. Tóftin er 11x7 m að stærð og snýr NNA-SSV. Hún er einföld og innanmál hennar er 6x2 m. Hún er torf- og grjóthlaðin og ekkert op er sjáanlegt á henni. Veggir eru 0,3-0,6 m á hæð, hæstir á austurvegg. Veggir eru frekar signir og allt að 2-3 m á breidd.



*Uppmæling af minjum RA-192:014.*

**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Herforingjaráðskort 1:50000 48 SA


*Tóft RA- 192:014_1, horft til suðurs.*


*Tóft RA-192:014_2, horft til suðausturs.*

**RA-192:014_02** tóft heystæði A 452235 N 359312
Heytóft 014_02 er 2 m austan við beitarhús 014_01. Hún er hringlaga, eiföld og 6x6 m að stærð. Innanmál hennar er 2x2 m. Ekkert op er sjáanlegt á yfirborði og veggir eru mjög útflattir, aðeins 0,1-0,2

m á hæð og 2-3 m á breidd. Rof er í norðanverðri tóftinni og þar sést í möl.
**Hættumat:** engin hætta

**RA-192:015** renna áveita A 451657 N 358847



*Skurður RA-192:015, horft til norðurs.*

Samkvæmt túnakorti frá 1919 voru lækir og skurðir austan og vestan við heimatúnið, þeir eru ekki sýndir á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906. Á túnakortinu er ekki gerður greinarmunur á lækjum og skurðum en sé tekið mið af legu mannvirkjanna eru þetta að mestu handgrafnir skurðir sem lækjum var veitt í. Alls má sjá þrjá skurði á túnakortinu.
Mikil skógrækt er innan heimatúnsins og lækirnir sjást illa. Búið er að fylla upp í skurðina að hluta.
Skurðurinn austan við túnið sést enn en hann sveigði fyrir túnið og tók mið af legu þess. Enn má sjá farveg á þessu svæði en mikill gróður byrgði skrásetjurum sýn. Í grunninn er þetta náttúrulegur farvegur sem var gafinn niður. Fyrir vestan túnið var annar skurður á merkjum við Valstrýtu RA-193. Hann rann til vesturs, norðarlega í heimatúninu og sveigði til suðurs á merkjum. Annar þverskurður var norðarlega í heimatúninu og sameinaðist þessum við landamerkin. Enn má sjá farveg nyrsta skurðsins en mikil skógrækt er á því svæði. Hlaðið garðlag er nú á landamerkjum og engin ummerki um skurð sjást þar.
**Hættumat:** hætta, vegna trjáræktar
**Heimildir:** Túnakort 1919

**RA-192:016** garðlag varnargarður A 451823 N 359016
Nokkur garðlög eru til norðurs og vesturs frá beitarhúsum 013. Garðlögin eru á uppblástursvæði að mestu og ótengd fjárhúsunum. Greina má tvenn hólf auk nokkurra stakra garðlaga á svæði sem er 220x130 m stórt og snýr norður-suður. Garðlögin voru samtengd en rof er á milli þeirra og tengslin víða horfin. Garðlögin sjást bæði sem skýrir garðar sem og hlaðnir kantar á rofbrúnum. Vatnsból Efri-Þverár er innan garðlaganna og mögulega eru þeir tengdir því að hluta eða hlaðnir til stöðva uppblástur.
Garðlögin afmarka þríhyrnt uppblásið svæði, á milli grasivaxinna tungna. Öll garðlögin eru torfhlaðin, 1-2 m á breidd og 0,3-0,5 m á hæð. Garðlögin eru víða rofin en þau virðast hafa afmarkað tvö hólf. Syðra hólfið er í "rofinu" á milli gróins túns og er 90x50 m að stærð. Það mjókkar til suðurs og vesturhliðin sameinaðist að öllum líkindum garði 009_01, tengslin þar á milli eru horfin. Lækur rennur inn í hólfið í norðvesturhorni frá vatnsbólinu. Nyrðra hólfið er 100x60 m að stærð og mjókkar til austurs. Lækurinn á



*Garðlag RA-192:016, horft til norðurs.*



*Kantur RA-192:016, horft til norðausturs.*

upptök sín þar við vantsbólið og rennur til suðurs. Deiglent er þar sem veggur skilur á milli hólfanna.
**Hættumat:** engin hætta

**RA-192:017** heimild um útihús A 451831 N 358807
Samkvæmt bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og túnakorti frá 1919 var útihús tæpum 50 m norðan við bæ 001, fast vestan við útihús 003. Samkvæmt túnakorti var þetta útihús með sambyggðu gerði en hænsnakofi var byggður um 1947 beint yfir áætlaðri staðsetningu útihússins.
Skógrækt er innan heimatúnsins og mikið rask af þeim sökum.
Engin ummerki um úthúsið sjást á yfirborði.
**Hættumat:** stórhætta, vegna trjáræktar
**Heimildir:** Bæjarteikning danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1919

## RA-193 Valstríta

7,5 hdr. Hjáleiga Heylækjar, byggð fyrir minni elstu manna, hjáleiga Ámundakot (Litla-Valstríta) í eyði 1710. JÁM I, 150, JJ, 32.
1919: Tún 6 ha, 5 ha sléttað, garðar 1330 m²




*Túnakort Valstrýtu RA-193 frá 1919 upprétt ofan á loftmynd. Skráðar minjar innan þess sjást sem hvítir punktar, svartar línur og grænir flákar. © Loftmyndir ehf.*

"Tún eru góð og mestur hluti þeirrar hallalitlar, þó eru þar smá brekkur, sem ekki eru véltækar. Hagar eru norður frá bænum svo sem í Deild og mjög líkir að gæðum. Engjar voru neðan við túnið, mest mýrarseylur en hafa nú verið þurrkaðar með skurðum og ræktaðar." SB IV, 406

**RA-193:001_01** *Valstríta* bæjarhóll bústaður A 451315 N 358927

Bæjarstæði Valstrýtu er merkt inn á bæjarteikningu danskra landmælingarmanna frá 1906 og túnakort frá 1919, milli Heylækjar RA-191 og Deildar RA-192. Á bæjarstæðinu standa tvö steinsteypt hús; íbúðarhús og stórt útihús. Malarplan er norðvestan við húsin og liggur heimreiðin til vesturs en beygir til suðurs niður á Fljótshlíðarveg 261 við mörkin við Heylæk. Magnús Guðjónsson, heimildamaður, sagði íbúðarhúsið hafa verið byggt beint ofan á gömlu bæjarhúsin og í kjallara sjáist enn ummerki um þær hleðslur. Bæjarstæðið samanstendur af fimm fornleifum á svæði sem er 50x45 m og snýr norður-suður; bæjarhúsum og bakhúsum 001_01, kálgarði 001_02 og útihúsum 001_03-05.
Slétt tún eru umhverfis bæjarhúsin og trjám hefur verið plantað víða. Landi hallar lítillega til suðurs.



*Bæjarhóll RA-193:001_11, horft til austurs.*




*Skipan bæjarhúsanna sést vel á túnakorti frá 1919.*

Lýsingin hefst á bæjarhúsum og bakhúsum á bæjarhól 001_01. Á túnakorti frá 1919 sést hvernig bæjarskipan hefur verið á Valstrýtu í kringum aldamótin 1900. Stafnar hafa verið fjórir og vísað í suður. Samtengt bakhús var aftan við austasta húsið í röðinni. Tvö önnur bakhús voru norðan við vestasta húsið en þau voru ekki samtengd húsaröðinni. Líkega hafa þrjú vestustu húsin verið útihús en hin húsin verið bæjarhúsin. Ekki sjást nein ummerki um bæjarhúsin eða eiginlegan bæjarhól á svæðinu í dag og hefur öllum ummerkjum verið ýtt út og þau jöfnuð við jörðu. Þrátt fyrir að öll ummerki um þessi bæjarhús séu horfin af yfirborði þá má ætla að heillegar leifar eldri bæjarhúsa leynist enn undir sverði.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1919; Bæjarteikning danskra landmælingamanna 1906

**RA-193:001_02** heimild um kálgarð A 451314 N 358900

Kálgarður 001_02 var sunnan við bæ 001_01. Samkvæmt bæjarteikningu frá 1906 og túnakorti frá 1919 var hann 44x24 m að stærð og snéri vestur-austur. Ekki sjást nein ummerki um kálgarðinn á yfirborði og hefur hann líklega verið sléttaður ásamt öðrum minjum á bæjarhólnum. Leifar hans gætu þó leynst undir yfirborði.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**RA-193:001_03** heimild um útihús A 451339 N 358927

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var útihús 001_03 fast austan við bæ 001_1. Ekki sjást nein ummerki um útihúsið á yfirborði og hefur það líklega verið sléttað ásamt öðrum minjum á bæjarhólnum. Leifar þess eða eldri útihúsa gætu þó leynst undir yfirborði.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**RA-193:001_04** heimild um útihús A 451301 N 358930

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var óreglulegt útihús fast vestan við bæjarhól Valstrýtu 001_01, sunnan við traðir 014. Ekki sjást nein ummerki um útihúsið á yfirborði og hefur það líklega verið sléttað eða rifið niður ásamt öðrum minjum á svæðinu.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**RA-193:001_05** heimild um útihús A 451308 N 358935

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var óreglulegt útihús fast vestan við bæ 001, norðan við traðir 014. Ekki sjást nein ummerki um útihúsið á yfirborði og hefur það líklega verið sléttað eða rifið niður ásamt öðrum minjum á svæðinu

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**RA-193:002_01** garðlag túngarður A 451431 N 358956

Túngarðar eru merktir inn á bæjarteikningu danskra landmælingarmanna frá 1906 og túnakort frá 1919 sem afmarka hluta af túni Valstrýtu. Heimatúnið hefur tekið miklum breytingum í gegnum aldirnar. Minjaheildin samanstendur af fjórum fornleifum; þremur túngörðum frá ólíkum tímum og gerði sem hefur verið samtengt elsta túngarðinum. Minjarnar eru að miklu leyti horfnar en lágu yfir svæði sem er 400x200 m og snýr nokkurnvegin vestur-austur.

Öll tún hafa verið sléttuð og ræktuð upp. Flest þeirra eru enn í notkun. Lítill trjágarður er á miðju svæðinu þar sem bæjarhúsin stóðu. Landi hallar lítillega til suðurs.

Lýsingin hefst á túngarði 002_01 sem merktur er inn á túnakort frá 1919 sem forn og hefur þá verið tekinn úr notkun en sést enn víða um túnin. Hann hefur legið upp frá bæ 001 til norðausturs, 15 m norðan við nyrsta hluta húsagarðsins, sveigt til austurs og endað við gerði 002_02. Mjög lágur hryggur sést 130 m norðaustan við bæ 001 sem líklega eru leifar þessum elsta túngarði. Hryggurinn er 18 m að lengd og í framhaldi af honum til austurs er lágur kantur, 28 m að lengd. Hann er 3-3,5 m á breidd og 0,1 m á hæð.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Bæjarteikning danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1919

**RA-193:002_02** heimild um tún A 451535 N 358970

Gerði 002_02 var rúmum 160 m norðaustan við bæ 001_01 og merkt sem fornt á túnakort frá 1919. Samkvæmt túnakortinu var gerðið norðaustan við túngarð 002_01, sambyggt honum utan við heimatúnið. Gerðið afmarkaði svæði sem var um 60x30 m að stærð og snéri nokkurnvegin vestur-austur. Ekki sjást nein ummerki um garðana sem girtu af svæðið. Lítill hóll er í túninu þar sem gerðið var, hann hefur verið sléttaður og er hluti af túnum Valstrýtu sem nú eru nýtt. Gróðurinn sem vex á hólnum er þó ólíkur þeim sem vex á túninu, þar vaxa sóleyjar og hundasúrur í smáþýfðu graslendi. Allt bendir til þess að mannvist sé þarna enn undir sverði.



*Túngarður RA-193:002_1, horft til austurs.*



*Túngarður RA-193:002_4, horft til suðausturs.*

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**RA-193:002_03** garðlag túngarður A 451406 N 359021
Túngarður 002_03 var, samkvæmt bæjarteikningu frá 1906, norðan við bæ 001 og lá þvert í gegnum allt land Valstrýtu. Hann tengdist túngarði RA-192:009_1 í landi Deildar til austurs en til vesturs endaði hann við læk á merkjum við Heylæk RA-191. Á túnakorti frá 1919 sjást einnig túngarðar við suðvesturhorn túns og við austurhlið þess. Túngarðurinn er varðveittur á 30 m löngum kafla um 120 m norðaustan við bæ 001. Túngarðurinn er um 1,5-2 m á hæð, algróinn og 0,3 m á hæð. Óljós kantur sést í túni austan við túngarðinn og eru það að öllum líkindum ummerki um túngarðinn að auki. Aðrir hlutar hafa líklega allir verið sléttaðir í túnin á einhverju tímabili, þegar túnið var fært út eða skurður grafinn á svipuðum slóðum.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**RA-193:002_04** garðlag túngarður A 451572 N 358990
Túngarður 001_04 er 240 m norðaustan við bæ 001 og tengist túngarði RA-192:009_01 í landi Deildar. Hann liggur norðvestur-suðaustur á 195 m löngum kafla. Hann er oftast um 0,3-0,6 m á hæð, þó að á köflum verði hann allt að 1 m. Hann er 1,5-2 m á breidd. Túngarðurinn er torf og grjóthlaðinn, hleðslur eru ornðar fremur grónar en þó glittir í steina af og til. Þetta er hluti af túngarði sem var hlaðinn eftir Fljótshlíðinni endilangri árið 1906.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**RA-193:003_01** heimild um útihús A 451282 N 358964
Samkvæmt bæjarteikningu danskra landmælingarmanna frá 1906 og túnakorti frá 1919 var kálgarður með áföstu útihúsi um 40 m norðvestan við bæ 001 á svæði sem var 20x16 m að stærð og snéri vestur-austur. Minjarnar voru þar sem nú er malarplan og braggi vestan við bæinn.
Lítill gróður er á svæðinu og hefur það að mestu verið lagt undir malarplan við enda heimreiðarinnar. Gras er í kringum braggann og lítill trjáreitur sunnan við malarplanið.
Lýsingin hefst á útihúsi 003_01. Útihúsið var í norðvesturhorni kálgarðs 003_02. Ekki sjást nein ummerki um útihúsið á svæðinu og hefur það líklega verið rifið niður og sléttað þegar nýjar byggingar voru byggðar á svæðinu.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1919; Bæjarteikning danskra landmælingamanna 1906

**RA-193:003_02** heimild um kálgarð A 451287 N 358952
Kálgarður 003_02 afmarkaði svæði sem var 20x16 m að stærð og snéri vestur-austur. Ekki sjást nein ummerki um kálgarðinn á svæðinu og hefur hann líklega verið rifinn niður og sléttaður á einhverjum tímapunkti.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**RA-193:004** heimild um kálgarð A 451184 N 358936
Kálgarður er merktur inn á túnakort frá 1919 um 130 m vestan við bæ 001 og 50 m suðvestan við útihús 006, aðeins 20 m austan við heimreiðina upp að Valstrýtu.
Svæðið hefur allt verið sléttað undir tún og er túnið nú í órækt. Sina er á svæðinu og mikið gras vex í kring, ásamt sóleyjarbreiðum. Túnið hallar niður til suðurs.
Ekki sjást nein ummerki um kálgarðinn á yfirborði og hann líklega sléttaður út.
**Hættumat:** hætta, vegna jarðræktar
**Heimildir:** Túnakort 1919

**RA-193:005** þúst útihús A 451463 N 358944
Lítil þúst er í túninu rúmum 140 m norðaustan við bæ 001 og 14 m sunnan við túngarð 002_01. Þústin er



*Þúst RA-193:005, horft til suðvesturs.*

sömuleiðis 7 m norðan við slóða sem liggur frá bænum til austurs meðfram túnum og skógræktarsvæðum.
Þústin er í sléttuðu túni sem er komið í hálfgerða órækt og er notað sem beitarhólf.
Þústin er 9x6,5 m að stærð og snýr norður-suður. Hún er aðeins um 0,3 m á hæð og hallinn á henni er mjög aflíðandi. Líklega var þetta útihús sem var sléttað í tún.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**RA-193:006** heimild um útihús A 451230 N 358954
Samkvæmt bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og túnakorti frá 1919 var útihús tæpum 90 m VNV við bæ 001. Það var vestan við tjálund við bæinn, í túninu sunnan við núverandi heimreið að bænum.
Svæðið þar sem útihúsið var hefur allt verið sléttað undir tún.
Ekki sjást nein ummerki um útihús á yfirborði.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1919; Bæjarteikning danskra landmælingamanna 1906

**RA-193:007** heimild um útihús A 451182 N 358977
Samkvæmt bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og túnakorti frá 1919 var útihús rúmum 140 m norðvestan við bæ 001 og 50 m norðvestan við útihús 006. Það var á svipuðum slóðum og heimreiðin liggur til vesturs frá bænum, rétt áður en hún beygir niður túnið til suðurs.
Svæðið í kringum heimreiðina hefur allt verið sléttað undir tún.
Ekki sjást nein ummerki um útihús á yfirborði.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1919; Bæjarteikning danskra landmælingamanna 1906

**RA193:008_01** *Ámundakot (Litla-Valstríta)* bæjarhóll býli A 451558 N 358875
Í Jarðabók Árna Magnússonar segir: «Hefur verið önnur hjáleiga, bygð frá Valstrýtu fyrir 28 árum eða þar um af eiganda Valstrýtu, sem þá var Magnús Hannesson vegna konu sinnar Ólafar Árnadóttur. Bygðin hjelst ei lengi, varð síðan auðn nokkur ár, þá byggðist hún aftur af ábúanda og eignarmanni heimajarðarinnar og hjelst sú bygð í 10 ár eða 11. ... Kann ekki aftur byggjast án skaða heimajarðarinnar ábúanda vegna landþrengsla."Í Sunnlenskum byggðum IV segir: "Bærinn stóð austast í túninu í Valstrýtu, miðja vega milli Deildar og Valstrýtu. Þar eru nú fjárhús frá Valstrýtu." Samkvæmt bæjarteikningu frá 1906 og túnakorti frá 1919 var útihús tæpum 250 m austan við bæ 001, líklega það fjárhús sem nefnt er hér að ofan. Minjastaðurinn samanstendur af tveimur fornleifum; býlinu og útihúsinu sem seinna var byggt á sama stað. Lítil þúst er á þessu svæði, í túninu sunnan við slóðann sem liggur austur meðfram túnunum.
Þústin er í sléttuðu túni sem er enn í rækt.
Lýsingin hefst á býli 008_01. Þústin er 18x17 m að stærð og er nánast hringlaga. Hún er 0,3-0,7 m á hæð og hærri og brattari að norðan en er aflíðandi niður til suðurs. Mikið gras vex nyrst á henni en mjög lítið á suðausturhorni hennar sem gæti bent til grjóthleðsla undir sverði. Þústin er flöt að ofan þar sem mesta grasið vex. Líklega eru einhverjar leifar býlisins enn heillegar undir sverði.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** JÁM I, 149; SB IV, 407; Túnakort 1919; Bæjarteikning danskra landmælingamanna 1906

**RA-193:008_02** heimild um útihús A 451561 N 358869
Útihús 008_02 var byggt að bæjarstæði Litlu-Valstrýtu og er merkt inn á bæjarteikningu frá 1906 og túnakort frá 1919. Ekki sjást nein ummerki um útihúsið á yfirborði. Þústin sem sést á svæðinu tilheyrir líklega að mestu leifum sem fylgja gömlu hjáleigunni en þó má vera að einhverjar leifar útihússins leynist undir sverði.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**RA-193:009** heimild um útihús A 451254 N 358974
Samkvæmt bæjarteikningu danskra landmælingarmanna frá 1906 var útihús rúmum 70 m norðvestan við bæ 001. Útihúsið hefur verið fast norðan við núverandi heimreið, tæpum 20 m vestan við bragga. Svæðið í kringum heimreiðina hefur allt verið sléttað undir tún.
Ekki sjást nein ummerki um útihús á yfirborði.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Bæjarteikning danskra landmælingamanna 1906

**RA-193:010** heimild um útihús A 451355 N 359040
Samkvæmt bæjarteikningu danskra landmælingarmanna frá 1906 var útihús 120 m norðan við bæ, fast sunnan túngarð 002_03 og 130 m norðvestan við þúst 005. Vélgrafinn skurður er á þessum slóðum. Gróin, slétt tún eru til allra átta frá skurðinum.
Engin ummerki um útihúsið sjást á yfirborði.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Bæjarteikning danskra landmælingamanna 1906

**RA-193:011** heimild um útihús A 451194 N 358949
Samkvæmt túnakorti frá 1919 voru tættur rúmum 120 m vestan við bæ 001 og fast norðan við kálgarð 004. Þetta útihús var dottið úr notkun þegar túnakortið var mælt upp.
Svæðið hefur allt verið sléttað undir tún og er túnið nú í órækt. Sina er á svæðinu og mikið gras vex í kring, ásamt sóleyjarbreiðum. Túnið hallar niður til suðurs.
Ekki sjást nein ummerki um tóftina á yfirborði og hefur hún líklega verið sléttuð í túnið á einhverjum tímapunkti.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1919

**RA-193:012** *Selgil* örnefni sel A 452303 N 359850
Í örnefnalýsingu Deildar og Valstrýtu segir: «Vestast í Móanum [upp frá bænum í V] er valllendisrimi, sem heitir Þúfnatorfa. Vestan við hana er gil, sem Bleiktorfugil heitir, vestan við það er Bleikatorfa, vestan við hana er Selgil, og heldur það því nafni niður undir tún á Heylæk, en kallast þá Skellir ...» Selgil er tæpum 1,3 km norðaustan við bæ 001. Nokkur grastorfa er á þessu svæði og var hún öll gengin í leit að selinu sem Selgilið dregur nafn sitt af.
Svæðið er grasi vaxið og smáþýft og utan við stóra grastorfuna eru gróðurlausir melar.
Ekki sjást nein ummerki um seltóftir á svæðinu og því er staðsetning selsins óljós. Vera má að beitarhús 016 hafi verið byggt á grunni seltóftanna en þó má einnig vera að selið sem gilið er nefnt eftir sé í landi einhverrra af hinum bæjunum í kring. Einnig gætu tóftirnar verið horfnar í gróður, signar svo mikið að þær eru orðnar ógreinilegar.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Deild og Valstrýta, 1

**RA-193:013** frásögn rétt A 451079 N 358738
Samkvæmt Magnúsi Guðjónssyni, heimildarmanni, var rétt við Heylæk og Mjóalæk, um 300 m suðvestan

og neðan við bæ 001. Réttin stóð þar sem nú er malarplan og rúllustæði, vestan við heimreiðina frá Valstrýtu niður á Fljótshlíðarveg 261, á mörkum skógræktar í landi Heylækjar.
Norðan og austan við malarplanið eru sléttuð tún en skógrækt í landi Heylækjar til suðurs og vesturs. Ekki sjást nein ummerki um réttina á yfirborði og líklega hefur hún verið sléttuð eða rifin niður.
**Hættumat:** hætta, vegna jarðræktar

**RA-193:014_01** heimild um traðir A 451355 N 358977
Samkvæmt túnakorti frá 1919 lágu traðir 014_01 til norðausturs frá bæjarstæði Valstrýtu. Traðir 014_02 eru sýndar sem tættur á túnakorti frá 1919 og lágu til VNV að leið RA-641:019 sem merkt er á bæjarteikningu danskra landmælingmanna frá 1906. Sú leið lá á milli nokkurra bæja á þessu svæði. Þessar tvær traðir lágu yfir svæði sem er um 200x100 m og snýr vestur-austur.
Öll tún hafa verið sléttuð og ræktuð, flest þeirra eru enn í notkun. Lítill trjágarður er á miðju svæðinu þar sem bæjarhúsin stóðu. Landi hallar lítillega til suðurs.
Yngri traðir 014_1 er merktar á túnakortið og lágu til NNA frá bæ á u.þ.b 100 m löngum kafla. Ekki sjást nein ummerki um þær á yfirborði og hafa þær líklega verið sléttaðar í tún á svæðinu.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1919

**RA-193:014_02** heimild um traðir A 451283 N 358941
Eldri traðir 014_02 lágu til VNV frá bæ 001 og er merktar inn sem tættur inn á túnakort frá 1919. Það bendir til þess að þær hafi verið komnar úr notkun árið 1919 en hafi þó verið aðal traðirnar að bænum árið 1906. Ekki sjást nein ummerki um traðirnar á yfirborði og hafa þær líklega verið sléttaðar í túnið að hluta og að hluta farið undir núverandi heimreið.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1919; Bæjarteikning danskra landmælingamanna 1906

**RA-193:015_01** tóft beitarhús A 451754 N 359258
Beitarhús ásamt fimm öðrum tóftum og túngarði s eru tæpum 540 m norðaustan við bæ 001 og 320 m norðaustan við túngarð 002_04. Tóftirnar eru á svæði sem er 131x85 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur.
Tóftirnar eru í grónu vallendi sem hallar niður til suðvesturs. Svæðið er fremur þurrt innan túngarðsins en fyrir norðan hann er mikil mýrarbleyta.



*Uppmælingar af minjum RA-193:015.*

Lýsingin hefst á beitarhúsum 015_01 sem eru austarlega innan túngarðs 015_04. Tóftin er 13x12,5 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Veggir eru úr torfi og grjóti og veggjahæð er 0,5-1,5, ívið hærri að innan. Grjóthleðslur sjást víða, 1-3 umför, en þær eru sumstaðar nokkuð grónar og annarsstaðar hrundar, sérstaklega í austurveggnum. Tóftin er tvískipt og vestara hólfið, fjárhúsið, er 7,5x1,5 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Eystra hólfið hefur verið hlaða og er 5x3 m að stærð og snýr einnig

norðaustur-suðvestur. Hlaðan er niðurgrafin um 0,3 m. Op er á tóftinni inn í vestara hólfið, í vesturhorni, en ekkert op er inn í eystra hólfið.
**Hættumat:** engin hætta



*Tóft RA-193:015_1, horft til suðvesturs.*



*Toft RA-193:015_2, horft til suðurs.*

**RA-193:015_02** tóft beitarhús A 451748 N 359267
Tóft 015_02 er fast norðvestan við beitarhús 015_01 og er austurhluti hennar mikið raskaður. Tóftin er 11,5x8,5 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Veggir eru líklega torfhlaðnir, að minnsta kosti sést ekki í neitt grjót. Þeir eru 0,1-0,5 m á hæð og mjög signir. Tóftin skiptist upp í tvö hólf og er vestara hólfið 4,5x3,5 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Eystra hólfið er 3,5x3 m að stærð og snýr eins, þó svo að það gæti hafa náð lengra til austurs. Op er á vestara hólfi til suðvesturs. Enginn veggur er á austurhlið tóftarinnar þar sem tóft 015_01 hefur verið byggð ofan í hana. Austan við tóft 015_01 er sléttur flötur, 7,5x6 m að stærð, sem líklega tilheyrir þessu eldra skeiði beitarhússins.
**Hættumat:** engin hætta

**RA-193:015_03** tóft rétt A 451697 N 359346
Tóft 015_03 er í norðvesturhorni túngarðs 015_04, 100 m norðvestan við tóft 015_01. Hún er byggð upp við túngarðinn. Hann afmarkar norðvestur- og norðausturhliðar. Tóftin er 13x9 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Innanmálið er 8,5x5 m að stærð og op er til suðvesturs. Tóftin er torfhlaðin og veggir eru útflattir, aðeins 0,1-0,2 m á hæð. Líkega hefur tóftin verið nýtt sem litið aðhald, líklega einhverskonar rétt.
**Hættumat:** engin hætta



*Tóft RA-193:015_3, horft til norðvesturs.*



*Túngarður RA-193:015_4, horft til norðausturs.*

**RA-193:015_04** garðlag túngarður A 451694 N 359350
Túngarður 015_04 afmarkar tún umhverfis allar tóftirnar sex. Hann afmarkar svæði sem er 132 x 88 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hann er torfhlaðinn og hæð veggja er 0,5-1 m en breidd þeirra er um 1,3 m. Hlið er á túngarðinum við miðbik suðausturhliðar hans. Nokuð rof sést víða í veggjum séstaklega í norðurhluta hans en þar rennur rennur vatn við hann og hefur eyðilagt hluta hans.
**Hættumat:** engin hætta

**RA-193:015_05** tóft rétt A 451793 N 359261
Tóft 015_05 er sambyggð suðausturhluta túngarðs 15_04, 35 m austan við tóft 015_01 og er innan túns. Hún er lítil, 4x4 m að stærð og op til norðvesturs. Veggir eru torfhlaðnir og er 0,2-0,3 m á hæð. Tóftin er grafin inn í brekkuna að norðan. Hlutverk þessarar tóftar er ekki augljóst en mögulega er þetta rétt.
**Hættumat:** engin hætta

**RA-193:015_06** tóft beitarhús A 451709 N 359263
Beitarhús 015_06 eru suðvestarlega innan túnsins og er tæpum 50 m suðvestan við tóft 015_01. Tóftin er 13x11 m á stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Tóftin er torfhlaðin og veggir signir; 0,1-0,4 m á hæð og 1-2 m á breidd. Hún skiptist upp í þrjú hólf, fjárhús syðst, hlöðu nyrst og lítið gerði vestast. Hólf 1 er fjárhúsið og er það 8x1,5 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Norðaustan við það er hlaðan, 4,5x4,5 að innanmáli og snýr hún norðvestur-suðaustur. Vestan við hlöðu og fjárhús er svo lítið gerði, 7x5 m að innanmáli sem snýr norðaustur-suðvestur. Engin hleðsla er til norðausturs og afmarkar brekka þá hlið. Op eru á tóftinni á suðvesturhlið, úr hólfi 1 og 3.
**Hættumat:** engin hætta



*Tóft RA-193:015_6, horft til suðurs.*



*Tóft RA-193:015_7, horft til suðvesturs.*

**RA-193:015_07** tóft fjárskýli A 451730 N 359257
Tóft 015_07 er 20 m suðvestan við tóft 015_02. Hún er 7,5x5 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hún er einföld og innanmál hennar er 3,5x1 m. Hún er torfhlaðin og hæð veggja er 0,3-0,5 m. Veggir eru fremur breiðir, 1,5-2 m á breidd og op er á henni í vesturhorni. Hlutverk hennar er ekki þekkt en liklega tengist það einhvernvegin þeim beitarhúsum sem eru á svæðinu, mögulega fjárskýli.
**Hættumat:** engin hætta

**RA-193:016** tóft beitarhús A 452160 N 359873
Samkvæmt herforingjaráðskorti frá 1908 voru beitarhús tæpum 1,3 km norðaustan við bæ 001 og tæpum 690 m norðaustan við beitarhús 015, á grænni grastorfu.
Tóftin er í valllendismóum og þar vex gras og lyng í kring. Melhólar eru austan við hana.
Tóftin er 11,5x7 m að stærð og snýr norður-suður. Hún er einföld og innanmálið er 7x2 m að stærð. Tóftin er torf- og grjóthlaðin og hæð veggja er 1-1,5 m. Grjóthleðslur sjást víða að innan, 2-3 umför,

sérstaklega í vesturvegg. Austurveggurinn er grónari og tóftin er algróin að utan. Nyrsti hluti hennar virðist niðurgrafinn sem gæti vísað til þess að þar hafi verið annað hólf; hlaða. Op er á suðurhlið tóftarinnar. Mikið hrun er í vesturhluta hennar og í inngangi.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Herforingjaráðskort 1:50000 48 SA

**RA-193:017** gata leið A 452033 N 359718

Gata liggur í átt að beitarhúsum 016 norðvestan við tóftir 015, upp til norðausturs. Gatan hefur líklega legið frá bæ 001 að beitarhúsum 016 eða jafnvel seli 012.
Gatan liggur yfir grasi vaxna valllendismóa
Gatan liggur norðaustur-suðvestur á 240 m löngum kafla en birtist svo aftur fast ofan við beitarhús 016 á 14 m löngum kafla. Hún sést sem einföld mjó og gróin gata.
**Hættumat:** engin hætta


*Gata RA-193:017, horft til norðurs.*

**RA-193:018** heimild um rétt

"Rétt var í Valstrýtu skammt ofan við túnið, norðvestur frá bænum. Hún var sameign með Heylækjarbændum," segir í svörum Oddgeirs Guðjónssonar. Engin rétt fannst ofan við túnið á þeim slóðum sem vísað er til. Frekari heimildir þarf til þess að staðsetja réttina.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** http://sarpur.is/Adfang.aspx?AdfangID=552675

## RA-194 Teigur




*Túnakort Teigs RA-194 frá 1919 upprétt ofan á loftmynd. Skráðar minjar innan þess sjást sem hvítir punktar, svartar línur og grænir flákar. © Loftmyndir ehf.*

100 hdr 1710, kirkjustaður. 40 hdr. JJ, 32
c. 1200: Jarðarinnar getið í kirknaskrá Páls biskups. DI XII, 6.
1264: Andréssynir á fundi við Gissur. Íslendingasaga, Sturl, 755.
1332: Máldagi kirkjunnar. "Mariu kirkia j teighi a þridiung j heima landi. þridiung j butrallda stodum." DI II, 686-687.
1363: Þorsteinn prestur Hallsson er nefndur í dómi um fjörumörk Holtskirkju 16.8.1363 og í Skarðsmáldaga Gyrðis bps.
1367: Máldagi kirkjunnar. DI III, 216
1387: Máldagi kirkjunnar. DI III, 403
1397: Máldagi kirkjunnar. DI IV, 77-78.
1439: Jón prestur Pálsson gefur Brandi Jónssyni umboð sitt yfir Breiðabólsstað og yfi Teigi DI IV, 586.
1458: Máldagi kirkjunnar. DI V, 175-176
um 1480: Máldagi kirkjunnar. DI VI, 331.
1553: Máldagi DI XII 650
1575: Máldagi DI XV 669.
Hjáleigur 1710, voru tvær ónefndar eyðihjáleigur, Bolaenni (í eyði), Finnshús, Ámundarkot, Miðkot, og Bollakot. Kirkjan á reka fyrir landi Bryggna í Eystri Landeyjum. Skógarítak á Miðmörk sem kallast Teigstún. Blástur eyðir fjallhögum jarðarinnar. JÁM I, 151-152.
Á jörðinni er nú tvíbýli. «Jörðin á hálfa bryggnafjöru í Landeyjum og Teigstungur innst með Krossá. Talið var að þar mætti hafa á útigangi 25 kindur.» SB IV, 410
Jörðin á afrétt, Teigstungur, við Þórsmörk. Þórður Tómasson: Þórsmörk, 75-76.
1919: Tún 6 ha, 5 ha sléttað, garðar 1408 $m^2$ T I: "Heimatún hallar mót suðri, nokkuð skorið af giljum. Mikið tún hefur nú verið ræktað á Aurunum, sunnan Þverár. ... Hagar eru enn miklir sunnan Þverá, einnig á jörðin haga upp frá bænum, gróna og skjólgóða fram til en blásna hið efra." SB IV, 410 T II: "Tún eru góð og hallalítil. Þessi jörð á mikið land á Aurunum sunnan Þverár og hafa þar verið ræktuð stór tún." SB IV, 412.

**RA-194:001** *Teigur* bæjarhóll bústaður A 450715 N 359132
"Norður af gömlu bæjartóftunum í Teigi ..." segir í örnefnalýsingu. "Neðst í Fjárhústúninu stóð gamli bærinn í Teigi, af húsum þar stendur nú aðeins eitt, það er gamallt þinghús [042], sem mun hafa verið byggt um 1894," segir í örnefnalýsingu. Báðir Teigsbæirnir eru sýndir á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og túnakorti frá 1919. Tvíbýlt var á Teigi þegar túnakortið er gert 1919 og voru bæirnir kallaðir Vesturbær og Austurbær til aðgreiningar. Samkvæmt örnefnaskrá er Austurbær nú kallaður Teigur I og Vesturbær kallaður Teigur II. Bæjarhóllinn er um 180 m NNV frá íbúðarhúsi Teigs I.
Bæjarhóllinn er grasivaxinn til vesturs en á austurhluta hólsins er heyrúllustæða og stæði fyrir vélar. Bæjarhóllinn er á flatlendi ofarlega í hlíðinni með gott útsýni til allra átta. Bæjarlækur rennur fast austan við bæjarhólinn.



*Þinghús RA-194:042 er á vesturhluta bæjarhóls RA-194:001_1. Horft til suðvesturs.*

Núverandi íbúðarhús eru um 150 m sunnan við bæjarhólinn. Samkvæmt heimildarmanni, Jens Jóhannssyni bónda, voru gömlu bæjarhúsin rifin um 1960. Mikið rask hefur átt sér stað á bæjarhólnum og eru engar sjáanlegar minjar eftir af gamla bænum, einungis hóllinn og þinghús 042 sjást þar sem Vesturbær stóð áður. Bæði bæjarteikningin og túnakortið sýna að bæjarhús Austur- og Vesturbæjar voru á sama bæjarhól, á svæði sem er 100x70m að stærð. Hóllinn snýr V-A en bæjarhlaðið var sunnan við húsin, dyr hafa vísað til suðurs. Vesturhluti bæjarhólsins er nokkuð greinilegur en ekki mjög hár. Bæjarhóllinn sem sést greinilega er 50x45m að stærð eða um helmingurinn af upprunalega bæjarstæðinu.

Vesturbær samanstóð af tveimur húsum og voru fjögur útihús aftan við bæinn. Austurbær samanstóð af fjórum húsum og 3-4 útihúsum aftan við bæinn. Á bæjarhólnum stendur aðeins ein bygging eftir en það er þinghúsið sem byggt var 1894, sjá 042. Eystri hluti bæjarhólsins er mjög raskaður, malarvegur liggur þar yfir og malarplan er fyrir utan núverandi fjós sem stendur fast við norðurenda hólsins. Mögulega hefur verið sléttað yfir hann þar sem hann stendur í beitarlandi.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Teigur, 2; Ö-Teigur vesturbær, 1; Túnakort 1919; Bæjarteikning danskra landmælingamanna 1906

**RA-194:002** kirkjugarður legstaður A 450731 N 359108



*Kirkja RA-194:002, horft til norðurs.*

TEIGUR Í FLJÓTSHLÍÐ (R) -Maríu
c. 1200: Kirknaskrá Páls, DI XII 6.
1264: Andréssynir á fundi við Gissur. Voru þeir Andréssynir þar í kirkju og þeirra menn sem rúm höfðu, nær þrír tigir manna; Íslendingasaga, Sturl, 755.
1332: Teigur. Gamall maldagi. Mariu kirkia j teighi a þridiung j heima landi. þridiung j butrallda stodum. vj kugilldi. iij messuklædi. kalek. ij. corporalia. kluckur iiij. alltaraklædi iij. kertistikur ij. munnlaugh. glodarker. slopp. kantarakapu. alltarisduka iij. kross sæmiligann steindann. mariu skriftt. andres skrift. vj merkur vax. brik sæmiliga. tiolld vmm kirkiu. skrin litit. þangat liggia vndir vij bæier at tijundum oc lysitollum. alltaris steinn med reliquiis. eru af þessum bæium iij bænhus oc tekst half mork af hueriu. tekur prestur heima iiij merkur. kirkiann a sæmiligann kalek gylltann er þorsteinn Halsson gaf til. Jtem lagdi haralldur þar glerglugg firir. Máld DI II 686-687.
1363: Þorsteinn prestur Hallsson er nefndur í dómi um fjörumörk Holtskirkju 16.8.1363 og í Skarðsmáldaga Gyrðis bps.
1367: xi. Mariukirkia j Teige a þridiung i heimalande les Wilchins maldaga þui þetta ber nær saman vtann j þessum forna Hytardalsmaldaga stendur. ij. salld korns. og Wilchins maldage er langtum fyllre; Hítardalsbók, sjá [1387]. DI III 216.
1458: xvi. Teigur [sjá 1458], Hítardalsbók, DI III 216.
1387: LIV. Teigur Mariukirkia j Teigi a þridiung j heimalandi. þridiung j Butralldastodum. vj. kyr oc xij. ær. salld korns. hundrad vadmala. halfa fiordu mork vax. þrenn messuklædi. kaleika. ij annar gylltur sæmilega gior. corporalia. kluckur. iiij. alltaraklædi. iij. kiertistikur. ij. glodarkier. mvnnlaug. slopp. kantarakapu. alltarisdvkar. iij. kross sæmiligann steindann. Mariuskript. Andriesskript. bryk sæmiliga. tiolld vmm kirkiu. skryn litid. þangad liggia vnder. vij. bær ad tiundumm oc lysitollumm. eru af þessumm. iij. Bænhvs. oc tekst half mork af hveriu. þar skal vera prestur oc diakn. tekur prestur. iiij. merkur. Vilchinsbók Máld DI III 403 [Þessi máld er nánast eins og 1332 en er sennilega yngri því hann hefur 12 ær, sáld korns og hundrað vaðmála umfram og hefur sett gylta kaleikinn sem Þorteinn gaf inn í textann. Annars vantar í þennan Altarissteininn og glergluggann - enda gætu það verið yngri viðbætur við 1332].
1397: Þar hefur aukist vmm framm maldaga Herra Michels [6 kúgildi, 2 voðir, 2,5 mörk vax, 2 sáld korns] portio Ecclesiæ vmm .xiij. ar .xvc. Hefur allt nidur fallid firir Þat er Gudmundur Þorgeirsson liet giaura vpp kirkiuna og var þar lukt fyrer halft fiorda hundrad skal Gudmundur eignast Þav. enn hann leggur til kirkiunnar Þar fyrer [ýmis ornamenti] yngra? Hefur aukist j Teigi sijdann Solmundur oc hanz hustrv vidtokv .v. kugilldi. reiknadist portio .xiij. aurar oc .xiijc. Jtem lagdi hvstrv Þvridur til kirkiunnar [ýmis ornamenti] oc liet giaura vpp kirkiu. fiell nidur epter .vj. presta mäti firir Þetta allt samann .viijc. oc .xiij. aurar. enn epter stendur .vc.olukt. Jtem a ad lvkast haustsaudur arliga fra Þorunvpi. Máld DI IV

77-78.
1439: Jón prestur Pálsson gefur Brandi Jónssyni umboð sitt yfir Breiðabólsstað og yfi Teigi og öllum Þeim peningum föstum og lausum sem Jón hafði til umboðs og meðferðar af Erlendi Narfasyni frænda sínum sem og öllum þeim peningum sem Jón átti milli Þjórsár og Markarfljóts. Skal Brandur taka alla ávöxtu og innrentur af öllum þessum peningum sér til eignar en fá Jóni aftur góssin jafngóð sem hann meðtekur og gjalda Erlendi Narfasyni þau fimmtán hundruð sem af Teigs peningum eiga að lúkast og Jón er honum skylldugur. Einnig skipar Jón Brandi til þjónustu alla þá arbeiðismenn konur og karla sem hann hefur ráðið á Breiðabólsstað og Teigi og hans ráðsmenn fyrir hann. Skal hann þessum umboðum halda til næstu fardaga. DI IV 586.
1458: Teigur. Anno domini M°. cd°. lviij. Virduligur herra og anligur fader mattheus med gudz nad Biskup ad holum og almenneligur vicarius allz Skalholltz Biskupsdæmis do j sinne riettre visitatione j Teige. var kirckian gior af hanns naverondum prestum fyrir xxc. enn bækur fyrir xvjc. enn onnur ornamenta kirkiunnar fyrir. iiijc. þotte oss su bot sem Erlendur Narfason hafd giort fyrir xc. a kirkiunne. DI V, 175-176. [JS 143 4to, bl. 181 skr. 1607 eftir Hítardalsbók.]
um 1480: Teigur. Mariu kirkia oc sancte andres j teigi aa þridiung j heima landi. þridiung j butralldastodum. þrenn messuklædi ad ollu. ij kaleika. annar gylltur sæmiliga gior. graduale samsettur med sequentium. pistlar oc gudspioll cum collectis de tempore per anni circulum. sequentiu bok. jtem de sanctis bok. missale. oc er ecki eptir ordu. aspiciensbok oc þar med de sanctis syngiandi oc onnur er tekur til ad paschum. de tempore oc de sanctis til aduentu. de sanctis lesbok. oc adra de tempore. capitularium oc ymnarium psalltara. läga saungua bok. iij kluckur. ein kantara kapa oc sloppur. ij alltaris klædi. ij. mariu likneski. kross med vndirstodum. brik yfer alltari. andres skriftt. ample oc paxspialld. kirkiann aa x kyr oc lx asaudar. skrijn litid. fontz vmbuning allann. vatzketil. þangat liggia vndir. vij bæier ad tijundum oc lysitollum. eru af þessum .iij. bænahus oc tekzt half mork af hueriu. þar skal vera prestur oc diakn. tekur prestur .iiij. merkur kaups. þangat skal lukazt haust saudur ärliga frä þorugnupi. Máld DI VI, 331 [AM 263 fol, bl. 38; Þjsks Bps A II, bl. 125a - byggt á Vilch]



*Skipan bæjarhúsanna og staðsetning kirkjugarðsins sést vel á túnakorti frá 1919.*

1553: Máld DI XII, 650.
1575: Máld DI XV, 669.
1710: Hjer er alkirkja og embættað að tveim pörtum við Múla. Heyrt segjast menn hafa að í gamaldaga hafi bæir Þeir, sem nú liggja undir Eyvindarmúla til kirkjusóknar, sókt hingað kirkju og mundi Þá ekki alkirkja í Múla verið hafa. JÁM I: 150.
1802: Hlíðarendakirkja af tekin og sóknin lögð til Teigs. PP, 58 [konungsbréf]
1880: Teigs- og Eyvindarmúlaþing lögð undir Breiðabólsstað. PP, 58 [lög].
1896: Teigs- og Eyvindarmúlakirkjur lagðar niður og sóknirnar sameinaðar í eina með kirkju á Hlíðarenda. PP, 58 [landshöfðingjabréf].
Kirkjugarðurinn er fast suðaustan við bæ 001, sunnan við gamla bæjarhlaðið. Í örnefnaskrá segir: „Suður af gamla bæjarstæðinu stóð kirkjan og kirkjugarðurinn í Teigi þar til kirkjan var rifin skömmu fyrir síðustu aldamót..“ Enn sjást tveir legsteinar í kirkjugarðinum. Við stækkun útihúsa 039 sem voru fast sunnan við kirkjugarðinn fundust grafir. Útihúsin hafa verið rifin.

Bæjarhóllinn er mikið raskaður vestan og norðan við kirkjugarðinn. Þar er malarplan, nýtt sem geymsla og malarvegur. Í kirkjugarðinum sjálfum eru geymdar dráttarvélar og heyvagnar. Kirkjugarðurinn er sléttur og grasivaxinn.
Ekki er ljóst hversu stór kirkjugarðurinn var og mikið rask er til allra átta umhverfis hann. Á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 er kirkjugarðurinn um 23x23 m að stærð og samkvæmt túnakorti frá 1919 var hann ferningslaga. Ekki er vitað hvort að hlaðinn veggur afmarkaði garðinn en það er líklegt. Til austurs sést enn kantur á vesturbrún lækjargils. Hann er 1 m á hæð en sést ekki innan kirkjugarðsins. Einu sagnir um mannabeinafundi eru við gröft fyrir hlöðu 039. Í miðjum kirkjugarðinum er upphækkun, 0,3 m á hæð en ekki var hægt að skoða hana vegna tækja yfir henni.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** JÁM I, 150; Túnakort 1919; Bæjarteikning danskra landmælingamanna 1906: Ö-Teigur, 1

**RA-194:003** heimild um útihús A 450886 N 359146
Samkvæmt túnakorti frá 1919 og bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 var útihús um 170 m norðaustan við bæ 001 og 50 m suðvestan við útihús 004.
Norðaustan bæjar 001 eru nú (2019) sléttuð beitartún.
Engin ummerki útihússins sjást á yfirborði vegna túnasléttunar.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1919; Bæjarteikning danskra landmælingamanna 1906

**RA-194:004** tóft útihús A 450932 N 359168
Samkvæmt túnakorti frá 1919 og bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 var útihús um 220 m norðaustan við bæ 001. Kemur það heim við tóft sem er að finna 0,5 m vestan við túngarð 041, á brún lækjargils sem er fast austan við tóftina.
Tóftin er innan sléttaðs beitartúns, á brún lækjargils austan við tóftina. Hefur nálægð gilsins komið í veg fyrir að tóftin yrði túnasléttun að bráð.



*Tóft RA-1994:004, horft til suðurs.*




*Uppmæling af tóft RA-194:004.*

Tóftin er einföld og er 8,1 x 5,3 m að stærð. Hún snýr NNA-SSV og er op á henni til suðurs. Veggir eru hlaðnir torfi og grjóti en hvergi sést meira en 1 umfar. Mikið hefur hrunið úr veggjum bæði innan og utan tóftar. Veggir eru hæstir um 0,5 m og er tóftin öll vel gróin grasi.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1919; Bæjarteikning danskra landmælingamanna 1906

**RA-194:005** þúst útihús A 450902 N 359199
Samkvæmt bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 var útihús rúmum 190 m norðaustan við bæ 001 og rúmum 30 m norðvestan við útihús 004. Þúst er að finna á stað sem kemur heim við þá staðsetningu.

Þústin er í sléttuðu beitartúni.
Þústin er sporöskjulaga, 14,4 x 12,4 m að stærð og snýr austur-vestur. Hún er um 0,2 m hærri en umhverfi sitt, slétt að ofan en sker sig nokkuð úr umhverfi sínu sökum hæðar.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Bæjarteikning danskra landmælingamanna 1906

**RA-194:006** heimild um útihús A 450688 N 359020
Samkvæmt túnakorti frá 1919 var útihús 120 m sunnan við 001, fast vestan við traðir 060.
Þar sem útihúsið var er gróið svæði milli malarvegs til austurs og núverandi fjóss til vesturs.
Engin ummerki um útihúsið eru greinileg á yfirborði.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1919

**RA-194:007_01** heimild um útihús A 450775 N 359039
Samkvæmt bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og túnakorti 1919 voru kálgarðar og útihús um 120 m suðaustan við bæ 001. Mannvirkin voru upp á hæð þar sem nú eru steinsteypt fjárhús, austan við bæjarlækinn sem rennur niður hlíðina frá norðri til suðurs. Fimm fornleifar voru skráðar á svæði sem var 68x64 m að stærð samkvæmt bæjarteikningu og túnakorti: útihús/kálgarður 01, útihús 02, kálgarður 03, kálgarður 04 og kálgarður 05.
Þar sem minjarnar voru eru ummerki um ruðning fram af brekkubrún, sunnan við fjárhúsin. Í öxlinni má sjá steypuklumpa og steina. Ræktað land er umhverfis sem nýtt er til beitar. Mikið rask er á svæðinu. Útihús 007_01 var norðvestast á svæðinu og kálgarður sunnan þess. Þetta var líklega heygarður/kálgarður árið 1906. Líklegt er að þetta útihús hafi verið fjárhús miðað við stærð og staðsetningu í túni. Engin ummerki sjást um það lengur vegna bygginga og ólíklegt sé að minjar leynist undir sverði.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1919; Bæjarteikning danskra landmælingamanna 1906

**RA-194:007_02** heimild um útihús A 450793 N 359033
Samkvæmt túnakorti frá 1919 útihús 007_02 um 10-15m austan við fjárhús 007_01, við norðurenda kálgarðs 007_03. Á túnakorti er húsið teiknað sem einfalt lítið hús og en ekki sjást nein ummerki um bygginguna í landslagi. Ólíklegt sé að minjar finnist undir sverði sökum bygginga á svæðinu.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**RA-194:007_03** heimild um útihús A 450788 N 359014
Kálgarður 007_03 var upp við suðurenda útihúss 007_02 og norðan við kálgarð 007_05. Ílangt útihús var áfast sunnanverðum kálgarðinum, á milli hans og kálgarðs 007_05. Engin ummerki um kálgarð eða útihús sem var áfast honum eru greinanleg á yfirborði. Ólíklegt sé minjar séu undir sverði sökum bygginga á svæðinu.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**RA-194:007_04** heimild um kálgarð A 451552 N 359836
Kálgarður 007_04 var við suðurenda fjárhúss 007_01. Suðausturendi hans lá upp við norðvesturenda kálgarðs 007_05. Kálgarðurinn sneri vestur-austur. Engin ummerki um kálgarð eða útihúsið sem var áfast honum sjást á yfirborði. Ólíklegt sé minjar séu undir sverði sökum bygginga á svæðinu.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**RA-194:007_05** heimild um kálgarð A 451552 N 359836
Kálgarður 007_05 var syðsti kálgarðurinn á svæðinu. Norðvesturhorn kálgarðsins lá upp við suðvesturhorn kálgarðs 007_04. Útihúsið var innan kálgarðsins, í suðausturhorninu. Engin ummerki um kálgarð eða útihúsið sem var áfast honum eru greinanleg í landslagi. Ólíklegt sé minjar séu undir sverði sökum

bygginga á svæðinu.
**Hættumat:** engin hætta

**RA-194:008** þúst útihús A 450699 N 359217
Samkvæmt bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og túnakorti frá 1919 var útihús 90 m NNV við bæ 001. Þúst er að finna á stað sem kemur vel heima við staðsetningu úthúsins.
Þústin er í sléttuðu beitartúni, vestan malarvegar sem liggur upp hlíðina frá bæ 001.
Þústin er sporöskjulaga, 27,9 x 19,6 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hún er vel grasi gróin, um 0,3 m hærri en umhverfi sitt og sker sig nokkuð úr vegna hæðar.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Bæjarteikning danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1919


*Þúst RA-194:008, horft til norðurs.*


*Túngarður RA-194:009, horft til austurs.*

**RA-194:009** garðlag túngarður A 450758 N 359294
Gamall túngarður sást á túnakorti frá 1919 norðan við bæ 001. Hann var staðsettur norðan við gerði 046. Hann er mestu horfinn nema í SV- og SA enda.
Grasivaxið tún, nýtt til beitar.
Túngarðurinn skiptist í tvo hluta, SV-hluta og SA-hluta. SV-hlutinn liggur til austurs frá malarvegi og endar við læk. Hann er innan afgirts beitrahólfs. Hann er 42x11 m að stærð og algróinn. SA-hlutinn liggur niður í lækjargil og sést einna best í brekku. Lækurinn rennur A-V og beygir til SA enda. Túngarðurinn er nokkuð þýfður, 32x7 m að stærð.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1919

**RA-194:010** heimild um sel
1710. "Hagar jarðarinnar [Heylækjar] eru mikilega eyddir afblástri og komnir að miklu leyti í mold og grjót, so presturinn verður haga og selstöðu að fá í Teigslandi, hefur þar fyrir betalað um nokkur ár 20 álnir eða þar um." Ekki er vitað hvar selið frá Heylæk var staðsett. Ekki var hægt að tengja tóftir eða örnefni við staðsetningu þessa sels.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** JÁM I, 148

**RA-194:011** heimild býli
"Hjáleiga hefur bygð verið í stekkjartúni þess helmíngs heimajarðarinnar, sem biskupinum tilheyrir, fyrir 40 árum eða þar um. Bygðin varaði ekki nema 2 eða 3 ár. Kann ekki aftur byggjast vegna skaða á slægjum og aðþrengíngar." Ekki er vitað hvar þessi hjáleiga var staðsett, frekari heimildir þarf til þess að staðsetja hana.

**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** JÁM I, 152

**RA-194:012** *Bolaenni* heimild um býli
"Önnur hjáleiga hefur verið skamt frá túni heimajarðarinnar í takmarki því, sem heitir Bolaenne. Er byggð fyrir 60 árum og hjelst ekki byggíngin nema eitt ár, kann ekki aftur byggjast vegna sömu orsaka og segir um hina hjáleiguna. Þetta litla býli fylgir hinum helmíng heimajarðarinnar." Heimildarmaður þekkti ekki til þessarar hjáleigu og ekki er að sjá minjar á yfirborði á því svæði sem gengur undir nafninu Bolaenni. Túnið Bolaenni er um 450 m sunnan við bæ 001, rétt utan heimatúnsins. Ekki reyndist unnt að staðsetja minjastaðinn með innan við 50 m skekkju.
Bolaenni er nú (2019) sléttað beitartún.
Engar minjar eru greinilegar í landslaginu á þessum slóðum. Líklegt er að þær hafi verið flattar út við túnasléttun en vegna þess hve byggðin hélst stutt er mögulegt að bygginar þessa býlis hafi verið rifnar og það skilið eftir sig lítil ummerki.
**Heimildir:** JÁM I, 152

**RA-194:013** heimild um býli
"Skamt hjer frá og so í Bolaenni var þriðja hjáleiga fyrst bygð fyrir 40 árum, og varaði sú bygging 4 ár eða þar um, fylgdi það litla býli biskupsins parti. Getur ekki aftur bygst án skaða jarðarinnar ábúendum sökum þrengingar." Heimildarmaður þekkti ekki til þessarar hjáleigu og ekki er að sjá minjar á yfirborði á því svæði sem gengur undir nafninu Bolaenni.
Bolaenni er nú (2019) sléttað beitartún.
Engar minjar eru greinilegar í landslaginu á þessum slóðum. Líklegt er að þær hafi verið flattar út við túnasléttun en vegna þess hve byggðin hélst stutt er mögulegt að bygginar þessa býlis hafi verið rifnar og það skilið eftir sig lítil ummerki.
**Heimildir:** JÁM I, 152

**RA-194:014** tóft mylla A 450762 N 359138
"Kornmylla var um skeið við lækinn í Teigi," segir í Sunnlenskum byggðum. Samkvæmt túnakorti frá 1919 var kornmyllan um 60 m austan við bæ 001. Myllutóftin sést enn og er í austurbakka bæjarlækjarins, ofan í djúpu gili.
Tóftin er á grasi grónu svæði ofan í djúpu lækjargili sem bæjarlækurinn rennur eftir. Bæjarlækurinn skilur á milli túnhluta.
Myllutóftin er ferhyrnd og er 4x4m að stærð. Hún er hlaðin úr torfi og grjóti en ekki sést fjöldi umfara í hleðslum vegna gróðurs. Op er í vesturhlið tóftarinnar. Eitt rými er í tóftinni og má þar finna járnleifar. Engin ummerki sjást um að vatni hafi verið veitt inn í tóftina en mögulega hafi mylluhjól staðið út frá tóft í



*Mylla RA-194:014, horft til norðausturs.*




*Tóft RA-194:014.*

gegnum opið á vesturhlið hennar. Samkvæmt heimildamanni var vantshrútur á þessum stað um miðja síðustu öld.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** SB IV, 411, Túnakort 1919

**RA-194:015_01** tóftir kvíar A 450283 N 355776



*Uppmælingar af tóftum RA-194:015.*

"Mikið tún hefur nú verið ræktað á Aurunum, sunnan Þverár. Þar voru fjárhús og lengi selstaða." segir í Sunnlenskum byggðum. Fimm fornleifar eru 3,4 km sunnan við bæ 001 og 15 m austan við akslóða sem liggur til norðurs upp á núverandi þjóðveg og til suðurs lengra inn á Aurana. Minjarnar eru á svæði sem er 66 x 38 m að stærð og snýr austur-vestur. Þær mynda tvær raðir þar sem minjarnar skipast frá austri til vesturs. Þrjár fornleifar raðast í nyrðri röðina og tvær í þá syðri. Tóftarþyrpingin er á vel grasi grónu svæði, en sunnan þeirra er melur og mói en norðan er grasi- og sinuvaxið beitartún.
Fyrsta tóftin er fyrir miðju í nyrðri raðarinnar. Hún er einföld, 15,1 x 6,6 m að utanmáli og snýr austur-vestur. Tóftin er vel gróin grasi og hlaupin í þúfur innan veggja en veggirnir sjálfir eru töluvert signir, hæstir um 0,4 m. Ekki er greinanlegt op á veggjum tóftarinnar.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** SB IV, 410


*Tóft RA-194:015_1, horft til norðurs.*


*Þúst Ra-194:015_2, horft til NNA.*

**RA-194:015_02** þúst heystæði A 450306 N 355777
Þúst 015_02 er 20 m austan við tóft 015_01. Hún er hringlaga, 8,2 m í þvermál og stendur á náttúrulegum hól. Hún er um 0,3 m hærri en hóllinn sem hún stendur á, hann er um 1 m hærri en umhverfi sitt og eru skilin milli hóls og þústar greinileg. Þústin er minnst gróin allra minja á svæðinu en þó vel gróin grasi

og sinu.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**RA-194:015_03** tóft sel A 450294 N 355757

Tóftin er í syðri röð minja á svæðinu, 20 m suðaustan við tóft 015_01. Hún er stærst tófta í þyrpingunni, 24,4 x 15,3 m að utanmáli, snýr austur-vestur og innan veggja hennar má greina sex hólf. Fimm hólfanna eru í röð nyrst í tóftinni og snúa öll norður-suður, en sjötta hólfið er sunnan hinna. Vestasta hólfið er 1,7 x 1,2 m að stærð. Hólfið austan þess er 2,8 x 1,4 m að stærð. Næst til austurs er hólf sem er 5,8 x 1,3 m að stærð. Op er á því, nyrst í austurvegg þess sem opnar milli þess og næsta hólfs sem er 4,9 x 0,8 m að stærð. Næsta hólf til austurs er 6,4 x 1,4 m að stærð. Austasta hólfið er svo 4,3 x 1,2 m að stærð. Hólfið til suðurs er 7,8 x 4,5 m að stærð og snýr austur-vestur, þvert á önnur hólf. Veggir tóftarinnar eru hæstir um 1 m en þeir eru allir vel grónir grasi og er ekki hægt að greina grjót í hleðslum.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar



*Tóft RA-194:015_3, horft til austurs.*



*Tóft RA-194:015_4, horft til suðurs.*

**RA-194:015_04** tóft beitarhús A 450260 N 355748

Tóftin er í syðri röð minja til vesturs. Hún er tvískipt, 16x9 m að stærð og snýr austur-vestur. Vestara hólfið er stærra og innan þess er vel gróið gras og þýft. Op var á norðurhlið. Eystra hólfið er minna og ekkert op er þar inn. Veggir í allri tóftinni eru 1 m. Lag tóftarinnar bendir til þess að um beitarhús sé að ræða.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**RA-194:015_05** tóft sel A 450256 N 355774

Gerði 015_05 er vestast í nyrðri röðinni og er gróflega þríhyrnt. Það er 23x12 m að stærð og tóftir virðast sambyggðar við báðar skammhliðar. Eystri tóftin er mjög svo hrunin saman svo ekki má greina innra byrði hennar. Sú vestari er eins en virðist örlítið stærri. Eins er mögulegt að þetta hafi verið hólf í gerðinu. Norðurveggur tóftarinnar er nánast horfin á um 4 m löngum kafla. Op er til suðurs. Veggir eru hæstir 1 m og algrónir.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar



*Tóft RA-194:015_5, horft til VNV.*

**RA-194:016_01** tóft fjárskýli A 451281 N 360045




*Uppmælingar af minjum RA-194:016.*

Tvær tóftir og ein þúst eru á eystri brún gilsins sem skilur á milli landa Teigs og Butru RA-199, um 1 km norðan við bæ 001 og rúmum 100 m norðvestan við tóftir 040. Tóftirnar eru á svæði sem er 32x20 m og snýr VNV-ASA.

Grasivaxin heiði nýtt til beitar til norðurs og gróin tún til suðurs. Stórþýft svæði allt í kring.

Til suðausturs er tóft 01. Hún er hringlaga, 6 m í þvermál og ekkert op sést á yfirborði. Innra byrði tóftarinnar sést einna best sem djúp, gróin hola. Hún er 0.5 m á dýpt en annars eru veggirnir 0.2 m á hæð að utan og algrónir. Þeir eru torfhlaðnir og grasi grónir. Lag tóftarinnar bendir til þess að um fjárskýli sé að ræða.

**Hættumat:** engin hætta



*Tóft RA-194:016_1, horft til suðurs.*



*Tóft RA-194:016_2, horft til suðurs.*

**RA-194:016_02** tóft fjárskýli A 451271 N 360054



*Þúst RA-194:016_3, horft til NNV.*

Tóft 016_02 er tæpum 8 m norðvestan við tóft 016_01. Hún er nánast hringlaga, 6,2 m í þvermál og það mótar fyrir hólfinu sem þúst. Veggir sjást þar við og þeir eru 0,3 – 0,5 m á hæð. Tóftin er torfhlaðin, ummerki um efnistöku eru umhverfis hana. Lag tóftarinnar bendir til þess að um fjárskýli sé að ræða.

**Hættumat:** engin hætta

**RA-194:016_03** þúst fjárskýli

A 451291 N 360065

Þúst 016_03 er 16 m norðaustan við tóft 016_02. Hún er nánast hringlaga, um 6,5 m í þvermál og snýr örlítið

meira til norðvesturs-suðausturs. Þústin er 0,2 m á hæð og er efst í brekku. Hún er mosavaxin og nánast útflött. Óljóst mótar fyrir hólfi sem er um 1x1 m að stærð. Að öllum líkindum er þetta fjárskýli, efnistaka sést umhverfis þústina.
**Hættumat:** engin hætta

**RA-194:017** *Fjósatunga* örnefni fjós
"Austan við bæjarlækinn er allstór tunga (túnblettur), sem heitir Fjósatunga. Hún afmarkast af bæjarlæknum í Teigi að vestan og Skelli að austan ..." segir í örnefnalýsingu. Ekki reyndist unnt að staðsetja minjastaðinn með innan við 50 m skekkju.
Fjósatunga er nú (2019) sléttað tún.
Ekki er að sjá nokkrar minjar á Fjósatungu en hugsanlegt er að fjósið sem hún er nefnd eftir hafi verið á svipuðum stað og fornleifar 007, þar sem nú er fjárhús og hlaða.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Teigur, 1

**RA-194:018** *Hofmannsflöt* örnefni áfangastaður A 450485 N 358470
"Neðan þjóðvegar, austur undir bæjarlæknum, sem nú heitir Elftingalækur, eftir að Skellir hefur sameinazt bæjarlæknum í Teigi, er Þríhyrningsspilda, sem Móbugur heitir. Þar neðar er svo til ferstrend flöt, er Hofmannsflöt heitir," segir í örnefnalýsingu. Hofmannaflöt er um 700 m sunnan við bæ 001 og var að öllum líkindum áningarstaður á leið 072.
Slétt og flatlent tún í rækt.
Leið 072 liggur um flötina og líklegur áningarstaður ferðalanga. Engin ummerki um áfangastaðinn er að sjá á þessu svæði né leiðarinnar og ekki mikilla minja að vænta.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Teigur, 1

**RA-194:019** heimild um útihús A 359259 N 450712
Samkvæmt bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 var útihús staðsett vestan við traðir 060, nyrst í heimatúni. Útihúsið stóð um 160 m NNV við bæ 001.
Þar sem útihúsið stóð eru núverandi fjárhús frá bæ 001. Beitarland umlykur svæðið og liggur malarvegur fast vestan við fjárhúsið í norður-suðurátt.
Útihúsið er horfið og stendur núverandi fjárhús á sama stað og hið eldra. Minjar sjást ekki og ólíklegt að þær leynist undir sverði sökum bygginga á svæðinu.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Bæjarteikning danskra landmælingamanna 1906

**RA-194:020_01** heimild um beitarhús A 451240 N 355682
"Suður af Miðaurum er Sléttibakki, gott valllendi. Á honum voru fjárhús frá vesturbænum í Teigi, en voru flutt þaðan eftir landaskiptin." segir í örnefnalýsingu. Beitarhús eru sýnd á þessum stað á herforingjaráðskorti frá 1908. Bogaskemma var byggð þarna árið 1971 og tóftinni líklega raskað þá. Beitarhúsin eru um 2,8 km suðaustan við bæ 001 og 1,3 km sunnan við beitarhús 015. Beitarhúsin eru horfin og hið eina sem enn sést er hluti af vallargarði 020_2 sem afmarkaði að öllum líkindum tún umhverfis beitarhúsin.
Slétt, gróið svæði.
Engin ummerki um beitarhúsin sjást á yfirborði.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Smáratún, 2; Herforingjaráðskort 1:50000 48 SA

**RA-194:020_02** garðlag túngarður A 451261 N 355656
Túngarðurinn er innan svæðis þar sem ungnautum er gefið og ágangur af völdum þess er mikill.


*Túngarður RA-194:020_2, horft til suðausturs.*

Túngarðurinn er 12,5x1,5 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hann er torfhlaðinn og 0,4 m á hæð.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**RA-194:021** heimild um brú
A 450749 N 359089
Samkvæmt túnakorti frá 1919 lá brú yfir bæjarlækinn. Hún er sýnd til móts við kirkjugarð 002 til vesturs og útihús 007_1 til austurs. Enn er brú á þessum stað, hún er mun yngri en sú sem hér er skráð.
Brúin sem nú stendur er úr timbri og liggur malarvegur yfir hana. Leið 020 lá hér yfr ásamt því að aðvelda aðgang yfir lækinn.
Engin ummerki um gömlu brúnna eru greinileg á yfirborði.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1919

**RA-194:022** gata leið A 451598 N 360213


*Leið RA-194:022, horft til norðvesturs.*

Leið sést liggja upp hlíðina fyrir norðan bæ 001. Leiðin hefur legið að minjum ofar í hlíðinni og sameinaðist leið RA-199:028 að öllum líkindum. Leiðin sést skammt norðvestan við tóft 048, liggur á milli og yfir minjastaði 076, 030 og 040. Ekki er vitað hvaða leið þetta er en mögulega er þetta hluti af gamalli þjóðleið að bænum.
Leiðin liggur um mólendi og svæði sem nýtt eru til beitar. Hún sést í brekku sem hallar til suðurs.
Leiðin er mjög uppgróin og óljós á köflum svo ekki er hægt að telja ruðninga nákvæmlega en að minnsta kosti átta eru greinilegir á allt að 8-20 m breiðu svæði. Að hluta, leiðinni svo erfitt er að greina hjólför frá ruðningum. Leiðin var ekki rakin nema að hluta. Hún er greinileg á um 750 m löngum kafla en hverfur við djúpt gil til norðurs, andspænis beitarhúsum 050.
**Hættumat:** engin hætta

**RA-194:023** heimild um útihús A 450924 N 359181
Samkvæmt bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 var útihús rúma 210 m norðaustan við bæ 001 og um 20 m vestan við þúst 005.
Staðsetning sem kemur heim við staðsetningu á túnakorti er nú (2019) sléttað beitartún.
Engin ummerki útihússins sjást á yfirborði.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Bæjarteikning danskra landmælingamanna 1906

**RA-194:024** *Vallarstokkur* renna áveita A 449771 N 358635
“Engjar jarðarinnar, sem liggja austur af bænum Bollakoti, heita eftirfarandi: Teigsvöllur, eftir miðju hans er gamall áveitustokkur, sem kallaður er Vallarstokkur ...” segir í örnefnalýsingu. Vallarstokkur er enn varðveittur að hluta. Þetta er handgrafinn skurður sem var nýttur áveita. Hann er 14 m austan við malarveg inn á tún, rétt sunnan við þjóðveginn. Hann er 85 m SA við mógrafir 031 og rúmum 1 km SV við bæ 001.

Ræktuð, sléttuð tún til allra átta.
Vallarstokkur er 22 m að lengd, 5 m á breidd og liggur NA-SV. Rennan sjálf er gróin, 0,2 m á breidd og 0,5 m að dýpt. Ruðningur er til beggja átta, hvor um sig er 1-2m á breidd.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Teigur, 3



*Vallarstokkur RA-194:024, horft til suðvesturs.*

**RA-194:025_01** *Tóftarhólmi* tóft fjárskýli A 450449 N 354594
"Suður af Affallsaurunum kemur stór hólmi, oddalaga að vestanverðu. Hann heitir Tóftarhólmi," segir í örnefnalýsingu. Í annari örnefnalýsingu er hólminn nefndur Tóttarhólmi. Oddgeir í Tungu segir Tóftarhólma vera framan við Affallið. Minjasvæðið er sýnt á Herforingjaráðskorti 48 frá 1908 og þá í notkun. Þetta minjasvæði í Torfarhólma er rúmum 4,5 km sunnan við bæ 001 og 770 m ANA við Taglaborgir 062. Það samanstendur af 18 fornleifum sem skiptast í tóftir og þústir. Minjasvæðið er 130x125m að stærð og hefst lýsing á minjum úr vestri til austurs og svo frá norðri til suðurs. Minjarnar raðast í tvær raðir auk stakra tófta skammt austan þeirra. Ólíklegt er að allar minjarnar hafi verið í notkun á sama tíma.




*Uppmælingar af minjum RA-194:025 í Tóftarhólma. Samtals eru 18 fornleifar á minjastaðnum.*

Tóftarhólmi er flatlendur gróinn hólmi innan um gamla árfarvegi á aurunum sunnan við Fljótshlíð. Á hólmanum eru lyng- og grasmói auk minjasvæða 058 og 073. Á og við minjar vex grænna gras en annarstaðar á hólmanum.
Tóft 025_01 er vestasta tóftin á minjasvæðinu og snýr norður-vestur. Hún er 6,5 x 5,5m að stærð og mesta veggjahæð er 0,6 m. Tóftin er einföld með opi á vesturhlið. Veggir eru torfhlaðnir og signir að innanverðu. Tóftin er skeifulaga og miðað við staðsetningu hennar og lögun var þetta fjárskýli.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Herforingjaráðskort 1:50000 48 SA; Ö-Teigur, 4; Ö-Teigur BK, 2



*Mund tekin með dróna af tóftunum í Tóftarhólma RA-194:025. Á henni sést vel hvernig tóftirnar hafa ekki verið í notkun á sama tíma, meiri grænka er í yngri minjunum.*

**RA-194:025_02** tóft fjárskýli A 450467 N 354591

Tóft 025_02 er 13 m austan við tóft 025_01. Hún er 6,6 x 4,5m að stærð og veggir 0,5 m á hæð. Tóftin er einföld og snýr vestur-austur. Hún er sporöskjulaga og er líklega op austast í henni. Veggir eru torfhlaðnir og nokkuð signir. Aflíðandi halli er greinanlegur við austur- og norðausturhlið tóftarinnar og lítur út eins og rampur inn í tóftina. Þessi hluti var skilinn eftir, mögulega til að auðvelda inngöngu þegar torfið var skorið í veggina. Vegna hruns er innanmál tóftar illgreinanlegt. Miðað við lögun og staðsetningu er þetta fjárskýli.

**Hættumat:** engin hætta




*Tóft RA-194:025_1, horft til suðurs.*




*Tóft RA-194:025_2, horft til vesturs.*

**RA-194:025_03** tóft fjárskýli A 450465 N 354576

Tóft 025_03 er 10 m sunnan við tóft 025_02 og er egglaga. Tóftin er 11 x 9,2 m að stærð og snýr norður-suður. Veggir eru torfhlaðnir og mjög signir. Í tóftinni er eitt nokkuð skýrt hólf til suðurs og op er inn í hana að vestanverðu. Við norðausturhorn er smá innskot í torfvegginn sem virðist mynda annað hólf með opi á austurhlið. Þetta hólf hefur þó líklegast myndast af náttúrulegum völdum sökum rofs eða vegna efnistöku.

**Hættumat:** engin hætta

**RA-194:025_04** tóft fjárskýli A 450479 N 354583

Tóft fjárborgar 025_04 er 8 m norðaustan við tóft 025_03. Tóftin er hringlaga og einföld. Hún er 6,0 x 5,5m að stærð og veggir 0,4 m á hæð. Tóftin er torfhlaðin og nokkuð sigin. Ekki er augljóst hvar op var

á tóftinni en líklegast má finna þau suðaustast og norðvestast í tóftinni þar sem er rof í vegghleðslum. Innanmál tóftar er ógreinilegt og er hún mjög samansigin. Talsvert hefur hrunið úr veggjum inn í tóftina.
**Hættumat:** engin hætta



*Tóft RA-194:025_3, horft til suðurs.*



*Tóft RA-194:025_4, horft til norðausturs.*

**RA-194:025_05** tóft fjárskýli A 450474 N 354569
Tóft 025_05 er 11 m sunnan við tóft 025_04. Hún er 7 x 6,5 m stór og veggir 0,5 m á hæð. Tóftin er einföld og nánast hringlaga. Veggir eru mjög signir en þó má greina útlínur torfveggja. Ekkert op er greinilegt á yfirborði.
**Hættumat:** engin hætta



*Tóft RA-194:025_5, horft til suðurs.*



*Tóft RA-194:025_6, horft til austurs.*

**RA-194:025_06** tóft beitarhús A 450485 N 354569
Tóft 025_06 er 3-4 m austan við tóft 025_05. Tóftin er torfhlaðin, mjög sigin og vel gróin. Miðað við lag hennar er um beitarhús að ræða. Tóftin er 12 x 8,8 m á stærð, snýr NNV-SSA og veggir eru 0,5 m á hæð. Veggir á suðurhlið eru illgreinilegir. Tóftin skiptist í tvö hólf. Nyrðra hólfið er 5 x 3,4 m að innanmáli og snýr NNV-SSA. Op er á norðurhlið og líklega um fjárhús að ræða. Veggir í norðurhorni tóftar eru að hluta horfnir þar sem opið er staðsett. Mögulega er opið því stærra en það var upprunalega. Syðra hólfið er 3,3 x 2,3m að innanmáli og snýr NNV-SSA. Ekki er sýnilegt op á því og líklega um hlöðu að ræða. Greina má hrunda þekju innan hólfsins.
**Hættumat:** engin hætta

**RA-194:025_07** tóft fjárskýli A 450496 N 354564
Tóft 025_07 er 6 m suðaustan við beitarhús 025_06. Tóftin er skeifulaga, einföld með aðrekstargarði sem snýr norður-suður, upp frá austurhliðinni. Tóftin er 6,6 x 5,8m að stærð og veggir 0,3 m á hæð. Aðrekstrargarðurinn er er 4 m langur en ástand eins og tóftarinnar. Veggirnir eru torfhlaðnir og hleðslur

eru mjög signar. Op er greinilegt við norðurenda tóftar, vestan við garðinn.
**Hættumat:** engin hætta



*Tóft RA-194:025_7, horft til suðurs.*



*Tóft RA-194:025_8, horft til suðurs.*

**RA-194:025_08** tóft fjárskýli A 450499 N 354583

Tóft 025_08 er 14 m austan við tóft 025_04. Tóftin er 6 x 4,7 m að stærð, veggir 0,5 m á hæð og eru torfhlaðnir. Hún snýr vestur-austur og er nokkuð hringlaga. Vegghleðslur eru mjög hrundar og allar útlínur mjög illgreinilegar. Það mótar fyrir innanmáli hólfs í miðju tóftar og hruni bæði innan í og fyrir utan tóftina.
**Hættumat:** engin hætta

**RA-194:025_09** tóft fjárskýli A 450515 N 354579

Tóft 025_09 er 12,5 m ASA við tóft 025_08 og er nokkuð hringlaga. Tóftin er 7 x 6m á stærð og veggir 0,3 m á hæð. Hleðslurnar eru mjög illgreinanlegar en það glittir í innanmál tóftar í henni miðri. Tóftin er torfhlaðin og mjög sigin.
**Hættumat:** engin hætta



*Tóft RA-194:025_9, horft til suðurs.*



*Tóft RA-194:025_10, horft til norðausturs.*

**RA-194:025_10** tóft beitarhús A 450511 N 354566

Tóft af beitarhúsi 025_10 er 5 m sunnan við fjárskýli 025_09. Tóftin er tvískipt, snýr norður-suður og er 10,5 x 7,7 m að stærð. Veggirnir eru úr torfi og hæstir eru þeir 0,3 m. Innri skipan tóftarinnar er nokkuð ógreinileg og ummerki eru um hrun. Nyrðra hólfið er 4,2 x 3,2m að innanmáli, illgreinilegt og ekki sést op inn í það en mögulegt er að það hafi verið á vesturhlið. Syðra hólfið er 3,5 x 2 að innanmáli, snýr vestur-austur og op er á miðri vesturhlið.
**Hættumat:** engin hætta

**RA-194:025_11** tóft beitarhús A 450535 N 354558

Tóft beitarhúsa 025_11 er 11 m austan við tóft 025_10. Tóftin er 12,5 x 12,2 m að stærð, snýr norður-suður og skiptist í tvö greinileg hólf en að auki er eitt hólf byggt utan við hana að vestanverðu. Tóftin er hlaðin úr torfi og grjóti og eru veggir 0,2 m á hæð. Ekki er hægt að sjá fjölda umfara í hleðslum en þær eru nokkuð signar og grasigrónar. Mikill og grænn grasgróður er í tóftinni og virðist hún fremur ung af gróðri að dæma. Áfasta hólfið að vestan er 4,5x3,1 m að innanmáli og opið til norðurs. Nyrðra hólfið innan tóftarinnar er nokkuð óskýrt en þar virðist vera eitt hólf með garða í miðjunni. Hólfið er 5,6 x 4,7m að innanmáli og eru tveir garðar þar, báðir um 0,2 m á hæð. Syðra hólfið er líklega hlaða. Það er 4 x 2,5m að stærð og veggir 0,2m á hæð. Það snýr vestur-austur og engin greinanleg op má finna í allri tóftinni.

**Hættumat:** engin hætta




*Tóft RA-194:025_11, horft til norðurs.*




*Tóft RA-194:025_12, horft til suðurs.*

**RA-194:025_12** tóft beitarhús A 450547 N 354577

Tóft 025_12 er 11m norðaustan við beitarhúsatóft 025_11. Tóftin er 9,4x6,9m að stærð og snýr austur-vestur. Tóftin er torfhlaðin og eru vegghleðslur 0,5m á hæð. Greina má ummerki um hrunda þekju yfir tóftinni en hún er greinilegust suðausturhorni, hrun er greinilegt bæði að innan og utan. Tóftin er nokkuð sigin og illgreinanleg en skiptist í tvö hólf. Vestara hólfið er 3,1x1,9m að innanmáli og snýr norður-suður. Eystra hólfið er 3,5x1,2m að innanmáli og snýr norður-suður. Ekki sjást op inn í hólfin né er opið á milli þeirra.

**Hættumat:** engin hætta

**RA-194:025_13** tóft fjárskýli A 450562 N 354576

Tóft 025_13 er 7m austan við tóft 025_12. Tóftin er nánast hringlaga, er 8,8x7,5 m að stærð og snýr vestur-austur. Tóftin er torfhlaðin og er hæð veggja 0,3m. Mögulega glittir í grjóthleðslu í þeim en það er mjög óskýrt. Veggir eru mjög signir og ekki sést móta fyrir innanmáli.

**Hættumat:** engin hætta




*Tóft RA-194:025_13, horft til norðausturs.*




*Tóft RA-194:025_14, horft til norðausturs.*

**RA-194:025_14** tóft fjárskýli A 450551 N 354556

Tóft 025_14 er 9,5m austan við tóft 025_11. Tóftin er 7x6m á stærð og veggir 0,2m á hæð. Hún er sporöskjulaga og snýr vestur-austur. Tóftin er torfhlaðin og mjög sigin. Óljóst má greina útlínur suðurveggjar en ekki sést móta fyrir innanmáli.

**Hættumat:** engin hætta

**RA-194:025_15** tóft fjárskýli A 450532 N 354512

Tóft 025_15 er 36m sunnan við fjárhústóft 025_11. Tóftin er 9x8m að stærð og veggir 0,4m á hæð. Tóftin er sporöskjulaga, snýr vestur-austur með eitt greinilegt hólf í vesturenda. Hólfið er 2,3x1,6m á stærð. Tóftin er torfhlaðin og eru útlínur nokkuð óljósar. Líklega var þetta fjárborg miðað við lögun og staðsetningu.

**Hættumat:** engin hætta




*Tóft RA-194:025_15, horft til norðausturs.*




*Tóft RA-194:015_16, horft til austurs.*

**RA-194:025_16** þúst fjárskýli A 450545 N 354491

Þúst 025_16 er 17m SSA við tóft 025_15. Þústin er hringlaga og ekki sjást nein ummerki um innanmál. Hún er 7,2x6,8m á stærð og 0,4m á hæð. Þústin er torfhlaðin og mjög sigin. Miðað við lögun og staðsetningu hefur þetta verið fjárskýli.

**Hættumat:** engin hætta

**RA-194:025_17** tóft fjárskýli A 450556 N 354503

Tóft 025_17 er 9m norðaustan við þúst 025_16. Tóftin er sporöskjulaga og snýr norðaustur-suðvestur. Hún er 7,6x7,6m að stærð og veggir 0,2m á hæð. Tóftin er torfhlaðin, mjög sigin og ummerki um hrunda þekju má greina inn í henni.Greina má eitt hólf í tóftinni og er það skeifulaga. Innanmál þess er 3,8x1,6m og það snýr vestur-austur.

**Hættumat:** engin hætta




*Tóft RA-194:025_17, horft til norðausturs.*




*Tóft RA-194:025_18, horft til austurs.*

**RA-194:025_18** tóft beitarhús A 450556 N 354480

Tóft 025_18 er 15m sunnan við tóft 025_17. Tóftin er einföld og snýr NV-SA. Hún er 14x7m á stærð og veggir 0,3m á hæð. Tóftin er gerð úr torfi, sigin til norðvesturs en hækkar til suðausturs þar sem hún er uppi á lágum hól. Tóftin er löng og mjó með ílöngu hólfi í miðju. Op er greinilegt í norðvesturenda en þar virðist vanta vegghleðslur. Það gæti bent til þess að þar hafi áður staðið timburþil sem nú er farið. Miðað við lögun og staðsetningu var þetta líklegast beitarhús.

**Hættumat:** engin hætta

**RA-194:026** *Kiðhús* bæjarstæði bústaður A 450624 N 358992

“Suðvestur af bænum [vestur-Teigi], niður með Finnshúsakeldu, eru svokölluð Kiðhús. Þetta er smáspilda, sem hallar til vesturs.” segir í örnefnalýsingu. “Niður af Austurbænum er talið að verið hafi býli, og heitir þar Kiðtún.” segir í örnefnalýsingu. Þar stendur nú íbúðarhúsið í Teigi II, um 170 m suðvestan við bæ 001.

Engar minjar þessa býlis sjást nú en þar hefur verið byggt íbúðarhús, Teigur II, og túnin í kring verið sléttuð.

**Hættumat:** hætta, vegna byggingar

**Heimildir:** Ö-Teigur, 4; Ö-Teigur BK, 1

**RA-194:027_01** *Kvíhólmi* þúst kvíar A 450682 N-359365

“Norðast í túni eru tveir hólmar, sem afmarkast af Finnshúsakeldu að vestan og keldu að sunnan (ekki skírðri). Þeir heita einu nafni Kvíhólmi.” segir í örnefnalýsingu. Kvíhólmi er 230 m norðvestan við bæ 001 og 320 m norðvestan við tóft 004. Þar er þúst og vallargarður á svæði sem er 32x23 m að stærð.

Kvíhólmi er nú (2019) hluti af sléttuðu beitartúni.

Kvíhólmi er greinilegur sem hæð í sléttuðu túninu en í nágrenni hans eru nokkrar lágar hæðir sem ekki eru á augljós mannaverk. Á hólnum er illgreinileg þúst sem er um 0,2 m hærri en umhverfi sitt, 9,6x5,1 m að stærð og snýr norðvestur-norðaustur.




*Uppmælingar af minjum RA-194:027.*



*Þúst RA-194:027_1, horft til vesturs.*



*Túngarður RA-194:027_2, horft til norðurs.*

Hún er vel gróin grasi svo hún fellur vel inn í umhverfi sitt.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Teigur, 4; Túnakort 1919

**RA-194:027_02** garðlag túngarður A 450701 N 359343
Á túnakorti frá 1919 sést gamall túngarður liggja eftir vesturbrún Kvíahólma. Hann er horfinn en túngarður afmarkar hringlaga svæði sunnan við þúst 027_01. Lítill garður sést til vesturs frá þústinni og sameinaðist að öllum líkindum garðinum sem er sýndur á túnakotinu. Túngarðurinn er 0.2 m á hæð, 2 m á breidd og nánast útflattur. Hann afmarkar svæði sem er 29x29 m að stærð, norðurveggurinn er beinn (austur-vestur) en aðrar hliðar bogadregnar.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**RA-194:028** *Búasteinn* álagablettur A 450734 N 359040



*Búasteinn RA-194:018, horft til suðurs.*

"Í gili, sem er í túni Austurbæjar, er klettur, sem heitir Búasteinn. Var sú trú á honum, að ekki mætti hreyfa hann eða umhverfi hans." segir í örnefnalýsingu. Heimildamaður kannaðist ekki við sagnir af steini en taldi að steinn sem er 95 m suðaustan við bæ 001 og um 310 m suðvestan við tóft 004, sé sá eini sem komi til greina.
Steinninn er í grasivöxnu lækjargili, vestan læksins.
Ekki er að sjá nein mannaverk á steininum en er hann um 1,5 m að hæð og sker sig vel úr umhverfi sínu, enda eina stórgrýtið í gilinu.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Teigur BK, 1

**RA-194:029** heimild um vatnsból A 450723 N 358989
"Austurbærinn í Teigi stendur á vestri bakka smá gils, sem er venjulega kallað Lækur, þangað var sótt neysluvatn áður en vatnslögn kom í bæinn." segir í örnefnalýsingu. Lækur er 145 m sunnan við bæ 001 og 270 m suðvestan við tóft 004.
Lækur er grasivaxið gil bæjarlækjarins á Teigi.
Ekki er augljóst hvar vatnsbólið hefur verið en í læknum eru nokkrir hylir, 1 m að þvermáli eða minni, þar sem hægt hefur verið að sækja vatn. Auk þess hafa á nokkrum stöðum verið byggðar litlar stíflur sem gætu hafa átt að stækka vatnsbólið.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Teigur, 1

**RA-194:030_01** tóft fjárskýli A 451287 N 359901
Nokkar minjaþyrpingar, sjá t.d. 049, 076 og 016, eru í hlíðinni fyrir ofan bæinn. Ein þeirra er um 960m NA við bæ 001 og um 80m suðvestan við tófir 040. Tóftirnar eru í brekku á milli landamerkja Butru til vesturs og Heylækjar til austurs, norðan við girðingu sem skilur á milli úthaga og túna. Hlið í gegnum girðinguna er að finna rétt sunnan við tóftinar en vegslóði liggur þar upp brekkuna. Þrjár tóftir og garðlag eru á 25x21m stóru svæði, allt fjárskýli auk aðrekstrargarðs.
Grasivaxin heiði nýtt til beitar er að norðan og beitartún til suðurs.
Tóft 030_01 er syðst. Hún snýr norðvestur-suðaustur, er 10,8x6,8m að stærð og veggir 0,4m á hæð. Tóftin er einföld og torfhlaðin. Ekkert op er greinilegt á yfirborði en vegghleðslur eru mjög signar og grasi vaxnar. Mögulega gæti það hafa verið í norðurhluta en það er mjög óljóst. Miðað við stærð og lögun voru þetta líklega fjárskýli.
**Hættumat:** engin hætta

**RA-194:030_02** tóft fjárskýli A 451295 N 359914

Tóft 030_02 er 8m norðan við tóft 030_01. Hún er einföld, er 7,7x7m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Ekki er greinilegt op á tóftinni sem er hlaðin úr torfi og eru veggir hennar 0,5m á hæð. Líklega var þetta fjárborg miðað við lögun og staðsetningu.

**Hættumat:** engin hætta



*Uppmæling af minjum RA-194:030.*



*Tóft RA-194:030_1, horft til austurs.*



*Tóft RA-194:030_2, horft til norðvesturs.*

**RA-194:030_03** tóft fjárskýli A 451284 N 359917

Tóft 030_03 er 5m vestan við tóft 030_02. Hún er einföld og snýr norðaustur-suðvestur. Tóftin er 7,5x5,3m á stærð og veggir 0,2m á hæð. Innanmálið 2,7x2,8m og op er greinilegt í suðvesturenda. Tóftin er torfhlaðin og mjög sigin en útlínur eru þó greinilegar. Miðað við lögun og staðsetningu var þetta fjárskýli.

**Hættumat:** engin hætta



*Tóft RA-194:030_3, horft til norðausturs.*

**RA-194:030_04** hleðsla vörslugarður

A 451291 N 359917

Milli tófta 030_02 og 030_03 er hlaðinn garður. Hann er 5m að lengd og 0,2m á hæð. Garðurinn liggur í VNV-ASA, milli tóftanna og líkast til nýttur til að auðvelda aðrekstur.

**Hættumat:** engin hætta

**RA-194:031** *Grafir* heimild um mógrafir A 449697 N 358679
“Umhverfis Búastaði [016] er svokölluð Búastaðaskák. Vestur og norður af henni eru Tangarnir, þeir náður vestur og norður að Grjótá. Sunnan við Tangana eru fornar mógrafir, kallaðar Grafir.” segir í örnefnaskrá. Samkvæmt Jens Jóhannssyni, heimildamanni, hafa grafirnar verið fylltar og sléttað yfir þær. Grafirnirnar voru um 1,1 km suðvestan við bæ 001 og 60 m vestan við malarveg sem liggur af núverandi (2019) þjóðvegi og suður á Aurana.
Grafir eru nú hluti af sléttuðu túni.
Ekki sést til mógrafa í landslaginu en þær hafa verið fylltar og svo sléttað yfir.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Teigur austurbær, 1

**RA-194:032** heimild um mógrafir A 450671 N 358647
“Neðan þjóðvegar, austan heimreiðar að Smáratúni, er slægjuland, sem kallast Mýri, hún hefur nú verið þurrkuð með skurðum. Austur af henni, upp við þjóðveginn og austur að Elftingarlæk er Móbungur og Mógrafir eru syðst og austast í honum við lækinn.” segir í örnefnalýsingu. Móbungur eru 490m sunnan við bæ 001 og 125m ANA við núverandi afleggjara af þjóðvegi að Teigi.
Nú (2019) er það svæði sem kemur heim við örnefnalýsingu hluti af sléttuðu túni.
Ekki er að sjá mógrafir á því svæði sem kemur heim við örnefnalýsingu en líklegt er að þær hafi verið fylltar og sléttað yfir, líkt og við Grafir 031.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Teigur vesturbær, 1

**RA-194:033** *Eystra-Stekkatún* örnefni stekkur
“Niður af Móbug [sjá 032] er Eystra-Stekkatún, norðast í því er slétt flöt, sem heitir Hofmannsflöt [018] ... ,” segir í örnefnalýsingu. Eystra-Stekkatún er sunnan við Fljótshlíðarveg (261) og 750 m sunnan við bæ 001.
Eystra-Stekkatún er á flatlendi og er þar tún í rækt.
Ekki er vitað með vissu hvar stekkurinn var sem Eystra-Stekkatún dregur nafn sitt af. Ekki fundust ummerki um stekk á yfirborði eða vísbendingar um nákvæma staðsetningu. Ætla má að leifar af stekknum hafi verið sléttaðar í tún. Ekki reyndist unnt að staðstja minjastaðinn með innan við 50 m skekkju.
**Hættumat:** hætta, vegna jarðræktar
**Heimildir:** Ö-Teigur vesturbær, 1

**RA-194:034** *Vestra-Stekkatún* örnefni stekkur
“Niður af Móbug [sjá 032] er Eystra-Stekkatún [033], norðast í því er slétt flöt, sem heitir Hofmannsflöt [018] ... Vestur af Eystra-Stekkatúni er Vestra-Stekkatún, og nær það að heimreið að Smáratúni, þar stóðu áður fjárhús frá Teigi I, þeirra sér nú engin merki,” segir í örnefnalýsingu. Vestara-Stekkatún er tæpum 800 m suðvestan við bæ 001, þar er ræktað tún vestan vegar að Smáratúni.
Vestra-Stekkatún er á flatlendi og er þar tún í rækt.
Ekki er vitað með vissu hvar stekkurinn hefur verið sem Vestra-Stekkatún dregur nafn sitt af og fundust engin ummerki um stekk á yfirborði eða vísbendingar um nákvæma staðsetningu. Ætla má að leifar af stekknum hafi verið sléttaðar í tún.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Teigur vesturbær, 1

**RA-194:035** heimild um fjárhús
“Niður af Móbug [sjá 032] er Eystra-Stekkatún [033], norðast í því er slétt flöt, sem heitir Hofmannsflöt [018] ... Vestur af Eystra-Stekkatúni er Vestra-Stekkatún [034], og nær það að heimreið að Smáratúni, þar stóðu áður fjárhús frá Teigi I, þeirra sér nú engin merki,” segir í örnefnalýsingu. Fjárhúsin voru í

Eystra-Stekkatúni, þar er nú ræktað tún um 800 m suðvestan við bæ 001.
Fjárhúsin stóðu á flatlendi og er þar nú tún í rækt.
Fjárhús stóðu einhverstaðar í túninu, ekki er vitað hvar en líklegast á sama stað og stekkur 034. Engin ummerki sjást heldur um stekkinn og nákvæm staðsetning hans er ekki þekkt. Fjárhúsin hafa líklegast horfið þegar túnið var sléttað.
**Hættumat:** hætta, vegna jarðræktar
**Heimildir:** Ö-Teigur vesturbær, 1

**RA-194:036** *Ekra* örnefni akur
„Ekrur eru nefndar á fleiri bæjum: [...] Heylæk hjá Teigi [...]". Jens Jóhannsson, heimildamaður, þekkti ekki til þessa örnefnis og því var ekki unnt að staðsetja það.
**Heimildir:** PS: "Um forn örnefni" StSÍ II, 533

**RA-194:037** heimild um kálgarð A 450693 N 359107
Samkvæmt túnakorti frá 1919 og bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 var kálgarður 20-30m vestan við bæ 001. Kálgarðurinn myndaði L og var sunnan og vestan við vesturbæ Teigs. Afleggjari af heimreið Teigs liggur nú þar sem norðurhlið kálgarðsins var staðsett. Girðing liggur á mörkum túns og vegar. Þrjú útihús voru staðsett við innanvert hornið inn í kálgarðinum en ekki skráð sérstaklega.
Þar sem kálgarðurinn og sambyggð mannvirki innan hans voru, er nú sléttað tún sem enn er í rækt og er í aflíðandi halla til suðurs. Bæjarhóll stendur fast við norður- og austurhlið kálgarðsins og stendur þar nú þinghús byggt 1896. Það sést einnig á bæjarteikningunni sem og túnakorti.
Engin ummerki sjást um kálgarðinn og hefur hann horfið vegna túnasléttunar.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1919; Bæjarteikning danskra landmælingamanna 1906

**RA-194:038** heimild um kálgarð A 450714 N 359066
Samkvæmt túnakorti frá 1919 og bæjarteikningu danskra landmælingamanna fá 1906 var kálgarður 70-90m sunnan við bæ 001. Kálgarðurinn var upp við suðurhlið fjós og hlöðu 039, austan við traðir 060. Gamla heimreiðin að bænum greinist litlu ofar og norðan við núverandi íbúðarhús á Teigi 1 í tvennt og þar er grasi gróin tunga þar sem kálgarðurinn var. Kirkjugarður 002 er norðan við tunguna.
Tungan sem kálgarðurinn var á er vaxin grasi og öðrum gróðri, í halla mót suðri. Malarvegur liggur vestan og austan við tunguna og bæjarlækurinn rennur þar austan við.
Samkvæmt túnakorti voru útihús í norðvestur- og norðausturhornum kálgarðsins sem ekki voru skráð sérstaklega. Engin ummerki sjást um kálgarðinn og hefur hann horfið vegna túnasléttunar.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1919, Bæjarteikning danskra landmælingamanna 1906

**RA-194:039** tóft fjós A 450724 N 359095
Samkvæmt túnakorti frá 1919 voru tvö sambyggð útihús 40-50m sunnan við bæ 001, við suðurhlið kirkjugarðs 002. Samkvæmt bæjarteikningu frá 1906 stóðu þrjú útihús sama stað. Samkvæmt Jens Jóhannssyni bónda á Teigi 1 stóð þarna fjós með sambyggðri hlöðu. Lítið er eftir af tóftinni en greina mátti tvö veggjabrot á vettvangi.
Tóftin er á óræktarsvæði sem er grasi vaxið. Tóftin er innan athafnasvæði ábúenda sem m.a. er nýtt til geymslu tækja.
Samkvæmt túnakorti frá 1919 var fjósið með hlöðunni 20x10m að stærð og mælingar á veggbrotum virðast staðfesta það. Tóftin snýr norður-suður og skiptis í tvö hólf, syðra hólfið var hlaða og í nyrðra hólfinu var fjós. Samkvæmt túnakorti frá 1919 var innanmál fjóssins 6x10 og innanmál hlöðunnar var 8x6m að stærð. Vegghleðslur eru steyptar og sjá má járnbita inn á milli veggbrota. Veggir tóftarinnar eru mest 0,4m á hæð og víðast aðeins 0,2m. Leifar af steyptum grunni má sjá þar sem fjósið stóð. Norðausturhorn hlöðunnar er enn mjög greinilegt og skagar farm í lækjargil til austurs. Ekki er hægt



*Grunnur fjóss RA-194:039, horft til austurs.*

að greina op inn í tóftina eða á milli hólfa en samkvæmt túnakorti frá 1919 voru op á vesturhlið bæði inn í fjós og hlöðu. Samkvæmt Jens var fjósið og hlaðan stækkuð eftir að 1919 en hann var ekki viss hvenær nákvæmlega það gerðist. Hann vissi að hætt var við framkvæmdir þegar óvart var grafið inn í kirkjugarðinn og mannabein komu í ljós. Mikið rask hefur átt sér stað á svæðinu og eru greinileg ummerki um að húsið hafi verið rifið og að hluta rutt út í lækjargil til austurs.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1919; Bæjarteikning danskra landmælingamanna 1906

**RA-194:040_01** tóft fjárskýli A 451361 N 359967

Tvær tóftir eru rúmum 100 m suðaustan við tóftir 016 og rúmum 1 km NNA við bæ 001. Sé tekið mið af lagi og staðsetningu eru þetta fjárskýli. Tóftirnar eru á svæði sem er 21x9 m og snýr norðaustur-suðvestur.

Grasivaxin heiði sem nýtt er til beitar.

Tóft 040_01 er suðvestar. Hún er hringlaga og 6 m í þvermál. Veggirnir eru hæstir til vesturs, 0,9m, en annars eru þeir um 0,3m á hæð. Ekkert op sést á yfirborði en innanmál tóftarinnar er 2,2 m. Ummerki um efnistöku sjást umhverfis tóftina og efni við gerð hennar tekið þar.

**Hættumat:** engin hætta




*Uppmælingar af tóftum RA-194:040.*

**RA-194:040_02** þúst heystæði A 451370 N 359977

Þúst 040_02 er 6,5m norðaustan við tóft 040_01. Hún er 6,5 x 6 m að stærð og snýr ASA-VNV. Þústin er 0,4 m á hæð og algróin. Ekkert op sést á yfirborði né mótar fyrir hólfi. Efnistaka sést við þústina til norðvesturs. Sé tekið mið af lagi og gerð er þetta heystæði.

**Hættumat:** engin hætta



*Tóft RA-194:040_1, horft til suðurs.*



*Tóft RA-194:040_2, horft til norðurs.*

**RA-194:041_01** garðlag túngarður A 450938 N 359168

Samkvæmt bæjarteikningu frá 1906 og túnakorti frá 1919 var túngarður um 230 m norðan við bæ 001 og afmarkaði norðhlið túnsins. Þrír hlutar túngarðsins sjást nú (2019) á svæði sem er 190x50m og snýr NNA-SSV. Syðsti hlutinn er tæpum 230m ANA við bæ 001 og 0,5m austan við tóft 004. Þetta er hluti af vörslugarði sem var hlaðinn eftir endilangri Fljótshlíðinni árið 1906.



*Túngarður RA-194:041_1, horft til vesturs.*

Túngarðurinn liggur meðfram gilsbakka á austurmörkum Teigs við Heylæk. Vestan þess er sléttað tún. Hann sveigir til vesturs ofan við svokallað Gerði 046 og nær að gili á merkjum við Butru.

Hluti 1 er syðstur, sést á 14,4 m löngum kafla og liggur norðaustur-suðvestur. Til norðurs hverfur hann í gil en til suðurs í túnasléttun. Hann er hæstur um 1 m, 2,5 m á breidd og hlaðinn úr torfi og grjóti. Það má greina allt að 3 umfjör grjóts, en hann er þó vel gróin grasi. Hluti 2 er tæpum 60 m norðaustar en án efa framhald af hluta 1. Hann er um 50x2 m að stærð og liggur á flötu svæði. Hann er raskaður til beggja vegna girðingar sem fast austar. Hluti 3 er 90 m norðar. Hann sést í brekku, beggja vegna við lítinn læk. Túngarðurinn er 22x2 m að stærð, snýr VNV-ASA og algróinn. Hann er rofinn við lækinn.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Bæjarteikning danskra landmælingamanna 1906: Túnakort 1919

**RA-194:041_02** heimild túngarður A 450800 N 359248

Forn túngarður er sýndur á túnakorti frá 1919, sunnan við tún 027_02 og tún 009. Hann var sunnan við lækjarfarveg sem enn er varðveittur og afmarkaði alla hlið túnsins. Hann er horfin af yfirborði og engin ummerki hans eru varðveitt. Þessi túngarður er líkast eldri en túngarður 041_02 og mögulega samtíða túnunum sem þar voru til norðurs, þ.e. áður en þau sameinuð líkt og sést á bæjarteikningu danskra landmælingamanna.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**RA-194:042** hús þingstaður A 450687 N 359137

Þinghúsið stendur enn undir þaki á bæjarhól 001, eitt eftirstandandi húsa á hólnum. Það er vestarlega á hólnum og sýnt á bæði bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og túnakorti frá 1919.



*Þinghús RA-194:042, horft til norðurs.*

Þinghúsið stendur í sléttuðu túni en næst húsinu er grasið mjög upptætt af ágangi fjár, svo myndast hefur moldarflag vestan þess.

Húsið stendur enn undir þaki. Það var upprunalega byggt 1894 og byggt við það nokkrum áratugum seinna. Húsið er nú (2019) bárujárnsklætt, málað hvítt með rauðum gluggum, hurðum og þaki. Það er nýtt, að hluta til, sem fjárhús og geymsla. Undir viðbyggingu er steinsteyptur grunnur en undir eldri hlutanum virðist grunnurinn vera hlaðinn. Má því greina nokkuð vel hvaða hlutar hússins eru eldri en aðrir. Húsið er 7,1 x 6,2 m að utanmáli og snýr norður-suður.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1919: Bæjarteikning danskra landmælingamanna 1906

**RA-194:043** heimild um útihús A 450627 N 358938
Samkvæmt túnakorti Butru RA-199 og bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 var útihús skammt sunnan við heimatún Teigs. Þessi staðsetning kemur heim við svæði nyrst í túni 50 m sunnan við íbúðarhús Teigs II og 210 m suðaustan við bæ 001. Ekki er ljóst af hverju þetta hús er á túnakorti Butru, mögulega var það nýtt frá þeim bæ.
Svæðið sem kemur heim við túnakort er nú (2019) sléttað tún vestan við skurð og veg að Teig og nýtt sem geymslusvæði.
Ekki sést til útihússins á yfirborði vegna túnasléttunar.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort Butru 1919; Bæjarteikning danskra landmælingamanna 1906

**RA-194:044** heimild um útihús A 450631 N 359331
Samkvæmt túnakorti Butru RA-199 og bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 var útihús um 190 m norðvestan við bæ 001 og rúmum 60 m suðvestan við Kvíhólma 027. Ekki er ljóst af hverju þetta hús er á túnakorti Butru, mögulega var það nýtt frá þeim bæ.
Lækjargil liggur á mörkum Teigs og Butru og virðist lækurinn hafa brotið bakka sína. Vestan við gilið í landi Teigs eru sléttuð tún.
Ekki sést til útihússins á yfirborði vegna túnasléttunar.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Túnakort Butru 1919; Bæjarteikning danskra landmælingamanna 1906

**RA-194:045** heimild um leið A 450755 N 359133
Samkvæmt túnakorti frá 1919 lá grjótlögð leið milli bæjar 001 og myllu 014.
Þar sem leiðin lá er nú fremur brött og grasivaxin brekka að bæjarlæknum.
Ekki sést til þessarar leiðar nú (2019), en ekki er vitað hvenær eða hvers vegna hún hefur horfið.
**Hættumat:** engin hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1919

**RA-194:046** *Gerði* tóft útihús A 450799 N 359388
"Norður af gömlu bæjartóftunum í Teigi er hóll, sem Kálfhóll heitir, þar norður af túnspilda, þríhyrningslöguð, sem Gerði heitir." segir í örnefnaskrá. Leifar af tóft fundust 260m NNV við bæ 001 og um 90 m norðan við túngarð 009, norðvestarlega í túninu Gerði. Tóftin er 25m austan við malarveg sem liggur norðan við bæ 001. Útlínur tóftarinnar eru sýndar óskýrar á túnakorti frá 1919 og hefur þá þegar verið forn.
Tóftin er í túni sem liggur milli malarvegs vestan megin og ræktaðs túns austan megin. Ræktað tún er einnig til norðurs en til suðurs er malarplan þar sem heyrúllur eru geymdar.



*Tóft RA-194:046, horft til austurs.*



*Uppmæling af tóft RA-194:046.*

Tóftin er einföld, 8x6m að stærð og snýr norður-suður. Hún er torfhlaðin og mesta hleðsluhæð er 0,4 m. Vesturhliðin er horfin líklega af völdum rasks. Hleðslur eru mjög signar og óljósar.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Teigur, 2; Túnakort 1919

**RA-194:047** *Skellir* hellir útihús A 450813 N 358949

Hellir er tæpum 90m austan við vatnsból 029 og 235m suðaustan við bæ 001. Hellirinn er í móbergsklettum, á vesturbakka lækjar sem kallast Skellir. Jens Jóhannson bóndi á Teigi 1 vissi um hellinn en man ekki eftir honum í notkun né mannvirkjum í honum.
Hellirinn er staðsettur í gróinni brekku, í grófum jökulruðningi.
Hellirinn er hvelfdur að innan með nokkuð sléttu gólfi. Hann er opinn til austurs og er opið um 1m á breidd og eins á hæð. Ofan við opið er beinn kantur, líklega manngerður. Að innan er hellirinn bogalaga með hringlóttan gólfflöt. Flatarmál hellisins er 3x2m og hæð að innan um 1.5m. Engin greinileg ummerki um mannvist er að finna inn í hellinum en sé tekið mið af staðsetningu og stærð var hann líklega nýttur sem útihús.



*Skellir RA-194:047, horft til vesturs.*

**Hættumat:** engin hætta

**RA-194:048** tóft heystæði A 451171 N 359614

Tóft er 670 m norðaustan við bæ 001 og 30 m vestan við læk sem er á merkjum Heylækjar og Teigs. Skammt fyrir neðan/sunnan tóftina er vélgrafinn skurður og sunnan við hann er ræktað svæði. Sé tekið mið af staðsetningu og lagi tóftarinnar er líklega um heystæði að ræða.
Tóftin er í aflíðandi brekku til suðurs og er þar þýft og grasi vaxið.



*Tóft RA-194:048, horft til norðurs.*




*Uppmæling af tóft RA-194:048.*

Tóftin er 5,5x5,5 m að stærð og er torfhlaðin. Ekki sést skýrt innanmál í tóftinni og ekki mótar heldur fyrir opi inn í hana. Ekkert grjót er sjáanlegt og hæð veggja er frá 0,4-0,9 m. Innri brún austurveggjar sést einna best og er 0,3 m á hæð.
**Hættumat:** engin hætta

**RA-194:049_01** tóftir fjárhús A 451147 N 359853

Þrjár tóftir og ein þúst eru um 840m norðvestan við bæ 001 og 130m suðvestan við tóftir 030. Fornleifarnar



*Uppmælingar af minjum RA-194:049.*

eru á svæði sem er 38 x 24 m að stærð og snýr norður-suður. Hér er verið að lýsa tóft 049_01 sem var fjárhús og er austast innan svæðisins.
Tóftirnar eru innan grasi- og mosavaxins túns sem nýtt er til beitar.
Tóft 049_01 er 18,8 x 13,8m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Þrjú hólf eru innan hennar, tvö sunnan til og eitt norðan til. Nyrsta hólfið er 5,3 x 2,2 m að stærð, snýr líkt og tóftin og er niðurgrafið um 1 m. Má þar sjá grjót í hleðslu, mest 4 umför. Þetta var hlaða. Syðri hólfin eru bæði opin til suðurs og er líklegt að þar hafi verið viðarþil. Hið vestara er 9,3 x 6,5 m að stærð, en hið eystra er 8,3 x 1,9 m að stærð. Bæði snúa þau líkt og tóftin. Veggir eru hæstir um 0,3 m en tóftin er mjög sigin og illa farin af ágangi hrossa.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar


*Tóft RA-194:049_1, horft til suðurs.*


*Tóft RA-194:049_2, horft til austurs.*

**RA-194:049_02** tóft fjárhús A 451146 N 359867
Tóft 049_02 er norðvestust á svæðinu, 3 m norðan við tóft 049_01. Hún er einföld, gróflega ferhyrnd, 7,4 x 5,3m að stærð. Tóftin snýr norðaustur-suðvestur. Veggir eru vel grónir grasi og mosa, hæstir um 0,7m. Op er til norðvesturs í vesturhorni tóftarinnar sem var fjárhús.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**RA-194:049_03** tóft fjárhús A 451135 N 359859
Tóft 049_03 er 4m vestan við tóft 049_01. Hún er einföld, 6,5x5,5m stór og snýr norðaustur-suðvestur. Veggir hennar eru nokkuð misjafnir og suðurveggur er einna stæðilegastur, hann er hæstur um 0,7m en aðrir veggir eru hæstir um 0,4m. Tóftin er vel gróin grasi en op er á henni til suðvesturs.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**RA-194:049_04** þúst heystæði A 451129 N 359843
Þúst 049_04 er syðst á svæðinu, 9 m suðvestan við tóft 049_01. Hún er sporöskjulaga, 5,9 x 4,1 m að stærð og er um 0,3 m hærri en umhverfi sitt. Hún en er ofan á litlum hól sem gerir erfitt fyrir að skilja

nákvæmlega á milli hóls og þústar. Saman eru hóllinn og þústin um 0,5 m hærri en umhverfi sitt og skera sig vel úr vegna hæðar. Líklega var þetta heystæði.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar



*Tóft RA-194:049_3, horft til SSA,*



*Þúst RA-194:049_4, horft til vesturs.*

**RA-194:050** tóft beitarhús A 451714 N 360285
Tóft er norðan í gili um 1,5 km norðaustan við bæ 001 og 380m sunnan við tóft 055. Sé tekið mið af staðsetningu hennar er um beitarhús að ræða.
Tóftin er ofarlega í grasivaxinni hlíð djúps lækjargils. Norðan og ofan við tóftina tekur við mói.



*Tóft RA-194:050, horft til vesturs.*




*Uppmæling af tóft RA-194:050.*

Tóftin er grafin inn í hlíðina til norðurs sem myndar útvegginn þar. Tóftin er einföld, 12,5 x 5,7 m að utanmáli og snýr norður-suður. Hrunið hefur úr norðurvegg inn í tóftina. Austur- og vesturveggur eru grjóthlaðnir og sjást mest 2 umför grjóts þar. Suðurveggur er jafnhár yfirborði innan tóftarinnar en má sjá að hann hefur verið hlaðinn upp að utan. Hugsanlega hefur þar verið viðarþil fyrir opi. Austur- og vesturveggir eru hæstir um 1 m en norðurveggur er niðurgrafinn um 2 m.
**Hættumat:** engin hætta

**RA-194:051_01** tóft beitarhús A 451296 N 360394
"Niður af þeim [Brúnum] er Breiðatorfa. Lækur rennur austanvið Breiðutorfu, sem Selhólslækur heitir og á upptök sín í Klettaflatamýri. ...Niður af Breiðutorfu Selhólar og niður af þeim Stekkatún, sem er Vallendismói," segir í örnefnalýsingu Butru. Þrjár tóftir eru saman uppi í heiði, 1,4 km NNA við bæ 001 og 130m ASA við stekkjartóft 052. Tóftirnar eru í grónum hvammi á norðvesturbakka lækjar um 300m norðvestan við skothús frá Teigi á svæði sem er 28x25 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur.
Hvamurinn sem tóftirnar eru í er grasi gróinn og virðist sem svæðið hafi blásið upp og gróið aftur. Mosi er ríkjandi á svæðinu og þunn grjóðurþekja. Suðaustan við tóftinar rennur lækur niður hlíðina.




*Uppmælingar af tóftum RA-194:051.*

Tóft 051_01 er syðsta tóftin. Hún snýr suðvestur-norðaustur og er um 9x6m að stærð og veggir um 1m á hæð. Tóftin er grjóthlaðin með torfhleðslum að utan. Norðurendi tóftarinnar er grafinn inn í lága brekku og op er á henni á suðurhorni. Veggir eru hæstir í suðvesturenda tóftarinnar, að utan eru þeir hæstir 1,2m og mesta hæð innanmáls er 1,4m. Norðvesturhlið er mun signari og mesta hæð innanmáls er 0,8m. Mest sáust fjögur umför af grjóthleðslu í suðausturvegg. Hrun úr veggjum sést við op inn í tóftina.

**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Butra, 1




*Tóft RA-194:051_1, horft til norðurs.*




*Tóft RA-194:051_2, norðvesturs.*

**RA-194:051_02** tóft heystæði A 451299 N 360408

Tóft 051_02 er 8m norðan við tóft 051_01. Hún er einföld, 6,7x4,8m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Tóftin er torfhlaðin og mjög sigin. Vegghleðslur eru mest 0,4m á hæð utanmáls og 0,2m innanmáls. Mest þykkt veggja er 1m. Op er á tóftinni í suðausturenda. Engin ummerki þekju eru greinileg sem gefur til kynna, ásamt staðsetningu og löguna að um heystæði sé að ræða.

**Hættumat:** engin hætta




*Tóft RA-194:051_3, horft til suðausturs.*

**RA-194:051_03** tóft beitarhús
A 451309 N 360404

Tóft 051_03 er fast við austurhorn tóftar 051_02. Hún er einföld, 9,4x6,8m á stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Tóftin er grjóthlaðin að innan og torfhlaðin að utan. Veggir tóftarinnar eru 1,1m á hæð þar sem þeir eru hæstir og 0,4m á hæð þar sem þeir eru lægstir en mesta breidd er 2,5m. Tóftin er beitarhús miðað við staðsetningu og lögun. Veggir eru algrónir að utan og glittir í 1-3 lög af grjóthleðslum í innri brún veggja. Í norðvesturhorni má greina jarðfastan

stein, 1,4m á hæð, sem nýttur var sem hluti af veggnum. Hluti af þekju sést enn inn í miðri tóft og má þar greina járn og timbur en það bendir til þess að húsin hafi verið í notkun fram á miðja 20. öld.
**Hættumat:** engin hætta

**RA-194:052** tóft stekkur A 451217 N 360510
Tóft er 200 m sunnan við leið 061 og tæpum 1.5 km NNA við bæ 001. Lækur rennur meðfram leiðinni. Lag tóftarinnar bendir til þess að um stekk eða rétt sé að ræða.
Umhverfis tóftina er hæðótt landslag, heiði og móar. Aflíðandi fjallshlíð er til suðurs og grunn og djúp lækjargil beggja vegna tóftarinnar.



*Tóft RA-194:052, horft til norðvesturs.*




*Stekkur RA-194:052.*

Tóftin er 8x6m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Ekki er skýrt hvort tóftin skiptist í tvö hólf eða hvort meintur veggur sem skilur hólfin að sé einungis hrun. Hrun er greinilegt inn í tóftinni. Tóftin er torfhlaðin og eru hleðslur nokkuð signar. Veggir tóftarinnar eru 0,4m á hæð þar sem þeir eru hæstir og 0,2m á hæð þar sem þeir eru lægstir. Meint hólf í suðurenda er 2,7x1,6m að innamáli og snýr NNV-SSA. Meint hólf í norðurenda er 1,7x1,2m að innanmáli og snýr NNV-SSA. Ekki sést op inn í það né á milli hólfa.
**Hættumat:** engin hætta

**RA-194:053** tóft beitarhús A 451064 N 360393
Ein tóft er uppi í heiði rúmum 1,3 km NNA við bæ 001 og tæpum 190m suðvestan við tóft 052. Tóftin er á tungu sem skagar fram milli tveggja lækja. Tungan endar þar sem lækirnir tveir sameinast. Tóftin er við landamerki Butru og Teigs um 200m norðan við efstu girðingar.
Tóftin er í stórþýfðri heiði. Gróður í kring einkennist af grasi og mosa. Til austurs má greina lítið lækjargil. Bratt er til suðurs og vesturs af tóftinni.




*Tóft RA-194:053, horft til vesturs.*




*Uppmæling af tóft RA-194:053.*

Tóftin er 10,5x8,6m að stærð, tvískipt og L-laga. Veggir tóftarinnar eru torfhlaðnir og eru hæstir um 0,4m á hæð. Tóftin snýr norðvestur-suðaustur. Stærra hólfið er í suðausturhluta tóftainnar og er 4x2m á stærð og snýr NNA-SSV. Minna hólfið er norðvestan við það og stendur hærra. Innanmál þess er illgreinanlegt og hefur þar líklega verið heystæði. Ekki sést op á milli hólfa en op inn í tóftina er á suðvesturenda stærra hólfsins. Út frá staðsetningu tóftar, stærð og lögun er líklegt að um lítið fjárhús eða beitarhús sé að ræða.
**Hættumat:** engin hætta

**RA-194:054** tóft fjárskýli A 451749 N 360946
Stór, stök fjárborg er í sameign Teigstorfu. Hún er 330m NNV við tóftir 055 og rúmum 2,1 km norðvestan við bæ 001. Hún er á gróinni tungu milli tveggja gilja.
Tóftin er stök á gróinni flöt í grasivaxinni heiði. Umhverfis er nokkuð stórþýft og mosi áberandi inn á milli.



*Uppmæling af fjárborg RA-194:054.*


*Tóft RA-194:054, horft til norðvesturs.*

Fjárborgin er torfhlaðin, einföld og hringlaga. Þvermál hennar 14m og ekki mótar fyrir opi. Til suðurs og vesturs mótar fyrir pælu vegna efnistöku. Hleðslur eru hæstar um 0,5m að utan og 0,3m að innan.
**Hættumat:** engin hætta

**RA-194:055_01** tóftir sel A 451840 N 360646



*Uppmælingar af seli RA-194:055.*

Tvær tóftir eru á flatlendi, 60 m vestan við djúpt lækjargil á mörkum Teigs og Heylækjar RA-191. Tóftirnar eru líklega af seli en lögun og staðsetning bendir einna helst til þess. Selið er 1,8 km norðaustan við bæ 001 og um 300 m suðaustan við fjárborg 054. Tóftirnar eru á svæði sem er 40x23 m og snýr norðvestur-suðaustur. Ekki er vitað hvaða bær nýtti þetta sel.
Tóftirnar eru í fremur flatlendum móa, vestan djúps lækjargils á mörkum Teigs og Heylækjar.
Tóft 055_01 er norðvestar. Hún er 22,4 x 8,5 m að utanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Veggir hafa hrunið mikið inn í tóftina svo innri skipan hennar er mjög óljós. Þrjú veggjarbrot eru stæðilegri en önnur og eru þau hæst um 1,5 m en vegghæð er yfirleitt um 0,5 m. Greina má í það minnsta þrjú hólf innan tóftarinnar en hrun hefur myndað og afmyndað þau svo telja má mun fleiri lægðir innan tóftarinnar sem gætu verið hólf eða hluti annara hólfa. Hólfin virðast öll hafa verið samtengd en ekkert

greinilegt op er á tóftinni. Öll hólfin þrjú snúa líkt og tóftin og eru vel gróin grasi. Nyrsta greinilega hólfið er um 8,0 x 3,8 m að stærð. Hrunið hefur inn í hólfið til norðurs. Hólfið í miðjunni er 2,2 x 1,0 m að stærð. Syðsta hólfið er 3,7 m x 1,8 m að stærð.
**Hættumat:** engin hætta



*Tóft RA-194:055_1, horft til suðurs.*



*Tóft RA-194:055_2, horft til suðvesturs.*

**RA-194:055_02** tóft stekkur A 451851 N 360625
Tóft 055_02 er 15m suðaustan við tóft 055_01. Hún er tvöföld, 8,3x6,8m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Eystra hólfið er 5,4x0,9 m að stærð og ekkert op sést þar inn á yfirborði. Vestara hólfið er illgreinilegra en hið eystra, 5,3x1,7 m að stærð og snýr líkt og eystra hólfið. Veggir eru hæstir um 0,5m, vel grasi vaxnir og er op í suðausturhorni tóftarinnar í eystra hólfið. Tóftin er af stekk eða rétt við selið.
**Hættumat:** engin hætta

**RA-194:056_01** tóft fjárskýli A 450243 N 356036
Stórt minjasvæði ert í landi Teigs á melum 3 km sunnan við bæ 001 og 70 m norðan við minjar 065. Alls eru þar 25 fornleifar á svæði sem 250x70 m að stærð og snýr nálega austur-vestur. Vesturhluti minjsvæðisins er 110-120m norðan við fjárhús í bragga sem er í notkun frá Teigi, við fornleifar 065. Sé tekið mið af lýsingum sem fram koma í bók Þórðar Tómassonar, *Mjólk í mat*, er þetta líklega svokallað Teigssel en nákvæm staðsetning Teigssels ekki þekkt lengur. Í bókinni segir: „Fróðleik um Teigssel sótti ég til tveggja mætra kvenna... Selin voru tvö, annað frá búi Guðmundar [Teigi I] hitt frá búi Arnþórs [Teigi II]. Saman




*Uppmælingar af minjum RA-194:056. Alls eru 25 fornleifar á svæðinu.*



*Rétt RA-194:056_7 er fyrir miðri mynd til hægri. Aðrar tóftir eru ekki eins grænar. Horft er til suðurs yfir mitt minjasvæðið.*

fór um störf þeirra [...] á árabilinu 1899 til 1905 en þá var selstaða lögð niður á báðum býlunum. Selstaðan var á svokölluðum Teigsaurum, grónu haglendi, fyrir framan Þverá. Lengst af var notast við gamlar sauðaborgir í selstöðunni. Þær voru hringlaga og hlaðnar að sér er ofar dró, upp í topp, eina yfirgerslan úr tré yfir dyrum. Tómas Guðmundsson [...] átti þarna selstöðu 1864-1876. [...] Sauðaborgir voru aflagðar um 1880 og selhús byggð fyrir bæði Teigsbýlin. [...] Hús Guðmundar voru fimm, öll með dyr sem vísuðu mót norðri. Heyhlaða var að húsabaki. Innangengt var milli fjögurra húsa. Austast var baðstofa selfólks, þá eldhús, þá búr, þá taðkofi. Vestast var hesthús ætlað Aurahestinum í gegningaferðum ofan frá Teigi að vetri, en þá voru selhúsin notuð sem fjárhús. [...] Selhús Arnþórs voru þrjú. Ekki var innangegnt á milli þeirra. Þau voru einnig notuð sem fjárhús að vetri. Þetta voru tvö samstæðuhús og framan við það eystra var lítil heyhlaða, höfð fyrir baðstofu í selstöðu. Vestara húsið var í selinu eldhús með tvísettum hlóðum, en sjaldan nema aðrar þeirra í notkun. Eystra húsið var búr. Þar voru hlaðnar beggja vegna undirstöður fyrir mjólkurbekki, breið borð lögð ofan á þær. [...] Vatnsból var upp frá selhúsunum í gömlum vantsfarvegi með blátæru vatni sem nefndist Fljótsfarvegur. [...] Stekkur var fjárrétt hlaðin úr grjóti eða torfi, hæfilega stór fyrir fráfærur hvors býlis. Við hann var lambakró undir þaki. [...] Kúm og sauðfé var haldið við sel. Mjaltastöðull fyrir kýr var hið næsta seli. Skammt frá Teigsseljum var fjárrétt, gott afdrep fyrir selkæyr ef eitthvað var að veðri. Ær voru mjólkaðar í færikvíum.“ Ekki er vitað hversu langt var á milli seljanna en líklegast eru báðar selstöðurnar hluti minjaheildar þeirrar er hér er skráð. Engar sambærilegar minjar eru nær Fljótsvegi, sem er um 600 m norðar. Selstaðan gæti einnig hafa verið við minjar 065, 066 eða 015, allar eru þær á Teigsaurum og umtalsverðar minjar þar að finna. Selið er skráð undir þessu númeri vegna nálægðar við Fljótsveg. Lýsingin byrjar í suðvesturenda og svo unnið til norðausturs. Fyrir miðju svæðisins færist skráningin meðfram suðurenda minjasvæðis og farinn er hringur meðfram ytri mörkum svæðisins.

Minjasvæðið er í stórþýfðum og grasmóa. Svæðið umhverfis er mjög flatt og nýtt til beitar.

Tóft 056_01 er vestust á svæðinu, vestan við vegslóða. Hún er 10x6m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Veggir hennar eru útflattir fyrir utan suðurvegginn sem er 0,3m á hæð. Ekki er að sjá annað en að hún sé torfhlaðin. Ekki er að sjá hvar op hefur verið á tóftinni.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Þórður Tómasson 2016, 171-174

**RA-194:056_02** tóft heystæði A 450259 N 356031

Tóft 056_02 er 8m suðaustan við tóft 056_01. Líklega hefur austurhluti tóftarinnar farið undir vegarslóða eða raskast við lagningu hans. Tóftin er U-laga, 6,7x5,7m að stærð og snýr austur-vestur. Eitt hólf sést á yfirborði og er það opið til austurs. Miðað við lögun og staðsetningu hefur þetta líklega verið fjárskýli.

**Hættumat:** engin hætta




*Tóft RA-194:056_1, horft til SSA.*




*Tóft RA-194:056_2, horft til suðurs.*

**RA-194:056_03** tóft heystæði A 450258 N 356039

Tóft 056_03 er fast á milli tóftar 056_04 til norðurs og tóftar 056_02 til suðurs. Vegslóði liggur meðfram vesturhlið hennar. Tóftin er 4,3x3,7m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Tóftin einföld, torfhlaðin en frekar óljós og mjög sigin. Veggir eru 0,2m á hæð og óljóst op er á tóftinni í suðausturhorni. Mögulega var tóftin hluti af stærra mannvirki ásamt tóft 056_05 en skorin í sundur þegar vegaslóðinn var lagður.

**Hættumat:** engin hætta

**RA-194:056_04** tóft heystæði A 450258 N 356042

Tóft 056_04 er fast við norðurhlið tóftar 056_03. Vegslóði liggur norður-suður meðfram austurhliðinni. Tóftin er einföld, torfhlaðin og snýr norðaustur-suðvestur. Hún er 5,6x4,3m að stærð og veggir 0,2m á hæð. Tóftin er með op í norðausturenda. Hleðslur eru mjög signar og að hluta til horfnar vegna rofs.

**Hættumat:** engin hætta




*Tóft RA-194:056_3, horft til norðvesturs.*




*Tóft RA-194:056_4, horft til suðvesturs.*

**RA-194:056_05** þúst óþekkt A 450266 N 35603

Þúst 056_05 er fast við austurjaðar vegslóða, um 2m austan við tóft 056_03. Þústin er sporöskjulaga og var mögulega hluti af tóft 056_03 áður en vegslóðinn var gerður. Þústin er 5,4x4,2m að stærð, er 0,5m á hæð og snýr norðaustur-suðvestur.

**Hættumat:** engin hætta

**RA-194:056_06** tóftaþyrping sel A 450293 N 356067

Stór rústahóll, líklega selstæði annars Teigsselsins er um 35 m norðaustan við þúst 056_05. Hóllinn snýr norður-suður og er 1-2m á hæð. Hann er grasivaxinn, stórþýfður og víða sjást víða beinir bakkar, dældir og óljósir veggir. Á norðvesturhluta hólsins sér óljóst móta fyrir hólfi og þaðan til vesturs virðist lágur

veggur, 1m á breidd og 0,5m á hæð. Til austurs er stórþýfi og mögulegir veggir. Á milli er slétt gróið svæði, á miðju hólsins. Í austurhlutanum, upp við vesturenda réttar 056_07 eru ummerki um veggjabrot. Réttin fer upp á hólinn sem bendir til þess að hún sé yngri. Til suðurs er mikið, gróið þýfi og grænar lautir á hólnum. Ekki er hægt að greina tóftir á hólnum en án efa eru þar mikil uppsöfnuð mannvistarlög.. Engar heimildir eru til um þennan stað en miðað við stærð, lögun og staðsetningu er þetta líklega annað Teigseljanna sem voru á Teigsaurum.
**Hættumat:** engin hætta



*Sel RA-194:056_6, horft til austurs.*




*Rétt RA-194:056_7, horft til vesturs.*

**RA-194:056_07** tóft rétt A 450315 N 356067
Rétt 056_07 er fast við austurhlið hóls 056_06. Hún er 38x27m að stærð og eru hleðslur hæstar 1m. Réttin er torfhlaðin og eru hleðslur mjög greinilegar og grónar. Réttin snýr ANA-SVS og skiptist í tvö hólf. Vestara hólfið er 17x10m að stærð, snýr VSV-ANA og op er í suðvesturhorni, rétt við aðrekstrargarð sem liggur til suðurs frá réttinni. Torfhrun er áberandi í innanverðum veggjum vestara hólfisins. Eystra hólfið er minna 13x4,3m að stærð og snýr VSV-ANA. Hólfið er opið til vesturs og enginn sýnilegur veggur er á milli hólfanna. Torfhlaðinn veggur liggur til suðurs frá suðurhlið réttarinnar. Hann er 10m langur og 1,7m á breidd. Af stærð og lögun tóftarinnar má fullyrða að um rétt sé að ræða.
**Hættumat:** engin hætta

**RA-194:056_08** tóft heystæði A 450333 N 356056
Tóft 056_08 er 6m sunnan við suðausturhorn réttar 056_01. Tóftin er U-laga, einföld og hlaðin úr torfi. Hún snýr austur-vestur og er opin til vesturs. Tóftin er 7x4,5m að stærð og veggir eru 0,4m á hæð. Vegghleðslur er mjög signar og á sumum stöðum allveg horfnar, líklegast vegna rofs. Hrun er að mestu sýnilegt innan tóftar. Engar leifar af þekju sjást ofan í tóftinni. Miðað við stærð, lögun og staðsetningu hefur þetta líklega verið heystæði eða rétt.
**Hættumat:** engin hætta




*Tóft RA-194:056_8, horft til norðausturs.*




*Tóft RA-194:056_9, horft til SSA.*

**RA-194:056_09** tóft beitarhús A 450350 N 356060

Tóft 056_09 er á lágum hól 8m austan við heystæði 056_08. Tóftin er 16,5x10m að stærð og snýr austur-vestur. Tóftin er torfhlaðin og nokkuð sigin en veggjahæð er 0,4m. Tóftin skiptist í þrjú hólf og hefst lýsing á vestasta hólfinu. Það er 4x2,6m að innanmáli, snýr austur-vestur og er með op á suðurhlið. Eystra hólfið er 4,2x2,5m að stærð, snýr austur-vestur og er opið á miðri á suðurhlið. Miðjuhólfið liggur innaf (NV) eystra hólfinu og er 1,5x1,5m að stærð. Erfitt er að skilgreina hlutverk tóftarinnar en miðað við staðsetningu og lögun þá gæti hún hafa verið beitarhús með áfastri hlöðu.

**Hættumat:** engin hætta

**RA-194:056_10** tóft rétt A 450335 N 356076

Rétt 056_10 er fast austan við rétt 056_07. Þessi rétt er að öllum líkindum eldri, veggirnir eru signari og gerð réttar 07 raskaði suðvesturhorninu. Á milli þeirra er 0.5m hár kantur. Réttin snýr norðaustur-suðvestur og skiptist í þrjú hólf. Veggir eru úr torfi, 3-4m á breidd og 1m á hæð. Þeir eru algrónir, smáþýfði og rof er víða greinilegt. Vestasta hólfið í réttinni er greinilegast. Það er 10x3 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Í miðju réttarinnar er annað hólf. Það er um 7x7 m að stærð og op eru til norðurs og suðurs. Í norðausturenda réttarinnar, að utan, er hólf í veggnum. Það er opið til austurs en nokkuð óljóst. Innri veggur er 0,2m á hæð og 1m á breidd. Gróðurfar gefur staðsetningu hólfsins helst til kynna.

**Hættumat:** engin hætta



*Rétt RA-194:056_10, horft til vesturs.*




*Tóft RA-194:056_11, horft til suðausturs.*

**RA-194:056_11** tóft fjárskýli A 450404 N 356070

Tóft 056_11 er 40m austan við tóft 056_09. Hún er sporöskjulaga, einföld og hlaðin úr torfi. Tóftin er 16,5x9,7m að stærð og snýr norður-suður. Veggir hennar eru um 0,5m á hæð en þeir eru lægstir í suðausturhluta og má sjá veggjahrun í henni norðan- og norðaustanverðri. Op er í suðvesturhorni tóftarinnar. Ummerki um efnistöku eru skýr umhverfis tóftina. Stærð og lögun tóftarinnar, auk staðsetningar, benda til þess að tóftin sé af fjárborg.

**Hættumat:** engin hætta

**RA-194:056_12** tóft fjárskýli A 450417 N 356087

Tóft 056_012 er 10 m norðaustan við tóft 056_11. Hún er hringlaga og er fjárborg. Hvergi mótar fyrir opi á yfirborði. Vegghleðslur sjást einna best að utan þar sem þeir eru 0,3m en 0,1m að innan. Tóftin er torfhlaðin og ummerki um efnistöku eru greinilega allt umhverfis tóftina.

**Hættumat:** engin hætta

**RA-194:056_13** tóft fjárskýli A 450423 N 356100

Tóft 056_13 er er 8m norðan við 056_12. Hún er kringlótt, sigin og nokkuð óljós. Tóftin er torfhlaðin en

ekkert op er greinilegt á yfirborði. Tóftin er eins og græn eyja í gulu hafi, hún sker sig það mikið úr nánasta umhverfi. Tóftin er lægri til norðurs en hækkar lítilega til suðvesturs. Mikil efnistaka er umhverfis tóftina.
**Hættumat:** engin hætta



*Tóft RA-194:056_12, horft til NNV.*



*Tóft RA-194:056_13, horft til vesturs.*

**RA-194:056_14** tóft beitarhús A 450474 N 356093

Tóft 056_14 er nokkuð skrítin, ílöng og mögulega má greina tvö byggingarstig á yfirborði. Skipta má tóftinni í tvo hluta, 1 og 2. Tóft 1/hólf 1 er syðst og virðist vera grafið inn í tóft/hólf 2 sem er þá eldri. Tóft 1 er töluvert minni, 13x4m að stærð með einu ílöngu hólfi. Hún snýr norður-suður og svipar mjög mikið til fjárhúss. Tóftin er til suðurs og eru veggir torfhlaðnir. Vegghleðslur eru hæstar um 0,4m. Tóft 2/hólf 2 er fast norðan við tóft 1 og er mögulega stærri og eldri tóft. Veggir er 0.5m á hæð og 2-3m á breidd. Tóftin snýr norður-suður eins og tóft 1. Óljós veggur er fyrir norðan tóft 1 og gæti þar hafa verið op, í norðvesturhorni tóftarinnar. Fyrir vestan þessa tóft er stakur veggur, 2m á breidd og 9 m að lengd. Miðað við lögun, stærð og staðsetningu má áælta að tóft 1 hafi verið fjárhús byggt inn í eldri tóft 2 sem gæti hafa verið sel eða stórt fjárhús.
**Hættumat:** engin hætta



*Tóft RA-194:056_14, horft til norðurs.*




*Tóft RA-194:056_15, horft til NNA.*

**RA-194:056_15** tóft fjárskýli A 450447 N 356116

Hringlaga tóft 056_015 er rúmum 20 m norðvestan við tóft 056_14 og 6m austan við tóft 056_16. Tóftin er torfhlaðin og nokkuð sigin. Hún er 6x6m að stærð og veggir hæstir 0,3m. Efnistaka er greinanleg til suðurs og suðausturs. Miðað við lögun og staðsetningu var þetta fjárskýli.
**Hættumat:** engin hætta

**RA-194:056_16** tóft fjárskýli A 450437 N 356121

Tóft 056_016 er 5m norðvestan við tóft 056_015. Hún er hringlaga, einföld og torfhlaðin. Miðað

við lögun og staðsetningu var þetta fjárborg. Tóftin er 7,5x6,3m að stærð, litlu lengri austur-vestur en norður-suður. Ekki sést op á yfirborði. Veggir eru hæstir um 0,6m í suðurenda en lækka til norðurs.
**Hættumat:** engin hætta



*Tóft RA-194:056_16, horft til austurs.*



*Tóft RA-194:056_17, horft til austurs.*

**RA-194:056_17** tóft fjárskýli A 450426 N 356116
Tóft 056_017 er 4m vestan við tóft 056_16. Tóftin er 6,8x5,7m að stærð og er veggir hæstir 0,4m. Tóftin er einföld, torfhlaðin og snýr í norður-suður. Ekkert op er auðgreinanlegt á yfirborði en vísbendingar finnast í suðaustur-horni og á vesturhlið tóftar sem gefa mögulega staðsetingu til kynna. Veggjahrun er í austurhluta tóftar og í vesturhluta eru vegghleðslur signar. Miðað við lögun og staðsetningu var þetta fjárborg.
**Hættumat:** engin hætta

**RA-194:056_18** tóft fjárhús A 450409 N 356113
Tóft 056_018 er 11m vestan við tóft 056_17. Tóftin er 11x9m á stærð og er hæsta vegghleðsla 0,5m. Tóftin snýr norður-suður og skiptst í þrjú hólf. Tvö hólf eru samsíða með vegg á milli í suðurhluta tóftar. Þriðja hólfið er norðan við hin tvö og snýr í austur-vestur. Vegghleðslur sjást illa og eru verst farnar í norðurenda. Mögulega var norðurhluti tóftar eldri bygging sem seinna var samofin þeirri nýrri en erfitt er að meta það. Miðað við staðsetningu, lögun og fjölda hólfa eru þetta beitarhús með áfastri hlöðu.
**Hættumat:** engin hætta



*Tóft RA-194:056_18, horft til suðausturs.*



*Þúst RA-194:056_19, horft til norðurs.*

**RA-194:056_19** þúst fjárskýli A 450403 N 356131
Þúst 056_19 er 20m norðaustan við tóft 056_18. Þústin er 7,2x5,6m að stærð og 0,5m á hæð. Miðað

lögun hennar má áætla að hún hafi verið fjárborg eða heystæði.
**Hættumat:** engin hætta

**RA-194:056_20** tóft fjárskýli A 450393 N 356130
Tóft 056_20 er 4,5m vestan við þúst 056_19. Tóftin snýr gróflega austur-vestur en er nokkuð hringlaga. Tóftin er 5x4,5m að stærð og er hæsta vegghleðsla 0,5m. Tóftin er torfhlaðin og er einföld. Mögulega má greina op í norðurenda en erfitt er að greina það sökum rasks. Vegghrun er greinanlegt inn í tóftinni. Út frá staðsetningu og lögun tóftar var þetta fjárskýli.
**Hættumat:** engin hætta




*Tóft RA-194:056_20, horft til norðvesturs,*



*RA-194:056_21, horft til norðausturs.*

**RA-194:056_21** tóft fjárskýli A 450393 N 356115
Tóft 056_21 er 7m vestan við tóft 056_18. Hún snýr gróflega norður-suður og opið er í norðvesturhorni. Aðrekstrargarður liggur til norðurs við opið. Tóftin sjálf er einföld og hlaðin úr torfi. Veggir eru um 2m á breidd og signari að innan. Mosi og sina eru greinileg í kringum tóftina. Miðað við stærð og lögun er þetta fjárborg.
**Hættumat:** engin hætta

**RA-194:056_22** tóft fjárskýli A 450376 N 356099
Tóft 056_22 er fjárborg með sambyggðri rétt. Tóftin snýr norður-suður og er réttin austan við hana. Tóft 1 er grasi vaxin, þýfð og mosavaxið er umhverfis hana. Til vesturs eru ummerki um efnistöku. Tóftin er sigin, óljós og veggirnir sjást sem 0,1m háar þúfur. Til austurs er sambyggð rétt 2. Þar sést L-laga veggur sem snýr N-S. Veggurinn er 1,5m á breidd, 0,3m á hæð og mosavaxinn. Op er til suðurs.
**Hættumat:** engin hætta



*Tóft RA-194:056_22, horft til norðurs.*



*Tóft RA-194:056_23, horft til norðvesturs.*

**RA-194:056_23** tóft fjárskýli A 450367 N 356119

Tóft 056_23 er 12 m NNV við tóft 056_22. Hún er einföld, snýr NNA-SSV og op er í norðvesturhorni. Hún er á lágum hól og eru vegghleðslur um 0,3m á hæð og 1m á breidd. Hleðsluhæð er 0,1m að innan en þýft er inn í tóftinni.

**Hættumat:** engin hætta

**RA-194:056_24** tóft fjárskýli A 450357 N 356106

Tóft 056_24 er rúmum 8 m suðvestan við tóft 056_23. Hún er einföld, snýr norður-suður og op er til suðurs. Tóftin er torfhlaðin og veggir eru þýfðir, grasi- og mosavaxnir. Veggir eru 1-1,5m á breidd og 0,3m á hæð.

**Hættumat:** engin hætta



*Tóft RA-194:056_24, horft til norðurs.*



*Tóft RA-194:056_25, horft til norðurs.*

**RA-194:056_25** tóft beitarhús A 450347 N 356106

Tóft 056_25 er 3 m vestan við tóft 056_24. Hún snýr austur-vestur og skiptist í þrjú hólf. Öll hólfin eru samsíða, liggja í N-S og eru opin til suðurs. Til austurs er hólf 1 sem er 3x1,5m að innanmáli. Hólf 2 er í miðju tóftar og er 5x1m að stærð. Vestast er hólf 3 og er það 5x2 að innanmáli. Veggir tóftarinnar eru þýfðir og mosavaxnir. Þeir eru 0,2-0,3m á hæð og 1,5-2m á breidd. Lögun bendir til þess að um beitarhús sé að ræða.

**Hættumat:** engin hætta

**RA-194:057_01** tóftir beitarhús A 451653 N 361411

Minjasvæðið samanstendur af fimm tóftum og er um 2,3 km NNA við bæ 001 og 470m norðan við fjárborg 054. Skammt norðan við tóftirnar er grjóthóll þar sem áberandi klöpp stendur upp úr. Tóftir 057_01, 02 og 03 eru norðar, á gróinni brún en þaðan til norðurs er uppblásið svæði. Tóftir 04 og 05 eru við vesturbrún rofsins, skammt suðvestar. Samtals eru minjarnar á svæði sem er 90x70m og snýr SSV-NNA. Tóftirnar voru nýttar sem beitarhús miðað við staðsetningu og lögun þeirra

Stórþýft er í kringum minjarnar og landið nokkuð flatlent til suðurs og suðvesturs.




*Tóftir RA-194:057. Hvítar línur sýna torfristu.*

Grunnar lautir eru í landslaginu norðan og norðvestan við tóftinar. Norðan við gróið landsvæði tekur við upplásið svæði sem er grýtt og gróðurlaust.
Tóft 056_01 er austust. Hún er 9x6m að stærð og veggir 0,5m á hæð. Tóftin snýr austur-vestur, er torfhlaðin og einföld. Leifar af þekju er greinanleg í miðri tóftinni. Mögulega má greina op á vesturhlið tóftarinnar en það var mjög óskýrt. Ekki sést glitta í grjót í veggjum sem gefur til kynna að hún sé eldri en hinar tvær tóftirnar á svæðinu. Miðað við staðsetningu og lögun hefur tóftin líklegast gegnt hlutverki beitarhúsa.
**Hættumat:** engin hætta

**RA-194:057_02** tóft beitarhús A 451633 N 361408
Tóft 056_02 er 8m suðvestan við tóft 056_01. Hún er 7x5m að stærð og veggjahæð er 0,3-0,6m. Tóftin snýr austur-vestur og er einföld. Tóftin er hlaðin úr torfi og grjóti og sjást þrjú umför hleðslu í norðurvegg. Norðurhliðin er nokkuð hærri en suðurhliðin. Ekki mótar fyrir þekju inni í tóftinni. Tóftin er 4x2m að innanmáli og op er á vesturhlið. Miðað við staðsetningu og lögun hefur tóftin líklegast gegnt hlutverki beitarhúsa.
**Hættumat:** engin hætta

**RA-194:057_03** tóft beitarhús A 451633 N 361419
Tóft 056_03 er 6m norðan við tóft 056_02. Tóftin er einföld, 12x4m að stærð og snýr VNV-ASA. Hæsta hleðsluhæð er 0,8m og sú lægsta 0,2m. Ummerki um hrun má finna á norðurhlið en þar má greina tvö umför af grjóthleðslum. Suðurhliðin er nokkuð heillegri og má þar greina 3-4 umför af grjóthleðslum. Innanmál tóftarinnar er 8x2m og innri brún veggja frá 0,2-0,8m á hæð. Engin ummerki um þekju eru greinanleg. Miðað við lögun, stærð og staðsetningu tóftar má ætla að hún hafi gegnt hlutverki beitarhúsa.
**Hættumat:** engin hætta

**RA-194:057_04** tóft beitarhús A 451585 N 361383
Tóft 057_04 er rúmum 40 m suðvestan við tóft 057_02. Hún er 11,5 x 6,5m stór, einföld, torfhlaðin og opin til vesturs. Veggirnir eru 0,5-1 m á hæð og algrónir. Ummerki um efnistöku eru allt umhverfis veggina. Líklega er þetta beitarhús.
**Hættumat:** engin hætta


*Tóft RA-194:057_4, horft til vesturs.*


*Tóft RA-194:057_5, horft til vesturs.*

**RA-194:057_05** tóft heystæði A 451578 N 361366
Tóft 057_05 er 13m sunnan við tóft 057_05. Hún er 9,5x8,5 m að stærð, einföld og snýr austur-vestur. Veggirnir eru 0,5 m á hæð og algrónir. Hún er í brekku sem hallar til norðvesturs, opið er fram í brekkuna.
**Hættumat:** engin hætta

**RA-194:058_01** tóftir heystæði A 450985 N 354597

Suðaustarlega í Tóftarhólma eru tvær tóftir á suðausturbún hólmans. Þær eru 4,6 km sunnan við 001 og 440m austan við tóftaþyrpingu 025. Tóftirnar eru á grónu svæði, skammt vestan við landamerki Teigs og Hlíðarendatorfu. Tóftirnar eru á svæði sem er 27x6 m og snýr austur-vestur.




*Uppmælingar af tóftum RA-194:058.*

Landsvæðið suðvestan við tóftirnar er nýtt til beitar. Grónir árfarvegir liggja til norðurs og suðurs. Mosi og lyng eru áberandi í landslaginu en inn á milli eru grónir hólar. Tóftarhólmi er flatur, smáþýfður og grasivaxinn.

Tóft 058_01 er vestar. Hún er 8,5x4,5 m að stærð, snýr austur-vestur og er einföld. Tóftin er hlaðin úr torfi og eru vegghleðslur nokkuð signar. Op er til vesturs. Veggir eru nokkuð mosa og sinuvaxnir, 0,8-1,5m á breidd og 0,2-0,3m á hæð. Tóftin er mjög illgreinanleg í landslaginu.

**Hættumat:** engin hætta



*Tóft RA-194:058_1, horft til austurs.*



*Tóft RA-194:058_2, horft til vesturs.*

**RA-194:058_02** tóft fjárskýli A 451005 N 354596

Tóft 058_02 er 12m austan við tóft 058_01. Hún er 7x4 m að stærð og snýr austur-vestur. Tóftin er einföld og opin til austurs. Veggir eru 1,5-2m á breidd og 0,2m á hæð. Vegghleðslur eru nokkuð signar og mosagrónar. Tóftin er frekar óskýr í landslaginu.

**Hættumat:** engin hætta

**RA-194:059_01** tóftir sel A 452196 N 362362

Tvær tóftir og ein hleðsla eru á örlitlu flatlendi undir undir háum móahrygg, ofan við lækjargil, 3,5 km NNA við bæ 001 og 1,1 km norðan við tóftir 057. Tóftirnar eru á svæði sem er 22 x 20 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur.

Minjarnar eru á örlitlu flatlendi, vaxið grasi og sinu. Norðan og vestan við flatlendið er djúpt, þverhnípt lækjargil og austan við er hár móavaxin hryggur.

Tóft 059_01 er syðst á svæðinu. Hún er 11,4x10,4 m að stærð og snýr norður-suður. Innan tóftarinnar er hólf 1 í miðjunni, 4,7x0,4 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Að öllum líkindum var þetta gangur sem er



*Tóft RA-194:059_1, horft til norðurs.*



*Sel RA-194:059.*

opinn til suðvesturs. Þrjú hólf eru innan tóftarinnar sem öll opnast inn í þennan gang. Hólf 2 er norðvestan við ganginn og er sunnantil í tóftinni. Það er 1,2 x 1,2 að stærð og ferhyrnt. Virðist sem hrunið hafi úr vegg inn í op hólfsins sem hefur líklega verið opið alla breiddina inn í ganginn. Hólf 2 er austan við ganginn, andspænis hólfi 1. Það er einnig ferhyrnt, 2,3 x 1,5 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Nyrsta hólfið er 4,9 x 0,9 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Veggir eru hæstir um 1 m, séð utanfrá, en hólfin eru niðurgrafin um 0,5m til viðbótar. Tóftin er öll vel gróin grasi og sinu. Lag tóftarinnar er þannig að um mannabústað sé að ræða en ólíklegt er að hér hafi verið föst byggð, heldur selstaða.
**Hættumat:** engin hætta

**RA-194:059_02** hleðsla rétt A 452200 N 362355
Hleðsla 059_02 er um 0,5 m suðaustan við tóft 059_01 og var byggð utan í hana en nú (2019) er bil milli þeirra. Hleðslan er 6,8 m að lengd, 2,0 m að breidd, hæst um 0,4 m og er vel gróið grasi og sinu.
**Hættumat:** engin hætta


*Stekkur RA-194:059_3, horft til norðurs.*


*Hleðsla RA-194:059_2, horft til norðausturs.*

**RA-194:059_03** tóft stekkur A 452200 N 362376
Tóft 059_03 er staðsett nyrst á svæðinu, 5m norðan við tóft 059_01. Tóftin er tvöföld, 10,3x6,2 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Vestara hólfið er 2,8x1,2 m að stærð og snýr líkt og tóftin. Eystra hólfið er 1,8x1,3 m að stærð og snýr þvert á tóftina. Brotið hefur af bökkum gilsins sem tóftin stendur á og hún því á blábrún þess og mun tóftin laskast brotni meira af bökkunum. Veggir tóftarinnar eru mjög signir, hæstir um 0,4m en vel grasi grónir. Lag hennar bendir til þess að um stekk sé að ræða.
**Hættumat:** hætta, vegna landbrots

**RA-194:060** heimild um traðir A 450713 N 359202
Samkvæmt bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og túnakorti frá 1919 lágu traðir N-S upp allt heimatúnið. Þær lágu frá leið 072 að sunnan, sveigðu til vesturs og aftur norðurs við Þinghús 042

á gamla bæjarhól 001 og áfram í norðurátt út túnið.
Slétt, ræktað tún nýtt til beitar og malarvegur.
Þar sem traðirnar lágu sunnan við 001 er núverandi malarvegur. Vesturhluti er kominn undir tún. Samkvæmt túnakorti voru veggir hlaðnir. Öll ummerki traðanna eru horfin.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1919, bæjarkort 1906,

**RA194:061** gata leið A 451207 N 360459

Óljós leið sést um 100 m vestan við tóftir 051, uppi í hlíðinni. Leiðin hlykkjast meðfram lækjargili nálega norður-suður og er tengivegur á milli leiða 028 og RA-200:037_01.
Leiðin er í gróinni heiði og sést einna best á gróinni tungu skammt austan við landamerki Teigs og Butru, skammt sunnan við tóft 052.
Leiðin líkist einna helst kindagötu en umfangið bendir til þess að um leið sé að ræða. Hún var rakin á tæplega 200 m löngum kafla og mold er í botni hennar.
**Hættumat:** engin hætta



*Leið RA-194:061, horft til suðausturs.*

**RA-194:062_01** *Taglaborgir* tóft fjárskýli A 449920 N 354190

Taglaborgir eru torfhlaðin fjárskýli á Aurunum sunnan Fljótshlíðar, tæpum 5 km sunnan við bæ 001 og 700 m suðvestan við tóftir 025 á Tóttarhólma. Alls var skráð 31 mannvirki innan svæðis sem er 240x130 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Flestar minjarnar eru tóftir af litlum fjárborgum en einnig




*Uppmælingar af minjum í Taglaborgum RA-194:062. Alls eru 31 fornleif á svæðinu.*



*Myndin er tekin til suðausturs yfir Taglaborgir RA-194:062.*

eru aflangar, ferhyrndar tóftir á svæðinu, einkum sunnarlega á því þar sem yngstu tóftirnar virðast vera. Ekki er útilokað að ferhyrndu tóftirnar hafi verið beitarhús. Nyrst á svæðinu eru nokkuð fornlegar minjar af gróðri að dæma. Auk tófta voru skráðar nokkrar þústir þar sem vafi leikur á að um tóftir sé að ræða en þær eru einkum allra austast á svæðinu.

Minjarnar eru á smáþýfðu flatlendi, þar vex gras og mosi. Þurrir vatnsfarvegir eru á svæðinu. Girðing á merkjum Butru og Teigs liggur þvert í gegnum vesturenda tóftasvæðisins og lendir ein tóftin vestan við girðinguna. Ekki er langt til norðurs í vatn í Tóftarhólmalænu sem rennur eftir mjóum farvegi.

Lýsingin hefst suðaustast á svæðinu en þar er einföld tóft 01. Hún er 6,5x5 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Tóftin er mjög sigin og ekkert innanmál er greinanlegt. Hún er fremur flöt að ofan, hækkar til norðvesturs þar sem hún er hæst, um 0,3 m. Í þeim enda er allstór hundaþúfa.

**Hættumat:** engin hætta



*Þúst RA-194:062_1, horft til ANA.*



*Þúst RA-194:062_2, horft til norðurs.*

**RA-194:062_02** þúst fjárskýli A 449927 N 354246

Þúst 02 er austast á tóftasvæðinu, 50 m norðan við tóft 01 og 15 m suðaustan við þúst 03. Á milli þústarinnar og tóftar 01 er gamall, gróinn farvegur.

Þústin er lítillega kúpt og ílöng, er 10x7 m að stærð og snýr ANA-VSV. Hún sker sig frá flestum tóftum í Taglaborgum því það er engin grænka í gróðri á henni. Þústin er 0,4-0,5 m á hæð.

**Hættumat:** engin hætta

**RA-194:062_03** þúst fjárskýli A 449915 N 354262

Tóft 03 er austast á minjasvæðinu, 15 m norðvestan við tóft 02 og 55 m ANA við tóft 04.

Þústin er flöt að ofan, 6,5x5 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hún er 0,2 m á hæð og er mjög

áþekk þúst 02 hvað gróður varðar.
**Hættumat:** engin hætta



*Þúst RA-194:062_3, horft til austurs.*



*Þúst RA-194:062_4, horft til austurs.*

**RA-194:062_04** þúst fjárskýli A 449858 N 354243
Þúst 04 er suðaustarlega á minjasvæðinu, 55 m suðvestan við þúst 03 og 28 m norðaustan við tóft 07. Þústin er um 6x5 m að stærð, hún er ógreinileg og fremur flöt að ofan. Líkist hún þústum 020 og 03 að því leyti að engin grænka er í gróðri á henni. Þústin er 0,1-0,2 m á hæð.
**Hættumat:** engin hætta

**RA-194:062_05** þúst fjárskýli A 449845 N 354184
Þúst 05 er á lágri brún í suðurjaðri minjasvæðisins, 70 m vestan við tóft 001 og 55 m sunnan við þúst 004. Þústin er 5x4 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hún er fremur flöt að ofan og er smáþýfð, 0,2-0,3 m á hæð.
**Hættumat:** engin hætta



*Þúst RA-194:062_5, horft til suðurs.*



*Tóft RA-194:062_6, horft til suðurs.*

**RA-194:062_06** tóft fjárskýli A 449842 N 354203
Tóft 06 er sunnarlega á minjasvæðinu, 11 m norðan við þúst 05 og 5 m sunnan við tóft 07.
Tóftin er grasi gróin og torfhlaðin. Hún er 12x7 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Veggir hennar eru signir og innanmál ógreinilegt. Suðausturhluti tóftarinnar er nokkuð vel greinilegur og þar eru veggir 0,4 m á hæð en þeir lækka til norðvesturs. Tóftin hefur mögulega skiptst í tvö hólf en sú skipting er ekki skýr og er innanmálið illgreinilegt. Hrun eða veggur skilur á milli tóftarhelminga.
**Hættumat:** engin hætta

**RA-194:062_07** tóft fjárskýli A 449836 N 354216

Tóft 07 er sunnarlega á minjasvæðinu og er 4 m NNV við tóft 006.

Tóftin er einföld og torfhlaðin, 10x8 m að stærð og snýr nálega austur-vestur. Líklega hefur verið op á henni í austurenda. Tóftin er sigin og rof er komið í veggi þannig að innanmál sést ekki skýrt. Hæð veggja utanmáls er 0,3 m þar sem þeir eru hæstir. Gryfja eftir efnistöku er á milli tófta 07 og 08 og ummerki um efnistöku má sjá víðar á minjasvæðinu.

**Hættumat:** engin hætta



*Tóft RA-194:062_7, horft til norðurs.*



*Tóft RA-194:062_8, horft til NNA.*

**RA-194:062_08** tóft fjárskýli A 449819 N 35422

Tóft 08 er sunnarlega á minjasvæðinu, 7 m vestan við tóft 07 og 23 m ANA við tóft 09.

Tóftin er torfhlaðin, nokkuð hringlaga og 12 m í þvermál. Mesta hæð veggja er 0,6 m í suðurhluta tóftarinnar. Norðurjaðar tóftar er ógreinilegur og þar hefur líklega verið op inn í tóftina. Talsvert rof er í veggjum sem hefur gróið en innanmál nokkuð vel greinanlegt. Framan við tóft til norðurs er umrótað svæði sem virðist hafa myndast vegna efnistöku og rofs frekar en að það hafi verið hluti af tóftinni.

**Hættumat:** engin hætta

**RA-194:062_09** tóft fjárskýli A 449788 N 354208

Tóft 09 er sunnarlega á minjasvæðinu, 25 m suðvestan við tóft 08 og 15 m sunnan við tóft 10.

Tóftin er einföld og torfhlaðin, 12x8m að stærð og snýr NNV-SSA. Veggir hennar eru 0,5-0,6 m á hæð þar sem þeir eru hæstir á austurhlið en víðast annarsstaðar eru þeir litlu lægri. Líklega var op í suðurenda þar sem veggir eru lægstir. Tóftin er grasi gróin og greinileg. Mikil ummerki um efnistöku eru í kringum hana, einkum í suðurenda.

**Hættumat:** engin hætta



*Tóft RA-194:062_9, horft til SSA.*



*Tóft RA-194:062_10, horft til norðurs.*

**RA-194:062_10** tóft fjárskýli A 449783 N 354231
Tóft 010 er vestarlega á tóftasvæðinu, 9 m norðaustan við tóft 011 og 7,5 m sunnan við tóft 012.
Tóftin er einföld, lítil og hringlaga. Á milli hennar og tóftar 09, sem er 15 m sunnar, er rof eða ummerki um efnistöku sem hafa gróið aftur. Tóftin er um 8 m í þvermál. Torfhlaðnir veggir eru rofnir í suðausturhluta en eru almennt 0,5-0,6 m á hæð. Innanmálið sést sem grænn og grasi gróinn hryggur í miðri tóft þar sem hrunið hefur inn í hana. Ekki sést skýrt op á tóftinni og en líklegt að það hafi verið suðvestast.
**Hættumat:** engin hætta

**RA-194:06_11** tóft fjárskýli A 449767 N 354224
Tóft 011 vestast á tóftasvæðinu, út við mekjagirðingu á milli Teigs og Butru. Hún er er 9 m suðvestan við tóft 10 og 15 m norðvestan við tóft 09.
Tóftin er ferhyrnd og torfhlaðin en þó eru tveir steinar sýnilegir utan við norðvestur-hornið. Hún er einföld, 11x9 m að stærð og snýr austur-vestur. Innanmálið er orðið ógreinilegt vegna rofs og mögulegt er að tóftin nái lengra til vesturs (um 2 m). Ummerki um efnistöku má sjá í kringum tóftina, sérstaklega norðan og sunnan við hana. Mesta hleðsluhæð 0,4 m en hún er ýkt vegna efnistöku. Mögulegt op er austarlega á norður-langvegg.
**Hættumat:** engin hætta


*Tóft RA-194:062_11, horft til norðausturs.*


*Tóft RA-194:062_12, horft til norðvesturs.*

**RA-194:062_12** tóft fjárskýli A 449786 N 354247
Tóft 012 er vestarlega á tóftasvæðinu, 7 m norðan við tóft 10 og 20 m norðaustan við tóft 11.
Tóftin er hringlaga, lítil og einföld. Hún er um 7 m í þvermál og er innanmálið ógreinilegt vegna þústar sem hefur myndast í miðri tóftinni. Óljóst er hvar op hefur verið á tóftinni en mögulega hefur það verið austast eða suðaustast þar sem veggir eru lágir. Mesta hæð veggja er 0,4-0,5 m.
**Hættumat:** engin hætta

**RA-194:062_13** tóft fjárskýli A 449788 N 354261
Tóft 013 vestarlega á tóftasvæðinu, um 4 m norðan við tóft 012 og 8 m suðvestan við tóft 015.
Tóftin er einföld og allstór eða 12x9 m og snýr norðvestur-suðaustur. Op er á henni í norðvesturenda og talsverð ummerki um efnistöku í kring, annarsstaðar en utan við norðvesturenda. Veggir tóftarinnar eru 0,6 m á hæð en hæð þeirra er ýkt vegna efnisöku í kring. Talsverð grænka er í gróðri á tóftinni. Mikið og alldjúpt rof er í suðausturenda tóftar.
**Hættumat:** engin hætta

**RA-194:062_14** tóft fjárskýli A 449777 N 354270
Tóft 014 er vestarlega á tóftasvæðinu, 7 m norðvestan við tóft 013 og 13 m vestan við tóft 015. Hún er við suðvesturenda svæðis þar sem efni hefur verið tekið, allnærri girðingu á merkjum.

Tóftin er einföld og torfhlaðin, 8x7 m að stærð og snýr nálega norður-suður. Innanmál er mjög ógreinilegt og veggir eru signir. Mesta hæð þeirra er 0,3 m. Ummerki um efnistöku eru fast norðaustan við tóftina þar sem hún er ógreinilegust. Þar kann einnig að hafa verið op en það er ekki skýrt.
**Hættumat:** engin hætta


*Tóft RA-194:062_13, horft til suðvesturs.*


*Tóft RA-194:062_14, horft til NNA.*

**RA-194:062_15** tóft fjárskýli A 449798 N 354273
Tóft 015 er nokkuð miðsvæðis, 14 m austan við tóft 014 og 5,5 m norðvestan við tóft 016.
Tóftin er einföld, torfhlaðin og hringlaga. Hún er um 10 m í þvermál og mesta hæð veggja er um 0,5 m. Rof er í suðurhluta tóftar og mögulega hefur verið op á henni þar. Innanmálið er óljóst.
**Hættumat:** engin hætta


*Tóft RA-194:062_15, horft til norðurs.*


*Tóft RA-194:062_16, horft til norðvesturs.*

**RA-194:062_16** tóft fjárskýli A 449812 N 354265
Tóft 016 er miðsvæðis, 5,5 m suðaustan við tóft 015 og 8 m VSV við tóft 017.
Tóftin er torfhlaðin, hringlaga og einföld. Er hún mjög áþekk tóft 15 í útliti. Tóftin er um 8 m í þvermál. Ekki sést skýrt op á tóftinni en innanmál er vel greinilegt. Það er hins vegar ýkt vegna rofs. Mesta hæð veggja er 0,4-0,5 m.
**Hættumat:** engin hætta

**RA-194:062_17** tóft fjárskýli A 449828 N 354271
Tóft 017 er miðsvæðis, mitt á milli tófta 18 og 19 og 8 m ANA við tóft 16.
Tóftin er einföld, hringlaga og torfhlaðin. Hún er um 8 m í þvermál en innanmál hennar er ógreinilegt. Ummerki um efnistöku má sjá í kringum þessar tóftir. Ekki er skýrt op á tóftinni en veggir eru lægstir að norðan- og austanverðu. Mesta hæð veggja er 0,3-0,4.

**Hættumat:** engin hætta



*Tóft RA-194:062_17, horft til norðurs.*



*Tóft RA-194:062_18, horft til suðausturs.*

**RA-194:062_18** tóft fjárskýli A 449841 N 354264

Tóft 018 er miðsvæðis, um 9 m suðaustan við tóft 017 og 18 m norðvestan við tóft 04.

Tóftin er torfhlaðin og hringlaga, um 9 m í þvermál. Er hún mjög áþekk tóftum 15-17 og 19. Norðurhluti tóftarinnar er útflattur og ógreinilegur. Talsvert rof er í veggjum og innanmál er illgreinanlegt. Líklegt er að op hafi verið nyrst í tóftinni. Veggir hennar eru 0,5 m þar sem þeir eru hæstir suðvestast.

**Hættumat:** engin hætta

**RA-194:062_19** tóft fjárskýli A 449815 N 354278

Tóft 019 er nokkuð miðsvæðis, um 6 m norðan við tóft 016 og 9 m norðvestan við tóft 017.

Tóftin er einföld, hringlaga og torfhlaðin. Hún er 8-9 m í þvermál, innanmálið er vel greinilegt en er ýkt vegna rofs í innanverðum veggjum. Mesta hæð veggja utanmáls er 0,4 m en víða eru þeir lægri. Ekki sést op á tóftinni.

**Hættumat:** engin hætta



*Tóft RA-194:062_19, horft til norðausturs.*



*Tóft RA-194:062_20, horft til vesturs.*

**RA-194:062_20** tóft fjárskýli A 449798 N 354293

Tóft 020 er fremur norðvestarlega á minjasvæðinu og eru hún og tóft 21 ofan í afgerandi lægð sem virðist hafa myndast við torfskurð eða efnistöku. Tóftin er 4 m norðaustan við tóft 21 og 3 m suðaustan við tóft 22.

Tóftin er torfhlaðin og einföld, mög sigin og ógreinileg. Norðaustur-veggur er byggður ofan á eða utan í innanverða brún lægðarinnar sem tóftin er í. Tóftin er 8 m í þvermál og allbreitt op virðist vera

suðvestanverðri. Suðausturveggur er nánast útflattur og mesta hæð veggja er 0,2-0,3 m norðvestast.
**Hættumat:** engin hætta

**RA-194:062_21** tóft fjárskýli A 449789 N 354287
Tóft 021 er fremur norðvestarlega á minjasvæðinu og eru hún og tóft 20 ofan í afgerandi lægð sem virðist hafa myndast við torfskurð eða efnistöku. Tóftin er 4 m suðvestan við tóft 20 og 8 m norðvestan við tóft 15.
Tóftin er mjög áþekk tóft 20 en þó heldur greinilegri. Hún er um 8 m í þvermál og er innanmál hennar greinilegt að hálfu leyti en líklega ýkt vegna rofs. Svo virðist sem að efni hafi verið stungið úr norðvesturvegg. Ekki er skýrt op á tóftinni sem er hringlaga. Mesta hæð veggja er 0,4 m í NNA-hluta en lægstir eru veggirnir syðst.
**Hættumat:** engin hætta



*Tóft RA-194:062_21, horft til suðausturs.*



*Tóft RA-194:062_22, horft til norðvesturs.*

**RA-194:062_22** tóft fjárskýli A 449791 N 354300
Tóft 022 er norðvestarlega á tóftasvæðinu, fast norðvestan við tóft 20 og 7,5 m sunnan við tóft 24.
Nú taka við ógreinilegri og eldri tóftir sem eru nyrst á svæðinu. Lítil sem engin grænka er í þeim og falla þær vel inn í umhverfið. (022-031)
Tóftir 22-31 sem eru norðvestast á minjasvæðinu eru ógreinilegri og virðast eldri en þær tóftir sem eru sunnar og suðaustar. Lítil sem engin grænka er í þeim og falla þær vel inn í umhverfið. Tóft 22 er útflött, einföld og torfhlaðin. Hún er um 6 m í þvermál og varla meira en 0,2 m á hæð. Ytri brún veggja er óskýr og það sama má segja um innri brúnir. Ekki er sýnilegt op á tóftinni en það gæti hafa verið suðaustast.
**Hættumat:** engin hætta

**RA-194:062_23** tóft fjárskýli A 449778 N 354316
Tóft 023 er norðvestarlega á minjasvæðinu og er hún 12 m norðvestan við tóft 022 og 6 m vestan við tóft 024.
Tóftin er 9x7 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hún er lítillega kúpt að ofan og farin að ganga í þúfur. Ekki er hægt að greina innanmál í henni en ætla má að hún hafi verið einföld. Hæð veggja er 0,3-0,4 m. Hæstir eru þeir í suðvesturhlutanum, þar er smá grænka.
**Hættumat:** engin hætta

**RA-194:062_24** tóft fjárskýli A 449791 N 354316
Tóft 024 er norðvestarlega á minjasvæðinu, er 6 m austan við tóft 023 og 3 m suðvestan við þúst 25.
Tóftin er hringlaga, einföld og torfhlaðin. Hún er aðeins aflöguð en er um 8 m í þvermál. Hleðslur eru signar og útflattar syðst en hæstar eru þær 0,3 m vestast í tóftinni. Innanmál er mjög óljóst og ekki sést skýrt op á tóftinni en mögulega var það syðst í henni.

**Hættumat:** engin hætta



*Tóft RA-194:062_23, horft til norðurs.*



*Tóft RA-194:062_24, horft til norðvesturs.*

**RA-194:062_25** þúst fjárskýli A 449800 N 354323

Afar ógreinileg, útflött þúst 025 er 3 m norðaustan við tóft 024 og 9 m suðvestan við tóft 26. Þústin er um 6 m í þvermál og einungis 0,1 m á hæð. Ekkert innanmál sést í henni en í suðaustur-hluta er ílöng lægð. Mögulega er aðeins um rof að ræða.

**Hættumat:** engin hætta



*Þúst RA-194:062_25, horft til norðurs.*



*Tóft RA-194:062_26, horft til austurs.*

**RA-194:062_26** tóft fjárskýli A 449815 N 354328

Tóft 026 er norðvestarlega á minjasvæðinu, 10 m norðaustan við þúst 25 og 18 m suðaustan við tóft 27. Tóftin er hringlaga og um 8 m í þvermál en lítillega aflöguð. Ekki er hægt að greina innanmál í tóftinni sem er flöt að ofan. Hæstir eru veggir 0,2 m vestast en lækka lítillega til austurs. Engin grænka er í gróðri á tóftinni.

**Hættumat:** engin hætta

**RA-194:062_27** tóft fjárskýli A 449795 N 354341

Tóft 027 er norðvestarlega á minjasvæðinu, 13 m norðan við þúst 025 og 20 m norðvestan við tóft 026. Tóftin er einföld og fremur hringlaga tóft, útflött. Hún er um 6 m í þvermál og óljóst má greina innanmál í henni. Tóftin er fremur flöt að ofan og eru veggir 0,2-0,3 m á hæð. Ekki sést skýrt op.

**Hættumat:** engin hætta

**RA-194:062_28** tóft fjárskýli A 449779 N 354338

Tóft 028 er norðvestarlega á minjasvæðinu, 5 m norðan við tóft 029 og 11 m vestan við tóft 027.

Tóftin er hringlaga, einföld og torfhlaðin. Hún er 7 m í þvermál og er vart greinanlegt innanmál í henni. Ekki sést skýrt op en helst kemur til greina að það hafi verið norðvestast eða suðaustast í tóft. Lítilsháttar grænka er í gróðri á tóftinni. Hleðslur eru 0,4 m á hæð vestast, þar sem þær eru hæstar.



*Tóft RA-194:062_27, horft til austurs.*



*Tóft RA-194:062_28, horft til vesturs.*

**RA-194:062_29** tóft fjárskýli A 449781 N 354327

Tóft 029 er norðvestarlega á tóftasvæðinu, 5 m sunnan við tóft 028 og 15 m vestan við þúst 30. Tóftin er hringlaga, útflött og einföld. Hún er 5 m í þvermál og fremur flöt að ofan. Veggir eru 0,1-0,2 m á hæð. Hvorki sér móta fyrir innanmáli eða opi. Lítilsháttar grænka er í gróðri á tóftinni.

**Hættumat:** engin hætta



*Tóft RA-194:062_29, horft til suðausturs.*



*Þúst RA-194:062_30, horft til vesturs.*

**RA-194:062_30** þúst fjárskýli A 449762 N 354329

Þúst 30 er norðvestarlega á minjasvæðinu og á merkjum milli Butru og Teigs. Girt hefur verið yfir hana og henni raskað af þeim sökum. Hún er 13 m vestan við tóft 029 og 18 m suðaustan við tóft 31. Ekki er útilokað að þústin sé náttúrumyndun en hún er 9x7 m að stærð og snýr norður-suður. Hún er 0,2-0,3 m á hæð.

**RA-194:062_31** tóft fjárskýli

A 449746 N 354350

Tóft 031 er allra norðvestast á minjasvæðinu, vestan við merkjagirðingu á milli Teigs og Butru og því í landi Butru. Tóftin er 18 m norðvestan við þúst 30.

Tóftin er vel afmörkuð og skýr. Hún er hringlaga og einföld, um 6 m í þvermál. Innanmál hennar er greinanlegt en ekki afgerandi. Op er á tóft að suðaustanverðu. Mesta



*Tóft RA-194:062_31. horft til norðvesturs.*

hæð veggja er 0,5 m.

**RA-194:063_01** tóft beitarhús A 450720 N 355333




*Uppmælingar af tóftum RA-194:063.*

Tóftaþyrping er 500m SA við tóftir 015 og um 3,8 km sunnan við bæ 001. Tóftirnar raðast á bakka þurrs lækjarfarvegs en vegslóði er 50 m vestan við svæðið. Alls eru fimm tóftir á svæðinu sem er 270x100 m og snýr VSV-ANA.

Sléttir ármelar þar sem Þverá og Affall runnu yfir áður en varnargarðar voru byggðir. Allt svæðið hefur þornað upp eftir það. Mosi, gras og lyng áberandi allt í kring. Svæðið er smá þýft.

Tóft 063_01 er austast og samanstendur af tóft og gerði fram við hana. Tóftin skiptist mögulega í tvö hólf og snýr NV-SA með op til suðurs. Inn í henni mótast óljóst fyrir þýfðum bakka. Tveir steinar sjást fyrir utan op tóftarinnar en hún er torfhlaðin að öðru leyti. Veggir eru 0,2-0,3m á hæð, frekar útflattir og signir. Gerðið er 9,5x4,5m að stærð og snýr NA-SV. Veggir eru lægri og umfang minna, 1m á breidd og 0,2m á hæð. Veggir eru nokkuð grónir og inn í hólfinu sést móta fyrir bakka.

**Hættumat:** engin hætta

**RA-194:063_02** tóft beitarhús A 450697 N 355326

Tóft 063_02 er 14m vestan við tóft 063_01. Hún er einföld, snýr N-S og er með óljóst op til austurs. Veggir eru 2m á breidd og 0,1-0,3m á hæð. Tóftin er torfhlaðin og vaxin mosa og sinu. Inn í tóftinni má greina óljósan þýfðan bakka, mögulega garða eða hrun. Efnistaka er greinileg allt um kring.

**Hættumat:** engin hætta



*Tóft RA-194:063_1, horft til NNV.*



*Tóft RA-194:063_2, horft til vesturs.*

**RA-194:063_3** tóft fjárskýli A 450609 N 355320

Tóft 063_03 er 80m vestan við tóft 063_02. Tóftin er hringlaga, 9m í þvermál og er einföld. Ekkert op er greinilegt en mögulega var það í SA hluta þar sem veggir eru lægstir. Veggir sjást best til suðurs og eru mest 2m á þykkt, torfhlaðnir og þýfðir. Að innan eru veggir mun óljósari og 0,1m á hæð en að utan

mælast þeir hæst 0,3m á hæð. Það mótar fyrir efnistöku meðfram tóftinni.
**Hættumat:** engin hætta



*Tóft RA-194:063_3, horft til norðurs.*



*Tóft RA-194:063_4, horft til vesturs.*

**RA-194:063_04** þúst heystæði A 450594 N 355295
Þúst 063_04 er 20m SV við tóft 063_03. Hún er 7,5 x 6,5 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Ekkert op er sjáanlegt á yfirborði né annað sem bendir til hólfaskiptingar. Þústin er torfhlaðin og mælist mest 0,3m á hæð. Ummerki um efnistöku má sjá nálægt henni. Þústin er við suðurbakka uppþornaðs lækjarfarvegs.
**Hættumat:** engin hætta

**RA-194:063_05** tóft rétt A 450485 N 355220



*Tóft RA-194:063_5, horft til norðurs.*

Tóft 063_05 er nokkuð langt frá hinum minjunum í þyrpingunni eða 130m SV við þúst 063_04. Tóftin er norðan við lækjarsprænu, sunnan við þurran lækjarfarveg. Tóftin er 11,5x9 m að stærð, snýr NV-SA og skiptist í tvö hólf. Tóftin er torfhlaðin, veggirnir eru 0,1x0,3 m á hæð, hæstir að utan. Nyrðra hólfið er 3,3x2,3 m að innanmáli og snýr N-S. Veggirnir eru óljósir og fallnir inn í hólfið að hluta. Op er til suðurs, yfir í syðra hólfið. Það hólf er «ofan» í þurrum farvegi. Ekki er ljóst hvort að svo var eða lækurinn hafi raskað hólfinu. Það er 2,1x2,1 m að innanmáli og opið til VSV. Aðrekstrargarður er frá tóftinni til vesturs en einnig gæti þriðja hólfið verði þar norðar. Garðurinn sveigir til norðurs og fjarar út. Hólfið myndar "rennu" inn í nyrðra hólfið.
**Hættumat:** engin hætta

**RA-194:064_01** tóft beitarhús A 450256 N 356978
Tvær tóftir standa hlið við hlið 2,2 km sunnan við bæ 001 og 250m SV við beitarhús 067. Tóftirnar eru 30-35m vestan við Fljótsveg sem bugðast um landslagið. Tóftirnar eru nokkuð sunnan við veg að sumarbústað í landi Butru og eru á grónum bakka/hólma við uppþornaðan lækjarfarveg. Tóftirnar eru svæði sem er 22x11m að stærð og snýr austur-vestur. Staðsetning tóftanna bendir til þess að um beitarhús sé að ræða.
Svæðið er flatt og þýft. Tóftirnar standa hæst á hólma, þurr árfarvegur er fyrir norðan en blautur fyrir sunnan. Mói í kring er nýttur til beitar.
Tóft 064_01 er vestar. Hún er einföld, snýr NV-SA og opin til NV. Hún er torfhlaðin og eru veggir

grónir og signir. Veggirnir eru 2-2,5m á breidd og 0,3-1m á hæð. Víða er rof í veggjunum þar sem þeir eru lægri. Kantur er sunnan við tóftina, mögulega leifar af eldri byggingu. Kanturinn skagar til suðurs og er 0,3m á hæð. Ummerki um efnistöku eru greinileg til vesturs frá tóftinni.
**Hættumat:** engin hætta



*Uppmælingar af tóftum RA-194:064.*

**RA-194:064_02** tóft beitarhús
A 450268 N 356980
Tóft 064_02 er 5m austar. Hún er 7,5x5,5 m að stærð, er einföld, snýr NNV-SSA og með op til norðurs. Tóftin er torfhlaðin og eru veggir 0.3m á hæð og 2m á breidd. Veggir eru lægri og ekki eins grónir og í tóft 01.
**Hættumat:** engin hætta


*Tóft RA-194:064_1, horft til austurs.*


*Tóft RA-194:064_2, horft til SSA.*

**RA-194:065_01** tóft beitarhús A 450209 N 355952
Ung beitarhúsatóft og eldri úthagaminjar eru við fjárhús í bragga sem enn stendur á Teigsaurum. Á svæði sem er 100x50 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur má greina sex mannvirki. Einnig má geta þess að á allstóru svæði norðan við bílslóða sem liggur inn á minjasvæðið eru talsverðar ójöfnur fast innan við garð 02 og ekki útilokað að þar leynist fleiri minjar. Minjasvæðið virðist hafa náð lengra til vesturs, vestur fyrir girðingu sem skilur á milli ræktaðra túna og óræktar.



*Uppmælingar af minjum RA-194:065. Torfrista er táknuð með hvítri línu.*

Vestan við girðinguna er búið að slétta svæðið í tún en enn má greina talsverðar ójöfnur þar. Er líklegt að þær séu að einhverju leyti ummerki um útflattar minjar. Á herforingjaráðskorti 48 SA má sjá hús merkt á þessum stað.
Minjarnar eru á grónu flatlendi sem þó er ekki rennislétt því talsverðar ójöfnur eru á því. Minjasvæðið er litlu sunnan við lækjarfarveg en lítið vatn var í honum þegar minjarnar voru skráðar í júní 2019.
Lýsingin hefst á beitarhúsatóft 01 sem er norðvestast á minjasvæðinu á milli vallargarðs 02 og bragga sem var reistur eftir seinna stríð. Tóftin sem hér er skráð er á allnokkrum rústahól en ekki er hægt að aðgreina ytri brún veggja frá hólnum sjálfum sem er um 1,5 m hár að meðtaldri tóftinni. Tóft og rústahóll eru 17x10 m að stærð og snúa NNV-SSA. Innanmál eins hólfs sést í SSA-enda tóftarinnar og er það 5x2 m að stærð. Framan við hólfið til norðurs er flatur stallur og niður af því til suðurs er allnokkurt rof sem tekið er að gróa aftur en í því er blikk, rúlluplast og eitthvað af grjóti, en aðallega hefur byggingarefnið verið torf. Líklega hefur verið op inn í tóft í suðurenda. Mesta hæð veggja er 0,4 m á vesturhlið. Ójöfnur eru í lágri þúst fast suðvestan við tóftina. Þústin kann að vera hluti af tóftinni (ef til vill heystæði) en einnig kemur til greina að hún sé náttúrumyndun eða ungt rask. Þústin er 0,2-0,4 m á hæð. Yst og suðvestast í henni er líkt og hringlaga niðurgröftur sem er 2 m í þvermál og 0,1-0,2 m djúpur.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Herforingjaráðskort 1:50000 48 SA



*Tóft RA-194:065_1, horft til norðurs.*



*Túngarður RA-194:065_2, horft til SSA.*

**RA-194:065_02** garðlag túngarður A 450229 N 355965
Torfhlaðinn garður er 10 m norðan við tóft 01 og 40 m norðan við uppistandandi bragga. Fast norðan við garðinn er gamall og þurr árfarvegur. Ætla má að garðurinn hafi afmarkað lítið tún í kringum fjárhús 01. Garðurinn liggur norðvestur-suðaustur og er um 60 m á lengd. Hann er hár og áberandi og er hann 0,6-1 m á breidd og 0,2-0,6 m á hæð. Garðurinn er rofinn á nokkrum stöðum og við suðaustur-enda hans liggur vegslóði þvert yfir garðinn og hefur þessi vegagerð raskað honum en suðaustan við slóðann sjást engin áframhaldandi ummerki um garðhleðslu. Í norðvestur-enda nær garðurinn að girðingu en vestan við girðinguna hefur garðurinn verið sléttaður í tún. Óvíst er hversu langt til vesturs hann hefur náð.
**Hættumat:** hætta, vegna vegagerðar

**RA-194:065_03** tóft fjárhús A 450233 N 355928
Ung beitarhúsatóft 03 er 03 m SSA við tóft 01 og fast ANA við braggafjárhús. Tóftin er illa farin af rofi og framkvæmdum, einkum VSV-hlið, en ekki virðist hafa verið hlaðinn veggur á NNV-gafli. Tóftin er 23x13 m að stærð og snýr NNV-SSA. Hún er hlaðin úr torfi og grjóti. Syðst í henni er lítillega niðurgrafin hlaða sem er 7x5,5 m að innanmáli og snýr eins og tóftin. Vesturhluti hennar er mikið raskaður. Ekki er að sjá að hlaðinn veggur hafi skilið á milli fjárhúsa og hlöðu. Fjárhúsin eru mikið röskuð, eru 10x4 m að innanmáli og snúa eins og tóftin. Í þeim miðjum er steinsteyptur garði og fremst og nyrst í honum er fjárbað. Það er um 2 m á lengd og er aðeins breiðara en garðinn. Vesturveggur fjárhúsa er útflattur. Þar sem veggir standa á austurhlið eru þeir 1,1-1,2 m á hæð. Innanmáls eru þeir 0,3-0,4 m háir. Grjót sést í

hleðslum en ekki fjöldi umfara. Í rofi sem sést á mörkum fjárhúsa og hlöðu má sjá grjót í vesturlangvegg og mjög sendinn jarðveg.
**Hættumat:** hætta, vegna rasks



*Tóft RA-194:065_3, horft til suðurs.*



*Tóft RA-194:065_4, horft til suðurs.*

**RA-194:065_04** tóft óþekkt A 450243 N 355935
Tóft 04 er 4 m austan við tóft 03 og 14 m norðaustan við uppistandandi bragga.
Tóftin er 6x5 m og snýr nálega austur-vestur. Hún er einföld en ekki er hægt að greina op á henni. Veggir tóftarinnar eru nærri því útflattir en innanmálið er greinanlegt og er það 4x2 m á stærð. Innri brún veggja er 0,1-0,3 m á hæð. Fast austan við tóftina liggur vegslóði til norðurs og suðurs sem hefur raskað austurvegg hennar að hluta. Hlutverk tóftarinnar er ekki þekkt en af útliti hennar og staðsetningu innan minjaheildarinnar að dæma er líklegt að um heystæði sé að ræða.
**Hættumat:** hætta, vegna vegagerðar

**RA-194:065_05** hleðsla óþekkt A 450250 N 355913
Út frá suðausturhorni beitarhúsa 03 gengur hryggur sem virðist manngerður og líkist helst útflöttum garði. Hann er 14 m langur, 6 m breiður og víðast 0,3 m breiður. Bílslóði liggur yfir hrygginn nærri suðaustur-enda. Í honum er gróið rof og í því sést stakur steinn en óljóst hvort hann hefur borist úr hleðslum í beitarhúsum eða hvort hann sé úr hryggnum. Ekki er ljóst um hvers konar mannvirki er hér að ræða en ekki er útilokað að það sé rampur sem ekið hafi verið upp á til að koma heyi í hlöðu í beitarhúsum 03.
**Hættumat:** hætta, vegna rasks



*Hleðsla RA-194:065_5, horft til suðausturs.*



*Niðurgröftur RA-194:056_6, horft til suðvesturs.*

**RA-194:065_06** gryfja óþekkt A 450263 N 355907
Óljós niðurgröftur 06 er um 50 m suðaustan við bragga á minjasvæðinu, fast suðvestan við allgreinilega aflanga laut sem virðist náttúruleg en stingur talsvert í stúf. Niðurgröfturinn er 7x6 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hann er 0,1-0,2 m djúpur, flatlendur en ekki sléttur í botninn. Óljóst má greina kraga í kringum niðurgröftinn. Grænna og kraftmeira gras vex ofan í honum en utan hans. Ekki er ljóst hvaða hlutverki þetta mannvirki hefur gengt en til greina kemur að þarna hafi verið heystæði.
**Hættumat:** engin hætta

**RA-194:066_01** tóft rétt A 450845 N 356139



*Uppmælingar af minjum RA-194:066.*

Á herforingjaráðskorti 48 SA frá 1908 eru merkt inn tvö beitarhús á aurunum sunnan við Fljótsveg. Þar má sjá sex tóftir um 3 km sunnan við bæ 001 og um 360 m austan við minjar 056. Minjaheildin er 80-100 m vestan við landamörk Smáratúns og Teigs 1 og 600m NV við uppistandandi bláan bragga byggðan 1971 í landi Smáratúns. Við suðurenda svæðis er bugða í uppþornuðum árfaveg.
Minjarnar eru í flatlendum grasmóa og til suðurs er uppþornaður árfarvegur, nokkuð niðurgrafinn. Tóftirnar skera sig úr umhverfinu vegna mikillar grænku en í kring er gulleitari gróður. Tóft 066_01 er vestasta tóftin á svæðinu. Hún er 13x8,3 m að stærð og snýr austur-vestur. Tóftin er einföld og op er á vesturhlið. Tóftin er torfhlaðin en ekkert grjót sjáanlegt í veggjum. Útlínur tóftarinnar eru enn nokkuð skýrar og eru veggir um 0,4 m á hæð. Suður- og norðurveggir eru báðir útflattir og breiðir eftir því. Í norðvesturhorni gengur stuttur veggur til austurs og er hann rúmir 2 m á lengd. Erfitt að segja til um hlutverk þessa veggjar. Miðað við lögun og staðsetningu tóftarinnar er líklegt að um rétt sé að ræða.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Herforingjaráðskort 1:50000 48 SA


*Tóft RA-194:066_1, horft til vesturs.*


*Tóft RA-194:066_2, horft til suðurs.*

**RA-194:066_02** tóft fjárskýli A 450873 N 356172
Tóft 066_02 er 43m norðaustan við tóft 066_01. Tóftin er 8x6,6m á stærð, torfhlaðin og eru hleðslur

hæstar 0,4m á hæð. Tóftin snýr austur-vestur, er einföld og opin á vesturhlið. Mögulega má greina annað op á suðurhlið. Veggir eru nokkuð signir og er hrun mest áberandi til norðurs í tóftinni. Merki um torfhrun er greinilegt utan við og innan í tóftinni en mest er það í suðausturhorni. Hlutverk tóftar er ekki þekkt en miðað við ummál og staðsetningu hefur þetta líklegast verið fjárborg.
**Hættumat:** engin hætta

**RA-194:066_03** tóft beitarhús A 450888 N 356171
Tóft 066_03 er 4m austan við tóft 066_02. Tóftin er 12x7 m á stærð, snýr austur-vestur og skiptist í tvö hólf. Vestra hólfið er stærra en hið eystra. Það er um 3,5x5 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Op er á því á norðurhlið. Eystra hólfið er 4x2,5 m að innanmáli og snýr norður-suður. Einnig er op á norðurhlið þess en það er nokkuð breiðara en opið inn í vestara hólfið. Tóftin er áberandi og er á lítlum hól. Veggirnir eru signir, sérstaklega til suðurs og vesturs, þar eru þeir mjög ógreinilegir. Tóftin er torfhlaðin og ekkert grjót er sýnilegt í veggjum. Miðað við lögun og staðsetningu má áætla að tóftin hafi verið beitarhús.
**Hættumat:** engin hætta



*Tóft RA-194:066_3, horft austurs.*



*Tóft RA-194:066_4, horft til suðurs.*

**RA-194:066_04** tóft beitarhús A 450907 N 356169
Beitarhús 066_04 eru 2m austan við beitarhús 066_03 og eru austasta tóftin á svæðinu. Tóftin er nokkuð áberandi í landslaginu og er á grónum hól sem er án efa uppsöfnuð mannvistarlög að hluta. Tóftin er 20x17 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Umerki um hrunda þekju má greina norðvestast í tóftinni. Veggirnir eru algrónir og stæðilegir, 0,2-0,5 m á hæð og þýfðir. Austuveggur og suðvesturhorn tóftarinar sjást einna best. Tóftin skiptist í fimm hólf og hefst lýsingin í syðsta hólfinu sem er hlaða. Hún er 10,5x3,5 m að innanmáli og snýr ANA-VSV. Ekkert op sést á yfirborði né virðist hún niðurgrafin. Hólf 2 er norðaustast í tóftinni, ofan við hlöðuna. Það er 7,7x1,3 m að innanmáli og snýr NNV-SSA. Hólfið er opið til norðurs. Hólf 3 er norðvestan við hólf 2. Það er 3,2x3,2 m að innanmáli og op er í norðausturhorni. Hólf 4 er sunnan við hólf 3, inni í miðri tóftinni. Ekkert op sést þar inn. Það er 3,3x2,2 m að innanmáli og snýr NNV-SSA. Hólf 5 er vestar í tóftinni, líklega rétt. Hún er 6x4 m að innanmáli og snýr NNV-SSA. Hólfið er opið til vesturs.
**Hættumat:** engin hætta

**RA-194:066_05** hleðsla túngarður A 450902 N 356154
Hleðsla 056_05 er 3m sunnan við tóft 056_04 og liggur til suðurs á 15,5m löngum kafla. Hún endar við bakka uppþornaðs lækjar. Hleðslan er nokkuð áberandi í landslaginu en er hæst nyrst, 0,5m, en lækkar eftir því sem sunnar dregur. Svo virðist sem að þessi veggur hafi tengst tóft 04 og líklega um vallargarð að ræða.
**Hættumat:** engin hætta



Túngarður RA-194:066_5, horft til suðurs.



Tóft RA-194:066_6, horft til norðausturs.

**RA-194:066_06** tóft sel A 450870 N 356142

Tóft 066_06 er 25m vestan við hleðslu 066_05. Tóftin er 16,5x11,5m stór og snýr ANA-VSV. Veggirnir eru torfhlaðnir 0,4-0,5 m á hæð og algrónir. Tóftin skiptist í fjögur hólf, þrjú eru samhliða í norðurhluta tóftar með opum til norðurs. Hlaða er sunnan þeirra. Tóftin er nokkur sigin og ekki útilokað að fleiri hólf séu til norðurs. Hólf 1 er norðvestast í tóftinni. Innanmál þess er 4,2,2 m og það snýr nálega norður-suður. Hólf 2 er austan þess og einna greinilegast í tóftinni. Það er 3,5x2,5m að innanmáli og snýr norður-suður. Lægð í veggjum bendir til þess að op hafi verið á milli hólfa 1 og 2. Einnig er lægð til suðurs í hólfi 2, mögulega inngangur í hólf 4. Hólf 3 er austan við hólf 2 og er nokkuð óljóst. Það er 3,5x2 m að innanmáli og óljóst mótar fyrir opi til norðurs. Hólf 4 er hlaða og snýr austur-vestur. Hún er 8x3,5m að innanmáli og er lítillega niðurgrafin. Hleðslur eru nokkuð signar og ummerki um rask má finna í SV horni. Sjá má veggjahrun í tóftinni og hrun úr þekju. Miðað við stærð, lögun og staðsetningu er þetta líklegast beitarhús/sel með áfastri hlöðu.

**Hættumat:** engin hætta

**RA-194:067** heimild um beitarhús A 450441 N 357164

Samkvæmt Herforingjaráðskorti 48 frá 1908 voru beitarhús um 2 km sunnan við bæ 001 og 260 m NA við tóftir 064. Malarvegur að túnum á Teigsaurum liggur fast við eða yfir áætlaðri staðsetningu beitarhússins.

Sendið undirlag og malarvegur fast austar. Brekka til suðurs. Mosi og melur allt í kring.

Engin ummerki um beitarhúsið sjást á yfirborði.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Herforingjaráðskort 1:50000 48 SA

**RA-194:068_01** tóft stekkur A 451720 N 356520



Tóft RA-194:068_1, horft til norðurs.

Á herforingjaráðskorti 48 frá 1908 eru merkt inn beitarhús á aurunum sunnan við Þverá. Þar má sjá þrjár tóftir í landi Teigs II, um 2,8 km SSA við bæ 001 og 800m sunnan við beitarhús 069. Tóftirnar eru 300m austan við merki milli Smáratúns og Teigs. Minjasvæðið er 46x24 m að stærð og snýr austur-vestur. Merki um efnistöku má finna í kringum tóftirnar.

Minjarnar eru í flatlendi þar sem gróður einkennist af grasi og lyngi. Stórþýft er í kringum tóftirnar. Ræktuð tún Smáratúns eru til vesturs. Flatlendi með hryggjum inn á milli, mest af þeim til suðurs.

Tóft 068_01 er suðvestust. Hún er 4x7m að stærð og snýr norður-suður. Hleðslur í veggjum eru mest 0,3-

0,4m á hæð. Tóftin skiptist í tvö hólf. Syðra hólfið er 1,6x0,8m að stærð og snýr suðaustur-norðvestur. Op er til suðausturs og veggjahrun inni í hólfinu. Nyrðra hólfið er 4,2x3 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Veggur er á milli hólfanna en erfitt er að sjá hvort op hafi verið á veggnum. Skýr merki um hrunda þekju má greina í miðju norðurhólfi. Tóftin er nokkuð sigin til suðurs með skýr merki um vegghrun í suðurhólfi. Miðað við staðsetningu, stærð og lögun er þetta líklega stekkjartóft.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Herforingjaráðskort 1:50000 48 SA



*Uppmælingar af minjum RA-194:068.*

**RA-194:068_02** tóft heystæði A 451729 N 356529
Tóft 068_02 er 2 m norðaustan við tóft 068_01. Hún er 5x4 að stærð og snýr austur-vestur. Tóftin er einföld og á vesturhlið hefur ekki verið hlaðinn veggur. Tóftin er torfhlaðin og engin ummerki um grjót sjást í henni. Veggir tóftarinnar eru signir og aðeins 0,3 m á hæð þar sem þeir eru hæstir. Innanmál hennar er þó enn nokkuð skýrt. Erfitt er að segja til um hlutverk en miðað við stærð og staðsetningu er líklegt að um heystæði sé að ræða.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Herforingjaráðskort 1:50000 48


*Tóft RA-194:068_2, horft til vesturs.*


*Tóft RA-194:068_3, horft til norðurs.*

**RA-194:068_03** tóft beitarhús A 451758 N 356520
Tóft 068_03 er 11,5x8m að stærð og snýr norður-suður. Hún er torfhlaðin og skiptist í tvö hólf. Í suðurhluta tóftar er stórt hólf sem snýr austur-vestur og er líklega hlaða. Hún er 5x2m að innanmáli og lítillega niðurgrafin. Norðan við hlöðuna eru fjárhúsin, tveir garðar liggja eftir hólfinu endilöngu. Hólfið er 5,5x4 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Tóftin er nokkuð sigin, sérstaklega í suðurhluta og mjög erfitt er að greina milli veggja eða garða. Vegghrun inn í tóft er mjög greinanlegt.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Herforingjaráðskort 1:50000 48

**RA-194:069** tóft beitarhús A 451543 N 357279
Samkvæmt Herforingjaráðskorti 48 frá 1908 eru sýnd tvenn beitarhús og ein fjárrétt á aurunum sunnan

Þverár. Tóftirnar voru um 1,1 km austan við beitarhús 067 og 2,8 km sunnan við bæ 001. Ein tóft er ennþá sjáanleg. Nú er slétt tún á þessu svæði og hinar tóftirnar horfið við þær framkvæmdir.
Slétt, ræktað tún nýtt til sláttar og beitar.




*Uppmæling af tóft RA-194:069.*



*Tóft RA-194:069, horft til norðurs.*

Samkvæmt herforingjaráðskorti voru beitarhúsin norðar og réttin sunnar. Ein tóft sést enn. Hún er 13x8 m að stærð, útlfött, og algróin með aflíðandi hliðar, Búið er að slétta yfir veggina en þeir sjást sem 0,3m háir hryggir í túninu. Suðaustarlega í tóftinni mótar fyrir hólfi, 0,1m að dýpt. Sé tekið mið af löguninni er þetta annað beitarhúsanna.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Herforingjaráðskort 1:50000 48 SA

**RA-194:070_01** tóft heystæði A 452834 N 354058




*Uppmælingar af minjum RA-194:070.*

Á herforingjaráðskorti 48 SA frá 1908 eru merkt inn tvö beitarhús á aurunum sunnan við Þverá (sjá 071). Fjölmargar tóftir eru norðvestan við nýbýlið Rauðuskriðu sem byggt er úr Hlíðarendatorfu en þeim er skipt í þrjár minjaþyrpingar. Landamerki Rauðuskriðu eru um 120m austan við minjarnar. Hér er verið skrá þá nyrstu en þar eru fjórar tóftir. Minjasvæðið er 150x50 m stórt og snýr norðvestur-suðaustur. Tóftirnar eru um 5,5 km SSV við bæ 001 og rúmum 60 m norðvestan við tóftir 071. Þrjár minjar eru saman í þyrpingu til suðurs og ein er 120-130m norðvestar.
Minjarnar eru í flatlendum smáþýfðum móa en víða má þó sjá lága hryggi og gamla og gróna vantsfarvegi. Gamall farvegur lá meðfram tóftum 01-03.
Tóft 070_01 er austasta tóftin, um 90m vestan við landamerki Rauðuskriðu. Tóftin er 6,2x5,2m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Tóftin er einföld og torfhlaðin. Hæsta vegghleðsla er 0.3m á hæð. Það vottar fyrir opi á vesturhlið. Tóftin er mjög sigin og útlínur veggja mjög óljósar. Norðurveggur er að mestu horfinn vegna rofs. Innanmál tóftar er óljóst en greinanlegt. Miðað við stærð, lögun og staðsetningu var þetta líklega heystæði.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Herforingjaráðskort 1:50000 48 SA

**RA-194:070_02** tóft rétt A 452805 N 354069

Tóft 070_02 er greinilegust á svæðinu þrátt fyrir að veggir séu signir. Hún er 14x10m að stærð, snýr norðvestur-suðaustur og er einföld. Tóftin er torfhlaðin og eru veggir 1-2m á breidd og 0,2-0,4m á hæð. Vegghleðslur sjást best á norðurhlið en suðurhliðin er illgreinanleg. Ummerki þekju má finna suðurhluta tóftarinnar. Op er greinilegt við norðvesturhorn tóftarinnar. Miðað við stærð, staðsetningu og lögun var þetta líklega rétt.

**Hættumat:** engin hætta



*Tóft RA-194:070_1, horft til austurs.*



*Tóft RA-194:070_2, horft til suðausturs.*

**RA-194:070_03** tóft rétt A 452790 N 354056

Tóft 070_03 er 8m suðvestan við rétt 070_02. Tóftin er einföld, 11x8,7m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Tóftin er torfhlaðin og mjög sigin en hæstu vegghleðslur eru 0,3m. Innanmál tóftar er nokkuð skýrarar en utanmálið þar sem skálarlaga dæld í jörðinni markar innanmál tóftar. Ekkert op er greinilegt á tóftinni. Miðað við staðsetningu og lögun hefur þetta líklegast verið rétt.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Herforingjaráðskort 1:50000 48 SA



*Tóft RA-194:070_3, horft til suðvesturs,*



*Tóft RA-194:070_4, horft til suðausturs.*

**RA-194:070_04** hleðsla heystæði A 452730 N 354156

Óljós tóft 070_04 er 130 m norðar en hinar minjarnar. Hún er lítið annað veggur til suðurs og dæld til norðurs. Veggurinn er 1,5 m á breidd, algróinn og 0,3 m á hæð. Dældin er 0,2 m á dýpt. Líklegt er að þetta sé heystæði.

**Hættumat:** engin hætta

**RA-194:071_01** tóft beitarhús A 452920 N 354015




*Uppmælingar af tóftum RA-194:071. Alls eru 11 fornleifar þar.*

Alls eru 11 tóftir um 5,5 km frá bæ 001, í svokölluðum Hallshólma sem er rétt vestan við landamerki milli Teigs og nýbýlisins Rauðuskriðu, NNV við Dímon. Svæðið er 120x65 m á stærð og snýr austur-vestur. Tóftinar raðast beggja vegna við þurran lækjarfarveg og á herforingjaráðskorti frá 1908 eru sýnd beitarhús á þessum stað.
Hér er flatlendur mói og þar eru lágir hryggir og grunnar, þurrar vatnsrásir.
Tóft 071_01 er austasta tóftin sem tilheyrir minjaheild 071 og er 20 m vestan við landamerki Teigs og Rauðuskriðu. Hún er torfhlaðin, einföld og er 7x6 m að stærð. Tóftin snýr suðvestur-norðaustur. Dyraopið var á norðausturhlið og er innanmál hennar nokkuð skýrt. Tóftin er sigin og utanmál veggja er óskýrt. Hæð veggja er 0,3-0,6 m en þar sem veggir eru skýrastir sunnan og vestan megin eru ummerki um efnistöku sem ýkja hæð veggjanna. Hlutverk er ekki þekkt en ætla má að hér hafi verið fjárborg.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Herforingjaráðskort 1:50000 48 SA



*Tóft RA-194:071_1, horft til suðurs.*



*Tóft RA-194:071_2, horft til vesturs.*

**RA-194:071_02** tóft fjárskýli A 452906 N 353984
Tóft 071_02 er 25 m SSV við tóft 071_01. Tóftin er einföld og hringlaga, um 10 m í þvermál. Op er á vestanverðri tóftinni og er innanmál hennar skýrt. Veggir eru úr torfi og er hæð þeirra 0,3-0,6 m, lægstir við opið. Ætla má að tóftin sé af fjárborg.
**Hættumat:** engin hætta

**RA-194:071_03** tóft fjárskýli A 452880 N 354008
Tóft 071_03 er 35 m vestan við tóft 071_01. Tóftin er einföld, hringlaga og torfhlaðin. Tóftin er 6 m í þvermál og op á henni til suðvesturs. Innanmál hennar er skýrt. Hæð veggja er frá 0,2-0,4 m.
**Hættumat:** engin hætta



Tóft RA-194:071_3, horft til norðausturs.



Tóft RA-194:071_4, horft til NNV.

**RA-194:071_04** tóft fjárskýli A 452868 N 353997

Tóft 071_04 er 10 m suðvestan við tóft 071_03. Tóftin er einföld, hringlaga og torfhlaðin. Hún er 8 m í þvermál og hæð veggja er 0,4-0,5 m en lækka til suðvesturs. Tóftin er flöt að ofan og innanmál nærri ógreinanlegt. Ekki er hægt að greina op á henni.

**Hættumat:** engin hætta

**RA-194:071_05** tóft fjárskýli A 452856 N 353989

Tóft 071_05 er 7 m suðvestan við tóft 071_04. Tóftin er torfhlaðin og sigin, flöt að ofan og mjög ógreinileg. Hún er 6 m í þvermál. Ekki er hægt að greina innanmál og eru veggir frá 0,1-0,2 m á hæð. Suðurhlutinn er horfinn og einungis bogadreginn veggur eftir.

**Hættumat:** engin hætta



Tóft RA-194:071_5, horft til NNV.



Tóft RA-194:071_6, horft til vesturs.

**RA-194:071_06** tóft fjárskýli A 452844 N 353978

Tóft 071_06 er 10 m suðvestan við tóft 071_05. Tóftin torhflaðin, hringlaga og er einföld. Hún er 6 m í þvermál, er mjög sigin og veggir eru greinilegastir að sunnanverðu. Inni í henni er stór þúfa eða þúst og ekki er hægt að greina op. Hér er líklega um fjárskýli að ræða.

**Hættumat:** engin hætta

**RA-194:071_07** tóft fjárskýli A 452826 N 353956

Tóft 071_07 er 20 m suðvestan við tóft 071_06. Hún er torfhlaðin, einföld, 7x6 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Líklegast var op á suðvesturhlið. Veggir eru farnir að síga og er hún óskýrust til suðvesturs en veggirnir eru 0,1-0,3 m á hæð.

**Hættumat:** engin hætta



*Tóft RA-194:071_7, horft til suðausturs.*



*Tóft RA-194:071_8, horft til vesturs.*

**RA-194:071_08** tóft fjárskýli A 452833 N 353950

Tóft 071_08 er 3 m suðaustan við tóft 071_07. Hún er torfhlaðin, einföld, snýr austur-vestur og er 10x4 m á stærð. Tóftin er flöt að ofan og veggir 0,1-0,2 m á hæð.

**Hættumat:** engin hætta

**RA-194:071_09** tóft fjárskýli A 452870 N 353986

Tóft 071_09 er 3 m sunnan við tóft 071_04. Hún er torfhlaðin, hringlaga og er einföld. Utanmál hennar er nokkuð greinilegt en veggirnir eru signir og flatir að ofan. Innanmálið er nokkuð skýrt en ekki er hægt að segja til um hvar opið hefur verið. Hæð veggja er 0,1-0,3 m.

**Hættumat:** engin hætta



*Tóft RA-194:071_9, horft til norðausturs.*



*Tóft RA-194:071_10, horft til austurs.*

**RA-194:071_10** tóft fjárskýli A 452880 N 353992

Tóft 071_10 er 5 m norðaustan við tóft 071_09. Tóftin er einföld, torfhlaðin og hringlaga. Hún er 6 m í þvermál og hæð veggja er 0,1-0,2 m. Tóftin er mjög sigin og er alveg útflött að sunnanverðu. Annars má greina óskýrt utanmál hennar en ekki er hægt að segja til um hvar opið hefur verið.

**Hættumat:** engin hætta



*Tóft RA-194:071_11, horft til norðausturs.*

**RA-194:071_11** tóft fjárskýli A 452895 N 353996

Tóft 071_11 er 10 m ANA við tóft 071_10. Tóftin er torfhlaðin, hringlaga og einföld. Hún er 6 m í þvermál og hæð veggja er 0,2-0,4 m. Að sunnanverðu eru veggirnir nánast horfnir en að norðanverðu er þeir nokkuð skýrir. Innamál tóftarinnar er ógreinilegt og ekki hægt að segja til

um hvar op inn í hana hefur verið.
**Hættumat:** engin hætta

**RA-194:072** heimild um leið A 450326 N 357208
Samkvæmt herforingjaráðskorti frá 1908 lá leið til suðurs frá tröðum 060, niður á Teigsaura að beitarhúsum sem þar voru. Leiðin greindist í fjóra hluta, sunnan Þverár og lá samtals að 10 beitarhúsum (sjá 067, 075, 064, 066, 056, 065, 015, 068, 077 og 080. Á kortinu er leiðin um 3,6 km löng.
Gróin, slétt, tún norðan Fljótshlíðarvegar eru þar sem leiðin lá. Sunnan vegarins eru einnig tún og grónir ármelar.
Engin ummerki um leiðina sjást á yfirborði.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Herforingjaráðskort 1:50000 48 SA

**RA-194:073** þúst fjárskýli A 450116 N 354639
Stök þúst er vestarlega í Tóftarhólma, um 4,5 km sunnan við bæ 001 og 350m vestan við tóftaþyrpingu 025.
Þústin er í flatlendum og þýfðum móa.
Þústin er nokkuð hringlaga og vaxin grænu, kjarnmiklu grasi. Þústin er 5,3x4,5m að stærð og hæst 0,3m á hæð. Ekki sést innanmál né op á yfirborði. Miðað við staðsetningu og stærð var þetta fjárborg.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Herforingjaráðskort 1:50000 48 Sa



*Þúst RA-194:073, horft til suðurs.*

**RA-194:074_01** þúst fjárskýli A 452790 N 353860
Tóftir eru 160-250m vestan við nýbýlið Rauðuskriðu og rúmum 5,6 km SSA við bæ 001. Minjasvæðið er 95-100m sunnan við tóftir 071 og er syðasta minjaheildin í Hallsmólma. Fimm tóftir eru á svæðinu sem er 110x20m að stærð og snýr austur-vestur. Erfitt er að meta hlutverk minjanna en líklegast hafa þetta verið fjárborgir, heystæði og rétt.
Minjarnar eru í fremur flatlendum, grónum og smáþýfðum móa. Gamall árfarvegur liggur milli tófanna.



*Uppmælingar af minjum RA-194:074.*

Þúst 074_01 er vestast í minjaþyrpingunni og er 8m suðvestan við tóft 074_02. Hún er 7,7x7m að stærð og 0,3m á hæð. Engin ummerki um innra byrði eða op eru greinanleg á yfirborði. Óskýr ummerki veggja má greina austast í jaðri þústarinnar.
**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Herforingjaráðskort 1:50000 48 SA




*Tóft RA-194:074_1, horft til norðurs.*



*Tóft RA-194:074_2, horft til VNV.*

**RA-194:074_02** tóft óþekkt A 452802 N 353868

Tóft 074_02 er tæpum 8m norðaustan við þúst 074_01. Hún er sigin, ógreinileg og ekki er hægt að segja til um hlutverk hennar. Tóftin er torfhlaðin og þau veggbrot sem enn sjást eru algróin, 0,2m á hæð og 2m á breidd. Það mótar fyrir tveimur hólfum sem gróðurbrúnir og dældir. Þúst er nyrst, 0,4m á hæð.

**Hættumat:** engin hætta

**RA-194:074_03** þúst fjárskýli A 452834 N 353856

Þúst 074_03 er 24m austan við tóft 074_02. Hún er 5x5m að stærð og 0,4m á hæð. Grænni grasgróður vex í þústinni en umhverfis hana. Engin ummerki innra byrðis eða ops eru greinanleg á yfirborði. Miðað við staðsetningu þústar hefur þetta líklegast verið fjárskýli.

**Hættumat:** engin hætta




*Þúst RA-194:074_3, horft til NNA.*



*Garðlag RA-194:074_4, horft til austurs.*

**RA-194:074_04** garðlag varnargarður A 452849 N 353853

Garðlag 074_04 liggur milli þústa 074_03 og 074_05. Líklega var þetta varnargarður miðað við stærð og staðsetningu. Garðurinn er fast suður við gróinn farveg, norðan við minjarnar. Garðlagið er algróið og einna greinilegas til NA. Það er 2-5m á breidd, 0,2-0,3m á hæð, sigið og útflatt. Það er einna greinilegast í miðjunni. Þar sunnan við mótar fyrir hólfi upp við garðinn með opi til vesturs. Innanmál þess er 5x2m.

**Hættumat:** engin hætta

**RA-194:074_05** tóft fjárskýli A 452889 N 353845

Tóft 074_05 er 6m suðaustan við varnargarð 074_ 04. Hún er 7,8x5m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Óljóst má greina innra byrði í henni. Tóftin er torfhlaðin og mjög sigin en veggir eru 0,5m á hæð þar sem þeir eru hæstir. Ælta má að tóftin sé af fjárskýli sökum staðsetningar og lögunar.

**Hættumat:** engin hætta




*Tóft RA-194:074_5, horft til norðausturs.*

**RA-194:075** tóft beitarhús A 449620 N 356690

Samkvæmt Herforingjaráðskorti 48 frá 1908 voru beitarhús, nú í landi Butru, um 2,7 km SSV við bæ 001 og 690m VSV við tóftir 064. Tóftin er á tungu milli tveggja uppþornaðra árfarvega skammt austan við landamerki Teigstorfu og Bollakots RA-198.

Til suðurs er plægt tún. Til norðurs er árfarvegur sem tekin er að gróa upp. Heilsárshús eru um 200 m norðar.



*Tóft RA-194:075, horft til austurs.*




*Uppmæling af tóft RA-194:075.*

Tóftin er mikið röskuð og búið að slétta yfir svæðið. Tóftin er 16x8 m stór, snýr austur-vestur og skiptist í tvö hólf. Veggir eru úr torfi, þýfðir og víða má greina rof í þeim. Veggirnir eru grasivaxnir, 0,2-0,3 m á hæð og 1-2m á breidd. Nyrðra hólfið er 8x3 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Op er í suðvesturhorni, yfir í vestara hólfið. Vesturhólfið er nokkuð bogadregið og sést best sem þýfður bakki. Það er 3,7x1,8 m að innanmáli og tvö op eru í norðausturhorni, annað út úr hólfinu og hitt yfir í nyrðra hólfið sem áður var lýst. Til norðurs eru beitarhúsin og líklega var sambyggt gerði sunnan þeirra.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Herforingjaráðskort 1:50000 48 SA

**RA-194:076_01** tóft beitarhús A 451226 N 359857

Tvær tóftir eru tæpum 60 m norðaustan við beitarhús 049 og 830 m norðan við bæ 001. Sé tekið mið af lagi og staðsetningu eru um fjárborgir að ræða. Þær eru í þýfðu beitarlandi á svæði sem er 21x11 og snýr norðvestur-suðaustur,

Tóftirnar eru innan grasi- og mosavaxins beitartúns fyrir hross.

Tóft 076_01 er einföld og snýr norðaustur-suðvestur. Hún er 10,6x9,7 m að stærð og 0,5m á hæð.




*Uppmælingar af tóftum RA-194:076.*

Mögulega má greina op á suðvesturhlið en það er nokkuð óljóst. Tóftin er torfhlaðin og nokkuð sigin. Miðað við lögun og staðsetningu var þetta fjárborg.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Teigur austurbær, 1

**RA-194:076_02** tóft fjárskýli A 451216 N 359864
Tóft 076_02 er fast norðvestan við tóft 076_01. Hún er einföld, 9,5x8,3 m að stærð, 0,2m á hæð og snýr norðaustur-suðvestur. Op er nokkuð greinilegt í suðvesturenda. Tóftin er torfhlaðin og frekar sigin en þó eru veggir mjög greinilegir.

**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Teigur austurbær, 1



*Tóft RA-194:076_1, horft til norðvesturs.*



*Tóft RA-194:076_2, horft til norðurs.*

**RA-194:077** þúst beitarhús A 450861 N 357163



*Þúst RA-194:077, horft til suðurs.*

Samkvæmt herforingjaráðskorti 48 frá 1908 var útihús 1,3 km suðaustan við bæ 001 og 350 m norðvestan við sumarhús sem byggt er á eyrunum sunnan við Þverá við beitarhús 015.
Grasigróið valllendi og flatar áreyrar.
Ílangur hóll sést á svæðinu en annars er það frekar flatlent. Hóllinn er 30x14 m á stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hann er 0,3-0,5 m á hæð. Hugsanlega er þessi hóllinn náttúrulegur og minjarnar um beitarhúsið alveg horfnar.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Herforingjaráðskort 1:50000 48 SA

**RA-194:078** heimild beitarhús A 450904 N 356876
Samkvæmt herforingjaráðskorti 48 frá 1908 var útihús tæpa 2,2 km sunnan við bæ 001 og 250 m suðvestan við beitarhús 081. Beitarhúsin voru sunnan við mjóan árfarveg, skammt austan við veg sem

liggur að beitarhúsum 020.
Grasigróið valllendi og flatar áreyrar.
Engin ummerki beitarhússins sjást á yfirborði.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Herforingjaráðskort 1:50000 48 SA

**RA-194:079** heimild um rétt A 451079 N 357289
Samkvæmt herforingjaráðskorti 48 frá 1908 var rétt um 190 m norðaustan við rétt 080 og tæpum 1,5 km suðaustan við bæ 001. Réttin var á aurum sunnan Þverár en er horfin.
Grasigróið valllendi og flatar áreyrar.
Engin ummerki um réttina sjást á yfirborði.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Herforingjaráðskort 1:50000 48 SA

**RA-194:080** *Kotarétt* tóft rétt A 450907 N 357215
Í örnefnalýsingu Smáratúns segir: «Sunnan við Þverárfarveg tekur við graslendi og farvegir eftir vötnin. Öllu landi Teigstorfu jarða sunnan Þverár var skipt árið 1950 og verður nú lýst örnefnum þar í landi Smáratúns. Norðast og vestast í þessu landi var svokölluð Kotarétt, þar var fjárrétt frá Smáratúni, Miðkoti og Bollakoti. Hennar sjást nú lítil merki. Þar austur af var fjárhús [015] á norðurbakka Fljótsvegar, hann liggur þar vestur um landið ...». Óreglulegar torfhleðslur eru rúmum 1,3 km suðaustan við bæ 001 og tæpum 350 m norðvestan við beitarhús 015, og eru leifar af Kotarétt.



*Kotarétt RA-194:080, horft til suðausturs.*




*Uppmæling af Kotarétt RA-194:080.*

Hleðslurnar eru suðvestan við gamlan árfarveg og nokkuð rof er á svæðinu sem annars er grasigróið.
Á svæðinu sést móta fyrir óreglulegum torfhleðslum á svæði sem er 30x13 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Óljóst mótar fyrir 4-5 óreglulegum hólfum. Erfitt er að lýsa réttinni þar sem að hún er illa farinn og ekki ljóst hvað eru hleðslur. Veggjahæð er 0,2-0,3 m og veggir eru ýmist hrundir, rofnir eða hlaupnir í þúfur. Stærsta hólfið er austast í tóftinni og er u.þ.b 8x6 m að stærð, eftir því sem best fæst séð.
**Hættumat:** hætta, vegna rofs
**Heimildir:** Ö-Smáratún, 2

**RA-194:081_01** tóft beitarhús A 451157 N 356966
Í örnefnalýsingu Smáratúns segir: «Sunnan við Þverárfarveg tekur við graslendi og farvegir eftir vötnin. Öllu landi Teigstorfu jarða sunnan Þverár var skipt árið 1950 og verður nú lýst örnefnum þar í landi Smáratúns. Norðast og vestast í þessu landi var svokölluð Kotarétt [080], þar var fjárrétt frá Smáratúni, Miðkoti og Bollakoti. Hennar sjást nú lítil merki. Þar austur af var fjárhús á norðurbakka Fljótsvegar, hann liggur þar vestur um landið ...” Tóft og gerði eru fast austan við sumarbústað á áreyrum í landi Smáratúns, rúmum 1,7 km suðaustan við bæ 001 og 350 m suðaustan við Kotarétt 080. Minjarnar eru




*Uppmælingar af minjum RA-194:081.*

á svæði sem er 18x17 m og snýr norður-suður, norðan við Fljótsveg.
Minjarnar eru í afgirtum garði við sumgarhús þar sem vaxa fáein tré. Annars er svæðið flatt og grasi vaxið. Sunnan við beitarhúsið rennur lítill lækur; Fljótsvegur.
Lýsingin hefst á tóft 081_01. Tóftin er 16x12 m á stærð, snýr norður-suður og veggirnir eru fremur aflagaðir. Hún er einföld og innanmál hennar er 9x2 m. Op er á tóftinni til norðurs. Tóftin er gróin og hvergi sést glitta í grjót. Veggjahæð er 0,5-1,5 m. Austurveggurinn er hár og breiður en vesturveggurinn fremur óljós. Búið er að planta trjám í austurhlið tóftarinnar.
**Hættumat:** stórhætta, vegna trjáræktar

**Heimildir:** Ö-Smáratún, 2



*Tóft RA-194:081_1, horft til suðurs.*



*Gerði RA-194:081_2, horft til norðvesturs.*

**RA-194:081_02** gerði kálgarður A 451166 N 356965
Torfhlaðið gerði 081_02 er 5 m norðaustan við beitarhús 015_01. Það er 7x5 m að stærð og snýr norður-suður. Það er einfalt og innanmálið er 5x4 m að stærð. Veggjahæð er 0,2 m og breidd veggja er um 0,7-1 m. Búið er að planta í gerðið og girt hefur verið rétt austan við það.
**Hættumat:** stórhætta, vegna trjáræktar

## RA-195 Finnshús

10 hdr 1710, hjáleiga Teigs, fylgdi hluta biskups. JÁM I, 153, JJ, 32. Þarna eru nú fjárhús frá Teigi I, fór í eyði um 1882.
1710: "Slægjur eru hjer ærið þýfðar og ógreitt að vinna." JÁM I, 153 1919: Tún 2,5 ha, 2 ha. sléttað. "Túnið var í kringum bæinn, en engjar þar niður af." SB IV, 411.




*Túnakort Finnshúsa RA-195 frá 1919 upprétt ofan á loftmynd. Skráðar minjar innan þess sjást sem hvítir punktar, svartar línur og grænir flákar. ©Loftmyndir ehf.*

**RA-195:001_01** *Finnshús* bæjarhóll bústaður A 450502 N 359044



*Bæjarhóll RA-195:001, horft til norðvesturs.*

"En vestur af Vesturbænum [í Teigi] er eyðibýlið Finnshús," segir í örnefnalýsingu Teigs. Á túnakorti frá 1919 er bæjarrúst og kálgarður (sjá 001_02) sýnd með brotalínu og stakt hús í suðausturhorni bæjarrústarinnar. Bæjarhóll Finnshúsa sést enn þó að talsvert rask hafi orðið á honum vegna sléttunar og ungra húsa (líklega fjárhúsa/beitarhúsa) sem má sjá leifar af í suðausturhorni. Í suðvesturhorni er einnig rask eða niðurgröftur og eru það einu mannvirkin sem sjást á hólnum. Staðsetning mannvirkja í túni Finnshúsa er einnig sýnd á bæjarteikningu danskra mælingamanna frá 1906 en þegar kortið var gert var bærinn farinn í eyði og hafa líklega verið fjárhús/beitarhús á bæjarstæðinu, syðstu húsin af þremur sem sýnd eru á bæjarteikningunni.
Bæjarhóll Finnshúsa er í gömlu túni og hafa mannvirkin sem býlinu tilheyrðu verið frammi á suðausturbrún Finnshúsakeldu. Næsta nágrenni við bæjarhólinn er notað sem beitarhólf fyrir búfénað og er úttroðið svað ofan og neðan við hann en sléttuð tún og fóðurkálsakrar eru fjær. Fjárhúsbraggi og steypt hlaða eru 30 m NNA við bæjarhólinn, að líkindum þar sem útihús 002 var.
Bæjarhóllinn er um 26x35 m að stærð og snýr nálega austur-vestur. Hann er 1,5 m hár, sléttaður og fremur flatur að ofan. Leifar af húsi sem sýnt er á túnakorti í suðausturhorni bæjarrústanna sjást enn og þar er mikið rask. Ummerki um húsið eru á svæði sem er 13x12,5 m að stærð og snýr austur-vestur. Enn mótar fyrir austurvegg og suðausturhorni. Veggjahleðslur eru úr torfi og grjóti og eru um 1 m á hæð. Ofan í tóftina hefur verið sett tað og í henni er brak sem kemur líklega úr þaki og burðarvirki. Í suðvesturhorni bæjarhólsins er grunn lægð sem er 6x4 m að innanmáli og snýr norður-suður. Innanmál hennar er ógreinilegt og getur verið að aðeins sé um rofa að ræða. Innan hennar sést í grjót.
**Hættumat:** hætta, vegna rasks
**Heimildir:** Ö-Teigur BK, 1; Túnakort 1919; Bæjarteikningar danskra mælingamanna 1906

**RA-195:001_02** heimild um kálgarð A 450478 N 359029
Á túnakorti frá 1919 virðist kálgarður hafa verið suðvestan við bæinn í Finnshúsum en hann er teiknaður með brotalínu og hefur því verið orðinn óljós þá þegar. Engin ummerki sjást um kálgarðinn vegna sléttunar og annars rasks á bæjarhólnum og í næsta nágrenni hans.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1919

**RA-195:002** heimild um útihús A 450514 N 359079
Á bæjarteikningu fyrir Arngeirsstaði, Grjótá og Butru frá árinu 1906 eru sýnd þrjú hús á því svæði sem áður tilheyrði Finnshúsum. Var hús á bæjarstæði Finnshúsa (sjá 001_1) líklega syðst þessara húsa og nyrst var útihús/beitarhús 005 en í miðið var útihús/beitarhús sem hér er skráð. Það er ekki sýnt á túnakorti frá 1919. Á þeim stað er fjárhúsbraggi og hlaða, 30 m NNA við bæ 001. Fjárhúsin eru á vesturbakka Finnshúsakeldu, vestan við læk.
Minjarnar voru í túni sem er í aflíðandi halla til SSV. Það er allt sléttað en í kringum fjárhúsbragga og hlöðu er órækt og svæðið næst Finnshúsakeldu er nýtt sem beitarhólf fyrir búsmala.
Engin ummerki um útihús/beitarhús sjást lengur á yfirborði vegna túnasléttunar og húsbygginga.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Bæjarteikning danskra landmælingamanna 1906

**RA-195:003** heimild um áveitu A 450385 N 359055

Á túnakorti frá 1919 er sýndur skurður á túnmörkum til vesturs. Þjónaði hann hlutverki áveituskurðar og var vatni veitt í hann úr Finnshúsakeldu. Skurðurinn var fast austan við malarveg sem liggur upp að Butru, um 100 m vestan við bæ 001 og 30 m vestan við skurð 004.

Þar sem áveituskurðurinn var er fóðurkálsakur í aflíðandi brekku til suðurs. Neðan og sunnan við akurinn er sléttað tún í ræktun.

Engin ummerki sjást um skurðinn vegna vegagerðar og túnasléttunar.

**Hættumat:** hætta, vegna vegagerðar

**Heimildir:** Túnakort 1919

**RA-195:004** renna áveita A 450417 N 359051



*Renna RA-195:004. horft til NNA.*

Allbreiður skurður er teiknaður á túnakort frá 1919 á milli skurðar 003 og bæjar 001. Skurðurinn sést enn á löngum kafla í gamla túninu en þar er farið að rækta fóðurkál. Heimreið að Butru er í vesturmörkum gamla túnsins.

Skurðurinn er í aflíðandi halla til SSV og eru fóðurkálsakrar sitt hvoru megin við hann en sléttað tún neðan og sunnan við.

Skurðurinn er 175 m langur og liggur NNA-SSV. Hann er víða 1,5-2 m á breidd og 1-1,5 m á dýpt, gróinn og þurr. Skurðurinn hefur grafist nokkuð niður en var líklega allbreiður upphaflega eða eins og sýndur á túnakorti. Skurðurinn nær frá túnmörkum í norðurenda og til suðurs að sléttuðu túni neðan við fóðurkálið en náði lengra til suðurs ef marka má túnakortið. Vatni hefur verið veitt í skurðinn úr Finnshúsakeldu en skurður sést ekki á milli túnjaðars og keldunnar og hefur líklega verið fyllt upp í hann þar.

**Hættumat:** hætta, vegna jarðræktar

**Heimildir:** Túnakort 1919

**RA-195:005** heimild um útihús A 450538 N 359111

Á bæjarteikningu fyrir Arngeirsstaði, Grjótá og Butru frá 1906 eru sýnd þrjú hús á því svæði sem áður tilheyrði Finnshúsum. Var nyrsta húsið ofarlega í túni Finnshúsa og er það skráð hér. Það er líklega einnig sýnt á túnakorti frá 1919. Það var um 30 NNA við útihús 002 og 70 m SSA við bæ 001.

Þar sem útihúsið var er sléttað tún nærri vesturbakka Finnshúsakeldu í aflíðandi halla til SSV. Fóðurkál er ræktað í túninu.

Engin ummerki sjást um útihúsið og hefur það verið sléttað í tún.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Bæjarteikning danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1919

## RA-196 Ámundakot (Smáratún)

Hjáleiga Teigs, byggðist fyrst fyrir minni elstu manna. Jörðin heitir nú Smáratún.
1710: "Slægjum spillir sandfjúk, líka brýtur af þeim nokkuð." JÁM I, 153
1920: Tún 5 ha, 3,5 ha sléttað, garðar 1565 m$^2$ "Engjar voru austar, neðan við heimaslægjurnar í Teigi. ... Áður var gróið land suður og austur frá bænum, Þverá braut þar mikið land, sem áður var engjar og hagar." SB IV, 414. Enn er ábúð á jörðinni samhliða ferðaþjónustu.




*Túnakort Ámundakots RA-196 frá 1919 upprétt ofan á loftmynd. Skráðar minjar innan þess sjást sem hvítir punktar, svartar línur og grænir flákar. ©Loftmyndir ehf.*

**RA-196:001_01** *Ámundakot* bæjarhóll bústaður A 449932 N 358175

Bærinn í Ámundakoti/Ólafarkoti var endurnefndur Smáratún árið 1954. Bærinn er sýndur nánast í miðju heimatúninu á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og túnakorti frá 1919. Stafnar bæjarins snéru til suðurs og á túnakorti má sjá níu hús á hólnum. Kálgarður 001_2 var sunnan og vestan við bæinn og traðir 008 lágu til suðurs frá honum. Engar byggingar eru á bæjarhólnum og núverandi húsakostur er 10 m sunnan við bæjarhólinn. Engu að síður er mikið jarðrask á bæjarhólnum, þar eru gróðurhús og súrur. Árið 1929 var byggt íbúðarhús í miðju bæjarhólsins en það var rifið. Elsti hluti núverandi íbúarhúss er byggður árið 1951.



*Bæjarhóll RA-196:001_1, horft til norðvesturs.*

Grasivaxið svæði er til norðurs frá bæjarhólnum og mikið af trjám er þar. Hluti bæjarhólsins er ennfremur komin undir slétt bílaplan og vegi.




*Skipan bæjarhúsanna sést vel á túnakorti frá 1919.*

Bæjarhóll 001_1 sést enn þrátt fyrir mikið rask. Hann er 40x17 m að stærð og snýr austur-vestur. Hóllinn er 0,6-1,5 m á hæð og hliðarnar aflíðandi. Hann er algróinn að mestu með trjágróðri. Bæjarhóllinn er norðan við íbúðarhúsið á grasivöxnu svæði sem er hluti af bakgarði hússins. Þar er gróðurhús, þvottasnúrur og nýlegar hleðslur, þær eru hluti af útihúsum sem voru í notkun um miðja síðustu öld. Aspir liggja þvert yfir bæjarhólinn og ljóst að þær hafa raskað honum nokkuð. Hús sem byggð voru um miðja síðustu öld þöktu allan bæjarhólinn, allt að brunni 020.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Bæjarteikning danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1919

**RA-196:001_2** heimild um kálgarð A 449905 N 358156

Kálgarður 001_2 var fast sunnan og vestan við bæjarhól 001_1. Núverandi íbúðarhús er byggt innan kálgarðsins sem og bakarður hússins. Mikill trjágróður er þar nú og sléttar grasflatir. Öll ummerki kálgarðsins eru horfin af yfirborði.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**RA-196:002** *Kot* heimild um býli A 449815 N 358158

Samkvæmt túnakorti frá 1919 voru tættur um 120 m vestan við bæ 001, fast austan við túngarð 007. Sigurður Eggertsson, heimildamaður, taldi þetta verða býlið Kot sem var á þessum slóðm. Hann mundi eftir tóftum á þessu svæði sem búið er að slétta út fyrir löngu. Býlið Kot var áður fast vestan við heimatúnið en lenti innan þess við stækkun heimatúnsins milli 1906 og 1919.

Túnið hefur verið sléttað og er enn ræktað. Smávegis hæðir eru hér og þar í túninu.

Ekki sjást nein ummerki um býlið á yfirborði.

**Hættumat:** hætta, vegna jarðræktar

**Heimildir:** Túnakort 1919

**RA-196:003_01** heimild um kálgarð A 449987 N 358240

Í örnefnalýsingu Smáratúns segir: «Norðan í hólnum [Lambhúshól] stóð fjárhús [005_2] og annað fjárhús gegnt því á Rifinu.» Samkvæmt túnakorti frá 1919 voru útihús 003_2 og samfastur kálgarður

003_1 tæpum 100 m norðaustan við bæ 001 og um 100 m norðvestan við útihús 005.
Slétt tún sem ennþá er í rækt.
Lýsingin hefst á kálgarði 003_1. Ekki sjást nein ummerki um kálgarðinn á yfirborði og hefur hann líklega verið sléttaður í túnið. Samkvæmt túnakortinu var hann 17x14 m að stærð og snéri nokkurnvegin norður-suður.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1919

**RA-196:003_02** heimild um fjárhús A 450009 N 358234
Fjárhús 003_2 var við fast austan við kálgarð 003_1, samkvæmt túnakorti. Ekki sjást nein ummerki um fjárhúsið á svæðinu og hefur það líklega verið sléttað í tún.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1919

**RA-196:004** *Hryggvöllur* frásögn býli A 449852 N 358303
Samkvæmt Sigurði Eggertssyni, heimildamanni, var býli sem kallaðist Hryggvöllur um 150 m norðaustan við bæ 001 og 150 m norðan við Kot 002. Lengi sást þúst norðan við skarð í hólhrygg, rétt við brú yfir vélgrafinn skurð. Sú þúst er nú horfin. Engar heimildir geta þessa býlis.
Gróið svæði. Vélgrafinn skurður liggur að öllum líkindum þvert í gegnum bæjarstæðið og annar stærri skurður er fast austar. Ræktuð tún eru allt umhverfis.
Engin ummerki um býlið sjást á yfirborði.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**RA-196:005_01** *Lambhúshóll* heimild um lambhús A 450078 N 358195
Í örnefnalýsingu Smáratúns segir: «Austur frá bænum var Austurtúnið, það náði fram á Þverárbakka, en er nú að mestu tekið undir byggingar, veg og athafnasvæði við bæinn. Austan við Austurtúnið er hæð, sem heitir Lambhúshóll, á honum stóð lambhús [005_01] þar sem hann er hæstur. Norðan í hólnum stóð fjárhús [005_02] og annað fjárhús [003] gegnt því á Rifinu.” Eitt útihús er merkt inn á túnakort frá 1919 en tvö á bæjarteiknungu frá 1906. Minjastaðurinn samanstendur af tveimur útihúsum; lambhúsi og fjárhúsi sem stóðu við Lambhúshól, á svæði sem er 18x14 m að stærð.
Lambhúshóll er nú að mestu horfinn og þar er nú manngerður hóll með vatnstanki. Hann er grasi gróinn, mjög hár og brattur.
Lýsingin hefst á lambhúsi 005_01. Ekki sjást nein ummerki um lambhúsið sem stóð á hæsta punkti hólsins og hefur það líklega verið eyðilagt þegar manngerði hóllinn var gerður. Hugsanlega hafa einhver ummerki þessi varðveist undir sverði en það er þó ólíklegt.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1919; Ö-Smáratún, 1


*Lambhúshóll RA-196:005_1, horft til austurs,*


*Þúst RA-196:005_2, horft til vesturs.*

**RA-196:005_02** þúst fjárhús A 450089 N 358206

Fjárhús 005_02 var norðan við hólinn, 15 m norðaustan við lambhús 005_01. Á svæðinu sést lág þúst, flöt að ofan, 6x6 m að stærð og 0,2 m á hæð. Suðvestan við þústina er nokkuð mikið af möl, líklega frá því að vatnstankurinn var settur í hólinn. Hugsanlega hafa minjar af fjárhúsinu, sem gætu leynst undir sverði raskast við þessa framkvæmd.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**RA-196:006** heimild um kálgarð A 449999 N 358125

Samkvæmt bæjarteikningu frá 1906 og túnakorti frá 1919 var kálgarður 80 m suðaustan við bæ 001 og rúmum 100 m norðaustan við lambhús 005_01. Kálgarðurinn var þar sem nú er malarplan og hestagerði suðaustan við íbúðarhúsið.
Trjáreitur og smáhýsi eru vestan við svæðið en lækur og óræktað graslendi til austurs.
Ekki sjást nein ummerki um kálgarðinn á yfirborði á þessum slóðum og hefur hann verið rifinn niður og sléttaður. Samkvæmt kortunum var hann um 18x12 m að stærð og snéri norðaustur-suðvestur.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1919; Bæjarteikning danskra landmælingamanna 1906

**RA-196:007** garðlag túngarður A 450055 N 358142

Túngarður afmarkaði tún Ámundakots, fyrir utan norðurhlið þess eins og sést á bæjarteikningu danskra landmælingarmanna frá 1906 og á túnakorti frá 1919. Stór hluti túngarðarins er horfin vegna túnsléttunar en þó má greina lítinn hluta hans við suðausturhorn heimatúnsins, tæpum 150 m suðaustan við bæ 001 og rúmum 60 m sunnan við þúst 005_02 og manngerða vatnstankinn á gamla Lambhúshólnum. Túnið virðist hafa verið stækkað til vesturs á milli áranna 1906 og 1919 en ekki hægt að staðfesta það.
Sléttuð og ræktuð tún eru nú á þeim svæðum þar sem túngarðurinn var.



*Túngarður RA-196:007, horft til austurs.*

Túngarðurinn liggur vestur-austur á 40 m löngum kafla. Hann er í tveimur hlutum, rofinn í miðjunni. Garðurinn er 0,1-0,4 m á hæð og oftast 1 m á breidd. Vestasti hluti hans er heillegastur og er sá hluti 1,5 m á breidd. Austasti hluti hans er mun þýfnari og ógreinilegri enda liggur sá hluti í mýrarbleytu.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1919; Bæjarteikning danskra landmælingamanna 1906

**RA-196:008** heimild um traðir A 449953 N 358113

Samkvæmt bæjarteikningu danskra landmælingarmanna frá 1906 og túnakorti frá 1919 lágu traðir frá bæ 001 til suðurs. Sigurður Eggertsson, heimildamaður, man ekki eftir tröðum á þessum stað.
Það sem traðirnar lágu er nú húsgarður og smáhýsi í sléttu túni.
Ekki sjást nein ummerki um traðirnar á svæðinu og hafa þær verið sléttaðar í túnið eða farið undir byggingar.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1919; Bæjarteikning danskra landmælingamanna 1906

**RA-196:009** heimild um brunn A 449958 N 358160

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var brunnur um 30 m austan við bæ 001_01, austan við bæjarhólinn. Að sögn Sigurðar Eggertssonar, heimildamanns, var fyllt upp í brunninn sem ætti að vera enn varðveittur undir sverði.

Þar sem brunnurinn var er malarplan á milli hótels til norðausturs og íbúðarhúss til suðvesturs. Brunnirinn var við horn grasivaxin svæðis, rétt við skilti sem á stendur Hótel Smáratún.
Engin ummerki brunnsins sjást á yfirborði.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1919

**RA-196:010** *Huldukonuhóll* örnefni huldufólksbústaður
"Norðan við túnið í Ásmundarkoti er engjastykki, sem heiiri Steinaþýfi. Sunnan við það er hóll, grasivaxinn, sem heitir Huldukonuhóll. Þar þóttust menn hafa heyrt vefstólshljóð," segir í örnefnalýsingu. Engin veit nú hvar Huldukonuhól er að finna að sögn Sigurðar Eggertssonar, heimildamanns. Norðan við bæinn og heimatúnið eru slétt, ræktuð tún.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Ásmundakot, Miðkot og Bollakot, 1

**RA-196:011** heimild A 449882 N 358272
Samkvæmt túnakorti frá 1919 voru óreglulegir, fornir garðar eða rennur á stóru svæði 100 m norðvestan við bæ 001, innan heimatúns. Þetta mannvirki var fallið úr notkun þegar túnakortið var teiknað upp.
Mannvirkin voru þar sem nú eru sléttuð tún og afgirt beitarstykki fyrir búfénað.
Ekki sjást nein ummerki um mannvirkin í túninu og hafa þeir líklega verið sléttaðir. Hlutverk er óþekkt.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1919

**RA-196:012** álagablettur A 450120 N 358200
Í örnefnalýsingu Smáratúns segir. «Álagablettur er norðan í Lambhúshólnum [sjá 005], sem ekki mátti slá, þetta er ílöng geil, frá norðri til suðurs um 10 metra löng. Þessi álagablettur er skammt austan við fjárhúsið, hann var alltaf vaxinn mjaðarjurt, blágresi og fleiri blómjurtum.» Álagabletturinn er tæpum 200 m ANA við bæ 001 og um 30 m austan við 005_02.
Grasivaxið svæði austan við Lambhólinn
Ekki sjást nein ummerki um álagablettinn á svæðinu né öðruvísi gróðurfar.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Smáratún, 1

**RA-196:013** *Torfhóll* örnefni rista A 450427 N 358201


*Torfhóll RA-196:013, horft til austurs.*

Í örnefnalýsingu Smáratúns segir: «Austan við heimreiðina er hóll, sem heitir Torfhóll og austan við hann er svokölllið Tangaskák ...» Í örnefnaskrá Teigs segir: «Neðan þjóðvegar, austur undir bæjarlæknum, sem nú heitir Elftingalækur, eftir að Skellir hefur sameinazt bæjarlæknum í Teigi, er Þríhyrningsspilda, sem Móbugur heitir. Þar neðar er svo til ferstrend flöt, er Hofmannsflöt heitir. Þar suðvestur af er hóll, sem Torfhóll heitir.» Torfhóll er 500 m austan við bæ 001 og rétt austan við heimreiðina niður frá Fljótshlíðarvegi 261.
ílangur hóll með nokkrum smáhólum, vaxinn grasi og elftingu.
Ekki sjást nein ummerki um torfristu eða þurrkun á hólnum enda skilur rista eftir sig lítil sem engin ummerki. Líklega hefur verið rist torf í kringum hólinn og það lagt til þurrkunar á honum.
**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Smáratún, 1; Ö-Teigur, 1

**RA-196:014** *Stekkjatún* heimild um fjárhús A 450502 N 358196
Í örnefnalýsingu Smáratúns segir: «Sunnan við Fljótsveginn er graslendi, sem kallast Miðaurar. Vestast í landinu, skammt sunnan Fljótsvegar voru fjárhús frá Miðkoti, vegur liggur nú yfir fjárhússtæðið.» Stekkjatún er þar sem nú eru sumarbústaðir austan við Torfhól 013 og tæpum 590 m austan við bæ 001. Fjárhús voru reist í Stekkatúninu en ekki er vitað hvenær, þó líklega einhverntíma á 20. öld.
Malarvegur liggur austur frá heimreiðinni að bústöðunum, grasivaxin svæði og trjáreitir eru í kring.
Ekki sjást nein ummerki um stekk á svæðinu og hafa ummerki um það hofið undir fjárhúsið og svo vegstæðið. Hugsanlega er um að ræða sama Stekkjatún og nefnt er í örnefnaskrá Teigs og var skráð undir númerinu RA-194:033.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Smáratún, 2

## RA-197 Miðkot

10 hdr. 1710, hjáleiga frá Teigi, menn muna ekki hvenær hún byggðist fyrst. “Jörðinni fylgdi allmikið land á Aurunum, sem notað var til beitar ásamt sambeitarlandi í högunum upp frá Teigi.” Í eyði frá 1943, lögð undir Bollakot. SB IV, 416

1919: Tún 4,2 ha, 2,5 ha sléttað, garðar 1450 $m^2$ “Túnið var kringum bæinn, slétt og grasgefið, en engjar norður og suður frá bænum. Nú eru suðurengjarnar farnar í Þverá.” SB IV, 416




*Túnakort Miðkots RA-197 frá 1919 upprétt ofan á loftmynd. Skráðar minjar innan þess sjást sem hvítir punktar, svartar línur og grænir flákar. ©Loftmyndir ehf.*

**RA-197:001_01** *Miðkot* bæjarhóll bústaður A 449502 N 357928


*Bæjarhóll RA-197:001_1, horft til suðurs.*

"Bærinn stóð á dálitlum hól, niður við Þverá suðvestur frá Smáratúni. Nú eru þar fjárhús frá Bollakoti, sem bærinn stóð." Bæjarhóllinn í Miðkoti er fast sunnan útihúsa sem standa nú (2019) og 620 m ASA við Bollakot RA-198:001. Gamli bærinn í Miðkoti var rifinn árið 1930 en mynd af honum er birt í Goðasteini árið 2013. Á myndinni sést að fjórar burstir voru á bænum auk smiðju sem var stakstæð, fast austan við bæinn. Baðstofan var önnur frá vestri og kálgarður sunnan við bæinn. Bærinn var í miðju heimatúninu.
Hóllinn er í sléttuðu og plægðu túni austan fjóss.
Hóllinn hefur verið sléttaður og plægður, auk þess sem búið er að grafa hann burt að hluta við byggingu fjóssins. Ekki er að sjá neinar minjar á hólnum sem er 34,8x21,9 m að stærð, um 1 m hærri en umhverfi sitt og snýr norður-suður.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** SB IV, 416; Túnakort 1919; Bæjarteikning danskra landmælingmanna 1906: Margrét Jóna Ísleifsdóttir, 47.

**RA-197:001_02** heimild um kálgarð A 449497 N 357878
Kálgarður var sunnan við bæ 001_01, hann sést á ljósmyndum á bls. 47 og 49 Goðasteini sem kom út árið 2013 sem og túnakortum. Kálgarðurinn var í halla niður bæjarhólinn að sunnan og fjaraði út á láglendi. Hann er horfinn og búið er að slétta svæðið.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**RA-197:002** heimild um útihús A 449571 N 357952
Samkvæmt túnakorti frá 1919 og bæjarteikningu danskra landmælingamanna var útihús um 90 m norðaustan við bæ 001 og rúmum 40 m suðaustan við útihús 003.
Tún Miðkots er nú (2019) allt sléttað og plægt tún.
Engin ummerki um útihúsið sjást á yfirborði.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1919; Bæjarteikning danskra landmælingamanna 1906

**RA-197:003** heimild um útihús A 449558 N 357990
Samkvæmt túnakorti frá 1919 var útihús um 85 m norðaustan við bæ 001 og rétt sunnan við kálgarð 005.
Tún Miðkots er nú (2019) allt sléttað og plægt tún.
Engin ummerki útihússins sjást á yfirborði.
**Heimildir:** Túnakort 1919

**RA-197:004_01** garðlag túngarður A 449619 N 358023
Í allt má sjá þrjár útfærslur heimatúnsins á Miðkoti og ljóst að ágangur Þverár var mikill. Samkvæmt túnakorti frá 1919 var túngarður 004_01 umhverfis heimatún Miðkots og má greina hann á kafla 100 m norðaustan við bæ 001. Samkvæmt bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 afmarkaði túngarður 004_03 líka allt heimatúnið en það ár er túnið mun minna og ljóst að það var stækkað mikið til austurs og vesturs á þeim 13 árum sem eru á milli þess sem kortin eru gerð. Túngarður 004_02 er sýndur með punktalínu á túnakorti frá 1919 og afmarkaði stærra svæði en heimatúnið árið 1906. Líklega er þetta elsti túngarðurinn en það þarfnast frekari rannsókna.
Tún Miðkots er nú (2019) allt sléttað og plægt.



*Túngarður RA-197:004_1, horft til vesturs.*

Árið 1919 var heimatúnið um 10 ha og túngarður afmarkaði allar hliðar þess nema til suðurs, þar réð bakki Þverár. Leifar túngarðsins má sjá sem lágan hrygg í túni, 58,3 m að lengd og snýr austur-vestur. Hann er hæstur um 0,2m en yfirleitt lægri og um 2,1 m að breidd. Túngarðurinn er mjög útflattur og hverfur í tún bæði til austurs og vesturs.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1919; Bæjarteikning danskra landmælingamanna 1906

**RA-197:004_02** heimild túngarður A 449656 N 357848
Á túnakorti frá 1919 sést túngarður 004_02 afmarka allar hliðar heimatúnins. Hann er merktur með punktalínu á kortinu sem þýðir að hann sé gamall en ekki er vitað hvenær túngarðurinn var gerður. Hann afmarkaði tún sem var tæplega 6 ha og túngarður 004_01 líklega byggður á sama stað og norðurhliðin. Öll ummerki þessa túngarðs eru horfin af yfirborði.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**RA-197:004_03** heimild túngarður A 449382 N 357927
Á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 sést túngarður 004_03 afmarka heimatúnið til allra átta nema suðurs. Bakkar Þverár afmörkuðu túnið í þá átt. Túnið er um 3 ha að stærð á teikningunni og er mun minna en hinar útfærslur túnsins. Öll ummerki þessa túngarðs eru horfin af yfirborði.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**RA-197:005** heimild um kálgarð A 449560 N 358019
Samkvæmt bæjarteikningu danskra landmælingmanna frá 1906 og túnakorti frá 1919 var kálgarður um 100 m norðaustan við bæ 001, byggður sunnan og norðan við túngarð 004. Kálgarðurinn var í norðausturhorni heimatúnsins og var stækkaður til vesturs á milli þess sem kortin voru gerð.
Tún Miðkots er nú (2019) allt sléttað og plægt.
Engin ummerki kálgarðsins sjást á yfirborði.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1919; Bæjarteikning danskra landmælingamanna 1906

**RA-197:006** heimild um traðir A 449481 N 357991
Traðir lágu til norðurs frá bæ 001 samkvæmt bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og túnakorti frá 1919.
Yfir norðurhluta traðanna er slétt, grasivaxið tún en yfir þeim syðri er malarvegur.
Engin ummerki traðanna sjást á yfirborði
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1919; Bæjarteikning danskra landmælingamanna 1906

**RA-197:007** gripir
Öxi frá miðöldum, mögulega víkingaöld fannst í mógröf Miðkoti,Þjms. Öxin er «lítil, 10 sm að lengd, augað mikið í annarri hliðinni, mætti ef til vill teljast til E-gerðar.» Ekki er vitað hvar öxin fannst en tvö mógrafasvæði eru vestan við bæinn, 008 og RA-198:013. Afar líklegt er að öxin hafi fundist á þeim slóðum enda ekki mótekja á öðrum stað á jörðinni.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** KEKH, 288

**RA-197:008** *Eystri mógrafir* náma mógrafir A 449359 N 358029



*Mógrafir RA-197:008, horft til vesturs.*

“Mótak var í smágili vestan við túnið. Það var lengi notað frá Miðkoti og fleiri jörðum. [...] Vestur frá bænum í Miðkoti er Vesturtún, vestan við það er hagastykki, sem kallast Mói, vestan við hann eru Eystri og Vestri mógrafir, þar var tekinn mór frá Miðkoti og Bollakoti framum 1930.” segir í örnefnalýsingu. Gilið á mörkum Miðkots og Bollakots er rúmum 170 m norðvestan við Miðkot 001. Yfir það er brú sem tengir Miðkot og Bollakot. Sunnan þessarar brúar eru tvö mógrafarsvæði og hafa Eystri mógrafir verið skráðar hér en Vestri mógrafir er skráðar undir Bollakoti RA-198:013.
Um gilið á mörkum Miðkots og Bollakots rennur mýrarlækur og vaxa í honum grös og annar mýrargróður. Mógrafasvæðið er 26 x 16 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Ummerki þeirra sjást í gilinu en erfitt er að átta sig á dýpt og fjölda vegna gróðurs og vatnsaga.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** SB IV, 416; Ö-Miðkot, 1

**RA-197:009** *Búastaðir* þúst býli A 449561 N 358167



*Búastaðir RA-197:009, horft til norðausturs.*

“Kot mun hafa verið við svonefndan Búhól, norður frá Miðkoti, þar eru fornar rústir af byggingu. Engin veit um nafn á koti þessu eða hvenær það var í byggð, ekki heldur hvenær það fór í eyði. Jarðamatsbók 1710 getur ekki um þennan bæ, er sennilega mjög fornt býli. [...] Í engjum jarðarinnar Teigs I, á Teigsvelli, norðvestur af Geirshaugi, hefur veirð smá kot, kallað Búastaðir. Hvenær það fór í eyði, veit nú engin. Sennilega er þetta annað kot en það sem getið er um í Jarðamtasbókinni frá 1710 ...” segir í Sunnlenskum byggðum. “... Búhóll, norður af honum er rúst af eyðibýli, sem hét Búastaðir, ekki er vitað um ábúendur þar eða hvenær það fór í eyði.” segir í örnefnalýsingu Miðkots. “Norður af henni [Elftingaskák], norður undir Tanga, er enn ein spildan, sem Búastaðaskák heitir. Austast í þeirri skák eru gamlar tóftir, sem Búastaðir heita,” segir í örnefnalýsingu Teigs og í annarri örnefnalýsingu þeirrar jarðar segir: «Í [Teigs]vellinum eru gamlar tættur, þær eru nefndar Bústaðatættur, og er talið, að þar hafi verið bær.» Ólafur Þ. Gunnarsson, heimildamaður, þekkti ekki til þessara rústa en þær hafa að öllum líkindum verið norðan í Búhól, 145 m NNA við bæ 001 og rúmum 30 m vestan við Geirshaug 011.
Búhóll stendur í sléttuðu og plægðu túni. Túnið er slegið.
Ekki sést til tófta á þessum stað en norðaustan í hólnum er hryggur, um 2 m lægri en Búhóll en um 0,5 m hærri en túnið. Bendir lag og stærð hans til þess að þar sé líklegasti staðurinn fyrir bæjarhól býlisins. Þústin er 20,9 x 17,6 m að stærð, snýr norðaustur-suðvestur og er algróin.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** SB IV, 411, 416; Ö-Miðkot, 1;Ö-Teigur, 3; Ö-Teigur BK, 1

**RA-197:010** heimild um fjárhús
“Norðanundir Búhól var Búastaðaskák, vestur af henni Elftingarskák, þar suðuraf er Kofaslétta, þar stóð fjárhús um eitt skeið, en var aflagt eftir að eldingu sló niður í húsið og grandaði fénu, sem í því var ásamt þremur hrossum ...” segir í örnefnalýsingu. Þessir atburðir urðu um 1920 samkvæmt því sem fram kemur

í örnefnalýsingu, Staðsetning þessa fjárhúss er ekki þekkt en Kofaslétta er 250 m norðvestur af bæ 001. Ekki var hægt að staðsetja fjárhúsin með innan við 50 m skekkju,
Kofaslétta er nú (2019) sléttað og plægt tún.
Engar minjar sjást á Kofasléttu vegna sléttunar og plægingar.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Miðkot, 1

**RA-197:011** *Geirshaugur* heimild um legstað A 449645 N 358171


*Geirshaugur RA-197:011, horft til austurs.*

FF: "Geirshaugur kallast Holl, skamt frá Midkote j Teigs-Sókn, sem visar eingenn sierleg Mannaverk á sier. Lýklegr hellur til Manna verka er." Páll í Árkvörn getur Geirshaugs og segir að sagnir séu um að hringur kirkjuhurðarinnar í Teigi hafi verið tekin úr haugnum. Í Árbók Ferðafélags Íslands 1966 segir: "... var það trú manna, að þar væru heygður fornmaður. Mátti ekki grafa í hólinn, og átti mönnum þá að sýnast kirkjan í Teigi standa í björtu báli." Geirshaugur er 285 m norðaustan við bæ 001 og liggja mörk við Ámundarkot, nú Smáratún, RA-196 þvert yfir hólinn.
Geirshaugur er hár hóll, grasi gróinn en þó mikið rótaður af ágangi fjár. Hóllinn er náttúrulegur. Engar minjar er að sjá á hólnum sem virðist náttúrulegur að öllu en hefur verið nokkuð raskað af ágangi sauðfjár.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** FF I, 124, 127; PS: "Um forn örnefni" StSÍ II, 534; HM: Árbók Ferðafélagsins 1966, 107

**RA-197:012** heimild um ferju A 449395 N 357798
Að sögn Oddgeirs í Tungu var stofnuð ferja hjá Miðkoti árið 1906 og var báturinn úr tré. Þegar heimildaskráning var gerð 1999 fyrir þetta svæðis láðist að geta hvaðan þessi heimild kemur, líklega er þetta úr svörum við þjóðháttaspurningum Þjóðminjasafnsins. Ekki er vitað hversu lengi ferjan var í notkun. Samkvæmt Ólafi Þ. Gunnarssyni, heimildamanni, var Þverá mjó neðan við bæinn.
Engin ummerki ferju sjást á þessu svæði.
**Hættumat:** engin hætta

**RA-197:013** heimild um útihús A 449589 N 357902
Samkvæmt bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 var útihús um 90 m austan við bæ 001 og fast upp við túngarð 004_03 innan heimatúns. Útihúsið er ekki sýnt á túnakorti frá 1919 og líkast fallið úr notkun þá.
Tún Miðkots er nú (2019) allt sléttað og plægt tún.
Engar minjar sjást í landslaginu vegna sléttunar og plægingar.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Bæjarteikning danskra landmælingamanna 1906

**RA-197:014** heimild um brunn A 449474 N 357854
Samkvæmt túnakorti frá 1919 var brunnur um 60 m sunnan við bæ 001 og rúmum 120 m norðaustan við útihús 013. Hann var fast sunnan við kálgarð 001_02.
Tún Miðkots er nú (2019) allt sléttað og plægt tún.
Engin ummerki um brunninn sjást á yfirborði.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1919

**RA-197:015** heimild um áveitu A 449660 N 357941

Skurður, líklegast fráveita, er sýndur á túnakorti frá 1919, um 140 m suðaustan við bæ 001. Skurðurinn sýndur um 100 m með stefnu norðvestur-suðaustur, en tekur svo 90° horn til norðausturs og er sá hluti 20 m lengd þar sem hann endar á mörkum við Ámundarkot, nú Smáratún, RA-196.

Tún Miðkots er nú (2019) allt sléttað og plægt tún.

Engin ummerki um áveituna sjást á yfirborði en túnið hefur allt verið sléttað og plægt.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1919

**RA-197:016** heimild um útihús A 449550 N 357959

Samkvæmt bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 var útihús um 60 m austan við bæ 001 og tæpum 20 m suðaustan við útihús 002. Það er ekki sýnt á túnakorti frá 1919 og líklega fallið úr notkun þá.

Tún Miðkots er nú (2019) allt sléttað og plægt.

Engin ummerki um útihúsið sjást á yfirborði.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Bæjarteikning danskra landmælingamanna 1906

## RA-198 Bollakot

Hjáleiga frá Teigi, menn muna ekki hvenær hún byggðist fyrst.
1710: "Af slægjulandi brýtur Þverá." JÁM I, 154 1919: Tún 4,5 ha, 4 ha sléttað, garðar 1360 $m^2$ "Tún eru stór, flatlend og gott vélaland. Hagar eru að mestu á Aurunum, þar eru fjárhús og um 10 ha. tún ..." SB IV, 417




*Túnakort Bollakots RA-198 frá 1919 upprétt ofan á loftmynd. Skráðar minjar innan þess sjást sem hvítir punktar, svartar línur og grænir flákar. ©Loftmyndir ehf.*

**RA-198:001** *Bollakot* bæjarhóll bústaður A 448892 N 358043



*Bæjarhóll RA-198:001, horft til norðurs.*

Bærinn er sýndur á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og á túnakorti frá 1919. “Áður stóð bærinn sunnar og mun hafa verið færður vegna landbrots af völdum Þverár ...” segir í Sunnlenskum byggðum. “Áður stóð bærinn í Bollakoti syðst í túninu á efri bakka Þverár, en var færður um eða eftir 1830 vegna landbrots af völdum árinnar,” segir í örnefnalýsingu. Gamli bærinn er sýndur á túnakortinu og sjást útlínur bæjarins og kálgarðs sunnarlega í heimatúninu líkt og það var afmarkað snemma á 20. öld. Bæjarhóllinn er um 200 m sunnan við bæjarstæði 002, innan gróins túns sem nýtt er til beitar.
Hóllinn er innan afgirts, sléttaðs beitartúns. Á túnakorti sést að kálgarður var sunnan við bæinn, skipan bæjarins er gróflega teiknuð þar inn.
Engar minjar sjást á bæjarhólnum sem er sléttur að ofan og engar minjar sjást lengur vegna túnasléttunar. Hóllinn stendur við norðan við gamla farveg Þverár og sjást bakkar hennar mjög greinilega. Samkvæmt túnakorti snéri gamli bærinn N-S. Með fyrirvara um nákvæmni túnakorta á einstaka tóftum má mæla flatarmál gamla bæjarstæðisins sem 22x22m en líklega hefur það svæði hýst nokkrar byggingar. Hóllinn er 39,9 x 30,1 m að stærð og um 0,5 m hærri en umhverfi sitt.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** SB IV, 417; Ö-Bollakot, 1; Túnakort 1919; Bæjarteikning danskra landmælingamanna 1906

**RA-198:002** *Bollakot* bæjarstæði bústaður A 448956 N 358252
Hér er verið að skrá yngra bæjarstæði Bollakots sem byggist upp um 1830. Árið 1919 var yngri bær Bollakots nyrst í heimatúninu, 200-220m norðan við bæ 001. Hann var 2m vestan við núverandi íbúðarhús sem byggt er 1937 og sunnan við núverandi fjós. Þar er nú bakgarður og gróið svæði.
Á bæjarstæðinu er grasflöt með snúrum, bílaplan og ummerki um umtalsvert rask.
Engin ummerki um yngri bæ Bollakots sjást á yfirborði sökum túnsléttunar. Ekki er mikilla minja að vænta á þessum stað en samkvæmt Ólafi Þ. Gunnarssyni, heimildarmanni, var bærinn var færður þangað um eða eftir 1830 og nýtt íbúðarhús byggt 100 árum seinna.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1919



*Bæjarstæði RA-198:002, horft til norðvesturs.*



*Skipan bæjarins sést vel á túnakorti frá 1919.*

**RA-198:003** heimild um útihús A 44889 N 358297
Samkvæmt bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 var útihús um 60 m NV við bæ 002.

Þar er nú gróið svæði fast vestan við veg að Bollakoti.
Gróið svæði í halla til vesturs að Grjótá. Svæðið er á milli árinnar og malarvegar að austan.
Engin ummerki um útihúsið sjást á yfirborði og engar ójöfnur sem gætu gefið staðsetningu þess til kynna.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Bæjarteikning danskra landmælingamanna 1906

**RA-198:004** heimild um útihús A 448974 N 358218
Samkvæmt bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og túnakorti frá 1919 var útihús staðsett 30-40 m ASA við bæ 002. Malarvegur er fast vestan við áætlaða staðsetningu útihússins og ræktuð tún. Ræktuð tré eru austan við, liggja í einfaldri röð, N-S
Lítill, aflíðandi hóll í ræktuðu túni. Þar var útihúsið að öllum líkindum.
Engin ummerki um útihúsið sjást á yfirborði og eina vísbendingin er hóll á þeim stað sem útihúsið átti að hafa staðið.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1919; Bæjarteikning danskra landmælingamanna 1906

**RA-198:005** kantur útihús A 448896 N 358169



*Kantur RA-198:005, horft til austurs.*

Samkvæmt túnakorti frá 1919 stóð útihús með sambyggðum kálgarði 90m SSV við bæ 002 og rúmum 120 m norðan við bæ 001. Mýrarlæna er SSV við útihúsið, hún er jafnframt sýnd á túnakortinu.
Malarplan er þétt NNA við kantinn, mýrar til SSV. Girðing liggur þvert yfir og meðfram kantinum. Svæðið er gróið og nýtt til beitar.
Útihúsið er horfið en þar er malarplan með rúllum. Vírgirðing þar til S-V. Gróinn kantur er sunnan við malarplanið, hann er um 1m á hæð, bogadreginn og 0,2 m á hæð. Kanturinn er að öllum líkindum hluti af suðvesturhorni kálgarðsins. Hann sést á um 40 m löngum kafla en nær að öllum líkindum lengra til norðurs en kálgarðurinn á kortunum.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1919

**RA-198:006** heimild um útihús A 449006 N 358114
Samkvæmt bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og túnakorti frá 1919 var útihús um 130 m norðaustan við bæ 001 og um 30 m suðvestan við útihús 020. Það var vestarlega á brún og að öllum líkindum innan eldra heimatúnsins.
Slétt, ræktað tún nýtt til beitar. Vírgirðing er 30 m norðar og malarplan nýtt sem véla- og rúllugeymsla.
Engin ummerki útihússins sjást á yfirborði.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1919, Bæjarteikning danskra landmælingamanna 1906

**RA-198:007** heimild um útihús A 448904 N 358075
Samkvæmt túnakorti frá 1919 var útihús staðsett um 15 m norðan við bæ 001. Á kortinu telst það gamalt og afmarkað með punktalínu líkt og eldri bærinn. Útihúsið var um 180m sunnan við bæ 002.
Þar sem útihúsið var er gróið tún. Túnið er nýtt til beitar.
Engin ummerki um útihúsið sjást á yfirborði.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1919

**RA-198:008** heimild um kálgarð A 448964 N 358268
Kálgarður var 10-20m norðan við bæ 002 samkvæmt bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og túnakorti frá 1919. Hann er kominn undir núverandi fjós og öll ummerki hans horfin.
Kálgarður fór undir suðurhluta núverandi fjós, norðan við bæ 002.
Engin ummerki um kálgarðinn eru varðveitt.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1919; Bæjarteikning danskra landmælingamanna 1906

**RA-198:009** heimild um útihús A 448927 N 358034
Samkvæmt bæjarteikningu danskra landmælingmanna frá 1906 og túnakorti frá 1919 var útihús um 30 m austan við bæ 001 og 220 m sunnan við 002.
Gróið, slétt tún.
Útihúsið er farið ekki sjást nein ummerki þess á yfirborði
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1919; Bæjarteikning danskra landmælingamanna 1906

**RA-198:010** heimild um túngarð A 449016 N 358185
Samkvæmt bæjarteikningu danskra landmælingmanna frá 1906 og túnakorti frá 1919 afmarkaði túngarður heimatúnið til norðausturs og austurs.
Gróin, sléttt tún og skjólbelti eru þar sem túngarðurinn var.
Engin ummerki túngarðsins sjást á yfirborði.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Bæjarteikning danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1919;

**RA-198:011** heimild um traðir A 448859 N 358039
Traðir eru sýndar til vesturs frá bæ 001 á túnakorti frá 1919. Ekki er ljóst hversu mikið var brotið af gamla heimatúninu til suðurs en greinilegt að þjóðleiðin að bænum lá að vestan.
Slétt tún og malarvegur eru þar sem traðirnar lágu.
Engin ummerki um traðirnar sjást á yfirborði.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1919

**RA-198:012** heimild um mógrafir A 449045 N 358090
"Mótak var í gilinu milli Miðkots og Bollakots (sjá 013), einnig hefur mór verið tekinn upp í túninu suður af bænum endur fyrir löngu." segir í Sunnlenskum byggðum. "Framtún kallaðist túnið suður og austur frá bænum, þar voru djúpir lautabollar, sem voru fornar mógrafir, þær hafa nú verið fylltar upp og túnið sléttað," Ekki er ljóst hvar í túninu mótekjan var en líklega var það ekki innan eldra heimatúnsins. Hnit var tekið austan við túngarðinn en samkvæmt heimildamanni voru umræddir bollar m.a. á þessu svæði.
Þar sem mógrafirnar voru er slétt tún nýtt til beitar.
Ekki er að sjá mógrafir á svæðinu.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** SB IV, 417

**RA-198:013** *Vestri mógrafir* náma mógrafir A 449282 N 357996
"Mótak var í gilinu milli Miðkots og Bollakots, einnig hefur mór verið tekinn upp í túninu suður af bænum [012] endur fyrir löngu." segir í Sunnlenskum byggðum. "Mótak var í smágili vestan við túnið. Það var lengi notað frá Miðkoti og fleiri jörðum.[...] Vestur frá bænum í Miðkoti er Vesturtún, vestan við það er hagastykki, sem kallast Mói, vestan við hann eru Eystri og Vestri mógrafir, þar var tekinn



*Vestari mógrafir RA-198:013, horft til vesturs.*

mór frá Miðkoti og Bollakoti framum 1930," segir í örnefnalýsingu Miðkots. Gilið á mörkum Miðkots og Bollakots er 400 m ASA við Bollakot 002 og 230 m norðvestan við Miðkot RA-197:001. Yfir það er brú sem tengir Miðkot og Bollakot. Sunnan þessarar brúar eru tvö mógrafarsvæði og eru Vestri mógrafir skráðar hér en Eystri mógrafir eru skráðar undir Miðkoti RA-197:008.
Um gilið á mörkum Miðkots og Bollakots rennur mýrarlækur og vaxa í honum grös og annar mýrargróður. Enn mótar fyrir mógröfunum þar sem minna er af mýrargrösum og lækurinn flæðir ekki yfir. Ekki er hægt að segja til um fjölda eða stærð mógrafanna en þær eru allar innan svæðis sem er 40 x 13 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur.
**Heimildir:** SB IV, 417; Ö-Miðkot, 1

**RA-198:014** heimild um stekk
"Norðaustur frá bænum, upp með Grjótá var valllendismói, hann var kallaður Stekkatún, þar sást örla fyrir kofarústum og mun þar hafa verið stekkur fyrrum. Þessum móa hefur nú verið breytt í tún og rústirnar jafnaðar við jörðu." segir í örnefnalýsingu. Ekki er vitað hvar stekkurinn var staðsettur og ekki reyndist unnt hnitsetja hann með innan við 50 m skekkju.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Bollakot, 1

**RA-198:015** *Einbúi* álagablettur A 449202 N 358021



*Einbúi RA-198:015, horft til suðurs.*

Hóllinn Einbúi er rúma 310 m austan við bæ 001, innan afgirts trjálundar. Samkvæmt Ólafi Þorra Gunnarssyni, heimildamanni, má ekki grafa í hólinn. Sé það gert muni kýr drepast í fjósinu.
Hóllinn er vestarlega innan afgirts svæðis þar sem ræktuð hafa verið upp tré.
Hóllinn er náttúrulegur og er hæstur um 1 m. Hann er 10,7 x 8,2 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hann er vel gróin grasi og sinu en þó trjágróður sé nokkur nálægt honum eru engin tré á hólnum sjálfum.
**Hættumat:** hætta, vegna trjáræktar

**RA-198:016** heimild um beitarhús A 449254 N 356780
"Fjárhús frá Bollakoti eru sunnan Þverár í suður frá Eyðibýlinu Miðkoti [RA-197]. Um 500 m suðvestur frá fjárhúsunum er gamall skjólgarður [017], sem nú er að mestu fallinn," segir í örnefnalýsingu. Beitarhúsin voru um 1,4km sunnan við yngra bæjarstæði Bollakots 002. Þar eru nú illa farin og steypt fjárhús.
Beitarhúsin voru vestan við geymslusvæði tækja á landi Bollakots. Til norðurs er gróin árfarvegur og til suðurs er ræktað tún.
Ekki sést til minja á yfirborði þar sem steypt fjárhús hefur verið byggt á sama stað og eldri hús voru áður. Ólíklegt sé að minjar leynist undir serði sökum rasks.
**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Bollakot, 1

**RA-198:017** heimild um fjárskýli

"Fjárhús [016] frá Bollakoti eru sunnan Þverár í suður frá Eyðibýlinu Miðkoti [RA-197]. Um 500 m. suðvestur frá fjárhúsunum er gamall skjólgarður, sem nú er að mestu fallinn," segir í örnefnalýsingu. Ekki er ljóst hvar gamli skjólgarðurinn sem nefndur er í örnefnalýsingu var nákvæmlega og reyndist ekki unt að staðsetja hann með innan við 50m skekkju.

Ræktað sléttað tún er nú á þeim slóðum sem skjólgarðurinn var.

Engjar minjar sjást á túninu vegna sléttunar.

**Hættumat:** hætta, vegna jarðræktar

**Heimildir:** Ö-Bollakot, 1

**RA-198:018** heimild um útihús A 448943 N 358263

Tæpum 20m norðan við bæ 002 stóð útihús sem nú er horfið undir vélaskemmu. Útihúsið er bæði sýnt á túnakorti frá 1919 og bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906.

Núverandi skemma og malarplan eru þar sem útihúsið var. Fjós stendur fast austan við skemmuna.

Engin ummerki um útihús sjást á yfirborði.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1919; Bæjarteikning danskra landmælingamanna 1906

**RA-198:019** heimild um útihús A 448986 N 358088

Samkvæmt bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 var útihús tæpum 110 m norðaustan við bæ 001 og 30 m suðvestan við útihús 006. Það var vestarlega á brún og að öllum líkindum innan eldra heimatúnsins.

Slétt, ræktað tún nýtt til beitar. Vírgirðing er um 60 m norðar og malarplan nýtt sem véla- og rúllugeymsla.

Engin ummerki um útihúsið sjást á yfirborði.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Bæjarteikning danskra landmælingamanna 1906

**RA-198:020** heimild um útihús A 449034 N 358125

Samkvæmt bæjarteikningu danskra landmælingmanna frá 1906 var útihús um 160 m norðaustan við bæ 001 og 30 m norðaustan við útihús 006. Það var vestarlega á brún og að öllum líkindum nyrst innan gamla heimatúnsins.

Slétt, ræktað tún nýtt til beitar er sunnar og malarplan skammt vestar.

Engin ummerki um útihúsið sjást á yfirborði.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Bæjarteikning danskra landmælingamanna 1906

**RA-198:021** heimild um útihús A 448950 N 358003

Samkvæmt bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 var útihús fast vestan við túngarð 010, 50 m suðaustan við bæ 001. Ekki er ljóst hvort að útihúsið var sambyggt túngarðinum.

Gróið, grasivaxið tún nýtt til beitar. Víða í kring eru lágar brúnir og hryggir.

Engin ummerki útihússins sjást á yfirborði.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Bæjarteikning danskra landmælingamanna 1906

**RA-198:022** garðlag varnargarður A 448938 N 357973

Garðlag er rúma 60 m suðaustan við bæ 001, skammt suðaustan við heimatúnið. Garðlagið er uppi á bakka, ofan við aura Þverár.

Túngarðurinn er á mjórri og óræktaðri ræmu suðaustan heimatúnsins, á gömlum árbakka Þverár. Neðan



*Túngarður RA-198:022, horft til austurs.*

við bakkann taka við malarflatir.
Varnargarðurinn er 83,5 m að lengd og snýr austur-vestur, en vestast er 90° horn og snýr hann þaðan suðaustur-norðvestur og er 15,8 m langur. Hann er hæstur um 0,6m og hverfur við bakkann í hvorn enda. Garðurinn er gróinn grasi, nema á bakkanum þar sem rof er í honum. Vestast í garðlaginu, næst horninu þar sem hann beygir til suðurs er op.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**RA-198:023** heimild um brunn A 448938 N 358293
Samkvæmt bæjarteikningu danskra landmælingmanna frá 1906 og túnakorti frá 1919 var brunnur um 40 m norðvestan við bæ 002. Líklega var þetta uppspretta, lækur frá brunninum rann til vesturs í Grjótá. Brunnurinn var við norðvesturhorn útihúsanna. Bæði hann og lækurinn eru horfinn vegna framkvæmda. Engin ummerki um brunninn sjást á yfirborði.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Bæjarteikning danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1919

**RA-198:024** heimild um túngarð A 448839 N 3580
Gamall túngarður er sýndur á túnakorti frá 1919 suðvestan og vestan við bæ 001. Hann afmarkaði án efa gamla heimatúnið. Túngarðurinn lá til vesturs frá suðvesturenda bæjarhólsins, sveigði til norðurs og endaði við austan við útihús 005. Gera má ráð fyrir að það útihús hafi verið í norðvesturhorni eldra túsins. Ekki er ljóst hvar túngarðurinn var til norðurs og austurs en líklega voru útihús 006, 020, 019 og 021 í austurhluta þess.
Þar sem túngarðurinn var eru slétt tún, vegur niður á aura og mýrlendi.
Engin ummerki túngarðsins sjást á yfirborði.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1919

## RA-641 Fornleifar á fleiri en einni jörð í Fljótshlíðarhreppi

**RA-641:016** gata leið A 449764 N 354261

Á úrvinnslustigi var komið auga á allmiklar götur sem liggja frá Gunnarshólmalænu til norðausturs um Taglaborgir RA-194:062 í landi Teigs. Ekki sést skýrt framhald af götunum þaðan en líklegt er að þær haldi áfram í Tóttarhólma RA-194:025. Ekki er ljóst á hvaða leið þessar götur eru.
Göturnar liggja eftir flatlendu og smáþýfðu mólendi en sjást ekki þar sem þær liggja yfir sanda eða aura.
Hægt er að rekja göturnar af loftmynd á um 770 m löngum kafla og stefna þær norðaustur-suðvestur. Sjá má götur á leiðinni á svæði sem er 20 m breitt og má ætla að göturnar séu hátt í 20 talsins, ef ekki fleiri.
**Hættumat:** engin hætta



*Leið RA-641:016 sést fyrir miðri mynd og liggur um Taglaborgir RA-194:062. Horft er til ANA.*

**RA-641:018** heimild leið A 448757 N 358552

Á Herforingjaráðskorti 48 frá árinu 1908 sést leið liggja til norðaustus frá vegi 007 sunnan við Ormskot. Hún lá áfram til austurs allt að rjómabúi RA-201:030 í landi Grjótár.
Þar sem leiðin lá eru ræktuð tún, hús, sumarbústaðir og vegir.
Engin ummerki um leiðina sjást á yfirborði.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Herforingjaráðskort 1:50000 48 SA

**RA-641:019** heimild leið A 451046 N 359056

Leið lá til austurs frá bænum í Teigi RA-194 að Heylæk RA-191 og áfram að Valstrýtu RA-192 . Leiðin er sýnd á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 en tún þessarra bæja lágu saman að mestu.
Leiðin var um 600 m löng og lá þvert á brekkuna.
Ræktuð tún eru að mestu þar sem leiðin lá. Í landi Heylækjar er þétt skógrækt.
Engin ummerki leiðarinnar sjást á yfirborði.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Bæjarteikning danskra landmælingamanna 1906

**RA-641:022** gata leið
A 448540 N 355600

Reiðgötur eru greinilegar 2,4 km sunnan við bæ 001, niður á aurunum sunnan Þverár. Göturnar liggja þvert á akveg og girðingu sem er meðfram honum, á Aurunum sunnan Fljótshlíðar.
Leiðin liggur um móa á Aurunum sunnan Fljótshlíðar.
Leiðin er vel greinileg á 250 m löngum kafla, sem liggur norður-suður. Hún er um 2 m að breidd og sjást 8 rásir, allar grónar mosa og lyngi. Aðrar götur liggja nálega austur-vestur en fjara út við gróin tún til beggja enda. Ekki er ljóst hversu fornar þessar götur eru, aurarnir gréru upp eftir að varnargarður kom í Þverá.



*Leið RA-641:022, horft til norðurs.*

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

# *5. Samantekt um helstu minjaflokka*

Fljótshlíðarhreppur dregur nafn sitt af samnefndri hlíð sem byggðin raðast eftir en sunnan hennar er flatt undirlendi sem nær allt að Markarfljóti að sunnanverðu og hreppamörkum Austur- og Vestur-Landeyja til vesturs. Ár og lækir falla niður hlíðina og sameinast flestir í Þverá sem rennur svo til vesturs með hlíðinni. Fljótshlíð er grösug sveit og eru nánast samfelld tún eftir hlíðinni frá Núpi við vesturmörk hreppsins að Fljótsdal sem er innsti og austasti bærinn. Flestir bæirnir standa uppi í hlíðinni en á því eru þó nokkrar undantekningar. Dreifing minjastaða er svipuð um allt skráningarsvæðið og hefur bæði hlíðin og flatlendið neðan við hana verið nýtt í gegnum aldirnar. Á síðustu öldum hafa orðið miklar breytingar á flatlendinu sunnan hlíðarinnar af völdum þeirra vatnsfalla sem þar hafa flæmst um. Einkum hafa Þverá og Markarfljót valdið tjóni og eytt grónu landi en eftir að varnargarðar voru hlaðnir við Markarfljót og Þverá á fyrri hluta síðustu aldar hefur þetta svæði tekið að gróa aftur og mikil tún ræktuð þar.[5]

Frá fornu fari var byggðinni í Fljótshlíð skipt í þrjá hluta, Innhlíð, Miðhlíð og Úthlíð. Innan þessara svæða var jörðum síðan skipt niður í minni bæjarhverfi en þessi skipting er nú ekki lengur viðhöfð í daglegu tali. Það má segja að öll Úthlíðin hafi verið skráð árin 2013-2015 að jörðunum Kollabæ og Stöðlakoti undanskildum. Árið 2018-2019 var skráningu lokið í Úthlíð og hafist handa í vesturhluta Miðhlíðar. Segja má að skráningu hafi verið lokið þar árið 2020. Fjölmargar jarðir í Fljótshlíð eru nýttar undir frístundabyggð og á fæstum jörðunum er stundaður hefðbundinn búskapur. Ítarlegar verður fjallað um þróun byggðar og sögu Fljótshlíðarhrepps í þriðja bindi þessarar skýrslu.

Í þessu bindi er fjallað um 462 fornleifar á 254 minjastöðum sem skráðar voru árin 2019-2020 og dreifast þær nokkuð jafnt yfir skráningarsvæðið. Þéttasta dreifingin er í heimatúnum bæja og býla og næsta nágrenni þeirra en þar eru helstu athafnasvæðin innan hverrar bújarðar. Fornleifarnar sem skráðar voru eru mjög fjölbreytilegar og verður hér fjallað um helstu minjaflokka.

## Bæjarhólar og býli

Bæjarhólar myndast þar sem bæir hafa staðið lengi á sama stað. Þeir hlaðast upp úr mannvistarleifum í tímans rás og samanstanda af byggingaleifum, torfi, grjóti, gólflögum og öskuhaugum. Í bæjarhólum og öskuhaugum eru fólgnar miklar upplýsingar um húsakost, fæðu og almenn lífsskilyrði til forna. Í þeim er einnig líklegast að finna merka gripi. Bæjarhólar eru því mikilvægir minjastaðir en jafnframt sá minjaflokkur sem einna verst hefur farið í uppbyggingu í landbúnaði frá seinni hluta síðustu aldar og fram á þessa öld en brýnt er að koma í veg fyrir að bæjarhólar verði frekari eyðileggingu að bráð. Vandinn við bæjarhóla er að í meirihluta tilfella

5 SB IV, 355-364.

er enn búið á þeim og víða hafa steinsteypt hús með djúpum kjöllurum verið byggð á þeim og skemmt þá að talsverðu leyti. Þar sem enn er búið á bæjarhólum er hæpið að réttlætanlegt eða raunhæft sé að friða þá fyrir frekara raski, en skemmdir bæjarhólar geta þó verið markverð rannsóknarefni og er mikilvægt að reynt verið að finna leiðir til að fylgjast með framkvæmdum á þeim. Mikilverðastir eru þó bæjarhólar sem ekki hafa orðið fyrir raski og þar sem ekki hefur verið byggt á síðustu áratugum.

| **Samtala** | **Sérheiti** | **Tegund** | **Hlutverk** | **Ástand** | **Fyrst getið** |
|---|---|---|---|---|---|
| RA-189:001_1 | Neðri-Þverá | bæjarhóll | bústaður | sést til | 1710 |
| RA-190:001_1 | Háa-Þverá | bæjarhóll | bústaður | sést til | 1762 |
| RA-191:001_1 | Heylækur | bæjarhóll | bústaður | sést til | 1521 |
| RA-191:014 | Gambranes | bæjarstæði | býli | ekki sést til fornleifar | 1710. Í eyði 1805. |
| RA-192:001_1 | Deild | bæjarhóll | bústaður | sést til | 1710, þá gömul. Í eyði 1805. |
| RA-193:001_1 | Valstríta | bæjarhóll | bústaður | ekki sést til fornleifar | 1710, þá gömul. Í eyði 1805. |
| RA-193:008_1 | Ámundakot (Litla-Valstríta) | bæjarstæði | býli | sést til | Um 1680. Í eyði á 18. öld |
| RA-194:001 | Teigur | bæjarhóll | bústaður | sést til | 1200 |
| RA-194:011 | | bæjarstæði | býli | ekki sést til fornleifar | c.a. 1680-1684 |
| RA-194:012 | Bolaenni | heimild | býli | ekki sést til fornleifar | c.a. 1670-1680 |
| RA-194:013 | | heimild | býli | ekki sést til fornleifar | c.a. 1680-1684 |
| RA-194:026 | Kiðhús | bæjarstæði | býli | ekki sést til fornleifar | ? |
| RA-195:001_1 | Finnshús | bæjarhóll | bústaður | sést til | 1710, í eyði 1882 |
| RA-196:001_1 | Ámundakot (Ólafarkot) | bæjarhóll | bústaður | sést til | 1710, þá gömul |
| RA-196:002 | Kot | heimild | býli | ekki sést til fornleifar | ? |
| RA-196:004 | Hryggvöllur | frásögn | býli | ekki sést til fornleifar | ? |
| RA-197:001_1 | Miðkot | bæjarhóll | bústaður | sést til | 1710, þá gömulm í eyði 1943 |
| RA-197:009 | Búastaðir | þúst | býli | sést til | |
| RA-198:001 | Bollakot | bæjarhóll | bústaður | ekki sést til fornleifar | 1710, þá gömul. Fært 1839 |
| RA-198:002 | Bollakot | bæjarstæði | bústaður | ekki sést til fornleifar | 1839 |

*Tafla 1: Skráðir bæjarhólar og býli.*

Lögbýlin sem voru skráð hafa flest verið byggð frá fornu fari og byggðaskipulag hefur snemma verið komið í nokkuð fastar skorður á skráningarsvæðinu. Í Fljótshlíð er oft stutt á milli túna stærri lögbýla, oftar en ekki lágu heimatún þessara jarða (eða hverfa) saman líkt og sést á

bæjarteikningum danskra landmælingamanna frá 1906. Jarðirnar eru flestar langar og mjóar og ná þvert yfir hreppinn sem útskýrir af hverju það er svo stutt á milli túnanna. Alls voru skráðir 10 bæjarhólar á jafnmörgum lögbýlum og á heildina litið er ástand þeirra fremur slæmt. Allir eru þeir mikið raskaðir, á flestum þeirra eru steinsteypt íbúðarhús, stór útihús eða annað jarðrask. Bæjarhóll Bollakots RA-198:001 er þó enn varðveittur í túni en búið að slétta yfir minjarnar og engin ummerki sjást þar á yfirborði. Einnig voru skráð 10 býli og flest þeirra eru í landi Teigs, alls fimm talsins. Þeirra er flestra fyrst getið í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá árinu 1710. Á þeim flestum virðist búseta vara í fremur stuttan tíma og lítið er vitað um sögu þeirra.

Stærstur er bæjarhóllinn í Teigi RA-194:001 en núverandi íbúðarhús eru nokkuð sunnan við hann. Samkvæmt bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og túnakorti frá 1919 náðu hús á bæjarstæðinu yfir svæði sem var um 90 x 50 m að stærð en tvíbýli var lengi á jörðinni. Vesturhluti bæjarhólsins sést enn á yfirborði, alls 50 x 40 m stór. Þar stóð vesturbærinn en engin ummerki eru sjáanleg um eystri hluta hólsins. Mikið jarðrask er á bæjahólnum en öll hús þar hafa verið rifin og þar er nú malarplan. Eina húsið á hólnum er þinghús RA-194:042 en það er á vesturhluta hans. Stórt steinsteypt útihús er fast norðan við hólinn og bygging þess gæti hafa raskað þeim hluta. Í Jarðabók Árna og Páls frá 1710 er minnst á þrjár hjáleigur sem voru nærri bænum en staðsetning þeirra er týnd, þ.e. býli RA-194:011, Bolaenni RA-194:012 og býli RA-194:013.

Finnshús RA-195 var ein af hjáleigum Teigs og er með langa búsetusögu samkvæmt Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín. Ekki er vitað hvenær hún byggist en jörðin fer í eyði um 1882. Bæjarhóllinn RA-195:001_01 er 35x25 m stór og hæstur um 1,5 m. Greinilegt er að enn er töluvert af mannvist undir sverði þrátt fyrir mikið jarðrask á svæðinu, m.a. eftir fjárhús sem þar var byggt eftir að búsetu var hætt. Bæjarhóllinn í Miðkoti RA-197:001_01 er ennfremur mikið raskaður en búseta á þessum stað var löng líkt og í Finnshúsum. Bærinn fer í eyði 1943 og fjós sem enn er í notkun var byggt á miðjum bæjarhólnum eftir þann tíma. Austurhluti bæjarhólsins er enn varðveittur, 34x20 m að stærð og 1 m á hæð. Bæjarhóll Ámundakots (nú Smáratúns) RA-196:001_01 er norðan við núverandi hús á bænum og ummerki hans sjást á yfirborði. Bæjarhóllinn er 40x17 m stór og 1,7 m á hæð þar sem umfangið er mest. Mikið jarðrask hefur engu að síður verið á hólnum sem er innan núverandií bakgarði íbúðarhússins. Fast austan bæjarhólsins má sjá kanta og steypu úr útihúsum sem byggð voru þar um miðja síðustu öld en hafa verið rifin. Bollakot RA-198:001 var flutt á núverandi stað, sjá RA-198:002, árið 1839. Eldri bæjarhóllinn var sléttaður í tún og sést ekki á yfirborði þrátt fyrir langa búsetusögu. Lítilla ummerkja um mannvist er að vænta undir sverði á yngra bæjarstæðinu. Öll þessi lögbýli sem hér hafa verið talin upp voru hjáleigur Teigs.

Samtals eru þrjú býli þekkt í landi Miðkots og Ámundakots en lítið er vitað um sögu þeirra. Búastaðir RA-197:009 er í landi Miðkots. Þúst er á svæðinu þar sem býlið á að hafa verið og eru það einu ummerki þess. Heimildir eru um tvö býli í landi Ámundakots, bæði rétt vestan við heimatúnið. Kot RA-196:002 er sýnt á túnakorti frá 1919 og þá sem fornar tóftir. Þarna voru tóftir sem voru sléttaðar út, líklega um miðja síðustu öld. Hryggvöllur RA-196:004 var skammt

frá Koti og þúst bar því vitni lengi vel. Hún er nú horfin og vélgrafinn skurður er þar rétt við.

Heylækur er annað stærsta lögbýlið sem fjallað er um í þessari skýrslu en þar var tvíbýli um aldir. Bæjarhóll RA-191:001_01 er 41x32 m stór og á honum eru tvö íbúðarhús, undir vestara húsinu má enn sjá hleðslur og mannvistarleifar í sniði. Alls eru sjö fornleifar á bæjarhólnum, útihús RA-191:001_03 er sú eina sem sést enn. Þrjár hjáleigur voru frá Heylæk sem seinna urðu lögbýli, þ.e. Deild, Valstrýta og Gamranes. Bæjarhóllinn í Deild RA-192:001_01 sést vel til norðurs en mikið rask er á honum. Hús voru nánast á öllum bæjarhólnum en þau rifin um 2000. Núverandi íbúðarhús er byggt á sama stað og eldra útihús, hleðslur sjást enn í kjallaranum. Bæjarhóll Valstrýtu RA-193:001_01 er horfinn af yfirborði og mikið jarðrask er á svæðinu. Núverandi íbúðarhús er á miðjum hólnum, á sama stað og eldri hús.

Tvö býli voru skráð í landi sem áður tilheyrði Heylæk. Annað þeirra var Gambranes RA-191:014, gömul hjáleiga, en hvarf að öllum líkindum í Þverá um 1805. Staðsetning bæjarins er týnd en örnefni tengd býlinu hafa varðveist á Aurunum sunnan Þverár. Hitt býlið er Litla-Valstrýta RA-193:008_01 sem byggist undir lok 17. aldar en búseta varði stutt, líklega bara í nokkur ár. Enn má sjá hringlaga þúst á bæjarstæðinu sem er 18x17 m að stærð en hún gæti líka verið leifar af útihúsum sem voru byggð þar eftir að býlið fer í eyði á 18. öld.

Á seinni hluta 18. aldar var jörðinni Þverá var skipt í lögbýlin Efri- og Neðri-Þverá en heimatún jarðanna var enn sameiginlegt báðum bæjum á fyrri hluta 20. aldar. Bæjarhóll Neðri-Þverár RA-189:001_01 er á gamla bæjarhól Þverár, en öllum húsum þar hefur verið rutt út sem og hólnum sjálfum. Kálgarður 001_03 sést þó enn sunnan við bæjarhólinn sem er illa varðveittur og nánast horfinn vegna sléttunar. Bæjarhóll Efri-Þverár RA-190:001_01 sést illa á yfirborði, á honum er skemma að stórum hluta. Kantur liggur þó eftir honum miðjum á 20 m löngum kafla, mögulega eru það ummerki um bæjarhús.

## Kirkjur, kuml og legstaðir

Ekkert staðfest kuml hefur fundist innan skráningarsvæðisins. Mannabein fundust hins vegar í svokölluðum Borgarhólum RA-189:018_2 í landi Neðri-Þverár árið 1952 og líklega var um kuml að ræða. Beinin fundust við framkvæmdir og var staðnum raskað mikið. Ekkert var þar eftir annað en tvær höfuðkúpur þegar Kristján Eldjárn kom á staðinn. Einn legstaður er þekktur í landi Miðkots, Geirshaugur RA-197:011. Sagnir eru m.a. um að fornmaður sé heygður í hólnum, að hringur kirkjuhurðarinnar á Teigi sé grafinn þar og bærinn á Teigi brenni ef grafið sé í hauginn. Þetta er náttúrulegur hóll og afar ólíklegt að nokkur mannvist sé þar undir sverði.

Ein kirkja er þekkt innan skráningarsvæðis, kirkjan í Teigi RA-194:002. Kirkjunnar er fyrst getið í kirknaskrá Páls frá því um 1200 en hún var lögð niður árið 1880 og lögð undir Breiðabólstað í kjölfarið. Kirkjan var rifin undir lok 19. aldar og engin ummerki hennar sjást á yfirborði. Kirkjugarðurinn er ennfremur mikið raskaður, þar er malarplan og geymsla fyrir heyrúllur. Enn má sjá tvo legsteina á yfirborði, annar þeirra er frá árinu 1762. Það er ljóst að þessi

minjastaður er í mikilli hættu vegna framkvæmda. Í svæðisskráningu sem var unnin fyrir þetta landsvæði er minnst á bænhús RA-189:002 á Neðri-Þverá. Því miður er heimilda ekki getið í svæðisskráningunni en í Sunnlenskum byggðum IV[6] segir að bænhús hafi verið á Þverá. Frekari heimildir þarf þó til að staðfesta þetta en engar sagnir eru um beinafundi við bæinn.

## Tún og túngarðar

Tún eru grasgefin svæði í kringum bæjarhúsin sem áburður er borinn á og eru slegin síðsumars eða á haustin. Menn hafa hlaðið garða um tún sín um aldir en mikill kippur kom í túngarðahleðslu á 19. öld og var hún hluti af túnabótum sem áttu sér stað á þeim tíma. Húsdýraáburður var einkum borinn á tún og voru útihús því oft höfð vítt og breitt um túnið til þess að auðvelda áburðardreifinguna. Engin gömul tún lögbýla og býla eru eftir ósnortin á skráningarsvæðinu, í flestum tilfellum vegna túnasléttunar og annarra jarðabóta.

Túngarðar voru umhverfis öll heimatún lögbýlanna sem og nokkurra býla á skráningarsvæðinu. Túngarðarnir eru flestir sýndir á bæjarteikningum danskra landmælingamanna frá 1906 og túnakortum frá 1919. Dæmi eru um að tún fleiri en einnar jarðar hafi legið saman og þvergarðar, lækir og traðir ráðið landamerkjum. Sem dæmi má nefna að heimatún jarðanna Arngeirsstaða, Grjótár, Burtu, Teigs, Heylækjar, Valstrýtu og Deildar lágu saman og lækir voru yfirleitt á merkjum. Samanlagt var þetta tún gríðarstórt, eða 78 ha. Á flestum lögbýlunum




*Heimatún nokkurra lögbýla lágu yfirleitt saman þegar bæjarteikning danskra landmælingamanna var gerð árið 1906. Hér sjást heimatún austurbæjarins í Teigi, Heylækjar, Deildar og Valstrýtu. ©Landmælingar Íslands.*

verða miklar breytingar á þeim 13 árum sem líða á milli þess sem bæjarteikningar eru gerð og túnakortin. M.a. eru túnin stækkuð, traðir færðar og nokkur útihús falla úr notkun meðan önnur bætast við. Samtals voru 22 túngarðar skráðir innan skráningarsvæðisins, af þeim eru 15 varðveittir að hluta.

| **Samtala** | **Tegund** | **Hlutverk** |
|---|---|---|
| RA-189:009_1 | garðlag | túngarður |
| RA-189:009_2 | garðlag | túngarður |
| RA-191:013 | heimild | túngarður |
| RA-191:018 | örnefni | akur |
| RA-191:026 | garðlag | túngarður |
| RA-191:028_2 | garðlag | túngarður |
| RA-192:008_1 | heimild | túngarður |
| RA-192:008_2 | garðlag | túngarður |
| RA-192:009_1 | garðlag | túngarður |
| RA-193:002_1 | garðlag | túngarður |
| RA-193:002_2 | heimild | tún |
| RA-193:002_3 | garðlag | túngarður |
| RA-193:015_4 | garðlag | túngarður |
| RA-194:009 | garðlag | tún |
| RA-194:020_2 | garðlag | túngarður |
| RA-194:027_2 | garðlag | tún |
| RA-194:036 | örnefni | akur |
| RA-194:041_1 | garðlag | túngarður |
| RA-194:041_2 | garðlag | túngarður |
| RA-194:065_2 | garðlag | túngarður |
| RA-194:066_5 | hleðsla | túngarður |
| RA-196:007 | garðlag | túngarður |
| RA-197:004_1 | garðlag | túngarður |
| RA-197:004_2 | heimild | túngarður |
| RA-197:004_3 | heimild | túngarður |
| RA-198:010 | heimild | túngarður |
| RA-198:024 | heimild | túngarður |

*Tafla 2: Skráðir túngarðar, akrar og tún.*

Tveir túngarðar voru skráðir á Neðri-Þverá sem báðir eru sýndir á túnakortum. Túngarður RA-189:009_01 afmarkaði norðurhluta heimatúns Efri- og Neðri Þverár en tún bæjanna var sameiginlegt. Túngarður RA-189:009_02 er sýndur sem gamall garður á túnakorti frá 1919 fyrir norðan bæinn í Neðri-Þverá. Hann afmarkaði líklega eldra tún sem ætla má að hafi tilheyrt bænum Þverá, áður en jörðinni var skipt upp í tvær aðskildar jarðir á seinni hluta 18. aldar. Hluti af báðum túngörðunum er varðveittur í grasivöxnum, sléttum túnum.

Tveir túngarðar eru varðveittir á Heylæk. Túngarður RA-191:013 er horfinn vegna sléttunar en samkvæmt bæjarteikningu danskra landmælingmanna frá 1906 afmarkaði hann

alla norðurhlið heimatúnsins. Á túnakorti frá 1919 er hann dottinn úr notkun og merktur sem gamall garður. Túngarður RA-191:026 sést norðvestarlega innan heimatúnsins og er ekki sýndur á túnakortum. Þetta er að öllum líkindum þvergarður innan túnsins og er ekki mjög forn.

Á Deild eru skráðir þrír túngarðar við heimatúnið. Túngarður RA-192:008_01 er sýndur sem gamall garður á túnakorti frá 1919 og sýnir eldri útfæslu heimatúnsins sem virðist hafa náð lengra til norðurs áður en bæjarteikning danskra landmælingamanna er gerð 1906. Hann er einnig sýndur liggja til vesturs frá bæ 001 á túnakortinu. Túngarður RA-192:008_02 er enn varðveittur á litlum kafla, suðaustan við bæ 001. Í framhaldi af honum sést kantur neðst í brekku sem er að öllum líkindum framhald túngarðsins. Túngarður RA-192:009_01 er sýndur norðan við bæ 001 á túnakorti frá 1919 og gerður eftir 1906.

Heimatún Valstrýtu hefur tekið miklum breytingum í tímans rás og þar eru skráðir tveir túngarðar. Túngarður RA-193:002_01 er sýndur sem gamall garður á túnakorti frá 1919 og er sunnar en afmörkun túnsins árið 1919. Hann er enn varðveittur að hluta og líklega eldri túngarðurinn af tveimur görðum sem enn sjást við heimatúnið. Túngarður RA-193:002_03 afmarkaði norðurhlið túnsins samkvæmt bæjarteikningu danskra landmælingmanna frá 1906. Lítill hluti þessa túngarðs er varðveittur.




*Túnakort Valstrýtu frá 1919 sýnir tvær útgáfur heimatúnsins. Eldri túngarður og gerði er innan túnsins líkt og það er afmarkað á kortinu. ©Þjóðskjalasafn Íslands.*

Tveir túngarðar eru enn varðveittir á Teigi en báðir eru sýndir á túnakortum. Á túnakorti frá 1919 sést ennfremur hvernig minni, stakstæð tún voru nyrst innan heimatúnsins en þeir hafa verið afmarkaðir með görðum sem þá voru taldir gamlir. Samkvæmt bæjarteikningu frá 1906 var þetta eitt samfellt tún og er því þessi skipting í minni stakstæð tún eldri en hún. Túngarður RA-194:041_02 er sýndur sem gamall garður á túnakorti frá 1919. Hann afmarkaði alla norðurhlið túnsins og var sunnan við stakstæðu túnin en fjallað verður betur um þau seinna í þessum kafla.

Túngarður RA-194:041_01 afmarkaði norðurhlið og norðausturhorn heimatúnsins árið 1919. Hann er enn varðveittur að hluta og útlit hans bendir til þess að hann sé ekki mjög forn.

Túngarður RA-196:007 afmarkaði túnið í Ámundakoti til allra átta nema norðurs. Lítill hluti af túngarðinum sést enn suðaustan við bæinn. Í Miðkoti eru þrír túngarðar varðveittir og sýna mismunandi útfærslur túnsins en ágangur af völdum Þverár var mikill og bærinn fór í eyði árið 1943 af þeim sökum. Samkvæmt túnakorti frá 1919 afmarkaði túngarður RA-197:004_01 allt heimatúnið og má greina hann norðaustan við bæ 001. Samkvæmt bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 afmarkaði túngarður RA-197:004_03 líka allt heimatúnið en það ár er túnið mun minna og ljóst að það var stækkað mikið til austurs og vesturs á þeim 13 árum sem eru á milli þess sem kortin eru gerð. Túngarður RA-197:004_02 er sýndur með punktalínu á túnakorti frá 1919 og afmarkaði stærra svæði en heimatúnið árið 1906. Líklega er þetta elsti túngarðurinn en það þarfnast frekari rannsókna.

Tveir túngarðar eru í Bollakoti. Bærinn var áður nokkuð sunnar en hann er nú, þar er túngarður RA-198:024 sýndur á túnakorti frá 1919 og afmarkaði að allar hliðar túnsins. Öll ummerki hans eru horfin vegna sléttunar. Túngarður RA-198:010 afmarkaði heimatún yngri bæjarins til norðurs og norðausturs en öll ummerki hans eru horfin vegna sléttunar og annarra framkvæmda við bæinn.

Túngarðar voru einnig hlaðnir umhverfis töðuvelli utan heimatúna til að auðveldara væri að verja þá fyrir beit búfénaðar á sumrin og umferð manna. Í landi Heylækjar afmakaði túngarður RA-191:028_02 svæði við beitarhús RA-191:028_01 en ekki er ljóst hversu stórt túnið var því aðeins norður- og austurhliðarnar eru varðveittar. Ekki er ljóst af hverju hinar hliðar túngarðsins eru horfnar en trjárækt er á því svæði. Í Valstrýtu afmarkaði túngarður RA-193:015_04 tún með sex tóftum, tvær þeirra eru sambyggðar túngarðinum. Garðurinn er varðveittur að öllu leyti, sá eini innan skráningarsvæðisins. Á þremur stöðum afmarka túngarðar töðuvelli í landi Teigs. Túngarður RA-194:020_02 er sunnan við fjárhús/fjós sem enn er í notkun. Ekki er ljóst hversu stórt tún hann afmarkaði en bygging fjárhússins s raskaði svæðinu mikið. Túngarður RA-194:065_02 er norðan við fimm tóftir (sjá RA-194:065_01 og 03-05) í úthögum en ekki er vitað hversu stórt tún hann afmarkaði. Svæðið umhverfis tóftirnar er raskað m.a. sléttunar og vegagerðar. Hið sama má segja um túngarð RA-194:066_05, hann er einungis varðveittur að hluta og stærð túnsins er ekki þekkt. Rétt og beitarhúsatóftir (sjá RA-194:066_01-04) eru norðan við túngarðinn.

Samtals voru skráðir sex minjastaðir sem benda til akuryrkju og fornra túna á þremur lögbýlum. Örnefnið Akratunga RA-191:018 er innan heimatúnsins á Heylæk en engin mannvirki sjást þar. Örnefnið Ekra RA-194:036 er ennfremur varðveitt innan heimatúnsins í Teigi og þar sjást heldur engin mannvirki. Á túnakortum frá 1919 eru ennfremur sýnd gömul tún á fjórum stöðum og er líklegt að þar sé um akurgerði að ræða en lítið er vitað um þessa staði. Á Teigi eru tvö tún norðan við gamlan túngarð RA-194:042_02 en árið 1906 eru þau hins vegar innan túnsins líkt og áður var minnst á í kaflanum. Túngarður RA-194:009 afmarkaði tún sem skiptist í tvo hluta. Tveir hlutar af suðurhlið hans eru enn varðveittir. Túngarður RA-194:027_02

er í Kvíatungu og sést enn, ásamt sambyggðri tóft RA-194:027_01. Þessar minjar eru mjög signar og útflattar. Túngarður RA-193:002_02 er innan heimatúnsins í Valstrýtu og afmarkar stakstætt tún sem var norðan við eldri túngarð RA-193:002_01 samkvæmt túnakorti frá 1919. Hluti hans er enn varðveittur.

## Útihús innan túna

Í gömlum heimatúnum er allajafna talsverður fjöldi fornra mannvirkja. Fyrir utan bæjarhúsin sjálf voru skepnuhús algengustu byggingar á hverri jörð. Útihús eru einn stærsti minjaflokkurinn á skráningarsvæðinu en þau eru jafnframt sá flokkur fornra mannvirkja sem einna verst hefur orðið úti við jarðabætur á 20. öld. Flest slík útihús voru fyrir sauðfé en hlutfallslega lítið er af fjósum og hesthúsum. Fjós hafa sennilega verið hluti af bæjarhúsunum á flestum bæjum eins og meginþorri smiðja og skemma á skráningarsvæðinu. Hlöður urðu ekki algengar á Íslandi fyrr en undir lok 19. aldar eða í byrjun 20. aldar og munu hey víðast hafa verið geymd í stæðum eða gryfjum við skepnuhús þótt ekki séu glöggar heimildir um þetta. Útihús virðast oftast hafa staðið á sömu stöðum um aldir og hafa þar gjarnan myndast litlir rústahólar. Fyrir einni öld síðan voru langflestar byggingar á Íslandi skepnuhús, en síðan þá hefur þeim fækkað meira en nokkurri annarri tegund mannvirkja. Ástæðan er fyrst og fremst túnrækt með stórvirkum vinnuvélum og einnig hafa yngri skepnuhús úr steypu víða verið byggð ofan í eldri útihúsarústir og fáar stórar byggingar oft tekið við hlutverki margra minni húsa.




*Stöplarit 1: Ástand og fjöldi skráðra úthúsa á skráningarsvæðinu.*

Innan skráningarsvæðisins voru skráð 89 útihús á öllum lögbýlunum 10, eða að meðaltali tæplega 9 útihús á lögbýli. Heimildir um útihúsin koma úr ýmsum áttum en einna þyngst vega bæjarteikningar danskra landmælingamanna frá 1906 og túnakort frá 1919. Ástand útihúsanna á skráningarsvæðinu var æði misjafnt. Tæp 80% þeirra eru horfin af yfirborði, eða 71 útihús sem verður að teljast slæm varðveisla. Ástæðurnar eru í flestum tilvikum sléttun og byggingaframkvæmdir. Ummerki um 18 útihús sjást enn, eða um 20% þeirra sem voru skráð. Þegar útihúsin voru sléttuð út hvarf þekking um hlutverk þeirra að mestu og erfitt er að ná í heimildamenn sem muna eftir staðsetningu og hlutverkum útihúsa á fyrri hluta 20. aldar. Þessi tölfræði sýnir vel hversu illa minjar í heimatúnum innan skráningarsvæðis hafa orðið úti vegna ýmisskonar framkvæmda í gegnum árin og hversu fljótt þekking um þau tapast.

| **Samtala** | **Sérheiti** | **Hlutverk** | **Ástand** |
|---|---|---|---|
| RA-189:001_5 | | útihús | ekki sést til fornleifar |
| RA-189:001_6 | | útihús | hleðslur standa |
| RA-189:001_7 | | útihús | ekki sést til fornleifar |
| RA-189:003 | | útihús | ekki sést til fornleifar |
| RA-189:004 | Lambhústún | útihús | sést til |
| RA-189:006 | | útihús | sést til |
| RA-189:008 | Fjóshólar | fjós | ekki sést til fornleifar |
| RA-189:020 | | útihús | ekki sést til fornleifar |
| RA-189:021 | | útihús | sést til |
| RA-190:001_4 | | útihús | ekki sést til fornleifar |
| RA-190:002 | | útihús | ekki sést til fornleifar |
| RA-190:003_1 | | útihús | ekki sést til fornleifar |
| RA-190:004 | | útihús | ekki sést til fornleifar |
| RA-190:005 | | útihús | ekki sést til fornleifar |
| RA-190:006_2 | Stekkatúnið | útihús | ekki sést til fornleifar |
| RA-190:011 | | útihús | ekki sést til fornleifar |
| RA-191:001_3 | | útihús | hleðslur signar |
| RA-191:001_4 | | útihús | ekki sést til fornleifar |
| RA-191:001_5 | | útihús | ekki sést til fornleifar |
| RA-191:001_6 | | útihús | ekki sést til fornleifar |
| RA-191:001_7 | | útihús | ekki sést til fornleifar |
| RA-191:002 | | útihús | ekki sést til fornleifar |
| RA-191:003 | | útihús | ekki sést til fornleifar |
| RA-191:004 | | útihús | ekki sést til fornleifar |
| RA-191:005 | | útihús | hleðslur standa grónar |
| RA-191:006 | | útihús | ekki sést til fornleifar |
| RA-191:007 | | útihús | ekki sést til fornleifar |
| RA-191:008 | | útihús | ekki sést til fornleifar |
| RA-191:010 | | útihús | ekki sést til fornleifar |
| RA-191:012 | | útihús | ekki sést til fornleifar |
| RA-191:027_2 | | útihús | ekki sést til fornleifar |
| RA-191:034 | | útihús | ekki sést til fornleifar |
| RA-191:036 | | útihús | ekki sést til fornleifar |

| | | | |
|---|---|---|---|
| RA-191:038 | | útihús | ekki sést til fornleifar |
| RA-192:001_4 | | fjárhús | sést til |
| RA-192:001_5 | | útihús | sést til |
| RA-192:001_6 | | útihús | ekki sést til fornleifar |
| RA-192:002 | | útihús | ekki sést til fornleifar |
| RA-192:003 | | útihús | hleðslur signar |
| RA-192:004 | | útihús | hleðslur signar |
| RA-192:005 | | útihús | ekki sést til fornleifar |
| RA-192:006 | | útihús | ekki sést til fornleifar |
| RA-192:007 | | útihús | ekki sést til fornleifar |
| RA-192:017 | | útihús | ekki sést til fornleifar |
| RA-193:001_3 | | útihús | ekki sést til fornleifar |
| RA-193:001_4 | | útihús | ekki sést til fornleifar |
| RA-193:001_5 | | útihús | ekki sést til fornleifar |
| RA-193:003_1 | | útihús | ekki sést til fornleifar |
| RA-193:005 | | útihús | sést til |
| RA-193:006 | | útihús | ekki sést til fornleifar |
| RA-193:007 | | útihús | ekki sést til fornleifar |
| RA-193:008_2 | | útihús | sést til |
| RA-193:009 | | útihús | ekki sést til fornleifar |
| RA-193:010 | | útihús | ekki sést til fornleifar |
| RA-193:011 | | útihús | ekki sést til fornleifar |
| RA-194:003 | | útihús | ekki sést til fornleifar |
| RA-194:004 | | útihús | hleðslur standa grónar |
| RA-194:005 | | útihús | sést til |
| RA-194:006 | | útihús | ekki sést til fornleifar |
| RA-194:007_1 | | útihús | ekki sést til fornleifar |
| RA-194:007_2 | | útihús | ekki sést til fornleifar |
| RA-194:007_3 | | útihús | ekki sést til fornleifar |
| RA-194:008 | | útihús | sést til |
| RA-194:017 | Fjósatunga | fjós | ekki sést til fornleifar |
| RA-194:019 | | útihús | ekki sést til fornleifar |
| RA-194:023 | | útihús | ekki sést til fornleifar |
| RA-194:039 | | fjós | hleðslur signar |
| RA-194:043 | | útihús | ekki sést til fornleifar |
| RA-194:044 | | útihús | ekki sést til fornleifar |
| RA-194:046 | Gerði | útihús | hleðslur signar |
| RA-195:002 | | útihús | ekki sést til fornleifar |
| RA-195:005 | | útihús | ekki sést til fornleifar |
| RA-196:003_2 | | fjárhús | ekki sést til fornleifar |
| RA-196:005_1 | Lambhúshóll | lambhús | ekki sést til fornleifar |
| RA-196:005_2 | | fjárhús | sést til |
| RA-197:002 | | útihús | ekki sést til fornleifar |
| RA-197:003 | | útihús | ekki sést til fornleifar |
| RA-197:013 | | útihús | ekki sést til fornleifar |
| RA-197:016 | | útihús | ekki sést til fornleifar |

| | | | |
|---|---|---|---|
| RA-198:003 | | útihús | ekki sést til fornleifar |
| RA-198:004 | | útihús | ekki sést til fornleifar |
| RA-198:005 | | útihús | ekki sést til fornleifar |
| RA-198:006 | | útihús | ekki sést til fornleifar |
| RA-198:007 | | útihús | ekki sést til fornleifar |
| RA-198:009 | | útihús | ekki sést til fornleifar |
| RA-198:018 | | útihús | ekki sést til fornleifar |
| RA-198:019 | | útihús | ekki sést til fornleifar |
| RA-198:020 | | útihús | ekki sést til fornleifar |
| RA-198:021 | | útihús | ekki sést til fornleifar |

*Tafla 3: Skráð útihús innan skráningarsvæðis.*

Af skráðu útihúsunum eru einungis sjö þeirra með þekkt hlutverk, eða 8%. Þetta er lágt hlutfall þegar horft er til annarra svæða sem hafa verið skráð á Suðurlandi.[7] Ekki er hægt að benda á einhlíta skýringu á því en sífellt færri muna eftir heimatúnunum í notkun eins og þau voru fyrir þá byltingu í túnaræktun sem varð á fyrri hluta 20. aldar. Þessi útihús eru fjárhús RA-192:001_04, RA-196:003_02 og RA-196:005_02, fjós RA-189:008, RA-194:017 og RA-194:039 auk Lambhúss RA-196:005_01. Öll ummerki um þau eru horfin utan tveggja húsa sem eru illa varðveitt.

## Kálgarðar

Samtals voru skráðir 29 kálgarðar á lögbýlunum tíu. Þeir eru allir sýndir á bæjarteikningum danskra landmælingamanna frá 1906 og túnakortum frá 1919. Kálgarðarnir voru flestir staðsettir nærri bæjarhólunum eða sambyggðir útihúsum í heimatúnum. Ummerki sjást um sex þeirra, í öllum tilvikum eru þeir innan bakgarða núverandi íbúðarhúsa eða í sléttum túnum. Varðveisla kálgarðanna er slæm og í flestum tilvikum sést aðeins hluti þeirra. Helsta raskið er vegna húsbygginga, sléttunar og trjáræktar.

| **Samtala** | **Hlutverk** | **Ástand** |
|---|---|---|
| RA-189:001_2 | kálgarður | ekki sést til fornleifar |
| RA-189:001_4 | kálgarður | ekki sést til fornleifar |
| RA-190:001_2 | kálgarður | ekki sést til fornleifar |
| RA-190:001_3 | kálgarður | ekki sést til fornleifar |
| RA-190:003_2 | kálgarður | ekki sést til fornleifar |
| RA-191:001_2 | kálgarður | ekki sést til fornleifar |
| RA-191:009 | kálgarður | ekki sést til fornleifar |
| RA-191:011 | kálgarður | ekki sést til fornleifar |
| RA-191:027_1 | kálgarður | ekki sést til fornleifar |
| RA-193:001_2 | kálgarður | ekki sést til fornleifar |
| RA-193:003_2 | kálgarður | ekki sést til fornleifar |

7 Sjá t.d. Ragnheiður Gló Gylfadóttir 2021, 185: Ragnheiður Gló Gylfadóttir 2020, 138.

| | | |
|---|---|---|
| RA-193:004 | kálgarður | ekki sést til fornleifar |
| RA-194:007_4 | kálgarður | ekki sést til fornleifar |
| RA-194:007_5 | kálgarður | ekki sést til fornleifar |
| RA-194:037 | kálgarður | ekki sést til fornleifar |
| RA-194:038 | kálgarður | ekki sést til fornleifar |
| RA-195:001_2 | kálgarður | ekki sést til fornleifar |
| RA-196:001 2 | kálgarður | ekki sést til fornleifar |
| RA-196:003_1 | kálgarður | ekki sést til fornleifar |
| RA-196:006 | kálgarður | ekki sést til fornleifar |
| RA-197:001_2 | kálgarður | ekki sést til fornleifar |
| RA-197:005 | kálgarður | ekki sést til fornleifar |
| RA-198:008 | kálgarður | ekki sést til fornleifar |
| RA-194:081_2 | kálgarður | hleðslur signar |
| RA-191:028_3 | kálgarður | hleðslur standa grónar |
| RA-192:001_3 | kálgarður | hleðslur standa grónar |
| RA-192:009_3 | kálgarður | hleðslur útflattar |
| RA-192:009_4 | kálgarður | hleðslur útflattar |
| RA-189:001_3 | kálgarður | sést til |

*Tafla 4: Ástand skráðra kálgarða innan skráningarsvæðis.*

## Seljabúskapur

Í seljum var árstíðabundin búseta og eru sel því í raun ein tegund bústaða. Sel eru venjulega nokkurn veg frá bæjum, oftast við ár eða læki. Þangað var búsmali rekinn á sumrum og þar hafði fólk sumardvöl við að vinna mjólkurmat til vetrarins. Oft byggðust upp býli á þessum seljum og einnig beitarhús. Í Fljótshlíð eru ennfremur heimildir um seljabúskap í fjárborgum.[8] Erfitt getur verið að greina milli tófta seljabúskapar eða smábýla þar sem búseta varði e.t.v. í skemman tíma. Þó má oft greina smábýli frá seljum ef túngarður er til staðar sem afmarkar tún í kringum bæinn. Þetta er þó ekki einhlítt.

Seljabúskapur virðist hafa verið stundaður lengi í Fljótshlíð. Sé tekið mið af fyrirliggjandi gögnum og ástandi þeirra minja sem enn sjást, tíðkaðist hann allt frá fyrstu árum byggðar fram á fyrstu ár 20. aldar. Vísbendingar eru um að höfuðbýlin hafi flest átt sel á láglendi en hjáleigur og önnur býli en lögbýli áttu frekar sel uppi á heiðinni ofan við Fljótshlíðina. Þó eru undantekningar á þessu. Einnig eru dæmi um að bæir eða hverfi hafi sameinast um seljabúskap eða haft selstöður á öðrum jörðum. Það má ætla að nánast öll lögbýli, hjáleigur og önnur býli hafi átt sitt sel sé tekið mið af fjölda þeirra selja sem hafa verið skráð í Fljótshlíð frá árinu 2013. Hvort að það sé raunin er erfitt að staðfesta og þarfnast ítarlegri rannsókna.

Vísbendingar um sel eða líklegar selminjar fundust á fimm af þeim 10 lögbýlum sem skráð voru, af þeim eru sex landi Teigs. Alls voru skráð 12 sel og voru það örnefni sem og ritheimildir

sem gáfu staðsetningu flestra þeirra til kynna.

| Samtala | Sérheiti | Tegund | Ástand | Fjarlægð frá bæ |
|---|---|---|---|---|
| RA-189:013_1 | Selbrekkur | tóft | hleðslur signar | 1,1 km |
| RA-191:022_1 | | tóft | hleðslur signar | 1,7 km |
| RA-191:022_2 | | tóft | hleðslur signar | 1,7 km |
| RA-192:012 | | heimild | | ? |
| RA-193:012 | Selgil | örnefni | ekki sést til fornleifar | ? |
| RA-194:010 | | heimild | ekki sést til fornleifar | ? |
| RA-194:015_5 | | tóft | hleðslur standa grónar | 3,4 km |
| RA-194:015_3 | | tóft | hleðslur standa grónar | 3,4 km |
| RA-194:055_1 | | tóftir | hleðslur signar | 1,8 km |
| RA-194:056_6 | | tóftaþyrping | hleðslur signar | 3 km |
| RA-194:059_1 | | tóftir | hleðslur standa grónar | 3,5 km |
| RA-194:066_06 | | tóft | hleðslur signar | 3 km |

*Tafla 5: Þekkt sel innan skráningarsvæðis.*

Alls eru sex sel í landi Teigs sem er mikill fjöldi. Tóftir sjást enn í fimm seljunum en ekki tókst að staðsetja sel RA-194:010. Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1710 kemur fram að Heylækur fái beit og selstöðu í landi Teigs en ekki sagt hvar, þ.e. við Þverá eða uppi á fjalli. Á Aurunum sunnan Þverár var lengi selstaða Teigs og vísbendingar eru um selstöður á nokkrum stöðum. Í Sunnlenskum byggðum IV segir m.a. „Mikið tún hefur nú verið ræktað á Aurunum, sunnan Þverár. Þar voru fjárhús og lengi selstaða.“[9] Ekki er vitað hvaða sel er átt við. Í bókinni Mjólk í mat eftir Þórð Tómasson er ítarleg lýsing á seljum á Teigsaurum: Í bókinni segir:

> „Selin voru tvö, annað var frá búi Guðmundar Guðmundssonar [...] hitt frá búi Arnþórs Einarssonar [...]. Saman fór um störf þeirra Valgerðar og Helgu í seli á árbilinu 1899 og 1905 en þá var selstaðan aflögð á báðum býlum. Selstaðan var á svonefndum Teigsaurum, [...] Lengst af var notast við gamlar sauðaborgir í selstöðunni. Þær voru hringlaga og hlaðnar að sér er ofar dró, upp í topp, eina yfirgerslan úr tré var yfir dyrum. Tómas Guðmundsson, föðurbróðir Valgerðar, átti sér þarna selstöðu um búskaparár sín í Teigi 1864-1876. [...] Sauðaborgir voru aflagðar um 1880 og selhús byggð fyrir bæði Teigsbýlin. [...] Hús Guðmundar voru fimm, öll með dyrum sem vísuðu mót norðri. Heyhlaða var að húsabaki. Innangengt var á milli fjögurra húsa. Austast var baðstofa selfólks, þá eldhús, þá búr, þá taðkofi. Vestast var hesthús ætlað Aurahestinum í gegningaferðum ofan frá Teigi að vetri, en þá voru selhúsin notuð sem fjárhús. [...] Selhús Arnþórs voru þrjú. Ekki var innangengt á milli þeirra. Þau voru einnig notuð sem fjárhús að vetri. Þetta voru tvö samstæðuhús og framan við það eystra var lítil heyhlaða, höfð fyrir baðstofu í selstöðu. Vestara húsið var í selinu eldhús með tvísettum hlóðum, [...] Vatnsból var upp

9 Sunnlenskar Byggðir IV, 410.

frá selhúsum í gömlum vatnsfarvegi með blátæru vatni, nefndist Fljótsfarvegur."

Það er með ólíkindum að staðsetning seljanna sem hér er fjallað um sé glötuð þrátt fyrir að þessi lýsing sé varðveitt. En saga selstaða í landi Teigs og jarða sem þar lágu undir er flókin að sama skapi. Tóftir á Teigsaurum skipta tugum en helst kemur til greina að sel hafi verið þar sem hús eru sýnd á Herforingjaráðskorti frá 1905 og voru skammt sunnan við Fljótsveg, þ.e. minjastaðir RA-194:015, RA-194:056 og RA-194:066 en tóftir sjást á öllum þessum stöðum og fjallað verður um þá síðar í kaflanum. Af lýsingunni í bók Þórðar Tómassonar hér að ofan að dæma var stutt á milli seljanna en ekki er vitað hversu mikil fjarlægðin var. Eins gætu eitthvað að fjárborgum á svæðinu verið sel líkt og ofar var lýst. Ólíklegt er að þessi mikli fjöldi minja hafi verið í notkun samtímis Teigsaurum. Í samtölum við heimildamenn kom fram að flestar tóftir í Fljótshlíð séu torfhlaðar og víða var sá háttur hafður á að reisa ný hús við hlið þeirra gömlu í stað þess að endurbyggja þau.  Minjastaðirnir á Aurunum bera þetta allir með sér og víða sjást ummerki um torfristu meðfram tóftum.

Seltóftir RA-194:015_03 og RA-194:015_05 eru syðstar af þeim tóftum sem koma til greina sem Teigssel og Þórður Tómasson lýsir. Lögun tóftar 015_03 gætu verið fyrrnefnd hús Guðmundar en tóft 015_05 er skammt norðvestar. Báðar eru tóftirnar vel varðveittar og grónar. Alls eru fimm tóftir á þessu svæði. Sel RA-194:056_06 er í hól um 300 m norðan við sel 015. Alls eru þarna 24 tóftir, m.a. réttir, beitarhús og fjárskýli. Hóllinn og ástand hans bendir til þess að mannvist sé þar undir sverði, víða eru kantar og dældir. Sel RA-194:066_06 er um 400 m austan við tóftir RA-194:056. Tóftin er vel varðveitt en á sama stað eru fimm aðrar tóftir, m,.a. beitarhús og rétt. Miðað við lögun tóftarinnar gæti verið um fyrrnefnd hús Arnþórs að ræða.

Tvær selstöður eru í hlíðinni norðan við Teig en engar heimildir geta þeirra. Bæði selin eru vel varðveitt. Minjaheild RA-194:055 er að öllum líkindum leifar af seli sé horft til lögunar og samsetningu minja á svæðinu. Tóft RA-194:055_01 er líklegust til að vera seltóftin og kvíar RA-194:055_02 eru þar skammt frá. Sel RA-194:059 er enn norðar, uppi á fjalli. Selið er á örlitlu flatlendi undir háum móbergshrygg, ofan við lækjargil. Þar eru tvær tóftir, seltóft RA-194:059_01, kvíar RA-194_059_02 og hleðsla RA-194_059_03. Bæði selin eru óröskuð sem og nánasta umhverfi þeirra.

Örnefnið Selgil RA-193:012 er í landi Valstrýtu en ekkert sel fannst nærri gilinu við vettvangsgöngur. Heimildir geta um sel RA-192:012 í Selteigingum í landi Deildar en staðsetning þess er óviss. Á Heylæk eru líkast til tvær seltóftir í minjaheild RA-191:055. Sel RA-191:022_01 og RA-191:022_02 eru í Selteigingum en tóftanna er getið í heimildum. Báðar eru þær vel varðveittar en við þær eru að auki kvíar og réttir. Þetta sel gæti allt eins verið sama selið og getið er í landi Deildar en úthagar jarðanna voru óskipir um aldir. Í landi Neðri-Þverár er sel RA-189:013 í svokölluðum Selbrekkum. Seltóftin RA-189:013_01 sést enn auk þriggja annarra tófta en ekki er vitað hvort þær voru í notkun samtímis.

## Vörslugarðar og varnargarðar

Tvö garðlög er hægt að flokka sem vörslugarða innan skráningarsvæðisins. Vörslugarður RA-191:040 er skammt fyrir norðan heimatúnið á Heylæk, við vesturbakka lækjar sem rennur niður hlíðina. Garðurinn er líklega ekki mjög forn sé tekið mið af útliti hans. Á Valstrýtu er vörslugarður RA-193:002_04 en hann er hluti af garðlögum sem voru hlaðin um 1906 eftir hlíðinni endilangri. Á sumum jörðum afmarkaði þessi garður norðurjaðar heimatúnsins en á öðrum jörðum er hann ofan við túnið. Svæði á milli þessa garðs og eldri túngarða kallaðist Útseta. Hægt er að rekja þessi garðlög eftir allri Fljótshlíð og ljóst að um mikið mannvirki er að ræða þrátt fyrir að það sé ekki mjög fornt.[10] Þegar skráning hófst í Fljótshlíð 2013 höfðu skrásetjarar ekki þekkingu á sögu þessara garðlaga og þau skráð á hverju lögbýli. Til að halda samræmi var því áframhaldið. Ítarlega verður fjallað um þennan garð í þriðja bindi skýrslunnar.

Tvö garðlög má flokka sem varnargarða. Í landi Deildar eru nokkur garðlög RA-192:016 við rofið svæði skammt frá vatnsbóli bæjarins. Þau eru varnargarðar, bæði til varnar vatnsbólinu og til að stöðva uppblástur. Þau afmarka þríhyrningslaga svæði, fast vestan við óblásna jarðvegstorfu. Við Þverá er garðlag RA-198:022 skammt sunnan við eldra bæjarstæði Bollakots. Þetta er án efa varnargarður við ána til að verjast landbroti af hennar völdum.

## Kvíar, stekkir og réttir

Stekkir voru oft einföld gerði með litlu hólfi (lambakró) á einni hlið/við annan enda þar sem fært var frá. Sumstaðar hafa myndast litlir túnblettir í kringum stekki sem voru slegnir. Kvíar voru yfirleitt mun nær bæ en stekkir og oft beinlínis í túnjaðri. Ekki hafa það alltaf verið hlaðnar kvíar, heldur var stundum aðeins um ákveðinn stað að ræða þar sem ær og kýr voru mjaltaðar og sumsstaðar voru færikvíar notaðar, sérstaklega þegar komið var fram á 20. öld. Í Fljótshlíð var orðið/hugtakið „ból" oftar en ekki notað um þá staði. Samtals voru skráðar fimm kvíar og 13 stekkir. Ætla má að mun fleiri kvíar hafi verið á svæðinu öllu en þær eru dæmi um minjaflokk sem víða hefur orðið mjög illa úti í túnasléttun og -stækkun á 20. öld enda voru þær oft í jaðri gömlu túnanna og hafa vikið þegar tún voru sléttuð og/eða stækkuð. Enn fremur má víða finna kvíar við sel.

| Samtala | Sérheiti | Tegund | Hlutverk | Ástand |
|---|---|---|---|---|
| RA-189:010 | | heimild | kvíar | ekki sést til fornleifar |
| RA-191:015 | Neðri-Stöðull | örnefni | kvíar | ekki sést til fornleifar |
| RA-191:016 | Efri-Stöðull | örnefni | kvíar | ekki sést til fornleifar |
| RA-194:015_1 | | tóftir | kvíar | hleðslur signar |
| RA-194:027_1 | Kvíhólmi | þúst | kvíar | sést til |
| RA-191:022_4 | | tóft | rétt | hleðslur signar |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| RA-191:032 | | tóft | rétt | hleðslur signar |
| RA-192:009_2 | | gerði | rétt | hleðslur standa grónar |
| RA-193:013 | | frásögn | rétt | ekki sést til fornleifar |
| RA-193:015_3 | | tóft | rétt | hleðslur útflattar |
| RA-193:015_5 | | tóft | rétt | hleðslur signar |
| RA-193:018 | | heimild | rétt | ekki sést til fornleifar |
| RA-194:056_7 | | tóft | rétt | hleðslur standa grónar |
| RA-194:056_10 | | tóft | rétt | hleðslur signar |
| RA-194:063_5 | | tóft | rétt | hleðslur signar |
| RA-194:066_1 | | tóft | rétt | hleðslur signar |
| RA-194:070_2 | | tóft | rétt | hleðslur signar |
| RA-194:070_3 | | tóft | rétt | hleðslur signar |
| RA-194:079 | | heimild | rétt | ekki sést til fornleifar |
| RA-194:080 | Kotarétt | tóft | rétt | hleðslur signar |
| RA-189:012 | Stekkur | tóft | stekkur | hleðslur signar |
| RA-189:022 | | þúst | stekkur | sést til |
| RA-190:006_1 | | heimild | stekkur | ekki sést til fornleifar |
| RA-191:019 | Stekkatún | örnefni | stekkur | ekki sést til fornleifar |
| RA-191:037 | | heimild | stekkur | ekki sést til fornleifar |
| RA-194:033 | Eystra-Stekkatún | örnefni | stekkur | ekki sést til fornleifar |
| RA-194:034 | Vestra-Stekkatún | örnefni | stekkur | ekki sést til fornleifar |
| RA-194:052 | | tóft | stekkur | hleðslur signar |
| RA-194:055_2 | | tóft | stekkur | hleðslur standa grónar |
| RA-194:059_3 | | tóft | stekkur | hleðslur signar |
| RA-194:068_1 | | tóft | stekkur | hleðslur signar |
| RA-196:014 | Stekkjatún | heimild | stekkur | ekki sést til fornleifar |
| RA-198:014 | | heimild | stekkur | hleðslur standa |

*Tafla 6: Skráðar kvíar, réttir og stekkir.*

Tvennar kvíar eru enn varðveittar á skráningarsvæðinu. Kvíatóft RA-194:015_01 er á Teigsaurum við sel 015_03. Tóftin er einföld, ílöng og gróin. Kvíar RA-194:027_01 eru í Kvíhólma, rétt utan við heimatúnið á Teigi líkt og það var afmarkað fram til 1906 eða svo. Tóftin sést enn þrátt fyrir að vera sigin og illgreinileg á yfirborði.

Ummerki sjö stekkja sjást enn í úthögum eða við sel innan skráningarsvæðisins. Í landi Neðri-Þverár eru tveir stekkir sem báðir eru varðveittir innan núverandi heimatúns, áður var þetta kallað Stekkatún en miklar breytingar urðu þegar Þverá var skipt í tvö lögbýli. Óljósar hleðslur á hól bera stekk RA-189:012 vitni og þúst er þar sem stekkur RA-189:022 var. Fjórir stekkir eru innan landamerkja Teigs sem enn eru sjáanlegir á yfirborði. Stekkur RA-194:052 er í úthögum, uppi í hlíðinni, en ekki eru aðrar tóftir nærri honum. Stekkir RA-194:055_02 og RA-194:059_03 eru báðir við sel uppi hlíðinni og eru vel varðveittir. Í lýsingu á störfum í Teigsseli er getið um stekki við selin[11] en eflaust voru þeir einnig nýttir sem kvíar eftir að lömbin voru færð

upp í hlíðina fyrir norðan bæina. Fjórða tóftin er stekkur RA-194:068_01 sem er á Teigsaurum, við beitarhús RA-194:068_03.

Aðhöld til að hemja skepnur, önnur en kvíar og stekkir eru einfaldlega flokkuð sem réttir í fornleifaskráningu. Réttir eru aðallega notaðar til að geyma skepnur tímabundið (t.d. í rekstri), draga sundur og/eða til að fást við þær, t.d rýja, mjalta eða gelda. Meirihluti réttartófta eru litlar og innan við 250 m frá bæ. Þessar réttir mætti nefna heimréttir.

Samtals voru skráðar 15 réttir innan skráningarsvæðisins, einungis tvær þeirra eru horfnar og varðveisla þessa minjaflokks með eindæmum góð. Allar eru þær stakstæðar, hvort sem er í úthögum, við heimatúnin, í selstöðum eða við fjárborgir. Engin þeirra er skilarétt og flestar má flokka sem heimaréttir. Tvær þeirra voru ennfremur nýttar af nokkrum bæjum.

## Fjárskýli og beitarhús

Í úthögum um allt land er gjarnan mikið af minjum sem tengjast sauðfjárhaldi og er Fljótshlíðin engin undantekning. Alls voru skráðar 159 fornleifar sem tengjast sauðfjárhaldi í úthögum innan þeirra 10 lögbýla sem skráð voru. Það eru um 16 tóftir á hvert lögbýli sem er mikill fjöldi og mun meiri en á öðrum svæðum sem skráð hafa verið víða um land. Ein skýring á þessu er sú að hvert lögbýli, hjáleigur og önnur býli hafi átt sín hús eða nýtt svæði í sameiginlegum úthögum bæjarhverfanna. Það má álykta að þessi mikli fjöldi bendi til mikillar áherslu á vetrarbeit á skráningarsvæðinu.

Beitarhús eru fjárhús í úthögum fjarri bæ, sem nýtt voru til útbeitar á vetrum. Þau voru byggð utan túns þar sem haglendi var gott og gátu verið í talsverðri fjarlægð frá bænum. Oft voru þau byggð upp á gömlum selstæðum, allt upp í nokkurra kílómetra fjarlægð frá bæ. Þar var fé beitt yfir vetrartímann til þess að hlífa túnum og heimahögum en einnig til þess að spara heygjöf. Beitarhúsatóftir samanstanda oft af myndarlegri fjárhústóft eða tóftum, og oftar en ekki er hlaða áföst fjárhúsunum, sérstaklega þeim sem yngri eru. Fjárhústóftir eru meðal algengustu tófta hérlendis. Það er ekki alltaf auðvelt að greina á milli fjárhúsa og beitarhúsa. Þumalputtareglan er sú að fjárhús eru yfirleitt nær bæjum en beitarhús og er það haft að leiðarljósi hér. Fjárhúsin eru flest í innan við 800 m fjarlægð frá bæjunum og nærri heimatúnum. Í þessari skýrslu er ekki gerður greinarmunur á milli fjárhúsa og beitarhúsa sem eru í úthögum og fjallað um þau saman.

Á skráningarsvæðinu voru skráð 64 beitarhús á átta lögbýlum. Af þeim eru 41 í landi Teigs, átta eru í landi Heylækjar, fjögur í Valstrýtu og færri hús eru á hinum jörðunum. Beitarhúsin eru oftar en ekki í óskiptu landi bæjarhverfa, það sést einna best á Teigi og Heylæk. Beitarhúsin dreifast þar um alla hlíðina og nokkrir bæir eða hverfi nýttu þau. Varðveisla beitarhúsanna er með eindæmum góð, einungis fjögur þeirra eru horfin. Þessa góðu varðveislu má þakka því að í seinni tíð hefur meiri áhersla verið lögð á ræktun heimatúnanna og nýræktun túna á svokölluðum Aurum sunnan við Fljótshlíðina fremur en svæðum uppi í hlíðinni.

| Tegund | Sérheiti | Tegund | Hlutverk | Ástand |
|---|---|---|---|---|
| RA-189:011 | | tóft | beitarhús | hleðslur standa grónar |
| RA-189:013_2 | | tóft | beitarhús | hleðslur útflattar |
| RA-189:019 | | tóft | beitarhús | hleðslur standa grónar |
| RA-190:010 | | tóft | beitarhús | hleðslur standa grónar |
| RA-191:017 | | tóft | beitarhús | hleðslur signar |
| RA-191:023 | | tóft | beitarhús | hleðslur standa grónar |
| RA-191:025_5 | | tóft | beitarhús | hleðslur signar |
| RA-191:028_1 | | tóft | beitarhús | hleðslur signar |
| RA-191:029 | | heimild | beitarhús | ekki sést til fornleifar |
| RA-191:033 | | heimild | beitarhús | ekki sést til fornleifar |
| RA-191:035 | | tóft | beitarhús | hleðslur signar |
| RA-192:010 | | tóft | beitarhús | sést til |
| RA-192:013_1 | | tóft | beitarhús | hleðslur signar |
| RA-192:014_1 | | tóft | beitarhús | hleðslur signar |
| RA-193:015_1 | | tóft | beitarhús | hleðslur standa grónar |
| RA-193:015_2 | | tóft | beitarhús | hleðslur signar |
| RA-193:015_6 | | tóft | beitarhús | hleðslur signar |
| RA-193:016 | | tóft | beitarhús | hleðslur standa grónar |
| RA-194:015_4 | | tóft | beitarhús | hleðslur standa grónar |
| RA-194:020_1 | | heimild | beitarhús | ekki sést til fornleifar |
| RA-194:025_10 | | tóft | beitarhús | hleðslur signar |
| RA-194:025_11 | | tóft | beitarhús | hleðslur signar |
| RA-194:025_12 | | tóft | beitarhús | hleðslur signar |
| RA-194:025_18 | | tóft | beitarhús | hleðslur signar |
| RA-194:025_6 | | tóft | beitarhús | hleðslur signar |
| RA-194:050 | | tóft | beitarhús | hleðslur standa grónar |
| RA-194:051_1 | | tóft | beitarhús | hleðslur standa grónar |
| RA-194:051_3 | | tóft | beitarhús | hleðslur standa grónar |
| RA-194:053 | | tóft | beitarhús | hleðslur signar |
| RA-194:056_14 | | tóft | beitarhús | hleðslur signar |
| RA-194:056_25 | | tóft | beitarhús | hleðslur signar |
| RA-194:056_9 | | tóft | beitarhús | hleðslur signar |
| RA-194:057_1 | | tóftir | beitarhús | hleðslur signar |
| RA-194:057_2 | | tóft | beitarhús | hleðslur standa |
| RA-194:057_3 | | tóft | beitarhús | hleðslur standa |
| RA-194:057_4 | | tóft | beitarhús | hleðslur signar |
| RA-194:063_1 | | tóft | beitarhús | hleðslur signar |
| RA-194:063_2 | | tóft | beitarhús | hleðslur signar |
| RA-194:064_1 | | tóft | beitarhús | hleðslur signar |
| RA-194:064_2 | | tóft | beitarhús | hleðslur signar |
| RA-194:065_1 | | tóft | beitarhús | hleðslur standa grónar |
| RA-194:066_3 | | tóft | beitarhús | hleðslur signar |
| RA-194:066_4 | | tóft | beitarhús | hleðslur signar |
| RA-194:066_6 | | tóft | beitarhús | hleðslur signar |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| RA-194:067 | | heimild | beitarhús | ekki sést til fornleifar |
| RA-194:068_3 | | tóft | beitarhús | hleðslur signar |
| RA-194:069 | | tóft | beitarhús | hleðslur signar |
| RA-194:071_1 | | tóft | beitarhús | hleðslur signar |
| RA-194:075 | | tóft | beitarhús | hleðslur signar |
| RA-194:076_1 | | tóft | beitarhús | hleðslur signar |
| RA-194:077 | | þúst | beitarhús | sést til |
| RA-194:078 | | heimild | beitarhús | ekki sést til fornleifar |
| RA-194:081_1 | | tóft | beitarhús | hleðslur standa grónar |
| RA-198:016 | | heimild | beitarhús | ekki sést til fornleifar |
| RA-189:016 | | tóft | fjárhús | hleðslur signar |
| RA-191:039 | | heimild | fjárhús | ekki sést til fornleifar |
| RA-192:013_3 | | tóft | fjárhús | hleðslur signar |
| RA-194:035 | | heimild | fjárhús | ekki sést til fornleifar |
| RA-194:049_1 | | tóftir | fjárhús | hleðslur signar |
| RA-194:049_2 | | tóft | fjárhús | hleðslur standa grónar |
| RA-194:049_3 | | tóft | fjárhús | hleðslur standa grónar |
| RA-194:056_18 | | tóft | fjárhús | hleðslur signar |
| RA-194:065_3 | | tóft | fjárhús | hleðslur standa grónar |
| RA-197:010 | | heimild | fjárhús | ekki sést til fornleifar |

*Tafla 7: Beitarhús innan skráningarsvæðisins.*

Í stuttu máli eru fjárskýli hverskyns skjól eða afdrep í úthögum fyrir sauðfé, þar með talin borghlaðin skjól. Tóftir, auk örnefna og heimilda sem gefa vísbendingar um fjárskýli, eru alls 93 talsins, á fimm lögbýlum. Flest þeirra eru í landi Teigs, alls 84, sem er gríðarmikill fjöldi. Fjárskýlin eru nokkuð fjölbreytt að gerð, flest þeirra eru torfhhlaðin, lítil hús en náttúrulegir hellar og skútar voru ennfremur nýtt sem skýli fyrir sauðfé. Varðveisla fjárskýla á svæðinu er með eindæmum góð og eru einungis tvö þeirra horfin. Það helgast ekki síst af staðsetningu þeirra, þau eru flest á aurunum neðan við Þverá þar sem lítið sem ekkert jarðrask hefur verið. Einna umfangsmestar eru Taglaborgir RA-194:062 og minjar í Tóttarhólma RA-194:025, samanlagt eru um 50 fornleifar á þessum tveimur stöðum. Í samtölum við heimildamenn kom fram að flestar tóftir í Fljótshlíð séu torfhlaðar og víða var sá háttur hafður á að reisa ný hús við hlið þeirra gömlu í stað þess að endurbyggja þau. Það gildir um þessar minjar og víða eru ummerki um efnistöku við þær.

Hey sem aflað var utan heimatúns var sett upp í heystæði og geymt þar þangað til á þurfti að halda og var hey oft flutt heim á sleðum á veturna. Við beitarhúsin, selin og fjárskýlin fundust víða litlar tóftir sem túlkaðar voru sem heystæði eins og kom fram í fyrsta hefti þessarar skýrslu. Einungis tvö heystæði voru skráð innan þeirra 10 lögbýla sem hér eru til umjföllunar. Hafa ber í huga að einhverjar tóftanna sem flokkaðar voru sem fjárborgir, t.d. í Taglaborgum RA-194:062, gætu hafa verið notaðar undir hey en erfitt er að gera greinarmun á heystæði eða fjárborg þar sem mikill minja fjöldi er og tóftir signar og útflattar.

| Tegund | Sérheiti | Tegund | Hlutverk | Ástand |
|---|---|---|---|---|
| RA-189:018_1 | Borgarhólar | örnefni | fjárskýli | ekki sést til fornleifar |
| RA-191:022_3 | | tóft | fjárskýli | hleðslur signar |
| RA-191:025_1 | | tóftir | fjárskýli | hleðslur signar |
| RA-191:025_2 | | tóft | fjárskýli | hleðslur signar |
| RA-191:025_3 | | tóft | fjárskýli | hleðslur signar |
| RA-191:031 | | tóft | fjárskýli | hleðslur signar |
| RA-192:013_2 | | tóft | fjárskýli | hleðslur signar |
| RA-193:015_7 | | tóft | fjárskýli | hleðslur signar |
| RA-194:016_1 | | tóft | fjárskýli | hleðslur signar |
| RA-194:016_2 | | tóft | fjárskýli | hleðslur signar |
| RA-194:016_3 | | þúst | fjárskýli | hleðslur útflattar |
| RA-194:025_1 | Tóftarhólmi | tóft | fjárskýli | hleðslur signar |
| RA-194:025_13 | | tóft | fjárskýli | hleðslur signar |
| RA-194:025_14 | | tóft | fjárskýli | hleðslur signar |
| RA-194:025_15 | | tóft | fjárskýli | sést til |
| RA-194:025_16 | | þúst | fjárskýli | hleðslur signar |
| RA-194:025_17 | | tóft | fjárskýli | hleðslur útflattar |
| RA-194:025_2 | | tóft | fjárskýli | hleðslur signar |
| RA-194:025_3 | | tóft | fjárskýli | hleðslur signar |
| RA-194:025_4 | | tóft | fjárskýli | hleðslur signar |
| RA-194:025_5 | | tóft | fjárskýli | hleðslur signar |
| RA-194:025_7 | | tóft | fjárskýli | hleðslur signar |
| RA-194:025_8 | | tóft | fjárskýli | hleðslur signar |
| RA-194:025_9 | | tóft | fjárskýli | hleðslur signar |
| RA-194:030_1 | | tóft | fjárskýli | hleðslur signar |
| RA-194:030_2 | | tóft | fjárskýli | hleðslur signar |
| RA-194:030_3 | | tóft | fjárskýli | hleðslur signar |
| RA-194:040_1 | | tóft | fjárskýli | hleðslur signar |
| RA-194:047 | Skellir | hellir | fjárskýli | undir þaki |
| RA-194:054 | | tóft | fjárskýli | hleðslur signar |
| RA-194:056_1 | | tóft | fjárskýli | sést til |
| RA-194:056_11 | | tóft | fjárskýli | hleðslur signar |
| RA-194:056_12 | | tóft | fjárskýli | hleðslur signar |
| RA-194:056_13 | | tóft | fjárskýli | sést til |
| RA-194:056_15 | | tóft | fjárskýli | hleðslur signar |
| RA-194:056_16 | | tóft | fjárskýli | hleðslur signar |
| RA-194:056_17 | | tóft | fjárskýli | hleðslur signar |
| RA-194:056_19 | | þúst | fjárskýli | sést til |
| RA-194:056_20 | | tóft | fjárskýli | hleðslur signar |
| RA-194:056_21 | | tóft | fjárskýli | hleðslur signar |
| RA-194:056_22 | | tóft | fjárskýli | hleðslur signar |
| RA-194:056_23 | | tóft | fjárskýli | hleðslur signar |
| RA-194:056_24 | | tóft | fjárskýli | hleðslur signar |
| RA-194:058_2 | | tóft | fjárskýli | hleðslur signar |
| RA-194:062_1 | Taglaborgir | tóft | fjárskýli | hleðslur signar |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| RA-194:062_10 | | tóft | fjárskýli | hleðslur signar |
| RA-194:062_11 | | tóft | fjárskýli | hleðslur signar |
| RA-194:062_12 | | tóft | fjárskýli | hleðslur signar |
| RA-194:062_13 | Taglaborgir | tóft | fjárskýli | hleðslur signar |
| RA-194:062_14 | | tóft | fjárskýli | hleðslur signar |
| RA-194:062_15 | | tóft | fjárskýli | hleðslur signar |
| RA-194:062_16 | | tóft | fjárskýli | hleðslur signar |
| RA-194:062_17 | Taglaborgir | tóft | fjárskýli | hleðslur signar |
| RA-194:062_18 | Taglaborgir | tóft | fjárskýli | hleðslur signar |
| RA-194:062_19 | Taglaborgir | tóft | fjárskýli | hleðslur signar |
| RA-194:062_20 | | tóft | fjárskýli | hleðslur signar |
| RA-194:062_21 | Taglaborgir | tóft | fjárskýli | hleðslur signar |
| RA-194:062_22 | | tóft | fjárskýli | hleðslur útflattar |
| RA-194:062_23 | | tóft | fjárskýli | hleðslur signar |
| RA-194:062_24 | | tóft | fjárskýli | hleðslur útflattar |
| RA-194:062_25 | | þúst | fjárskýli | hleðslur útflattar |
| RA-194:062_26 | | tóft | fjárskýli | hleðslur útflattar |
| RA-194:062_27 | | tóft | fjárskýli | hleðslur signar |
| RA-194:062_28 | | tóft | fjárskýli | hleðslur signar |
| RA-194:062_29 | | tóft | fjárskýli | hleðslur útflattar |
| RA-194:062_3 | | þúst | fjárskýli | hleðslur signar |
| RA-194:062_30 | Taglaborgir | þúst | fjárskýli | hleðslur signar |
| RA-194:062_31 | | tóft | fjárskýli | hleðslur standa grónar |
| RA-194:062_4 | | þúst | fjárskýli | hleðslur signar |
| RA-194:062_5 | | þúst | fjárskýli | hleðslur signar |
| RA-194:062_6 | | tóft | fjárskýli | hleðslur signar |
| RA-194:062_7 | | tóft | fjárskýli | hleðslur signar |
| RA-194:062_8 | | tóft | fjárskýli | hleðslur signar |
| RA-194:062_9 | | tóft | fjárskýli | hleðslur standa grónar |
| RA-194:0622 | | þúst | fjárskýli | hleðslur signar |
| RA-194:063_3 | | tóft | fjárskýli | hleðslur signar |
| RA-194:066_2 | | tóft | fjárskýli | hleðslur signar |
| RA-194:071_10 | | tóft | fjárskýli | hleðslur útflattar |
| RA-194:071_11 | | tóft | fjárskýli | hleðslur signar |
| RA-194:071_2 | | tóft | fjárskýli | hleðslur signar |
| RA-194:071_3 | | tóft | fjárskýli | hleðslur signar |
| RA-194:071_4 | | tóft | fjárskýli | hleðslur signar |
| RA-194:071_5 | | tóft | fjárskýli | hleðslur útflattar |
| RA-194:071_6 | | tóft | fjárskýli | hleðslur útflattar |
| RA-194:071_7 | | tóft | fjárskýli | hleðslur signar |
| RA-194:071_8 | | tóft | fjárskýli | hleðslur útflattar |
| RA-194:071_9 | | tóft | fjárskýli | hleðslur signar |
| RA-194:073 | | þúst | fjárskýli | sést til |
| RA-194:074_1 | | þúst | fjárskýli | sést til |
| RA-194:074_3 | | þúst | fjárskýli | sést til |
| RA-194:074_5 | | tóft | fjárskýli | sést til |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| RA-194:076_2 | | tóft | fjárskýli | hleðslur signar |
| RA-198:017 | | heimild | fjárskýli | ekki sést til fornleifar |
| RA-189:013_3 | | tóft | heystæði | hleðslur útflattar |
| RA-194:015_2 | | þúst | heystæði | sést til |

*Tafla 8: Fjárskýli og heystæði innan skráningarsvæðis.*

## Landnýting utan túna (mógrafir, torfrista, útslægjur, áveita)

Þar sem land hefur ekki verið ræst fram og þurrkað nema að litlu leyti uppi í hlíðinni ofan bæjanna á skráningarsvæðinu, eru mjög víða óraskaðar minjar um landnýtingu utan túna. Heyja var aflað víðar en á túnum og voru engjar og aðrar slægjur í úthögum nauðsynlegar hverju býli. Engjar í Fljótshlíð virðast hafa verið sunnan við bæina, á bökkum Þverár. Það landssvæði er mikið raskað, bæði vegna ágangs vatnsfalla og uppblásturs, en einnig ræktunar í seinni tíð. Þekking á engjabúskap í Fljótshlíð er því takmörkuð. Hlíðin ofan bæjanna virðist þó hafa verið nýtt til sláttar og engi verið á ákveðnum svæðum þar sem mýrlendi var að finna. Uppi í hlíðinni eru ennfremur heimildir um handgrafna skurði og stíflur sem voru nýtt til að stýra vatnsrennsli í áveitum. Umfjöllun um slíkar fornleifar var í fyrsta hefti þessarar skýrslu. Vallarstokkur RA-194:024 er í landi Teigs og ber áveitum við Þverá vitni. Þetta er gamall og handgrafinn áveituskurður við Þverá, neðan við bæina í hlíðinni. Ekkert vatn rennur lengur í honum og er hann víða fallinn saman.

Á túnakortum frá 1919 sjást víða stokkar og rennur í túnum og eru þau til vitnis um nýtingu vatns til áveitu og framræslu votlendis. Flest þessarra mannvirkja eru horfin sökum túnasléttunar eða annarra framkvæmda innan heimatúnanna. Fjögur áveitumannvirki voru skráð innan þriggja lögbýla. Áveita RA-192:015 er við og innan heimatúnsins í Valstrýtu og sýnd á túnakorti. Þetta voru þrír samtengdir skurðir, einn þeirra sést enn. Tvær áveitur eru innan heimatúnsins í Finnshúsum samkvæmt túnakorti frá 1919. Áveituskurður RA-195:003 var í vesturmörkum túnsins en engin ummerki um hann sjást á yfirborði. Skurður RA-195:004 lá til austurs frá skurði 003 að bænum í Finnshúsum og sést enn. Hann hefur grafist niður að öllum líkindum vegna vatnsrennslis. Skurður RA-197:015 er einnig sýndur á túnakorti Miðkots en er horfinn.

Alls voru skráð fimm mógrafasvæði innan þriggja lögbýla og ljóst að mótekja hefur ekki verið mikil innan skráningarsvæðisins. Enn má sjá ummerki um tvö svæðanna. Eystri mógrafir RA-197:008 eru við lækjargil í landi Miðkots. Mótekjusvæðið er lítið og mógrafirnar illgreinilegar. Vestri mógrafir RA-198:013 eru við sama lækjargil í landi Bollakots, gilið er á merkjum jarðanna. Þær eru ennfremur illgreinilegar. Á svokölluðum Aurum sunnan við Þverá er ekki mó að finna en mýrar og deiglendi eru uppi í hlíðinni, ofan við bæina. Þekkt mógrafasvæði sem fjallað hefur verið um í fyrri skýrslum um fornleifar í Fljótshlíð eru öll þar.

Torf var einnig rist víða og heimildir geta um fjóra slíka staði innan skráningarsvæðisins.

Aðalheimildin um ristu á svæðinu er Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín en í henni er tekið fram hvort rista hafi verið á hverri jörð og hversu mikil og góð hún var. Örnefni gefa einnig til kynna hvar ristusvæði voru og þrjú slík örnefni eru innan skráningarsvæðisins. Engin torfristusvæði eru varðveitt en í úthögum um alla Fljótshlíð sést víða hvar torf var rist umhverfis sjálfar tóftirnar. Ummerki um efnistöku er sjáanleg á langflestum minjastöðum í hlíðinni sem og á aurunum sunnan Þverár.

| Samtala | Sérheiti | Tegund | Hlutverk | Ástand |
|---|---|---|---|---|
| RA-192:015 | | renna | áveita | sést til |
| RA-194:024 | Vallarstokkur | renna | áveita | sést til |
| RA-195:003 | | heimild | áveita | ekki sést til fornleifar |
| RA-195:004 | | renna | áveita | sést til |
| RA-197:015 | | heimild | áveita | ekki sést til fornleifar |
| RA-194:031 | Grafir | heimild | mógrafir | ekki sést til fornleifar |
| RA-194:032 | | heimild | mógrafir | ekki sést til fornleifar |
| RA-197:008 | Eystri mógrafir | náma | mógrafir | ekki sést til fornleifar |
| RA-198:012 | | heimild | mógrafir | ekki sést til fornleifar |
| RA-198:013 | Vestri mógrafir | náma | mógrafir | ekki sést til fornleifar |
| RA-189:014 | | heimild | rista | ekki sést til fornleifar |
| RA-190:008 | Torflág | örnefni | rista | ekki sést til fornleifar |
| RA-191:021 | Torfskák | örnefni | rista | ekki sést til fornleifar |
| RA-196:013 | Torfhóll | örnefni | rista | ekki sést til fornleifar |

*Tafla 9: Skráðir minjastaðir sem tengjast landnýtingu utan túna.*

## Samgönguminjar

Samtals voru skráðir 26 samgögnuminjar, m.a. götur, traðir, vörður, vöð og brýr. Í flestum tilvikum er um götur að ræða en samgöngukerfi skráningarsvæðisins er nokkuð vel þekkt. Fjölfarnar leiðir lágu niður hlíðina úr norðri og var komið að bæjunum úr þeirri átt. Þetta sést vel ef bæjarteikningar danskra landmælingmanna frá 1906 eru skoðaðar, þar liggja traðirnar yfirleitt til norðurs frá bæjunum. Breytingar verða síðan á samgöngukerfinu snemma á 20. öld og þegar túnakortin eru gerð 13 árum seinna er búið að færa traðirnar á nokkrum bæjum til suðurs og þá komið að bæjunum úr þeirri átt. Um aldamótin 1900 var lagður ruddur vegur sunnan bæjanna, nærri Þverá, og greinilegt að lagning hans breytti samgöngukerfi svæðisins mikið. Innan hverrar bújarðar voru styttri leiðir, t.d. leiðir innan túna sem svo tengdust lengri leiðum milli bæja. Þær lágu ofar en ekki þvert á hlíðina. Aðrar leiðir lágu yfir fleiri en eina jörð RA-641. Ekki er mikið um sýnilegar samgöngubætur á þessum leiðum né á skráningarsvæðinu í heild.

Ætla má að mun fleiri vöð og brýr hafi verið innan skráningarsvæðisins en skráðar voru. Miklar breytingar hafa orðið á vatnsföllum innan skráningarsvæðisins og hefur því þurft að

finna ný vöð og byggja nýjar brýr eftir því sem aðstæður breyttust. Upplýsingar um nöfn og staðsetningu eldri vaða og brúa sem ekki voru lengur nothæfar hafa vafalaust týnst. Þegar vöðin og brýr færðust til hafa orðið breytingar á leiðunum sem lágu að þeim.

| Samtala | Sérheiti | Tegund | Hlutverk | Ástand |
|---|---|---|---|---|
| RA-194:018 | Hofmannsflöt | örnefni | áfangastaður | ekki sést til fornleifar |
| RA-194:021 | | heimild | brú | ekki sést til fornleifar |
| RA-197:012 | | heimild | ferja | ekki sést til fornleifar |
| RA-190:013 | | heimild | leið | ekki sést til fornleifar |
| RA-193:017 | | gata | leið | sést til |
| RA-194:022 | Vörðumýri | gata | leið | sést til |
| RA-194:045 | | heimild | leið | ekki sést til fornleifar |
| RA-194:061 | | gata | leið | sést til |
| RA-194:072 | | heimild | leið | ekki sést til fornleifar |
| RA-641:022 | | gata | leið | sést til |
| RA-641:016 | | gata | leið | sést til |
| RA-641:018 | | heimild | leið | ekki sést til fornleifar |
| RA-641:019 | | heimild | leið | ekki sést til fornleifar |
| RA-189:007 | | heimild | traðir | ekki sést til fornleifar |
| RA-190:009 | | heimild | traðir | ekki sést til fornleifar |
| RA-191:024 | | heimild | traðir | ekki sést til fornleifar |
| RA-192:011_1 | | heimild | traðir | ekki sést til fornleifar |
| RA-192:011_2 | | heimild | traðir | ekki sést til fornleifar |
| RA-192:011_3 | | heimild | traðir | ekki sést til fornleifar |
| RA-193:014_1 | | heimild | traðir | ekki sést til fornleifar |
| RA-193:014_2 | | heimild | traðir | ekki sést til fornleifar |
| RA-194:060 | | heimild | traðir | ekki sést til fornleifar |
| RA-196:008 | | heimild | traðir | ekki sést til fornleifar |
| RA-197:006 | | heimild | traðir | ekki sést til fornleifar |
| RA-198:011 | | heimild | traðir | ekki sést til fornleifar |
| RA-189:015 | Torfvað | örnefni | vað | ekki sést til fornleifar |

*Tafla 10: Samgönguminjar innan skráningarsvæðis.*

## Nýting á vatni

Hverjum bæ er nauðsynlegt að hafa gott aðgengi að vatni nærri bæjum og húsum. Vatn er nauðsynlegt handa skepnum og mönnum, gróðri og við hin ýmsu bústörf líkt og matargerð og smíðar. Það er gott aðgengi að vatni á skráningarsvæðinu og án undantekninga voru bæirnir staðsettir við læki og ár. Hið sama má segja um sel og beitarhús. Einhver vatnsfallanna sjást enn í dag í náttúrulegum farvegum meðan öðrum hefur verið veitt í skurði. Alls voru skráðar sjö minjar um vatnsnýtingu, utan þeirra sem tengjast áveitu/fráveitu og þegar hefur verið fjallað um.

Þrír brunnar eru innan skráningarsvæðis en enginn þeirra sést lengur og lítið vitað um varðveislu þeirra undir sverði. Þetta eru brunnar RA-196:009, RA-197:014 og RA-198:028. Þeir sjást allir á túnakortum frá 1919 nærri bæjunum.

Tvær myllur voru skráðar innan skráningarsvæðis og önnur þeirra sést enn. Yfirleitt sjást ekki umfangsmiklar minjar um myllur sem voru flestar við ár og læki. Víða hafa lækir verið grafnir fram og ár brotið tóftirnar niður. Í Teigi er myllutóft RA-194:014 og er hún ein af fáum slíkum tóftum sem varðveittar eru á þeim svæðum sem skráð hafa verið á Suðurlandi. Tóftin er í gili bæjarlækjarins skammt frá bæjarhólnum, vestan undir hárri brekku. Tóftin er fremur lítil og grasivaxin. Á Neðri-Þverá var mylla RA-189:005 við Þverá en hún er horfin vegna vatnsaga.

Heimildir geta um vatnsból RA-190:007 í landi Efri-Þverár og RA-194:029 á Teigi, bæði eru þau horfin. Í báðum tilvikum var um staði í bæjarlæknum, innan heimatúna, að ræða.

## Aðrar minjar

Í umfjölluninni hér að ofan hefur aðeins verið stiklað á stóru um þá minjaflokka sem er að finna innan svæðisins sem þessi skýrsla fjallar um en rétt er að geta þess að umfjöllunin er ekki tæmandi. Það eru margar aðrar minjar innan skráningarsvæðisins sem falla í aðra flokka en hér hefur verið fjallað um og vísast til fornleifaskrár til upplýsinga. Þar er m.a. að finna minjar tengdar þinghaldi, álagabletti, staði tengda átrúnaði og tóftir/þústir með óþekkt hlutverk.

## *6. Samantekt*

Um dreifingu minjastaða gildir sú meginregla að flestar fornleifar eru í heimatúnum, í og við bæi. Því fækkar fornleifum eftir því sem fjær dregur frá bæ. Á bæjum sem búið hefur verið á alla 20. öld hafa undantekningalítið átt sér stað gagngerar breytingar; ný íbúðarhús hafa verið byggð og útihús endurnýjuð eða byggð frá grunni. Sömuleiðis hafa tún verið sléttuð, skurðir grafnir, vegir heim að bæ lagfærðir o.s.frv. Það er því algengt að hartnær ekkert lifi eftir af þeim fornleifum sem voru sýnilegar heim við bæi í upphafi 20. aldar. Búast má við að um helmingur fornminja á hverri jörð (að meðaltali) sé horfinn af yfirborði. Ástand fornleifa var metið á vettvangi og eru ástandsflokkarnir sex talsins:

a) Ekki sést til fornleifar. Rústin er horfin, byggt hefur verið á henni eða henni rutt burt.
b) Hleðslur signar. Hleðslur hrundar að því marki að lögun tófta er orðin ógreinileg og gjarnan hlaupnar í þúfur. Hleðsluhæð 20-80 cm en getur verið hærri þar sem rústir eru afmyndaðar af stórþýfi.
c) Hleðslur standa grónar. Hleðslur byrjaðar að renna í sundur en standa enn að mestu leyti þannig að lögun og herbergjaskipun tófta er greinileg, gróið yfir grjót í veggjum og gólfi. Hleðsluhæð 80-150 cm.
d) Hleðslur standa. Þök hrunin en hleðslur standa enn þannig að greina má einstök umför af torfi/grjóti. Hleðsluhæð 150 cm +
e) Undir þaki. Húsið er enn undir þaki. Miðað er við að þakið sé allt uppistandandi.
f) Sést til fornleifar. Þar sem ekki er um eiginlega tóft að ræða en leifarnar sjást hinsvegar, t.d. mógrafir, áletranir og lendingar.

Alls eru 40% minjastaða á skráningarsvæðinu horfin og er það hærra hlutfall en á öðrum svæðum innan Fljótshlíðar.[12] Hins vegar þetta hlutfall svipað því sem er á öðrum svæðum sem skráð hafa verið á Suðurlandi. Helstu ástæður minjaspjalla eru túnaslettun og byggingaframkvæmdir ásamt landbroti af völdum Þverár og Markarfljóts. Einnig er mikil sumarhúsa- og frístundabyggð auk skógræktar innan skráningarsvæðisins og miklar breytingar hafa átt sér stað á landnýtingu síðustu áratugi samhliða því. Það hefur sitt að segja varðandi varðveislu á minjastöðum og þekkingu á svæðinu og segja má að skiping lands og breytt landnýting sé ein helsta hættan varðandi minjaeyðingu nú á dögum. Á skífuriti 1 má sjá flokkun minjastaða eftir ástandi.

12 Ragnheiður Gló Gylfadóttir 2022, Ragnheiður Gló Gylfadóttir 2017.




*Skífurit 1: Enn má sjá ummerki um 60% þeirrra fornleifa sem skráðar voru.*

Þar sem ekki sást til fornleifa var metið hvaða ástæður lágu að baki því að minjarnar voru horfnar af yfirborði. Ekki reyndist alltaf unnt að segja til um það með vissu en flestar minjarnar virðast hafa horfið við túnasléttun eða um 56% af þeim stöðum þar sem minjaspjöll voru þekkt. Þar á eftir eru byggingaframkvæmdir og trjágróður helsti orsakavaldurinn. Stöplarit 2 sýnir flokkun minjaspjalla á þeim minjastöðum þar sem ekki sást til fornleifa.

Á vettvangi var lagt mat á þá hættu sem talin var steðja að hverjum minjastað. Hættustigin




*Stöplarit 2: Flestar fornleifar innan skráningarsvæðis hafa horfið vegna sléttunar. Þar á eftir eru ýmsar framkvæmdir og trjágróður.*

eru þrjú eins og greint var frá í kafla 2, engin hætta, hætta og stórhætta. Skífurit 2 sýnir hættumat á þeim fornleifum sem skráðar voru. Um 46% af minjastöðunum eru í hættu, í flestum tilvikum vegna ábúðar eins og vænta mátti. Þessir minjastaðir eru flestir innan heimtúna þar sem mestu umsvifin eru. Í þeim tilvikum þar sem minjastaðir eru í stórhættu er það nánast undantekningarlaust vegna skógræktar. Skógrækt ógnar um 8% þeirra fornleifa sem skráðar voru, sem er nokkuð hátt hlutfall. Skífurit 2 sýnir hættumat minjastaðanna.

Engar friðlýstar fornleifar eru innan skráningarsvæðisins og þar hafa ekki farið fram neinar




*Skífurit 2: Rúmlega helmingur fornleifa innan skráningarsvæðis er í hættu, 6% þeirra er í stórhættu.*

fornleifarannsóknir eftir því sem skýrsluhöfundur kemst næst. Allar minjar á skráningarsvæðinu njóta verndar samkvæmt lögum um menningarminjar og eru því jafn hátt settar í lögunum. Hins vegar eru minjarnar eins misjafnar og þær eru margar. Sumir minjastaðanna kunna að vera frá fyrstu öldum byggðar en aðrir eru frá fyrsta áratug 20. aldar, sumar minjanna eru alveg horfnar á meðan aðrar standa enn undir þaki eða eru greinilegar rústir. Engu að síður eru fjölmargir möguleikar fólgnir í þeim gögnum sem safnað var saman og er um mikilvægt gagnasafn að ræða. Fornleifaskráning er nauðsynleg grunnrannsókn sem þarf að fara fram áður en ráðist er í frekari rannsóknir ef vel á að vera en einnig er hún undirstaða minjavörslu í landinu.

Kynning á fornleifum er skammt á veg komin á Íslandi og liggja þar ónýttir miklir möguleikar. Íslendingar eru tengdari sögu lands síns en margar aðrar þjóðir og margir hafa áhuga á sögu og fornleifafræði. Í sveitarfélaginu er kynning á sögustöðum og fornleifum lengra á veg komin en víða annars staðar hérlendis og eru ástæður þess nokkrar. Sögusetrið á Hvolsvelli er m.a. með Njálusýningu, einhverjir sögustaðir eru merktir með skilti og boðið hefur verið

upp á skipulagðar ferðir um söguslóð Njálu.[13] Upplýsingaskilti á vegum Kötlu Geopark eru nokkrum stöðum og einkaaðilar hafa einnig staðið fyrir kynningu á minjum, líkt og á bæjarhóli Tungu. Við merkingu og kynningu á minjastöðum er þó brýnt að gott samstarf sé á milli allra hlutaðeigandi aðila.

Fjölmargir áhugaverðir minjastaðir eru á því svæði sem skráð var 2019-2020 og er erfitt að gera upp á milli þeirra þegar kemur að því að velja áhugaverða staði sem gætu hentað til kynningar og/eða rannsókna. Það skal jafnframt ítrekað að allar minjar eru friðaðar og þeim má ekki raska eða hylja án leyfis Minjastofnunar Íslands. Af fornleifum á skráningarsvæðinu sem taldar voru hafa sérlega mikið varðveislu-, rannsóknar- og/eða kynningargildi má nefna:

Í hlíðinni ofan bæjanna eru fjölmargir minjastaðir sem hafa mikið rannsóknar- og varðveislugildi. Varðveisla minja á þessu svæði er góð og hægt væri að fá upplýsingar um búskaparhætti, landnýtingu og seljabúskap á svæðinu allt frá upphafi byggðar fram til okkar tíma með frekari rannsóknum á þeim. Mætti þar nefna sel RA-194:059 og sel RA-194:055 í landi Teigs, sel RA-191:02, og rétt RA-191:032 í landi Heylækjar.

Á Teigsaurum, sunnan við Þverá er óraskað svæði sem hefur verið nýtt um aldir. Þar er gríðarlegur fjöldi minja og hægt að fá miklar upplýsingar um landnýtingu á svæði sem er umlukið vatnsföllum, forna búskaparhætti og sögu svæðisins. Í Taglaborgum RA-194:062 er 31 tóft sem allar eru vel varðveittar en hafa ekki allar verið nýttar samtímis. Í Tóttarhólma RA-194:025 eru alls 17 fornleifar og er stór hluti þeirra fjárborgir. Fast vestan við nýbýlið Rauðuskriðu eru ennfremur vel varðveittar fornleifar, m.a. tóftir RA-194:070 og RA-194:074, í svokölluðum Hallshólma. Þessar minjar hafa mikið varðveislu- og kynningargildi.

Sunnan við við Þverá var selstaða Teigs og ítarlegar upplýsingar um selið og selstörfin eru  í bókinni Mjólk í mat eftir Þórð Tómasson. Þrátt fyrir það er ekki vitað hvar selið var staðsett en mikill minjafjöldi er á þessu svæði. Til að fá frekari upplýsingar um selin á láglendi, sögu þeirra og þróun væri hægt að horfa til minja líkt og tófta RA-194:015, RA-194:065, RA-194:066 og RA-194:068. Á öllum þessum stöðum eru meint sel og tóftaþyrpingar sem hafa mikið rannsóknar- og varðveislugildi.

Kirkja RA-194:002 var sunnan við bæjarhólinn á Teigi en engin ummerki eru um hana á yfirborði, önnur en tveir legsteinar í kirkjugarðinum. Á svæðinu er nú malarplan og geymsla fyrir vélar og rúllur. Þessi staður hefur mikið varðveislugildi.

Myllur eru minjaflokkur sem hefur yfirleitt varðveist illa enda eru myllur alla jafna staðsettar við vatnsföll og læki og því hætta á skemmdum vegna vatnsaga og landbrots. Eins eru þær yfirleitt nærri eða innan heimatúna og geta því orðið illa úti við túnasléttun. Mylla RA-194:014 er innan heimatúnsins á Teigi og tóftin er vel varðveitt. Hún hefur mikið varðveislu- og kynningargildi.

Elsti bæjarhóll Bollakots RA-198:001 er sunnan við núverandi bæjarstæði. Þar er nú slétt tún og lítið ber á bæjarhólnum á yfirborði. Bærinn var færður á fyrri hluta 19. aldar og engin byggð hefur verið þar í seinni tíð. Engar framkvæmdir hafa verið á hólnum með stórtækum

13 Flestir þessara staða eru utan skráningarsvæðisins en nánar verður fjallað um þá í bindi III.

vinnuvélum utan sléttunar og líklega eru óröskuð mannvistarlög enn undir sverði. Hið sama má segja um Kot RA-197:002 sem er eitt af mörgum býlum á svæðinu sem litlar sem engar heimildir eru um. Tóftir býlisins voru sléttaðar og engin ummerki um þær sjást á yfirborði. Þó eru miklar líkur til þess að minjarnar séu að nokkru leyti varðveittar undir sverði. Báðir þessir staðir hafa mikið varðveislu- og rannsóknargildi.

# *Heimildir*


**DI**: *Diplomatarium Islandicum eða Íslenskt fornbréfasafn I-XVI.* (1857-1972). Kaupmannahöfn og Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.

Dönsku herforingjaráðskortin. 1:50000. Herforingjaráðskort nr. 48 og 58. Landsbókasafn Íslands. Slóðin er: http://islandskort.is/is/category/list/29;jsessionid=B2D14A0F7F062E1A3A095F9952041E87

**FF**: *Frásögur um fornaldarleifar 1817-1823* I-II. (1983). Sveinbjörn Rafnsson (ritstjóri). Reykjavík.

Haraldur Matthíasson. 1966. Árbók Ferðafélags Íslands 1966. Rangárvallasýsla. Reykjavík: Ferðafélag Íslands.

**JÁM**: *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín I. Vestmannaeyja- og Rangárvallasýsla*. (1913-1917). Kaupmannahöfn.

**JJ**: Johnsen, J. (1847). *Jarðatal á Íslandi*. Gefið út af J. Johnsen, Kaupmannahöfn.

**KEKH:** Kristján Eldjárn. 1956. *Kuml og haugfé úr heiðnum sið á Íslandi*. Akureyri: Norðri.

Landmælingar Íslands. 2018-2019. Bæjarteikningar danskra landmælingamanna. Slóðin er: http://atlas.lmi.is/kortasja/ . Skoðað 23.02.2022.

Margrét Jóna Ísleifsdóttir. 2013. „Híbýli, húsbúnaður og hversdagslíf." *Goðasteinn. Héraðsrit Rangæinga*. 49. árgangur. Hella: Héraðsnefnd Rangæinga, bls. 46-52.

Orri Vésteinsson og Sædís Gunnarsdóttir. 1999. *Svæðisskráning fornleifa í Fljótshlíð, Hvolhreppi, Rangárvöllum, Djúpárhreppi, Ásahreppi, Holta- og Landssveit. FS095-99021.* Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.

Páll Sigurðsson. 1886. „Um forn örnefni, goðorðaskipun og fornmenjar í Rangárþingi." *Safn til sögu Íslands og íslenzkra bókmennta að fornu og nýju II*. Kaupmannahöfn, bls. 498-557.

**PP**: 1950. *Prestatal og prófasta á Íslandi*. Eftir Hannes Þorsteinsson. 2. útgáfa. Reykjavík, Hið íslenzka bókmenntafélag.

Ragnheiður Gló Gylfadóttir o.fl.. 2017. *Aðalskráning fornleifa í Rangárþingi eystra 2013-2015.* FS597-13031. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.

Ragnheiður Gló Gylfadóttir o.fl. 2020. *Aðalskráning fornleifa í* Ölfusi: Áfangaskýrsla III. FS789-12023. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.

Ragnheiður Gló Gylfadóttir o.fl. 2021. *Aðalskráning fornleifa í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Áfangaskýrsla II.* FS831-18231. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.

Ragnheiður Gló Gylfadóttir o.fl. 2022. *Aðalskráning fornleifa í Rangarþingi eystra. Fljótshlíð hefti I*. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.

**SB**: *Sunnlenskar byggðir IV: Rangárþing I*. 1982. Þórður Tómasson (ritstjóri). Reykjavík: Búnaðarsamband Suðurlands: Selfoss.

**Sturlunga**: 1946. *Sturlunga saga* I-II. Reykjavík.

***SSR***: *Sýslu- og sóknarlýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1873. Rangárvallasýsla*. (1840). Reykjavík: Sögufélag.

Sædís Gunnarsdóttir. 2000. *Menningarminjar í Rangárvallasýslu. FS121-9902-3*. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.

Þórður Tómasson. 2016. *Mjólk í mat. Þættir um mjólkurstörf og mjólkurmat.* Selfoss: Bókaútgáfan Sæmundur.

Þórður Tómasson. 1996. *Þórsmörk: Land og saga*. Reykjavík: Mál og mynd.

*Sarpur. Menningarsögulegt gagnasafn*. Slóðin er: www.sarpur.is. Eftirfarandi gögn voru skoðuð:

- Svör við spurningu 81a í þjóðháttasafni. Slóðin er: http://sarpur.is/Adfang.aspx?AdfangID=552675
- Svör við spurningu 82 í þjóðháttasafni. Slóðin er: http://sarpur.is/Adfang.aspx?AdfangID=552676

Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum:

**Ö-Ásmundakot, Miðkot og Bollakot**: *Örnefnaskrá Ámundakots, Miðkots og Bollakots*. Án ártals. Bergsteinn Kristjánsson skráði.

**Ö-Bollakot**: *Örnefnaskrá Bollakots*. Bollakot. 1983. Oddgeir Guðjónsson skráði.

**Ö-Butra**: *Örnefnaskrá Butru*. 1970. Oddgeir Guðjónsson skráði.

**Ö-Deild og Valstrýta**: *Örnefnaskrá Deildar og Valstrýtu*. 1974. Oddgeir Guðjónsson skráði.

**Ö-Deild, Valstrýta og Heylækur**: *Örnefnaskrá Deildar, Valstrýtu og Heylækjar*. Án ártals. Bergsteinn Kristjánsson skráði.

**Ö-Heylækur I**: *Örnefnaskrá Heylækjar*. 1984. Oddgeir Guðjónsson skráði.

**Ö-Hlíðarendakot, Hlíðarendi og Hallskot**. *Örnefnaskrá Hlíðarendakots, Hlíðarenda og Hallskots*. 1968. Oddgeir Guðjónsson skráði.

**Ö-Miðkot**: *Örnefnaskrá Miðkots*. Án ártals. Oddgeir Guðjónsson skráði.

**Ö-Smáratún**: *Örnefnaskrá Smáratúns*. 1985. Oddgeir Guðjónsson skráði.

**Ö-Teigur**: *Örnefnaskrá Teigs*. 1978. Guðni Jóhannsson skráði.

**Ö-Teigur austurbær**: *Örnefnaskrá Teigs Austurbæjar*. 1983. Oddgeir Guðjónsson skráði.

**Ö-Teigur BK**: *Örnefnaskrá Teigs.* Án ártals. Bergsteinn Kristjánsson skráði.

**Ö-Teigur vesturbær**: *Örnefnaskrá Teigs Vesturbæjar.* 1983. Oddgeir Guðjónsson skráði.

**Ö-Þverá:** *Örnefnaskrá Þverár.* 1974. Oddgeir Guðjónsson skráði.

**Ö-Þverá BK:** *Örnefnaskrá Þverár.* Án ártals. Bergsteinn Kristjánsson skráði.

*Túnakort í Fljótshlíð 1918-1924.* Þjóðskjalasafn Íslands. Slóðin er: http://www.archivesportaleurope.net/eaddisplay//ead/pl/aicode/ISPI/type/fa/id/Stj%C3%B3rnarr%C3%A1%C3%B0+%C3%8Dslands+-+II.+skrifstofa/unitid/IS-%C3%9E%C3%8D-0021-0000-012-E/search/0/t%C3%BAnakort

Heimildamenn:

Árni Sigurpálsson, Þverárbæir.
Jens Jóhannsson, Teigur.
Magnús Guðjónsson, Valstrýta
Ólafur Þorri Gunnarsson, Bollakot og Miðkot
Sigurður Eggertsson, Ámundakot, Teigur
Sigurður K. Haraldsson, Heylækur
Sveinn Þorgrímsson, Deild

## *Viðauki I: hnitaskrá í ISN93*

| Samtala | Jörð | easting | northing |
|---|---|---|---|
| RA-189:001_01 | Neðri-Þverá | 452718 | 358296 |
| RA-189:001_02 | Neðri-Þverá | 452736 | 358304 |
| RA-189:001_03 | Neðri-Þverá | 452739 | 358265 |
| RA-189:001_04 | Neðri-Þverá | 452695 | 358301 |
| RA-189:001_05 | Neðri-Þverá | 452692 | 358307 |
| RA-189:001_06 | Neðri-Þverá | 452711 | 358301 |
| RA-189:001_07 | Neðri-Þverá | 452711 | 358276 |
| RA-189:003 | Neðri-Þverá | 452748 | 358350 |
| RA-189:004 | Neðri-Þverá | 452713 | 358381 |
| RA-189:005 | Neðri-Þverá | 452792 | 358237 |
| RA-189:006 | Neðri-Þverá | 452709 | 358535 |
| RA-189:007 | Neðri-Þverá | 452692 | 358284 |
| RA-189:008 | Neðri-Þverá | 452665 | 358263 |
| RA-189:009_01 | Neðri-Þverá | 452638 | 358594 |
| RA-189:009_01 | Neðri-Þverá | 452784 | 358285 |
| RA-189:009_02 | Neðri-Þverá | 452731 | 358354 |
| RA-189:010 | Neðri-Þverá | 452757 | 358488 |
| RA-189:011 | Neðri-Þverá | 453036 | 359125 |
| RA-189:012 | Neðri-Þverá | 452565 | 359115 |
| RA-189:013_01 | Neðri-Þverá | 453155 | 359302 |
| RA-189:013_02 | Neðri-Þverá | 453133 | 359306 |
| RA-189:013_03 | Neðri-Þverá | 453127 | 359310 |
| RA-189:013_04 | Neðri-Þverá | 453127 | 359316 |
| RA-189:014 | Neðri-Þverá | 452649 | 358978 |
| RA-189:015 | Neðri-Þverá | 452912 | 358798 |
| RA-189:016 | Neðri-Þverá | 452867 | 359037 |
| RA-189:017 | Neðri-Þverá | 452781 | 358707 |
| RA-189:018_01 | Neðri-Þverá | 451975 | 358532 |
| RA-189:018_02 | Neðri-Þverá | 451979 | 358529 |
| RA-189:019 | Neðri-Þverá | 453041 | 359435 |
| RA-189:020 | Neðri-Þverá | 452708 | 358245 |
| RA-189:021 | Neðri-Þverá | 452725 | 358617 |
| RA-189:022 | Neðri-Þverá | 452725 | 358540 |
| RA-190:001_01 | Efri-Þverá | 452529 | 358442 |
| RA-190:001_02 | Efri-Þverá | 452510 | 358453 |
| RA-190:001_03 | Efri-Þverá | 452521 | 358431 |
| RA-190:001_04 | Efri-Þverá | 452523 | 358433 |
| RA-190:002 | Efri-Þverá | 452527 | 358476 |
| RA-190:003_01 | Efri-Þverá | 452589 | 358459 |
| RA-190:003_02 | Efri-Þverá | 452589 | 358452 |
| RA-190:004 | Efri-Þverá | 452600 | 358510 |
| RA-190:005 | Efri-Þverá | 452635 | 358577 |
| RA-190:006_01 | Efri-Þverá | 452673 | 358592 |
| RA-190:006_02 | Efri-Þverá | 452677 | 358610 |
| RA-190:007 | Efri-Þverá | 452612 | 358584 |
| RA-190:008 | Efri-Þverá | 452328 | 358767 |
| RA-190:009 | Efri-Þverá | 452498 | 358454 |
| RA-190:010 | Efri-Þverá | 452437 | 359235 |
| RA-190:011 | Efri-Þverá | 452423 | 358321 |
| RA-190:012 | Efri-Þverá | 452421 | 359293 |
| RA-190:013 | Efri-Þverá | 452665 | 358402 |
| RA-191:001_01 | Heylækur | 450965 | 359046 |
| RA-191:001_02 | Heylækur | 450965 | 359036 |
| RA-191:001_03 | Heylækur | 450979 | 359027 |
| RA-191:001_04 | Heylækur | 450990 | 359026 |
| RA-191:001_05 | Heylækur | 450934 | 359044 |
| RA-191:001_06 | Heylækur | 450946 | 359040 |
| RA-191:001_07 | Heylækur | 450940 | 359055 |
| RA-191:002 | Heylækur | 451035 | 359032 |
| RA-191:003 | Heylækur | 451109 | 359041 |
| RA-191:004 | Heylækur | 451092 | 359052 |
| RA-191:005 | Heylækur | 451055 | 359059 |
| RA-191:006 | Heylækur | 450963 | 359102 |
| RA-191:007 | Heylækur | 450969 | 359141 |
| RA-191:008 | Heylækur | 450872 | 358979 |
| RA-191:009 | Heylækur | 450872 | 358969 |
| RA-191:011 | Heylækur | 451013 | 359195 |
| RA-191:012 | Heylækur | 451021 | 359165 |
| RA-191:013 | Heylækur | 451024 | 359134 |
| RA-191:015 | Heylækur | 451054 | 359174 |
| RA-191:015 | Heylækur | 450993 | 359039 |
| RA-191:016 | Heylækur | 451173 | 359278 |
| RA-191:017 | Heylækur | 452073 | 359929 |
| RA-191:018 | Heylækur | 450996 | 358917 |
| RA-191:019 | Heylækur | 450884 | 358532 |
| RA-191:020 | Heylækur | 451035 | 358474 |
| RA-191:021 | Heylækur | 451082 | 358728 |
| RA-191:022_01 | Heylækur | 452089 | 360278 |
| RA-191:022_02 | Heylækur | 452100 | 360269 |
| RA-191:022_03 | Heylækur | 452112 | 360271 |

| | | | |
|---|---|---|---|
| RA-191:022_04 | Heylækur | 452124 | 360264 |
| RA-191:023 | Heylækur | 452207 | 360309 |
| RA-191:024 | Heylækur | 451006 | 359093 |
| RA-191:025_01 | Heylækur | 451586 | 359472 |
| RA-191:025_02 | Heylækur | 451594 | 359456 |
| RA-191:025_03 | Heylækur | 451599 | 359462 |
| RA-191:025_04 | Heylækur | 451614 | 359460 |
| RA-191:025_05 | Heylækur | 451630 | 359454 |
| RA-191:026 | Heylækur | 450949 | 359128 |
| RA-191:027_01 | Heylækur | 451011 | 358998 |
| RA-191:027_02 | Heylækur | 451003 | 359007 |
| RA-191:028_01 | Heylækur | 451123 | 359284 |
| RA-191:028_02 | Heylækur | 451142 | 359266 |
| RA-191:028_03 | Heylækur | 451128 | 359275 |
| RA-191:029 | Heylækur | 451044 | 359216 |
| RA-191:030 | Heylækur | 451552 | 359836 |
| RA-191:031 | Heylækur | 451607 | 359949 |
| RA-191:032 | Heylækur | 451668 | 360053 |
| RA-191:033 | Heylækur | 451400 | 359638 |
| RA-191:034 | Heylækur | 450985 | 359158 |
| RA-191:035 | Heylækur | 451679 | 360162 |
| RA-191:036 | Heylækur | 450949 | 359096 |
| RA-191:037 | Heylækur | 450869 | 358829 |
| RA-191:038 | Heylækur | 451141 | 359041 |
| RA-191:039 | Heylækur | 451245 | 359296 |
| RA-191:040 | Heylækur | 451158 | 359334 |
| RA-192:001_01 | Deild | 451785 | 358755 |
| RA-192:001_02 | Deild | 451802 | 358752 |
| RA-192:001_03 | Deild | 451763 | 358729 |
| RA-192:001_04 | Deild | 451784 | 358777 |
| RA-192:001_05 | Deild | 451775 | 358779 |
| RA-192:001_06 | Deild | 451768 | 358747 |
| RA-192:001_07 | Deild | 451782 | 358765 |
| RA-192:002 | Deild | 451815 | 358800 |
| RA-192:003 | Deild | 451839 | 358788 |
| RA-192:004 | Deild | 451858 | 358778 |
| RA-192:005 | Deild | 451867 | 358776 |
| RA-192:006 | Deild | 451813 | 358687 |
| RA-192:007 | Deild | 451784 | 358850 |
| RA-192:008_01 | Deild | 451805 | 358819 |
| RA-192:008_01 | Deild | 451766 | 358771 |
| RA-192:008_02 | Deild | 451870 | 358704 |
| RA-192:009_01 | Deild | 451945 | 358845 |
| RA-192:009_01 | Deild | 451873 | 358862 |
| RA-192:009_01 | Deild | 451810 | 358875 |
| RA-192:009_02 | Deild | 451942 | 358853 |

| | | | |
|---|---|---|---|
| RA-192:009_03 | Deild | 451898 | 358866 |
| RA-192:009_04 | Deild | 451931 | 358832 |
| RA-192:010 | Deild | 451477 | 358221 |
| RA-192:011_01 | Deild | 451793 | 358682 |
| RA-192:011_02 | Deild | 451791 | 358801 |
| RA-192:011_03 | Deild | 451862 | 358837 |
| RA-192:013_01 | Deild | 451888 | 359050 |
| RA-192:013_02 | Deild | 451897 | 359034 |
| RA-192:013_03 | Deild | 451873 | 359034 |
| RA-192:013_04 | Deild | 451900 | 359068 |
| RA-192:014_01 | Deild | 452228 | 359315 |
| RA-192:014_02 | Deild | 452235 | 359312 |
| RA-192:015 | Deild | 451656 | 358846 |
| RA-192:016 | Deild | 451823 | 359016 |
| RA-192:017 | Deild | 451828 | 358786 |
| RA-193:001_01 | Valstrýta | 451315 | 358927 |
| RA-193:001_02 | Valstrýta | 451314 | 358900 |
| RA-193:001_03 | Valstrýta | 451339 | 358927 |
| RA-193:001_04 | Valstrýta | 451302 | 358930 |
| RA-193:001_05 | Valstrýta | 451308 | 358936 |
| RA-193:002_01 | Valstrýta | 451431 | 358956 |
| RA-193:002_02 | Valstrýta | 451535 | 358970 |
| RA-193:002_03 | Valstrýta | 451406 | 359021 |
| RA-193:002_04 | Valstrýta | 451572 | 358990 |
| RA-193:003_01 | Valstrýta | 451282 | 358964 |
| RA-193:003_02 | Valstrýta | 451287 | 358952 |
| RA-193:004 | Valstrýta | 451184 | 358936 |
| RA-193:005 | Valstrýta | 451463 | 358944 |
| RA-193:006 | Valstrýta | 451230 | 358954 |
| RA-193:007 | Valstrýta | 451182 | 358977 |
| RA-193:008_01 | Valstrýta | 451558 | 358875 |
| RA-193:008_02 | Valstrýta | 451561 | 358869 |
| RA-193:009 | Valstrýta | 451254 | 358973 |
| RA-193:010 | Valstrýta | 451355 | 359040 |
| RA-193:011 | Valstrýta | 451194 | 358949 |
| RA-193:012 | Valstrýta | 452303 | 359850 |
| RA-193:013 | Valstrýta | 451079 | 358738 |
| RA-193:014_01 | Valstrýta | 451355 | 358977 |
| RA-193:014_02 | Valstrýta | 451283 | 358941 |
| RA-193:015_01 | Valstrýta | 451754 | 359258 |
| RA-193:015_02 | Valstrýta | 451748 | 359267 |
| RA-193:015_03 | Valstrýta | 451697 | 359346 |
| RA-193:015_04 | Valstrýta | 451694 | 359350 |
| RA-193:015_05 | Valstrýta | 451793 | 359261 |
| RA-193:015_06 | Valstrýta | 451709 | 359263 |
| RA-193:015_07 | Valstrýta | 451730 | 359257 |

| | | | |
|---|---|---|---|
| RA-193:016 | Valstrýta | 452160 | 359873 |
| RA-193:017 | Valstrýta | 452033 | 359718 |
| RA-194:001 | Teigur | 450715 | 359132 |
| RA-194:002 | Teigur | 450731 | 359108 |
| RA-194:003 | Teigur | 450886 | 359146 |
| RA-194:004 | Teigur | 450932 | 359168 |
| RA-194:005 | Teigur | 450902 | 359199 |
| RA-194:006 | Teigur | 450688 | 359020 |
| RA-194:007_01 | Teigur | 450775 | 359039 |
| RA-194:007_02 | Teigur | 450793 | 359033 |
| RA-194:007_03 | Teigur | 450788 | 359014 |
| RA-194:007_04 | Teigur | 450763 | 359023 |
| RA-194:007_05 | Teigur | 450782 | 359004 |
| RA-194:008 | Teigur | 450699 | 359217 |
| RA-194:009 | Teigur | 450758 | 359294 |
| RA-194:009 | Teigur | 450873 | 359250 |
| RA-194:014 | Teigur | 450762 | 359138 |
| RA-194:015_01 | Teigur | 450283 | 355776 |
| RA-194:015_02 | Teigur | 450306 | 355777 |
| RA-194:015_03 | Teigur | 450294 | 355757 |
| RA-194:015_04 | Teigur | 450259 | 355748 |
| RA-194:015_05 | Teigur | 450256 | 355774 |
| RA-194:016_01 | Teigur | 451281 | 360045 |
| RA-194:016_02 | Teigur | 451271 | 360054 |
| RA-194:016_03 | Teigur | 451291 | 360065 |
| RA-194:018 | Teigur | 450485 | 358470 |
| RA-194:019 | Teigur | 450712 | 359259 |
| RA-194:020_01 | Teigur | 451240 | 355682 |
| RA-194:020_02 | Teigur | 451261 | 355656 |
| RA-194:021 | Teigur | 450749 | 359089 |
| RA-194:022 | Teigur | 451597 | 360211 |
| RA-194:023 | Teigur | 450925 | 359180 |
| RA-194:024 | Teigur | 449771 | 358635 |
| RA-194:025_01 | Teigur | 450449 | 354594 |
| RA-194:025_02 | Teigur | 450467 | 354591 |
| RA-194:025_03 | Teigur | 450465 | 354576 |
| RA-194:025_04 | Teigur | 450479 | 354583 |
| RA-194:025_05 | Teigur | 450474 | 354569 |
| RA-194:025_06 | Teigur | 450485 | 354569 |
| RA-194:025_07 | Teigur | 450496 | 354564 |
| RA-194:025_08 | Teigur | 450499 | 354583 |
| RA-194:025_09 | Teigur | 450515 | 354579 |
| RA-194:025_10 | Teigur | 450511 | 354566 |
| RA-194:025_11 | Teigur | 450535 | 354558 |
| RA-194:025_12 | Teigur | 450547 | 354577 |
| RA-194:025_13 | Teigur | 450562 | 354576 |

| | | | |
|---|---|---|---|
| RA-194:025_14 | Teigur | 450551 | 354556 |
| RA-194:025_15 | Teigur | 450532 | 354512 |
| RA-194:025_16 | Teigur | 450545 | 354491 |
| RA-194:025_17 | Teigur | 450556 | 354503 |
| RA-194:025_18 | Teigur | 450556 | 354480 |
| RA-194:026 | Teigur | 450624 | 358992 |
| RA-194:027_01 | Teigur | 450681 | 359364 |
| RA-194:027_02 | Teigur | 450676 | 359344 |
| RA-194:028 | Teigur | 450734 | 359040 |
| RA-194:029 | Teigur | 450723 | 358988 |
| RA-194:030_01 | Teigur | 451287 | 359901 |
| RA-194:030_02 | Teigur | 451295 | 359914 |
| RA-194:030_03 | Teigur | 451284 | 359917 |
| RA-194:030_04 | Teigur | 451291 | 359917 |
| RA-194:031 | Teigur | 449696 | 358679 |
| RA-194:032 | Teigur | 450671 | 358646 |
| RA-194:033 | Teigur | 450559 | 358388 |
| RA-194:034 | Teigur | 450344 | 358435 |
| RA-194:037 | Teigur | 450693 | 359107 |
| RA-194:038 | Teigur | 450714 | 359066 |
| RA-194:039 | Teigur | 450724 | 359095 |
| RA-194:040_01 | Teigur | 451361 | 359967 |
| RA-194:040_02 | Teigur | 451370 | 359977 |
| RA-194:041_1 | Teigur | 450938 | 359167 |
| RA-194:041_1 | Teigur | 451029 | 359350 |
| RA-194:041_2 | Teigur | 450800 | 359249 |
| RA-194:042 | Teigur | 450496 | 358486 |
| RA-194:042 | Teigur | 450686 | 359137 |
| RA-194:043 | Teigur | 450656 | 358985 |
| RA-194:044 | Teigur | 450622 | 359300 |
| RA-194:045 | Teigur | 450754 | 359133 |
| RA-194:046 | Teigur | 450799 | 359388 |
| RA-194:047 | Teigur | 450813 | 358949 |
| RA-194:048 | Teigur | 451171 | 359614 |
| RA-194:049_01 | Teigur | 451147 | 359853 |
| RA-194:049_02 | Teigur | 451146 | 359866 |
| RA-194:049_03 | Teigur | 451135 | 359859 |
| RA-194:049_04 | Teigur | 451128 | 359844 |
| RA-194:050 | Teigur | 451714 | 360285 |
| RA-194:051_01 | Teigur | 451296 | 360394 |
| RA-194:051_02 | Teigur | 451299 | 360408 |
| RA-194:051_03 | Teigur | 451309 | 360404 |
| RA-194:052 | Teigur | 451217 | 360510 |
| RA-194:053 | Teigur | 451064 | 360393 |
| RA-194:054 | Teigur | 451749 | 360946 |
| RA-194:055_01 | Teigur | 451840 | 360646 |

| | | | |
|---|---|---|---|
| RA-194:055_02 | Teigur | 451851 | 360624 |
| RA-194:056_01 | Teigur | 450243 | 356036 |
| RA-194:056_02 | Teigur | 450259 | 356031 |
| RA-194:056_03 | Teigur | 450257 | 356036 |
| RA-194:056_04 | Teigur | 450258 | 356042 |
| RA-194:056_05 | Teigur | 450266 | 356039 |
| RA-194:056_06 | Teigur | 450293 | 356067 |
| RA-194:056_07 | Teigur | 450315 | 356066 |
| RA-194:056_08 | Teigur | 450333 | 356056 |
| RA-194:056_09 | Teigur | 450350 | 356060 |
| RA-194:056_10 | Teigur | 450335 | 356076 |
| RA-194:056_11 | Teigur | 450404 | 356070 |
| RA-194:056_12 | Teigur | 450417 | 356087 |
| RA-194:056_13 | Teigur | 450423 | 356100 |
| RA-194:056_14 | Teigur | 450474 | 356093 |
| RA-194:056_15 | Teigur | 450447 | 356116 |
| RA-194:056_16 | Teigur | 450437 | 356121 |
| RA-194:056_17 | Teigur | 450426 | 356116 |
| RA-194:056_18 | Teigur | 450409 | 356113 |
| RA-194:056_19 | Teigur | 450403 | 356131 |
| RA-194:056_20 | Teigur | 450393 | 356130 |
| RA-194:056_21 | Teigur | 450393 | 356115 |
| RA-194:056_22 | Teigur | 450376 | 356099 |
| RA-194:056_23 | Teigur | 450367 | 356119 |
| RA-194:056_24 | Teigur | 450357 | 356106 |
| RA-194:056_25 | Teigur | 450347 | 356106 |
| RA-194:057_01 | Teigur | 451653 | 361411 |
| RA-194:057_02 | Teigur | 451633 | 361408 |
| RA-194:057_03 | Teigur | 451633 | 361419 |
| RA-194:057_04 | Teigur | 451585 | 361383 |
| RA-194:057_05 | Teigur | 451578 | 361366 |
| RA-194:058_01 | Teigur | 450985 | 354597 |
| RA-194:058_02 | Teigur | 451005 | 354596 |
| RA-194:059_01 | Teigur | 452195 | 362361 |
| RA-194:059_02 | Teigur | 452200 | 362355 |
| RA-194:059_03 | Teigur | 452199 | 362376 |
| RA-194:060 | Teigur | 450713 | 359202 |
| RA-194:061_02 | Teigur | 451509 | 361149 |
| RA-194:062_01 | Teigur | 449920 | 354190 |
| RA-194:062_01 | Teigur | 451207 | 360459 |
| RA-194:062_02 | Teigur | 449927 | 354246 |
| RA-194:062_03 | Teigur | 449915 | 354262 |
| RA-194:062_04 | Teigur | 449858 | 354243 |
| RA-194:062_05 | Teigur | 449845 | 354184 |
| RA-194:062_06 | Teigur | 449842 | 354203 |
| RA-194:062_07 | Teigur | 449836 | 354216 |

| | | | |
|---|---|---|---|
| RA-194:062_08 | Teigur | 449819 | 354221 |
| RA-194:062_09 | Teigur | 449788 | 354208 |
| RA-194:062_10 | Teigur | 449783 | 354231 |
| RA-194:062_11 | Teigur | 449767 | 354224 |
| RA-194:062_12 | Teigur | 449786 | 354247 |
| RA-194:062_13 | Teigur | 449788 | 354261 |
| RA-194:062_14 | Teigur | 449777 | 354270 |
| RA-194:062_15 | Teigur | 449798 | 354273 |
| RA-194:062_16 | Teigur | 449812 | 354265 |
| RA-194:062_17 | Teigur | 449828 | 354271 |
| RA-194:062_18 | Teigur | 449841 | 354264 |
| RA-194:062_19 | Teigur | 449815 | 354278 |
| RA-194:062_20 | Teigur | 449798 | 354293 |
| RA-194:062_21 | Teigur | 449789 | 354287 |
| RA-194:062_22 | Teigur | 449791 | 354300 |
| RA-194:062_23 | Teigur | 449778 | 354316 |
| RA-194:062_24 | Teigur | 449791 | 354316 |
| RA-194:062_25 | Teigur | 449800 | 354323 |
| RA-194:062_26 | Teigur | 449815 | 354328 |
| RA-194:062_27 | Teigur | 449795 | 354341 |
| RA-194:062_28 | Teigur | 449779 | 354338 |
| RA-194:062_29 | Teigur | 449781 | 354327 |
| RA-194:062_30 | Teigur | 449762 | 354329 |
| RA-194:062_31 | Teigur | 449746 | 354350 |
| RA-194:063_01 | Teigur | 450720 | 355333 |
| RA-194:063_02 | Teigur | 450697 | 355326 |
| RA-194:063_03 | Teigur | 450609 | 355320 |
| RA-194:063_04 | Teigur | 450594 | 355295 |
| RA-194:063_05 | Teigur | 450485 | 355220 |
| RA-194:064_01 | Teigur | 450256 | 356978 |
| RA-194:064_02 | Teigur | 450268 | 356980 |
| RA-194:065_01 | Teigur | 450209 | 355952 |
| RA-194:065_02 | Teigur | 450229 | 355965 |
| RA-194:065_03 | Teigur | 450233 | 355928 |
| RA-194:065_04 | Teigur | 450243 | 355935 |
| RA-194:065_05 | Teigur | 450250 | 355913 |
| RA-194:065_06 | Teigur | 450263 | 355907 |
| RA-194:066_01 | Teigur | 450845 | 356139 |
| RA-194:066_02 | Teigur | 450873 | 356172 |
| RA-194:066_03 | Teigur | 450888 | 356171 |
| RA-194:066_04 | Teigur | 450907 | 356169 |
| RA-194:066_05 | Teigur | 450902 | 356154 |
| RA-194:066_06 | Teigur | 450870 | 356142 |
| RA-194:067 | Teigur | 450441 | 357164 |
| RA-194:068_01 | Teigur | 451720 | 356520 |
| RA-194:068_02 | Teigur | 451729 | 356529 |

| | | | |
|---|---|---|---|
| RA-194:068_03 | Teigur | 451758 | 356520 |
| RA-194:069 | Teigur | 451543 | 357279 |
| RA-194:07_03 | Teigur | 452790 | 354056 |
| RA-194:070_01 | Teigur | 452834 | 354058 |
| RA-194:070_02 | Teigur | 452805 | 354069 |
| RA-194:070_04 | Teigur | 452730 | 354156 |
| RA-194:071_01 | Teigur | 452920 | 354015 |
| RA-194:071_02 | Teigur | 452906 | 353984 |
| RA-194:071_03 | Teigur | 452880 | 354008 |
| RA-194:071_04 | Teigur | 452868 | 353997 |
| RA-194:071_05 | Teigur | 452856 | 353989 |
| RA-194:071_06 | Teigur | 452844 | 353978 |
| RA-194:071_07 | Teigur | 452826 | 353956 |
| RA-194:071_08 | Teigur | 452833 | 353950 |
| RA-194:071_09 | Teigur | 452870 | 353986 |
| RA-194:071_10 | Teigur | 452880 | 353992 |
| RA-194:071_11 | Teigur | 452895 | 353995 |
| RA-194:072 | Teigur | 450327 | 357209 |
| RA-194:073 | Teigur | 450116 | 354639 |
| RA-194:074_01 | Teigur | 452790 | 353860 |
| RA-194:074_02 | Teigur | 452802 | 353868 |
| RA-194:074_03 | Teigur | 452834 | 353856 |
| RA-194:074_04 | Teigur | 452849 | 353853 |
| RA-194:074_05 | Teigur | 452889 | 353845 |
| RA-194:075 | Teigur | 449620 | 356690 |
| RA-194:076_01 | Teigur | 451226 | 359857 |
| RA-194:076_02 | Teigur | 451216 | 359864 |
| RA-194:077 | Teigur | 450861 | 357163 |
| RA-194:078 | Teigur | 450904 | 356876 |
| RA-194:079 | Teigur | 451079 | 357289 |
| RA-194:080 | Teigur | 450907 | 357215 |
| RA-194:081_01 | Teigur | 451157 | 356966 |
| RA-194:081_02 | Teigur | 451166 | 356965 |
| RA-195:001_01 | Finnshús | 450502 | 359044 |
| RA-195:001_02 | Finnshús | 450477 | 359028 |
| RA-195:002 | Finnshús | 450514 | 359079 |
| RA-195:003 | Finnshús | 450385 | 359055 |
| RA-195:004 | Finnshús | 450417 | 359051 |
| RA-195:005 | Finnshús | 450538 | 359111 |
| RA-196:001_01 | Smáratún | 449932 | 358175 |
| RA-196:001_02 | Smáratún | 449905 | 358156 |
| RA-196:002 | Smáratún | 449816 | 358157 |
| RA-196:003_01 | Smáratún | 449987 | 358240 |
| RA-196:003_02 | Smáratún | 450009 | 358233 |
| RA-196:004 | Smáratún | 449852 | 358303 |
| RA-196:005_01 | Smáratún | 450078 | 358195 |
| RA-196:005_02 | Smáratún | 450089 | 358206 |
| RA-196:006 | Smáratún | 449999 | 358125 |
| RA-196:007 | Smáratún | 450055 | 358142 |
| RA-196:008 | Smáratún | 449953 | 358113 |
| RA-196:009 | Smáratún | 449958 | 358160 |
| RA-196:011 | Smáratún | 449882 | 358272 |
| RA-196:012 | Smáratún | 450120 | 358200 |
| RA-196:013 | Smáratún | 450427 | 358201 |
| RA-196:014 | Smáratún | 450502 | 358196 |
| RA-197:001_01 | Miðkot | 449502 | 357928 |
| RA-197:001_02 | Miðkot | 449496 | 357876 |
| RA-197:002 | Miðkot | 449571 | 357952 |
| RA-197:003 | Miðkot | 449557 | 357990 |
| RA-197:004_01 | Miðkot | 449619 | 358023 |
| RA-197:004_02 | Miðkot | 449655 | 357847 |
| RA-197:004_03 | Miðkot | 449383 | 357926 |
| RA-197:005 | Miðkot | 449560 | 358019 |
| RA-197:006 | Miðkot | 449481 | 357990 |
| RA-197:008 | Miðkot | 449359 | 358028 |
| RA-197:009 | Miðkot | 449560 | 358167 |
| RA-197:011 | Miðkot | 449644 | 358171 |
| RA-197:012 | Miðkot | 449394 | 357799 |
| RA-197:013 | Miðkot | 449589 | 357903 |
| RA-197:014 | Miðkot | 449474 | 357852 |
| RA-197:015 | Miðkot | 449661 | 357941 |
| RA-197:016 | Miðkot | 449550 | 357959 |
| RA-198:001 | Bollakot | 448892 | 358043 |
| RA-198:002 | Bollakot | 448956 | 358253 |
| RA-198:003 | Bollakot | 448889 | 358297 |
| RA-198:004 | Bollakot | 448974 | 358218 |
| RA-198:005 | Bollakot | 448903 | 358179 |
| RA-198:006 | Bollakot | 449005 | 358112 |
| RA-198:007 | Bollakot | 448898 | 358067 |
| RA-198:008 | Bollakot | 448964 | 358268 |
| RA-198:009 | Bollakot | 448910 | 358023 |
| RA-198:010 | Bollakot | 448907 | 357996 |
| RA-198:011 | Bollakot | 448991 | 358226 |
| RA-198:012 | Bollakot | 448936 | 358114 |
| RA-198:013 | Bollakot | 449282 | 357996 |
| RA-198:015 | Bollakot | 449201 | 358021 |
| RA-198:016 | Bollakot | 449254 | 356780 |
| RA-198:018 | Bollakot | 448943 | 358263 |
| RA-198:019 | Bollakot | 448984 | 358081 |
| RA-198:020 | Bollakot | 449036 | 358123 |
| RA-198:021 | Bollakot | 448950 | 358003 |
| RA-198:021 | Bollakot | 449066 | 357971 |

| | | | |
|---|---|---|---|
| RA-198:022 | Bollakot | 448938 | 357973 |
| RA-198:023 | Bollakot | 448936 | 358293 |
| RA-198:024 | Bollakot | 448838 | 358062 |
| RA-641:007 | fornl. á fl. | 448870 | 358356 |
| RA-641:016 | fornl. á fl. | 449763 | 354261 |
| RA-641:017 | fornl. á fl. | 450515 | 359370 |
| RA-641:018 | fornl. á fl. | 448756 | 358553 |
| RA-641:019 | fornl. á fl. | 451045 | 359056 |
| RA-641:022 | fornl. á fl. | 448539 | 355600 |
| RA-641:022 | fornl. á fl. | 452935 | 358838 |

# *Viðauki II: Minjakort*






## Minjakort 2

Efri-Þverá kort 1/1

0 100 200 300 m

### Skýringar

Mörk jarða (RALA) Torfhlaðið

**Fornleifar**

Gata

Skráðar fornleifar




Kortagrunnur: Loftmyndir ehf og LMÍ
Hnitakerfi: ISN93
Kortagerð: LLD




**Minjakort 3**

Heylækur kort 1/2

0 50 100 150 m

**Skýringar**

Mörk jarða (RALA) **Fornleifar**

Skráðar fornleifar

Torfhlaðið

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS

Kortagrunnur: Loftmyndir ehf og LMÍ
Hnitakerfi: ISN93
Kortagerð: LLD





RA-191:023
RA-191:022
Grjótá
Teigstorfa
RA-191:035
RA-191:032
Butra
RA-191:031
RA-191:017
RA-191:030
Heylækur
RA-191:033
Teigur
RA-191:025
Valstrýta
RA-191:040
RA-191:039
RA-191:028
RA-191:016
Deild
RA-191:011
RA-191:029
RA-191:012
RA-191:013
RA-191:036
RA-191:005
RA-191:015
RA-191:038
RA-191:027
Efri-Þverá
Minjakort 4
Heylækur kort 2/2
0
100
200
300 m
Skýringar
Mörk jarða (RALA)
Torfhlaðið
Fornleifar
Gata
Skráðar fornleifar
FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS
Kortagrunnur: Loftmyndir ehf og LMÍ
Hnitakerfi: ISN93
Kortagerð: LLD
Teigstorfa
Heylækur
Efri-Þverá
Arngeirsstaðir
Teigur
Neðri-Þverá
Smáratún
Bollakot/Miðkot
Butra
Teigur


RA-192:014
RA-192:013
RA-192:016
Valstrýta
RA-192:009
RA-192:009
RA-192:008
RA-192:009
RA-192:007
RA-192:002
RA-192:003
RA-192:008
RA-192:005
RA-192:008
RA-192:011
Efri-Þverá
Neðri-Þverá
RA-192:010
Minjakort 5
Deild kort 1/2
0 100 200 300 m
Skýringar
Mörk jarða (RALA)
Torfhlaðið
Fornleifar
Gata
Skráðar fornleifar
FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS
Kortagrunnur: Loftmyndir ehf og LMÍ
Hnitakerfi: ISN93
Kortagerð: LLD
Teigstorfa
Arngeirsstaðir
Efri-Þverá
Neðri-Þverá
Bollakot/Miðkot
Butra
Teigur



RA-192:016
Valstrýta
RA-192:009
RA-192:009
RA-192:007
RA-192:009
Efri-Þverá
RA-192:008
RA-192:002
RA-192:003
RA-192:017
RA-192:004
RA-192:008
RA-192:005
RA-192:001
RA-192:008
RA-192:006
RA-192:011
Neðri-Þverá
Minjakort 6
Deild kort 2/2
0 25 50 75 100 m
Skýringar
Mörk jarða (RALA)
Torfhlaðið
Fornleifar
Gata
Skráðar fornleifar
FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS
Kortagrunnur: Loftmyndir ehf og LMÍ
Hnitakerfi: ISN93
Kortagerð: LLD
Teigstorfa
Hólalækur
Arngeirsstaðir
Efri-Þverá
Neðri-Þverá
Smáratún
Bollakot/Miðkot
Butra
Teigur


RA-193:010
RA-193:007
RA-193:009
RA-193:014
RA-193:003
RA-193:002
RA-193:011
RA-193:006
RA-193:005
RA-193:004
RA-193:001
RA-193:008
RA-193:013
Minjakort 7
Valstrýta kort 1/2
0
50
100
150 m
Skýringar
Mörk jarða (RALA)
Fornleifar
Skráðar fornleifar
Torfhlaðið
FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS
Kortagrunnur: Loftmyndir ehf og LMÍ
Hnitakerfi: ISN93
Kortagerð: LLD
Teigstorfa
Arngeirsstaðir
Bollakot/Miðkot
Butra
Teigur


RA-193:016
RA-193:012
RA-193:017
RA-193:015
RA-193:002
RA-193:005
Minjakort 8
Valstrýta kort 2/2
0
100
200
300 m
Skýringar
Mörk jarða (RALA)
Torfhlaðið
Fornleifar
Gata
Skráðar fornleifar
FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS
Kortagrunnur: Loftmyndir ehf og LMÍ
Hnitakerfi: ISN93
Kortagerð: LLD
Teigstorfa
Arngeirsstaðir
Efri-Þverá
Bollakot/Miðkot
Butra
Teigur




**Minjakort 9**

Teigur kort 1/5

0 50 100 150 m

**Skýringar**

Mörk jarða (RALA) **Fornleifar**

Skráðar fornleifar

Torfhlaðið

Kortagrunnur: Loftmyndir ehf og LMÍ
Hnitakerfi: ISN93
Kortagerð: LLD






# Minjakort 10

Teigur kort 2/5

0 100 200 300 400 m

## Skýringar

Mörk jarða (RALA)
Gata
Náma
Renna

**Fornleifar**

Skráðar fornleifar

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS

Kortagrunnur: Loftmyndir ehf og LMÍ
Hnitakerfi: ISN93
Kortagerð: LLD




RA-194:059_03
RA-194:059_01
RA-194:059_02
Teigstorfa
Arngeirsstaðir
Grjótá
RA-194:057_03
RA-194:057_04
RA-194:057_01
RA-194:057_05
Heylækur
RA-194:061_02
Minjakort 11
Teigur kort 3/5
0 100 200 300 400 m
Skýringar
Mörk jarða (RALA)
Gata
Náma
Fornleifar
Skráðar fornleifar
FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS
Kortagrunnur: Loftmyndir ehf og LMÍ
Hnitakerfi: ISN93
Kortagerð: LLD
Teigstorfa
Heylækur
Arngeirsstaðir
Efri-Þverá
Neðri-Þverá
Smáratún
Bollakot/Miðkot
Butra
Teigur




**Minjakort 12**

Teigur kort 4/5

0 100 200 300 400 m

**Skýringar**

Mörk jarða (RALA)

**Fornleifar**

Skráðar fornleifar

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS

Kortagrunnur: Loftmyndir ehf og LMÍ
Hnitakerfi: ISN93
Kortagerð: LLD






# Minjakort 13

Teigur kort 5/5

0 250 500 750 m

**Skýringar**

Mörk jarða (RALA)

**Fornleifar**

Skráðar fornleifar

Gata

Kortagrunnur: Loftmyndir ehf og LMÍ
Hnitakerfi: ISN93
Kortagerð: LLD






# Minjakort 14

Finnshús kort 1/1

0 50 100 150 m

**Skýringar**

Mörk jarða (RALA)

**Fornleifar**

- Skráðar fornleifar

Kortagrunnur: Loftmyndir ehf og LMÍ
Hnitakerfi: ISN93
Kortagerð: LLD






# Minjakort 15

Ámundakot/Smáratún kort 1/1

0 100 200 m

## Skýringar

Mörk jarða (RALA)

**Fornleifar**

• Skráðar fornleifar

Kortagrunnur: Loftmyndir ehf og LMÍ
Hnitakerfi: ISN93
Kortagerð: LLD






# Minjakort 16

Miðkot kort 1/1

0 50 100 150 m

**Skýringar**

Mörk jarða (RALA) **Fornleifar**

Skráðar fornleifar

Torfhlaðið

Kortagrunnur: Loftmyndir ehf og LMÍ
Hnitakerfi: ISN93
Kortagerð: LLD






# Minjakort 17

Bollakot kort 1/1

0 50 100 150 m

## Skýringar

Mörk jarða (RALA)

Bæjarhóll

**Fornleifar**

Torfhlaðið

Skráðar fornleifar

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS

Kortagrunnur: Loftmyndir ehf og LMÍ
Hnitakerfi: ISN93
Kortagerð: LLD

